# Fjarskipti hf.

Rekstraraðili Vodafone á Íslandi

## Lýsing

19. nóvember 2012



Þessi síða er vísvitandi höfð auð

Fjarskipti hf.

# Samantekt

19. nóvember 2012



þessi síða er vísvitandi höfð auð

# 1. Samantekt

## 1.1. Inngangur

Samantekt þessa skal lesa sem inngang að lýsingu Fjarskipta hf., kt. 470905-1740, Skútuvogi 2, 104 Reykjavík („Fjarskipta", „útgefanda", „Vodafone", „Og fjarskipta" eða „félagsins") sem samanstendur af þessari samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettum 19. nóvember 2012. Lýsingin er birt í tengslum við almennt útboð á hlutabréfum í Fjarskiptum sem fram fer dagana 3. til 6. desember 2012 og fyrirhugaðrar töku bréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Kauphöllin").

Samþykki Kauphöll að taka hlutabréf útgefin af Fjarskiptum hf. til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar mun auðkenni þeirra hjá Kauphöll og Verðbréfaskráningu Íslands hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, verða VOICE. ISIN númer bréfanna er IS0000020485.

Rafræna útgáfu lýsingarinnar sem dagsett er 19. nóvember 2012 má nálgast í 12 mánuði frá birtingu á vef félagsins, www.vodafone.is. Á sama tímabili má enn fremur nálgast prentuð eintök af lýsingunni í höfuðstöðvum Fjarskipta að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík.

Fjárfestar skulu taka ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum útgefnum af Fjarskiptum á grundvelli upplýsinga í lýsingunni í heild sinni.

Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu er varðar upplýsingar í lýsingunni, gæti stefnandi þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málarekstur hefst. Einstaklingar og lögaðilar sem útbúið hafa samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, og sóttu um staðfestingu á samantektinni hjá Fjármálaeftirlitinu, geta sætt skaðabótaábyrgð skv. almennum reglum þar að lútandi en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar í heild sinni.

Upplýsingar í lýsingunni byggja á staðreyndum og aðstæðum eins og þær voru á undirritunardegi hennar og geta breyst án fyrirvara. Komi fram nýjar upplýsingar sem Fjarskipti telja að geti haft áhrif á verðmæti hlutabréfa útgefnum af félaginu frá dagsetningu birtingar lýsingar og fram að þeim degi þegar viðskipti með hluti í félaginu á Aðalmarkaði Kauphallarinnar hefjast munu Fjarskipti gefa út um þær tilkynningu sem birt verður opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu auk þess sem birtur verður viðauki við lýsinguna, sbr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (hér eftir „vvl.").

## 1.2. Almennt útboð

Útboð á hlutum í Fjarskiptum telst almennt útboð í skilningi 1. mgr. 43. gr. vvl. Útboðið fer fram í tveimur hlutum, lokuðum hluta og opnum hluta og um það gilda ákvæði VI. kafla vvl. Í útboðinu býður FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf., kt. 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík (hér eftir „Framtakssjóður Íslands" eða „seljandi") til sölu á bilinu 167.822.600 til 201.387.120 hluti í Fjarskiptum, eða sem svarar til 50% til 60% útgefins heildarhlutafjár félagsins (hér eftir „útboðið").

Meginmarkmið seljanda, Framtakssjóðs Íslands, er að Fjarskipti uppfylli skilyrði Kauphallarinnar um dreifingu hlutafjár, þ.m.t. um eignarhald almennra fjárfesta og fjölda hluthafa. Enn fremur er það markmið seljanda að stuðla að virkni íslensks hlutabréfamarkaðar og fá að félaginu sterka langtímaeigendur. Loks telur seljandi útboð hlutanna og skráningu félagsins á markað heppilegasta leið til að hámarka virði félagsins og þar með hluta sinna í því.

Stjórn Framtakssjóðs Íslands hefur falið formanni stjórnar ásamt framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands (hér eftir „úthlutunarnefnd") að ákveða úthlutun vegna útboðsins. Seljandi áskilur sér rétt til að falla frá útboðinu sé sýnt að markmið þau sem að framan er lýst náist ekki eða ef Kauphöllin samþykkir ekki í desember 2012 fyrirliggjandi umsókn stjórnar Fjarskipta um að taka öll hlutabréf útgefin af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Seljandi er þó ekki skuldbundinn til að falla frá útboðinu af framangreindum sökum. Verði ekki fallið frá útboðinu gætu fjárfestar því eignast hluti í félagi sem ekki verður tekið til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Fjárfestar ættu því ekki að byggja ákvörðun um þátttöku í útboðinu á þeirri forsendu að fallið verði frá því ef ekki næst tilskilinn árangur við söluna.

### 1.2.1. Fyrirkomulag útboðs

Útboðið verður í tveimur hlutum; lokuðum hluta og opnum hluta. Í lokaða hlutanum verða boðnir til sölu 134.258.080 hlutir, eða sem svarar til 40% af útgefnu hlutafé félagsins. Í opna hluta útboðsins verða boðnir til sölu 33.564.520 hlutir, eða sem svarar til 10% af útgefnu hlutafé félagsins. Verði eftirspurn næg munu að auki standa til boða 33.564.520 hlutir, eða sem svarar til 10% af útgefnu hlutafé félagsins, og eru þeir ætlaðir þátttakendum í hvorum hluta útboðsins sem er. Seljandi mun þannig ráðstafa síðastnefndu 10% útgefins hlutafjár á milli opnaða og lokaða hluta útboðsins samkvæmt því sem best samræmist markmiði hans um dreift eignarhald á félaginu.

Þátttaka í útboðinu er skuldbindandi. Fjárfestar, sem staðfest hafa þátttöku sína hvort heldur sem er í lokaða eða opna hluta útboðsins, geta ekki breytt áskriftum eða áskriftartilboðum sínum eða fallið frá þeim.

***Lokaði hluti útboðsins***

Í lokaða hlutanum, sem fram fer þann 3. desember 2012, verður afmörkuðum hópi fjárfesta völdum af umsjónaraðila í samráði við seljanda, boðið að senda inn áskriftartilboð í sérstaka tilboðsbók og skal hver áskrift vera að lágmarki 50.000.000 -fimmtíu- m.kr. að kaupverði. Áskriftartilboð skulu vera á bilinu 28,8 kr. til 33,3 kr. á hlut.

Fjárfestar skulu skila áskriftartilboðum sínum á sérstökum rafrænum áskriftarvef Íslandsbanka á framangreindu sölutímabili sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef bankans, www.islandsbanki.is.

***Opni hluti útboðsins***

Opni hlutinn, sem fram fer dagana 4. til 6. desember 2012, er opinn öllum fjárfestum sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku, sbr. kafla 1.2.3. *Skilyrði fyrir þátttöku* í samantekt þessari. Hver áskrift skal vera að lágmarki 50.000 -fimmtíu- þ.kr. að kaupverði.

Fjárfestar skrái áskriftir sínar í gegnum rafrænan áskriftarvef Íslandsbanka sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef bankans, www.islandsbanki.is. Fjárfestar verða að hafa aðgang að netbanka til að geta skráð áskriftir sínar. Netbankinn getur verið hjá hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.

### 1.2.2. Áskriftartímabil

Lokaði hluti útboðsins hefst kl. 9:00 þann 3. desember 2012 og lýkur kl. 16:00 sama dag. Ekki er tekið við áskriftum í lokaða hluta útboðsins utan þessa tímabils.

Opni hluti útboðsins hefst kl. 10:00 þann 4. desember 2012 og lýkur kl. 16:00 þann 6. desember 2012. Ekki er tekið við áskriftum í opna hluta útboðsins utan þessa tímabils.

### 1.2.3. Skilyrði fyrir þátttöku

Útboðið er markaðssett á Íslandi en öllum þeim einstaklingum og lögaðilum, sem yfir hafa að ráða íslenskri kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997, er heimil þátttaka. Þátttaka í lokaða hluta útboðsins er ennfremur einungis heimil völdum fjárfestum.

### 1.2.4. Útboðsgengi

Að áskriftartímabili lokaða hluta útboðsins loknu mun seljandi ákveða endanlegt útboðsgengi sem þá verður það sama til allra þátttakenda í útboðinu. Útboðsgengið verður ákveðið með hliðsjón af þeim tilboðum sem berast í lokaða hluta útboðsins að teknu tilliti til markmiða útboðsins. Endanlegt útboðsgengi verður birt með tilkynningu sem birt verður opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en fyrir miðnætti þann 3. desember 2012.

### 1.2.5. Skerðing áskrifta og úthlutun við umframeftirspurn

Komi til þess að eftirspurn verði umfram þá hluti sem í boði eru í útboðinu kemur til skerðingar á áskriftum uns jafnvægi er náð.

Í lokaða hluta útboðsins verður öllum áskriftartilboðum sem verða undir endanlegu útboðsgengi hafnað og verður þeim aðilum sem skila slíkum áskriftartilboðum ekki úthlutað neinum hlutum á grundvelli þeirra.

Ákvörðun um úthlutun verður á forræði úthlutunarnefndar. Komi til skerðingar verður leitast við að skerða ekki áskriftir að fjárhæð lægri en 500.000 -fimmhundruð- þ.kr. að kaupverði. Einnig verður eftir fremsta megni stuðlað að því að skerðingar annarra áskrifta leiði ekki til þess að úthlutun verði lægri en 500.000 -fimmhundruð- þ.kr. að kaupverði. Leitast verður við að skerða ekki áskriftir starfsmanna útgefanda, þó að teknu tilliti til mats stjórnar seljanda á því hvernig markmiðum útboðsins verður best náð fram.

Jafnvel þótt leitast verði við að skerða áskriftir ekki niður fyrir framangreind mörk áskilur úthlutunarnefnd sér rétt til þess, skapist þörf á skerðingum, að skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem hún telur æskilegt til að ná fram markmiðum seljanda með sölunni. Þannig áskilur úthlutunarnefndin sér rétt til þess að hafna öllum áskriftum að hluta til eða í heild án frekari skýringa. Ákvörðun úthlutunarnefndar um skerðingar og úthlutun til fjárfesta er endanleg og geta fjárfestar ekki óskað eftir frekari rökstuðningi fyrir úthlutun eða andmælt ákvörðun um skerðingar og úthlutun.

### 1.2.6. Tilkynning um niðurstöðu almenns útboðs

Niðurstaða útboðsins verður birt opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu í síðasta lagi fyrir miðnætti þann 7. desember 2012. Jafnframt verður tilkynningin birt á vef Fjarskipta.

### 1.2.7. Gjalddagi og eindagi og afhending hluta

Gjalddagi og eindagi áskriftarloforða er 13. desember 2012. Afhending hluta fer eingöngu fram að undangenginni greiðslu samkvæmt greiðslufyrirmælum og fer fram í fyrsta lagi þann 17. desember 2012.

### 1.2.8. Taka hlutabréfa útgefnum af Fjarskiptum til viðskipta

Stjórn Fjarskipta hefur óskað eftir að hlutabréf útgefin af Fjarskiptum verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og getur fyrsti viðskiptadagur orðið í fyrsta lagi 18. desember 2012. Kauphöllin mun tilkynna um fyrsta viðskiptadag með eins viðskiptadags fyrirvara hið minnsta.

### 1.2.9. Áætlaður kostnaður

Fjarskipti bera allan kostnað sem hlýst af töku hlutabréfa í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Heildarkostnaður félagsins er áætlaður um 95 m.kr. og samanstendur af þóknun til umsjónaraðila, kostnaði við yfirferð og staðfestingu lýsingar samkvæmt gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins, kostnaði við töku hlutabréfa til viðskipta samkvæmt gjaldskrá Kauphallar, þóknunum vegna áreiðanleikakannana ásamt öðrum kostnaði í beinum tengslum við töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar. Seljandi hlutafjár ber kostnað af markaðssetningu og sölu hlutabréfanna.

## 1.3. Áhættuþættir

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu. Fjárfestar ættu að kynna sér vel allar upplýsingar í lýsingu Fjarskipta áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í hlutabréfum útgefnum af félaginu. Sérstaklega er

fjárfestum bent á að kynna sér umfjöllun í köflunum Áhættuþættir í verðbréfa- og útgefandalýsingum félagsins. Í þeim er fjallað um þá áhættuþætti sem félaginu er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um hlutabréf útgefnum af félaginu, starfsemi þess og atvinnugrein.

### 1.3.1. Almenn áhætta hlutabréfa

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og verð þeirra endurspeglar oftar en ekki væntingar markaðsaðila sem margvíslegir þættir geta haft áhrif á. Dæmi um áhættuþætti sem geta haft verðmyndandi áhrif á hlutabréf eru markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhætta.

### 1.3.2. Áhætta vegna almenns efnahagsástanda

Einkaneysla, þ.m.t. þjónusta líkt og sú sem Fjarskipti veita, er háð eftirspurn sem ræðst meðal annars af almennum umsvifum í efnahagslífinu, atvinnustigi og kaupmætti launa. Stærstur hluti tekna félagsins er af innlendri starfsemi og er það því háð þróun og aðstæðum í íslensku efnahagslífi.

### 1.3.3. Áhætta tengd fjarskiptamarkaðnum

Fjarskiptamarkaðurinn er eftirlitsskyldur og um hann gilda strangar reglur og víðtækur lagarammi. Íslensk löggjöf um fjarskiptamarkaðinn byggir meðal annars á evrópskum lögum og reglum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með fjarskiptamarkaðnum á Íslandi og hefur heimildir til að leggja á kvaðir í tengslum við niðurstöður markaðsgreininga.

Fjarskiptafyrirtæki hafa almenna heimild í lögum til að reka fjarskiptanet og veita fjarskiptaþjónustu, sem binda má tilteknum skilyrðum. Þá þurfa þau fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja farsímakerfi og útvarps- og sjónvarpsdreifikerfi og nota til þess tíðnir að fá úthlutað tíðniheimildum. Að lokum er fjarskiptafyrirtækjum nauðsynlegt að hafa aðgang og afnot af símanúmerum og vistföngum (e. *IP address*) til úthlutunar til viðskiptavina sinna.

Uppfylli fjarskiptafyrirtæki ekki skilyrði[1] þeirra leyfa eða úthlutana sem m.a. eru tilgreind hér að framan gæti komið til þess að slík leyfi eða úthlutanir yrðu afturkölluð, þeim eftir atvikum ekki fjölgað eða þau ekki endurnýjuð. Slíkt myndi hafa áhrif á getu fjarskiptafyrirtækja til að viðhalda þjónustuframboði sínu.

### 1.3.4. Áhætta tengd tækni og tækniþróun

Starfsemi fjarskiptafyrirtækja er slíks eðlis að þau eru háð tækni og tæknilegum lausnum ásamt margvíslegum vél- og hugbúnaði. Tæknibreytingar geta haft mikil áhrif á starfsemi og arðsemi fjarskiptafyrirtækja m.a. í gegnum nýjar vörur eða virðisaukandi þjónustu. Á hinn bóginn geta tæknibreytingar einnig leitt til breyttrar neytendahegðunar og minnkandi tekna. Framansagt gerir það einnig að verkum að fjarskiptafyrirtæki eru viðkvæmt fyrir hvers kyns bilunum og göllum í búnaði og tækjakosti sem leitt gætu til þjónusturofs.

### 1.3.5. Áhætta tengd samstarfssamningi við Vodafone Global plc.

Útgefandi byggir þjónustu- og vöruúrval að miklu leyti á samstarfi við Vodafone Group plc., sem er eitt stærsta farsímafélag í heimi. Samningurinn gerir félaginu heimilt að nota vörumerkið Vodafone í starfsemi sinni. Kæmi til þess að Vodafone Group plc. segði framangreindum samningum upp gæti slíkt haft neikvæð áhrif á félagið sem þyrfti m.a. að endurmarka sig undir nýju nafni með tilheyrandi kostnaði.

### 1.3.6. Áhætta tengd nauðasamningi Teymis

Vorið 2009 var samþykktur nauðasamningur fyrir Teymi. Fjarskipti og Advania, bera nú sameiginlega ábyrgð á því að uppfylla óframkomnar kröfur á grundvelli nauðasamningsins með útgáfu nýs hlutafjár. Með dómi Hæstaréttar þann 15. nóvember 2012 er þegar ljóst að Fjarskipti munu þurfa að gefa út 5.044.413 nýja hluti til handa Stoðum í tengslum við efnd nauðasamningsins. Útgáfa bréfanna mun leiða til 1,5% þynningar útgefins hlutafjár. Komi til þess að efna þurfi allar aðrar þekktar, óframkomnar kröfur vegna nauðasamningsins

[1] Skilyrðin sem um ræðir eru útlistuð í tl. a) til q) í 2. mgr. 6.gr. fjarskiptalaga.

jafngildir það samtals 0,24% þynningu hlutafjár til viðbótar. Mest getur þynning vegna efnda á þekktum, óframkomnum kröfum í tengslum við nauðasamning Teymis því orðið 1,74% útgefins hlutafjár.

### 1.3.7. Rekstrar- og fjárhagsleg áhætta

Rekstraráhætta Fjarskipta er hættan á beinu eða óbeinu tapi sem orðið getur í tengslum við fjölmarga þætti í starfsemi félagsins öðrum en fjárhagslegri áhættu og áhættu tengdri fjarskiptamarkaðnum.

Fjárhagsleg áhætta Fjarskipta er lánsáhætta, lausafjáráhætta og markaðsáhætta sem skiptist í gjaldmiðlaáhættu, vaxta- og fjármögnunaráhættu og verðbólguáhættu.

## 1.4. Samandregnar fjárhagsupplýsingar

Lýsingin inniheldur ítarlegar upplýsingar um fjárhag Fjarskipta fyrir síðastliðin þrjú rekstrarár auk árshlutareikning fyrstu níu mánaða ársins 2012. Ársreikningarnir sem gögnin eru fengin úr voru endurskoðaðir af KPMG ehf. og árshlutareikningurinn var kannaður af KPMG.

### 1.4.1. Rekstrarreikningur

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>01.01.-30.09.<br>Kannað | 2011<br>01.01.-30.09.<br>Ókannað | 2011<br>01.01.-31.12.<br>Endurskoðað | 2010<br>01.01.-31.12.<br>Endurskoðað | 2009<br>01.01.-31.12.<br>Endurskoðað |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 9.840 | 9.511 | 12.722 | 12.637 | 13.507 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | (5.501) | (5.673) | (7.678) | (7.595) | (8.419) |
| Framlegð | 4.339 | 3.838 | 5.044 | 5.042 | 5.088 |
| Aðrar rekstrartekjur | 6 | 3 | 5 | 4 | 8 |
| Rekstrarkostnaður | (3.304) | (3.122) | (4.102) | (3.860) | (3.850) |
| Rekstrarhagnaður | 1.041 | 719 | 947 | 1.186 | 1.246 |
| Fjármunatekjur | 43 | 45 | 63 | 152 | 290 |
| Fjármagnsgjöld | (566) | (543) | (741) | (1.019) | (1.923) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | **(523)** | **(498)** | **(678)** | **(867)** | **(1.633)** |
| Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt | 518 | 221 | 269 | 319 | (387) |
| Tekjuskattur | (170) | (38) | (42) | 36 | 675 |
| **Hagnaður tímabilsins** | **348** | **183** | **227** | **355** | **288** |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | 4 | 23 | 21 | (81) | 75 |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals** | **4** | **23** | **21** | **(81)** | **75** |
| Heildarhagnaður tímabilsins | 352 | 206 | 248 | 274 | 363 |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 0,14 | 0,07 | 0,09 | 0,14 | 0,11 |

## 1.4.2. Efnahagsreikningur

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>30.09.<br>Kannað | 2011<br>31.12.<br>Endurskoðað | 2010<br>31.12.<br>Endurskoðað | 2009<br>31.12.<br>Endurskoðað |
|---|---|---|---|---|
| Eignir | | | | |
| Rekstrarfjármunir | 4.087 | 4.534 | 4.802 | 5.238 |
| Óefnislegar eignir | 7.028 | 7.057 | 6.843 | 6.787 |
| Eignarhlutir í félögum | 2 | 2 | 3 | 5 |
| Skatteign | 885 | 987 | 1.029 | 1.015 |
| Fastafjármunir | 12.002 | 12.580 | 12.677 | 13.045 |
| Birgðir | 147 | 111 | 126 | 196 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.811 | 2.798 | 2.757 | 3.560 |
| Handbært fé | 1.092 | 275 | 656 | 108 |
| Veltufjármunir | 4.050 | 3.184 | 3.539 | 3.864 |
| Eignir samtals | 16.052 | 15.764 | 16.216 | 16.909 |
| Eigið fé | | | | |
| Hlutafé | 3.356 | 2.550 | 2.550 | 2.550 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 2.734 | 623 | 597 | 597 |
| Þýðingarmunur | 255 | 246 | 225 | 306 |
| Óráðstafað eigið fé | 348 | 556 | 355 | 528 |
| Eigið fé | 6.693 | 3.975 | 3.727 | 3.981 |
| Skuldir | | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 6.778 | 8.677 | 9.416 | 10.228 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 51 | 70 | 109 | 0 |
| Langtímaskuldir | 6.829 | 8.747 | 9.525 | 10.228 |
| Vaxtaberandi skuldir | 439 | 758 | 758 | 200 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.013 | 1.864 | 1.778 | 2.192 |
| Skuldir við tengda aðila | 0 | 324 | 324 | 77 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 78 | 96 | 104 | 231 |
| Skammtímaskuldir | 2.530 | 3.042 | 2.964 | 2.700 |
| Skuldir samtals | 9.359 | 11.789 | 12.489 | 12.928 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 16.052 | 15.764 | 16.216 | 16.909 |

## 1.4.3. Sjóðstreymisyfirlit

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>01.01.- 30.09.<br>Kannað | 2011<br>01.01.- 30.09.<br>Ókannað | 2011<br>01.01. - 31.12.<br>Endurskoðað | 2010<br>01.01. -31.12.<br>Endurskoðað | 2009<br>01.01.- 31.12.<br>Endurskoðað |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts | 2.173 | 1.846 | 2.353 | 2.320 | 2.067 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 37 | 45 | 62 | 116 | 115 |
| Greidd vaxtagjöld | (498) | (508) | (699) | (1.014) | (127) |
| **Handbært fé frá rekstri** | **1.712** | **1.383** | **1.716** | **1.422** | **2.055** |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Seldir rekstrarfjármunir | 8 | 8 | 10 | 4 | 13 |
| Seldar óefnislegar eignir | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Seldur eignarhlutur í félögum | 0 | 2 | 2 | 3 | 2 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | (458) | (690) | (922) | (812) | (729) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | (192) | (314) | (462) | (366) | (244) |
| Krafa á tengd félög, breyting | 0 | 0 | 0 | 697 | (697) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | **(642)** | **(994)** | **(1.372)** | **(474)** | **(1.651)** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Innborgað hlutafé að frádregnum kostnaði | 1.973 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tekin langtímalán | 9.200 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Arður til hluthafa | 0 | 0 | 0 | (528) | 0 |
| Afborganir langtímalána | (11.421) | (563) | (754) | (173) | (86) |
| Skammtímalán, breyting | (9) | 17 | 12 | (13) | (145) |
| Skuld við tengd félög, breyting | 0 | 0 | 0 | 324 | (180) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | **(257)** | **(546)** | **(742)** | **(390)** | **(411)** |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 813 | (157) | (398) | 558 | (7) |
| Gengismunur á handbæru fé erlends dótturfélags | 3 | (7) | 17 | (10) | 28 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 275 | 656 | 656 | 108 | 87 |
| **Handbært fé í árslok** | **1.092** | **492** | **275** | **656** | **108** |

## 1.5. Fjármögnun og skuldastaða

Stjórnarformaður og forstjóri Fjarskipta telja veltufé félagsins vera fullnægjandi til að uppfylla þarfir félagsins til næstu 12 mánaða frá birtingardegi lýsingarinnar.

**Yfirlit fjármögnunar Fjarskipta m.v. 30.09. 2012**

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | |
|---|---|
| Skammtímaskuldir | |
| þar af með ábyrgðum | 0 |
| þar af með veðum | 439 |
| þar af án ábyrgða eða veða | 2.091 |
| Skammtímaskuldir samtals | 2.530 |
| Langtímaskuldir | |
| þar af með ábyrgðum | 0 |
| þar af með veðum | 6.778 |
| þar af án ábyrgða eða veða | 51 |
| Langtímaskuldir samtals | 6.829 |
| Skuldir samtals | 9.359 |
| Eigið fé | |
| Hlutafé | 3.356 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 2.734 |
| Þýðingarmunur | 255 |
| Óráðstafað eigið fé | 348 |
| Eigið fé samtals | 6.693 |
| Fjármögnun samtals | 16.052 |

**Yfirlit skuldastöðu Fjarskipta m.v. 30.09. 2012**

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | |
|---|---|
| Greiðsluhæfi | |
| (a) Handbært fé | 1.092 |
| (b) Markaðsverðbréf | 0 |
| (c) Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.958 |
| (d) Greiðsluhæfi samtals a)+(b)+(c) | 4.050 |
| Skammtímaskuldir | |
| (e) Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.091 |
| (f) Næsta árs afborgun langtímaskulda | 439 |
| (g) Skammtímaskuldir samtals (e)+(f) | 2.530 |
| Langtímaskuldir | |
| (h) Vaxtaberandi langtímaskuldir | 6.778 |
| (i) Aðrar langtímaskuldir | 51 |
| (j) Langtímaskuldir samtals (h)+(i) | 6.829 |
| (k) Nettó skuldastaða (d)-(g)-(j) | (5.309) |

## 1.6. Um Fjarskipti

### 1.6.1. Saga og þróun

Sögu Fjarskipta má rekja aftur til ársins 1998 þegar tveir af forverum félagsins, félögin Tal hf. og Íslandssími hf., voru stofnaðir. Félagið óx með sameiningum næstu ár og árið 2006 var undirritaður víðtækur samstarfssamningur við Vodafone Group plc. um víðtækt samstarf á sviði markaðssetningar, tækni- og gæðamála, vöruþróunar og starfsmannamála. Mikilvægast var þó að með samningnum var tryggt áframhaldandi leyfi til að nota hið alþjóðlega vörumerki Vodafone sem eldri samningur frá árinu 2003 hafði fært félaginu.

Í kjölfar þrenginga í íslensku efnahagslífi haustið 2008 gekk móðurfélag Fjarskipta, Teymi hf., í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og rann í framhaldinu inn í Vestia, eignarhaldsfélags í eigu Landsbankans hf. Í ágúst 2010 gekk Framtakssjóður Íslands frá kaupum á Vestia og er í dag stærsti einstaki hluthafi félagsins með um 79,7% hlutafjár. Fjarskipti eru í daglegu tali nefnt Vodafone (á Íslandi).

### 1.6.2. Yfirlit yfir starfsemi

Vodafone býður heildstæða fjarskiptaþjónustu til einstaklinga jafnt sem fyrirtækja, sem skiptist í fernt. Veitir félagið þannig fjarskiptaþjónustu á sviði farsíma, fastlínu, gagnaflutnings og sjónvarpsdreifingar. Vægi hinna mismunandi þjónustuþátta hefur tekið breytingum í takti við örar breytingar fjarskiptamarkaðarins á undanförnum árum.

Félagið rekur dótturfélagið P/F Kall í Færeyjum sem sinnir fjarskiptaþjónustu til handa því markaðssvæði. Er nú svo komið að um 15% af tekjum samstæðunnar má rekja til færeysku starfseminnar.

## 1.7. Stjórn, stjórnendur, ráðgjafar og endurskoðendur

Stjórn Fjarskipta skipa m.v. 9. nóvember 2012: Þór Hauksson (formaður stjórnar), Anna Guðný Aradóttir, Erna Eiríksdóttir, Helga Viðarsdóttir og Vilmundur Jósefsson.

Framkvæmdastjórn Fjarskipta skipa: Ómar Svavarsson, forstjóri, Hrönn Sveinsdóttir frkv.stj. fjármála og rekstrar, Björn Víglundsson, frkv.stj. sölusviðs, Jóhann Másson, frkv.stj. þjónustusviðs, Kjartan Briem, frkvstj. tæknisviðs og Hrannar Pétursson, frkvstj. samskiptasviðs.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, hefur haft umsjón með gerð lýsingar félagsins, almennu hlutafjárútboði þess og töku hlutabréfa útgefnu af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar.

Löggiltir endurskoðendur Fjarskipta við birtingu lýsingar þessarar og á því tímabili sem sögulegu fjárhagslegu upplýsingarnar sem birtar eru í lýsingunni ná til eru KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

## 1.8. Stærstu hluthafar

Stærsti einstaki hluthafi í Fjarskiptum er FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf., kt. 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík sem fer með 79,7% heildarútgefins hlutafjár í félaginu. Aðrir hluthafar eru 52 talsins og er þeirra stærstur Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B-deild sem fer með 2,0% heildarútgefins hlutafjár í félaginu.

## 1.9. Viðskipti við tengda aðila

Framtakssjóður Íslands er eigandi að 79,7% heildarútgefins hlutafjár í félaginu og telst tengdur aðili ásamt öllum félögum sem Framtakssjóður Íslands fer með eignarhlut í, þ.e. Advania hf., Holtavegur 10 ehf., Icelandair Group hf., Icelandic Group hf., N1 hf., Plastprent hf. og Promens hf. Heildarviðskipti tengdra aðila við félagið á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 námu 190 m.kr. en heildarviðskipti félagsins við tengda aðila á sama tímabili 292 m.kr. Öll viðskipti hafa átt sér stað líkt og um ótengdan þriðja aðila væri að ræða.

Þessi síða er vísvitandi höfð auð

Fjarskipti hf.

# Verðbréfalýsing

19. nóvember 2012



Þessi síða er vísvitandi höfð auð

# Efnisyfirlit

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR....3

1.1. ALMENN ÁHÆTTA HLUTABRÉFA....3
1.2. ÁHÆTTA TENGD HLUTABRÉFUM Í FJARSKIPTUM....4
1.2.1. EIGNARHALD FJARSKIPTA....4
1.2.2. MARKAÐSÁHÆTTA HLUTABRÉFA Í FJARSKIPTUM....4
1.2.3. SELJANLEIKAÁHÆTTA HLUTABRÉFA Í FJARSKIPTUM....5
1.2.4. ÞYNNING....5
1.2.5. ALMENNT ÚTBOÐ OG TAKA HLUTABRÉFA TIL VIÐSKIPTA....6

2. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA....7

2.1. YFIRLÝSING STJÓRNAR FORMANNS OG FORSTJÓRA ÚTGEFANDA....8
2.2. YFIRLÝSING STJÓRNARFORMANNS OG FRAMKVÆMDASTJÓRA SELJANDA HLUTAFJÁR....8
2.3. YFIRLÝSING LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA....9
2.4. UMSJÓNARAÐILI ALMENNS ÚTBOÐS OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA AUK ANNARRA RÁÐGJAFA....9
2.5. HUGSANLEGIR HAGSMUNAÁREKSTRAR....10

3. VELTUFÉ, FJÁRMÖGNUN OG SKULDASTAÐA....11

4. SKILMÁLAR OG SKILYRÐI ALMENNS ÚTBOÐS....13

4.1. ÚTGEFANDI....14
4.2. SELJANDI....14
4.3. UMSJÓNAR- OG SÖLUAÐILAR ÚTBOÐSINS....14
4.3.1. UMSJÓNAR- OG SÖLUAÐILI Í LOKAÐA OG OPNA HLUTA ÚTBOÐSINS....14
4.3.2. SÖLUAÐILI LOKAÐS HLUTA ÚTBOÐSINS....14
4.3.3. UPPLÝSINGAR OG TÆKNILEG AÐSTOÐ VEGNA OPINS HLUTA ÚTBOÐSINS....14
4.4. SKIPULAG ÚTBOÐS....15
4.5. STÆRÐ, SKIPTING OG VERÐ ALMENNS ÚTBOÐS....15
4.6. ÁSKRIFTARTÍMABIL....16
4.7. SKILYRÐI FYRIR ÞÁTTTÖKU....16
4.8. SKRÁNING ÁSKRIFTA....16
4.8.1. LOKAÐI HLUTI ÚTBOÐSINS....17
4.8.2. OPNI HLUTI ÚTBOÐSINS....18
4.9. SKERÐING ÁSKRIFTA OG ÚTHLUTUN VIÐ UMFRAMEFTIRSPURN....18
4.10. TILKYNNING UM NIÐURSTÖÐU ALMENNS ÚTBOÐS....19
4.11. TILKYNNING UM ÚTHLUTUN, GREIÐSLUFYRIRMÆLI OG AFHENDING HLUTA....19

5. UPPLÝSINGAR UM HLUTABRÉFIN OG TÖKU ÞEIRRA TIL VIÐSKIPTA....20

5.1. Taka hlutabréfa í Fjarskiptum til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar ..... 20
5.2. Hlutafé Fjarskipta ..... 21
5.3. Réttindi tengd hlutabréfum í Fjarskiptum ..... 21
5.4. Arðgreiðslur ..... 21
5.5. Yfirtökuskylda ..... 22
5.6. Innlausn ..... 22
5.7. Slit eða samruni ..... 23
5.8. Skattaleg atriði ..... 23
5.8.1. Arðgreiðslur ..... 23
5.8.2. Söluhagnaður ..... 24

6. SKILGREININGAR OG SKAMMSTAFANIR ..... 25

# 1. Áhættuþættir

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem Fjarskiptum hf., kt. 470905-1740, Skútuvogi 2, 104 Reykjavík („Fjarskiptum", „útgefanda", „Vodafone", „Og fjarskiptum" eða „félaginu") er kunnugt um og telur að skipti máli fyrir hlutabréf útgefin af félaginu, sem boðin verða til kaups í almennu útboði Fjarskipta dagana 3. til og með 6. desember 2012, og fyrirhugaða töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Kauphöllin"). Kafli 1 *Áhættuþættir* í verðbréfalýsingu þessari ásamt kafla 1 *Áhættuþættir* í útgefandalýsingu félagsins dagsettri 19. nóvember 2012 inniheldur að bestu vitund útgefanda tæmandi lýsingu á þeim áhættuþáttum sem máli kunna að skipta við að meta áhættu af fjárfestingu í hlutabréfum útgefnum af félaginu.

Ekki er hægt með neinni vissu að meta líkur þess að einhver einn atburður eigi sér stað, áhrif hans eða hvort hann geti haft keðjuverkandi áhrif og þannig orðið til þess að aðrir atburðir komi til sem geti valdið tjóni fyrir félagið og hluthafa þess. Þá er ekki unnt að meta fjárhagsleg áhrif einstakra áhættuþátta á virði hlutabréfa útgefnum af Fjarskiptum.

Kaflaskipting hér að neðan endurspeglar hvorki neina sérstaka röð eftir mikilvægi né líkum þess að viðkomandi þáttur feli í sér áhættu fyrir virði hlutabréfa útgefnum af félaginu heldur er einungis hugsuð til þæginda fyrir lesandann.

Bent er á að skilgreiningar á orðum, hugtökum og lögaðilum auk skilgreininga á skammstöfunum er að finna í kafla 6 *Skilgreiningar og skammstafanir* í verðbréfalýsingu þessari.

## 1.1. Almenn áhætta hlutabréfa

Fjárfesting í hlutabréfum er að öllu jöfnu talin áhættumeiri en fjárfesting í skuldabréfum. Verð hlutabréfa endurspeglar oftar en ekki væntingar markaðsaðila sem margvíslegir þættir geta haft áhrif á. Sem dæmi um slíka þætti má nefna breytingar á afkomu útgefanda hlutabréfanna, breytingar á markaðsumhverfi, opinbera umfjöllun og breytingar á samkeppnisstöðu útgefanda. Breytingar á lagaumhverfi og reglugerðum á hverjum tíma geta einnig haft veruleg áhrif á fjármálamarkaði.

Fjárfesting í hlutabréfum getur mögulega skilað ávöxtun til fjárfesta með tvennum hætti. Fyrst ber að telja breytingar á verði, eða gengi, hlutabréfa yfir tíma. Þá geta hlutafélög skilað eigendum sínum ávöxtun í formi arðs. Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun er sú hætta almennt fyrir hendi að gengi hlutabréfa geti lækkað í einstökum félögum. Ekkert er heldur hægt að fullyrða um arðgreiðslur einstakra félaga til framtíðar.

Ekki er hægt að ábyrgjast að fjárfesting í hlutabréfum verði arðsöm og fjárfestar geta, eftir atvikum, tapað fjárfestingu sinni að hluta eða í heild. Ákvörðun um kaup á hlutabréfum ætti því ávallt að grundvallast á áhættumati svo sem hverjum og einum fjárfesti þykir viðeigandi. Fjárfestar eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf. Fjárfestar eru enn fremur hvattir til að kynna sér ítarlega efni lýsingar félagsins, dagsettrar 19. nóvember 2012, sem samanstendur af samantekt, verðbréfalýsingu þessari auk útgefandalýsingar dagsettri 19. nóvember 2012. Fjárfestar eru sérstaklega hvattir til að kynna sér vel innihald kafla 1 *Áhættuþættir* í tveimur síðartöldu skjölunum. Lýsingin í heild sinni er aðgengileg á vef Fjarskipta, www.vodafone.is, auk þess sem nálgast má útprentuð eintök í höfuðstöðvum félagsins að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík.

Fjárfestum er bent á að draga má úr áhættu tengdri hlutabréfakaupum með fjárfestingu í vel dreifðu safni hlutabréfa í ólíkum félögum, auk annarra verðbréfa, fremur en í einstökum félögum. Góð þekking og skilningur á rekstri og atvinnugreinum félaga sem fjárfest er í getur enn fremur reynst gagnleg til að efla skilning á þeirri áhættu sem fyrir hendi er. Eins skyldu fjárfestar lágmarka eftir megni, eða forðast alfarið,

lántökur vegna hlutabréfakaupa. Framangreind atriði eru þó einungis til þess fallin að draga úr áhættu vegna fjárfestinga í hlutabréfum en geta aldrei eytt henni að fullu.

Dæmi um áhættuþætti sem geta haft verðmyndandi áhrif á hlutabréf eru markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhætta. Markaðsáhætta er sú áhætta sem felst í breytingum á gengi hlutabréfa og þar með virði þeirra á hlutabréfamarkaði. Ýmsir atburðir geta orðið til þess að virði hlutabréfa lækkar eða hækkar. Seljanleikaáhætta skapast þegar ekki tekst að selja hlutabréfin á verði sem fjárfestir telur ásættanlegt eða sem næst ætluðu raunvirði. Þannig getur sú staða komið upp að fjárfestar geti ekki selt hlutabréf í félaginu þegar þeir vilja selja eða geti ekki selt á því verði sem væntingar standa til þar sem framboð af slíkum hlutabréfum er meira en nemur eftirspurn fjárfesta á markaði. Líta má á bilið á milli kaup- og sölutilboða sem mælikvarða á þessa tegund áhættu. Mótaðilaáhætta skapast þegar mótaðili, við kaup eða sölu hlutabréfa, eða við framkvæmd annarra fjármálagerninga, efnir ekki sinn hluta samningsins þegar að uppgjöri kemur.

Bent er á að hlutabréf eru aftast í kröfuröð við slit eða gjaldþrot hlutafélaga. Þetta leiðir af sér að eigendur hlutabréfanna fá greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína af því sem eftir stendur þegar allir aðrir kröfuhafar hafa fengið greitt í samræmi við löglega lýstar og gildar kröfur.

Hlutafélög eru háð því umhverfi sem stjórnvöld og eftirlitsaðilar setja á hverjum tíma, þ.m.t. lögum og reglum. Í kjölfar töku hlutabréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eru viðkomandi hlutafélög einnig háð lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um fjármálamarkaði. Miklar og/eða skyndilegar breytingar á þeim lagaramma kunna að valda óróa á fjármálamörkuðum sem gæti leitt til verðbreytinga hlutabréfa.

## 1.2. Áhætta tengd hlutabréfum í Fjarskiptum

### 1.2.1. Eignarhald Fjarskipta

Samsetning eigendahóps Fjarskipta getur falið í sér áhættu fyrir fjárfesta og hafa ber í huga að eignarhald félagsins getur breyst bæði hratt og án fyrirvara.

Hluthafar í Fjarskiptum eru 53[1] talsins við birtingu lýsingar félagsins. Stærsti hluthafi félagsins er FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. (hér eftir „Framtakssjóður Íslands" eða „seljandi") sem á 267.486.587 hluti, eða sem svarar til 79.7% útgefins hlutafjár. Framtakssjóður Íslands býður til sölu á bilinu 167.822.600 til 201.387.120 hluti í Fjarskiptum, sem svarar til 50% til 60% útgefins hlutafjár félagsins, til sölu í almennu útboði sem fram fer dagana 3. til og með 6. desember 2012. Gangi salan eftir mun Framtakssjóður Íslands áfram eiga á bilinu 66.099.467 til 99.663.987 hluti í Fjarskiptum, sem þá svarar til 19,7% til 29,7% útgefins hlutafjár félagsins. Fjárfestum er bent á að sala á stórum eignarhlut Framtakssjóðs Íslands gæti haft áhrif á verð hlutabréfa útgefanda. Bent er á að Framtakssjóði Íslands er heimilt að afhenda eignir sínar eigendum sínum, t.a.m. með arðgreiðslu, en slíkt myndi leiða til þess að hluthafar Framtakssjóðsins yrðu beinir eigendur að viðkomandi hlutum. Hluthafalista Framtakssjóðs Íslands má sjá á vef hans, www.framtakssjodur.is.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér upplýsingar um hluthafa félagsins sem koma fram í kafla 6.2. *Hluthafar* í útgefandalýsingu félagsins dagsettri þann 19. nóvember 2012.

### 1.2.2. Markaðsáhætta hlutabréfa í Fjarskiptum

Ekki er hægt að fullyrða með neinni vissu um þróun gengis hlutabréfa í Fjarskiptum í framtíðinni. Flökt á gengi hlutabréfanna gæti meðal annars verið háð almennu framboði og eftirspurn eftir hlutabréfum. Einnig geta breytingar á högum félagsins, svo sem innri mál, rekstur, afkoma eða stjórnun, haft verðmótandi áhrif á hlutabréf í félaginu. Ytri skilyrði, svo sem lagabreytingar eða aðrir utanaðkomandi þættir, geta haft áhrif á

[1] Með dómi Hæstaréttar frá 15. nóvember 2012 er ljóst að við hluthafahópinn mun bætast einn hluthafi til viðbótar, Stoðir, en skv. dómnum er Fjarskiptum gert að gefa út nýtt hlutafé til Stoða vegna efnda á nauðasamningi Teymis. Nánari umfjöllun er að finna í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* í útgefandalýsingu Fjarskipta dagsettri 19. nóvember 2012.

rekstur útgefanda sem og hagkerfið í heild. Framangreind ytri skilyrði teljast utan áhrifasviðs stjórnenda félagsins.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér upplýsingar um áhættuþætti tengda rekstri útgefanda sem finna má í kafla 1.3 *Áhætta tengd rekstri Fjarskipta* í útgefandalýsingu félagsins dagsettri þann 19. nóvember 2012.

### 1.2.3. Seljanleikaáhætta hlutabréfa í Fjarskiptum

Gera verður ráð fyrir að seljanleiki hlutabréfa í útgefanda og markaðsverð geti breyst í takti við breytingar á markaðsaðstæðum, hagsveiflu, fjárhagslegri afkomu og öðrum þáttum sem almennt hafa áhrif á markaðsverð hlutabréfa sem og seljanleika þeirra. Dæmi um slíkt tilvik er ef stærri hluthafi í útgefanda óskar eftir sölu bréfa sinna á markaði sem leiðir þá til aukins framboðs og mögulegrar verðlækkunar á hlutabréfum í útgefanda, sbr. umfjöllun í kafla 1.2.1 *Eignarhald Fjarskipta* að framan

Virk viðskiptavakt getur að einhverju leyti dregið úr seljanleikaáhættu. Fjarskipti stefna að því að gera samninga um viðskiptavakt fyrir hlutabréf í félaginu í kjölfar töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Fjarskipti munu birta upplýsingar um slíkt opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu þegar og ef slíkur samningur verður undirritaður. Slík tilkynning mun innihalda lýsingu á fyrirkomulagi viðskiptavaktar.

Bent er á að stjórn Framtakssjóðs Íslands áskilur sér rétt til að falla frá útboðinu sé sýnt að markmið þau sem að framan er lýst náist ekki eða ef Kauphöllin samþykkir ekki í desember 2012 fyrirliggjandi umsókn stjórnar Fjarskipta um að taka öll hlutabréf útgefin af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Seljandi er þó ekki skuldbundinn til að falla frá útboðinu af framangreindum sökum. Verði ekki fallið frá útboðinu gætu fjárfestar því eignast hluti í félagi sem ekki verður tekið til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Fjárfestar ættu því ekki að byggja ákvörðun um þátttöku í útboðinu á þeirri forsendu að fallið verði frá því ef ekki næst tilætlaður árangur við söluna.

### 1.2.4. Þynning

Verði hlutafé Fjarskipta aukið með útgáfu nýrra hlutabréfa minnkar hlutfallsleg eign þeirra sem fyrir eiga hlutabréf í félaginu, kjósi þeir að taka ekki þátt í hlutafjáraukningu félagsins í samræmi við hlutfallslega eign sína. Vakin er athygli á þeim réttindum sem hlutabréf félagsins bera með sér í tengslum við hlutafjáraukningu og fjallað er um í kafla 5.3 *Réttindi tengd hlutabréfum í Fjarskiptum* í verðbréfalýsingu þessari.

Margvíslegar ástæður geta legið að baki ákvörðun um aukningu hlutafjár. Algengt er þó að hlutafé sé aukið til að fjármagna fjárfestingar sem líklegt er talið að auki verðmæti félagsins til lengri tíma litið og auki þannig virði eignar hluthafanna. Bent er á að í kjölfar slíkra ákvarðana geta fjárfestar staðið frammi fyrir aukinni áhættu vegna hinnar nýju fjárfestingar.

Hlutafé félags verður aldrei hækkað nema með samþykki tveggja þriðju hluta atkvæða á hluthafafundi. Hluthafafundur getur þó með sama magni atkvæða veitt stjórn félags heimild til að hækka hlutafé án frekari atbeina hluthafafundar, ýmist með eða án sérstakra skilyrða um hvernig hinu nýja hlutafé skuli ráðstafað.

Við birtingu lýsingar félagsins er til staðar, í 3. mgr. 4. gr. samþykkta félagsins dagsettum 9. nóvember 2012, heimild til stjórnar til þess að auka hlutafé um allt að 60.000.000 kr. að nafnvirði eða um allt að 6.000.000 hluta. Heimildin var veitt til að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingu félagsins um uppgjör gagnvart hugsanlegum óframkomnum kröfum vegna nauðasamnings Teymis hf. sem staðfestur var af Héraðsdómi Reykjavíkur 23. júní 2009. Við birtingu þessarar verðbréfalýsingar er ljóst að Fjarskipti munu nýta hluta framangreindrar heimildar til að gefa út nýtt hlutafé að nafnvirði 50.463.966 kr. til handa Stoðum, sbr. umfjöllun í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* í útgefandalýsingu félagsins dagsettri 19. nóvember 2012. Útgáfa framangreinds hlutafjár til Stoða samsvarar 1,5% þynningu útgefins hlutafjár. Komi til þess að efna þurfi allar aðrar þekktar, óframkomnar kröfur vegna nauðasamningsins jafngildir það samtals 0,24% þynningu hlutafjár

til viðbótar. Mest getur þynning vegna efnda á þekktum, óframkomnum kröfum í tengslum við nauðasamning Teymis því orðið 1,74% útgefins hlutafjár.

Heimildin var samþykkt á hluthafafundi Fjarskipta þann 9. nóvember 2012 og er í gildi til og með 31. maí 2013.

### 1.2.5. Almennt útboð og taka hlutabréfa til viðskipta

Fjarskipti hafa sótt um töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og falla því undir ákvæði VI. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (hér eftir„vvl.") um útboð og töku verðbréfa til viðskipta, XII. kafla vvl. um verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði og XIII. kafla sömu laga um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, ásamt reglugerð nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 m.kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvið og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 987/2006 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Verði af töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar munu að auki gilda um félagið ákvæði VII. kafla vvl. um reglulegar upplýsingar útgefanda, VIII. kafla um aðrar skyldur útgefanda um veitingu upplýsinga og IX. kafla um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar auk reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu og Reglur Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga sem í gildi eru á hverjum tíma.

Vakin er sérstök athygli á því að eftir að viðskipti með bréfin hefjast munu eigendur hlutabréfa í félaginu falla undir ákvæði IX. kafla vvl. um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar, X. kafla sömu laga um yfirtöku auk XI. kafla um tilboðsyfirlit.

Brot á framangreindum lögum og reglum sem um útgefanda gilda eða munu gilda geta valdið honum fjárhagslegum, ímyndarlegum eða orðsporslegum skaða. Viðurlög við brotum á Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga geta þannig meðal annars falist í opinberri áminningu af hálfu Kauphallar, tímabundinni stöðvun viðskipta með hlutabréf í félaginu, févíti eða töku hlutabréfa félagsins úr viðskiptum. Viðurlög við brotum á ákvæðum vvl. eru tiltekin í XV. kafla laganna.

Vakin er sérstök athygli á því að eftir töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar munu eigendur hlutabréfa í félaginu falla undir ákvæði IX. kafla vvl. um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar, X. kafla sömu laga um yfirtöku og XI. kafla um tilboðsyfirlit.

Verðbréfalýsing þessi er útbúin í tengslum við almennt útboð Fjarskipta á hlutabréfum útgefnum af félaginu og fyrirhugaða töku bréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Um útboðið og töku til viðskipta fer eftir þeim lögum sem í gildi eru við birtingu lýsingar félagsins dagsettrar 19. nóvember 2012. Útgefandi, seljandi, umsjónaraðili og söluaðili bera ekki ábyrgð á áhrifum lagabreytinga, breytinga á reglugerðum og reglum eða ákvarðana dómstóla sem kunna að koma til eftir birtingu lýsingarinnar. Félagið mun þó, í samræmi við 1. mgr. 46. gr. vvl., bregðast við mikilvægum nýjum upplýsingum, veigamiklum mistökum eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í lýsingunni með birtingu viðauka við lýsinguna. Þetta á við á tímabilinu frá því lýsingin er staðfest og þar til viðskipti með hlutabréf útgefnum af félaginu hefjast. Slíkur viðauki skal staðfestur innan sjö virkra daga og hann birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin.

# 2. Tilkynning til fjárfesta

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu Fjarskipta, dagsettri þann 19. nóvember 2012, og varðar almennt útboð á hlutabréfum í Fjarskiptum og beiðni stjórnar félagsins um töku hlutabréfa þess til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Framangreint mun fara fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB, sem hefur verið innleidd í íslensk lög í samræmi við ákvæði EES samningsins. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu. Lýsingin samanstendur af þremur aðskildum skjölum; verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu dagsettri þann 19. nóvember 2012 og samantekt dagsettri þann 19. nóvember 2012. Lýsinguna í heild sinni má nálgast rafrænt á vef útgefanda, www.vodafone.is, auk þess sem nálgast má útprentuð eintök í höfuðstöðvum félagsins að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík.

Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur Fjarskipta sem og þau réttindi sem fylgja hlutabréfum í félaginu sem boðin verða til sölu í almennu útboði dagana 3. til og með 6. desember 2012. Lögð var á það áhersla að setja allar upplýsingar fram á skýran og skilmerkilegan hátt. Upplýsingar í lýsingunni má ekki skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða loforð um ávöxtun fjármuna, af hálfu Fjarskipta, Framtakssjóðs Íslands eða umsjónar- og söluaðilans Íslandsbanka.

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingu útgefanda dagsettri 19. nóvember 2012 áður en ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Fjarskiptum er tekin. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem máli kunna að skipta fyrir rekstur félagsins, atvinnugrein þess og virði hlutafjár útgefnu af því, en þeim er lýst í kafla 1 *Áhættuþættir* í verðbréfalýsingu þessari og í kafla 1 *Áhættuþættir* í útgefandalýsingu Fjarskipta dagsettri 19. nóvember 2012. Fjárfestum er bent á að gera sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í hlutum í Fjarskiptum. Hver fjárfestir skal byggja ákvörðun um fjárfestinguna á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á hlutabréfum í Fjarskiptum sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í hlutum í Fjarskiptum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Upplýsingar í lýsingunni byggja á staðreyndum og aðstæðum eins og þær voru á undirritunardegi hennar og geta breyst án fyrirvara. Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á hlutabréfunum, og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest og þar til útboði lýkur eða, ef við á, þegar viðskipti á Aðalmarkaði Kauphallarinnar hefjast, mun félagið útbúa viðauka við lýsingu sem greinir frá viðkomandi atriðum, sbr. 1. mgr. 46.gr. vvl. Skal viðaukinn staðfestur innan sjö virkra daga og hann birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Í því tilfelli að gera þurfi viðauka við lýsingu skulu fjárfestar, sem hafa skráð sig fyrir hlutabréfum áður en viðaukinn er birtur, hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki, eða eftir atvikum kaupum, að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

Lýsingu þessari má ekki dreifa eða miðla á nokkurn hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi. Fjarskipti, Framtakssjóður Íslands og Íslandsbanki eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á lýsingunni.

Fjarskipti hafa sótt um töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og falla því undir ákvæði VI. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (hér eftir„vvl".) um útboð og töku

verðbréfa til viðskipta, XII. kafla vvl. um verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði og XIII. kafla sömu laga um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, ásamt reglugerð nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 m.kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvið og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 987/2006 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Verði af töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar munu að auki gilda um félagið ákvæði VII. kafla vvl. um reglulegar upplýsingar útgefanda, VIII. kafla um aðrar skyldur útgefanda um veitingu upplýsinga og IX. kafla um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar auk reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu og Reglur Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga sem í gildi eru á hverjum tíma.

Vakin er sérstök athygli á því að eftir að viðskipti með bréfin hefjast munu eigendur hlutabréfa í félaginu falla undir ákvæði IX. kafla vvl. um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar, X. kafla sömu laga um yfirtöku auk XI. kafla um tilboðsyfirlit.

Lýsingin er einungis birt á íslensku. Lýsinguna má nálgast með rafrænum hætti á Adobe Acrobat sniði á vef útgefanda, www.vodafone.is, en útprentuð eintök má nálgast á skrifstofu félagsins að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík.

## 2.1. Yfirlýsing stjórnar formanns og forstjóra útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Fjarskipta hf., kt. 470905-1740, Skútuvogi 2, 104 Reykjavík, lýsum hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem lýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 19. nóvember 2012

| | |
|---|---|
| f.h. stjórnar Fjarskipta hf.<br>Þór Hauksson, stjórnarformaður | f.h. Fjarskipta hf.<br>Ómar Svavarsson, forstjóri |

## 2.2. Yfirlýsing stjórnarformanns og framkvæmdastjóra seljanda hlutafjár

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. býður á bilinu 167.822.600 til 201.387.120 hluti í Fjarskiptum til sölu í almennu útboði sem nánar er kveðið á um í verðbréfalýsingu þessari. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf., kt. 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík, lýsum hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem verðbréfalýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika þeirra.

Reykjavík, 19. nóvember 2012

| | |
|---|---|
| f.h. stjórnar FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf.<br>Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður | f.h. FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf.<br>Brynjólfur Bjarnason, framkvæmdastjóri |

## 2.3. Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda

KPMG, kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur kannað samstæðuárshlutareikning Fjarskipta fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012 sem gerður var í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Við könnun á árshlutareikningi Fjarskipta fyrir framangreint tímabil kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. september 2012 og breytingar á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

KPMG staðfestir að upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem varða framangreind reikningsskil eru í samræmi við kannaðan árshlutareikning Fjarskipta.

Reykjavík, 19. nóvember 2012

| | |
|---|---|
| Margret G. Flóvenz | Guðný H. Guðmundsdóttir |
| Löggiltur endurskoðandi | Löggiltur endurskoðandi |

## 2.4. Umsjónaraðili almenns útboðs og töku til viðskipta auk annarra ráðgjafa

Umsjónaraðili með almennu hlutafjárútboði Fjarskipta, sem fram fer dagana 3. til og með 6. desember 2012, og fyrirhugaðrar töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar er Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur verið ráðgjafi útgefanda meðal annars hvað varðar gerð lýsingarinnar sem byggir á gögnum og upplýsingum frá félaginu. Til grundvallar lýsingunni liggja ársreikningar útgefanda fyrir síðustu þrjú heilu fjárhagsár, óendurskoðað og ókannað stjórnendauppgjör útgefanda fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2011 og kannaður árshlutareikningur fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012, niðurstöðuskýrslur fjárhagslegrar og lagalegrar áreiðanleikakönnunar auk upplýsinga frá stjórnendum félagsins.

Fjárhagsleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd á Fjarskiptum fyrir félagið af PricewaterhouseCoopers ehf. (PwC), kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík. Undir könnunina féllu félögin Fjarskipti og P/F Kall í Færeyjum. Könnunin náði til fjárhagsáranna 2009, 2010 og 2011 auk fyrstu sex mánaða áranna 2011 og 2012. Umfang könnunarinnar var ákveðið af félaginu og takmarkaðist við þá þætti sem að mati stjórnenda og eigenda hafa sannanleg áhrif á rekstur félagsins auk þess sem það er háð ýmsum takmörkunum og fyrirvörum, svo sem m.t.t. lágmarksfjárhæða samninga og viðskiptakrafna. Ekki er hægt að útiloka að atriði sem skipta máli fyrir Fjarskipti í tengslum við almennt útboð á hlutafé félagsins hafi fallið utan ramma könnunarinnar.

Lagaleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd á Fjarskiptum fyrir félagið af Landslögum slf., kt. 450710-0830, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Undir könnunina féllu félögin Fjarskipti og P/F Kall í Færeyjum. Könnunin náði til fjárhagsáranna 2009, 2010 og 2011 auk fyrstu sex mánaða áranna 2011 og 2012. Umfang könnunarinnar var ákveðið af félaginu og takmarkaðist við þá þætti sem að mati stjórnenda og eigenda hafa sannanleg áhrif á rekstur félagsins auk þess sem það er háð ýmsum takmörkunum og fyrirvörum, svo sem m.t.t. lágmarksfjárhæða samninga og viðskiptakrafna. Ekki er hægt að útiloka að atriði sem skipta máli fyrir Fjarskipti í tengslum við almennt útboð á hlutafé félagsins hafi fallið utan ramma könnunarinnar.

## 2.5. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli er vakin á neðangreindum hagsmunum Íslandsbanka vegna Fjarskipta.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur umsjón með fyrirhugaðri töku hlutabréfa Fjarskipta til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Í því felst meðal annars umsjón með gerð lýsingar og annarra nauðsynlegra gagna í tengslum við töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka fær greidda þóknun frá Fjarskiptum vegna þessa.

Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðir Íslandsbanka eru umsjónaraðilar með almennu hlutafjárútboði í Fjarskiptum. Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðir Íslandsbanka þiggja þóknun frá seljanda hlutafjár, Framtakssjóði Íslands, vegna sölunnar og markaðssetningar útboðsins.

Fjórir sjóðir í stýringu Íslandssjóða, dótturfélags Íslandsbanka, eru eigendur að samtals 3,3% hlut í Fjarskiptum. Íslandssjóðir eru dótturfélag Íslandsbanka.

Íslandsbanki er eigandi að 1,7% hlut í Fjarskiptum.

Íslandsbanki er kaupandi að fjarskiptaþjónustu af Fjarskiptum og er, samkvæmt uppgjöri félagsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012, meðal 20 stærstu viðskiptavina þess m.v. veltu.

Íslandsbanka ber hvorki skylda til að meta né hefur metið hvort þátttaka í hlutafjárútboði í Fjarskiptum, sem fram fer dagana 3. til og með 6. desember 2012, sé viðeigandi fyrir þá fjárfesta sem óska þess að taka þátt í útboðinu. Fjárfestar njóta ekki verndar skv. 16. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti í tengslum við þátttöku sína í útboðinu.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti hefur Íslandsbanki sett sér reglur um hagsmunaárekstra. Fjárfestum er bent á að kynna sér reglurnar sem er að finna á vefslóðinni http://islandsbanki.is/library/Skrar/hagsmunareglur.pdf.

Framtakssjóður Íslands er seljandi hlutabréfa í almennu útboði Fjarskipta sem fram fer dagana 3. til og með 6. desember 2012. Framtakssjóður Íslands var kaupandi fjarskiptaþjónustu af Fjarskiptum á árinu 2011 og það sem af er ári 2012. Um er að ræða óverulegar fjárhæðir í ljósi stærðar og umfangs reksturs Fjarskipta.

Þór Hauksson, formaður stjórnar Fjarskipta, og Kristinn Pálmason, annar varamaður í stjórn félagsins, eru starfsmenn Framtakssjóðs Íslands sem er seljandi hlutabréfa í almennu útboði Fjarskipta sem fram fer dagana 3. til og með 6. desember 2012.

# 3. Veltufé, fjármögnun og skuldastaða

Stjórnarformaður og forstjóri Fjarskipta lýsa því yfir, fyrir hönd útgefanda, að þeir telji veltufé félagsins vera fullnægjandi til að uppfylla þarfir félagsins til næstu 12 mánaða frá birtingardegi lýsingar félagsins dagsettri 19. nóvember 2012.

Töflur 1 og 2 sýna fjármögnun og skuldastöðu Fjarskipta þann 30. september 2012. Töflurnar innihalda ekki skilyrtar skuldbindingar eða skuldbindingar sem falla utan efnahags, til að mynda vegna húsaleigusamninga. Umfang slíkra skuldbindinga er í takti við stærð og starfsemi félagsins.

Vakin er athygli á samstæðureikningum Fjarskipta sem eru hluti af lýsingu félagsins, dagsettri þann 19. nóvember 2012. Reikningarnir, með skýringum, eru birtir í heild sinni í kafla 9 *Ársreikningar áranna 2009 til 2011 og árshlutareikningur fyrstu níu mánaða ársins 2012* í útgefandalýsingu félagsins, dagsettri þann 19. nóvember 2012. Auk þess er fjallað um fjárhag félagsins í kafla 7 *Fjárhagsyfirlit* í framangreindri útgefandalýsingu. Framangreindir kaflar innihalda umfjöllun um eignir félagsins, skuldir, fjárhagsstöðu og afkomu. Jafnframt er vakin athygli á þeim kostnaði sem fellur á félagið í tengslum við fyrirhugaða töku hlutabréfa útgefnum af því til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar sem nánar er kveðið á um í kafla 5.1. *Taka hlutabréfa í Fjarskiptum til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar* í verðbréfalýsingu þessari.

Í almennu útboði félagsins, sem fyrirhugað er dagana 3. til og með 6. desember 2012, verða boðnir til sölu þegar útgefnir hlutir í Fjarskiptum sem nú eru í eigu Framtakssjóðs Íslands. Ekki verður um að ræða útgáfu nýrra hluta í tengslum við framangreint útboð. Af þessu leiðir að ekki kemur til fjárstreymis til félagsins í kjölfar útboðsins né mun útboðið valda neinni þynningu hlutafjár í Fjarskiptum.

Fjármögnun félagsins þann 30. september 2012 má sjá sundurliðaða í töflu 1.

Tafla 1: Yfirlit fjármögnunar Fjarskipta þann 30. september 2012

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | | 2012<br>30.09 |
|---|---|---|
| Skammtímaskuldir | | |
| þar af með ábyrgðum | | 0 |
| þar af með veðum | | 439 |
| þar af án ábyrgða eða veða | | 2.091 |
| | Skammtímaskuldir samtals | 2.530 |
| Langtímaskuldir | | |
| þar af með ábyrgðum | | 0 |
| þar af með veðum | | 6.778 |
| þar af án ábyrgða eða veða | | 51 |
| | Langtímaskuldir samtals | 6.829 |
| | Skuldir samtals | 9.359 |
| Eigið fé | | |
| Hlutafé | | 3.356 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 2.734 |
| Þýðingarmunur | | 255 |
| Óráðstafað eigið fé | | 348 |
| | Eigið fé samtals | 6.693 |
| | Fjármögnun samtals | 16.052 |

Yfirlit skuldastöðu Fjarskipta þann 30. september 2012 má sjá sundurliðaða í töflu 2.

Tafla 2: Yfirlit skuldastöðu Fjarskipta þann 30. september 2012

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>30.09 |
|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | |
| (a) Handbært fé | 1.092 |
| (b) Markaðsverðbréf | 0 |
| (c) Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.958 |
| (d) Greiðsluhæfi samtals (a)+(b)+(c) | 4.050 |
| **Skammtímaskuldir** | |
| (e) Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.091 |
| (f) Næsta árs afborgun langtímaskulda | 439 |
| (g) Skammtímaskuldir samtals (e)+(f) | 2.530 |
| **Langtímaskuldir** | |
| (h) Vaxtaberandi langtímaskuldir | 6.778 |
| (i) Aðrar langtímaskuldir | 51 |
| (j) Langtímaskuldir samtals (h)+(i) | 6.829 |
| (k) Nettó skuldastaða (d)-(g)-(j) | (5.309) |

# 4. Skilmálar og skilyrði almenns útboðs

Útboðið sem verðbréfalýsing þessi tekur til er almennt útboð, í samræmi við 1. tl. 43. gr. vvl., til allra fjárfesta sem hafa íslenska kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997.

Útgefnir hlutir í Fjarskiptum eru 335.645.200 talsins[2]. Í útboðinu býður Framtakssjóður Íslands til sölu á bilinu 167.822.600 til 201.387.120 hluti í Fjarskiptum, eða sem svarar til 50 til 60% útgefins hlutafjár félagsins. Í kjölfar útboðsins mun Framtakssjóður Íslands áfram eiga, að því gefnu að allir þeir hlutir sem boðnir eru til sölu seljist, á bilinu 66.099.467 til 99.663.987 hluti í Fjarskiptum, eða sem svarar til 19,7% til 29,7% útgefins hlutafjár félagsins. Bent er á að Framtakssjóði Íslands er heimilt að afhenda eignir sínar eigendum sínum, t.a.m. með arðgreiðslu, en slíkt myndi leiða til þess að hluthafar Framtakssjóðsins yrðu beinir eigendur að viðkomandi hlutum. Útboðið er ekki sölutryggt og seljandi ábyrgist ekki að þeir hlutir sem boðnir eru til sölu seljist að fullu.

Markmið seljanda með útboðinu eru fjögur:

- að Fjarskipti uppfylli skilyrði Kauphallarinnar um dreifingu hlutafjár og er bæði litið til dreifingar eignarhalds meðal almennra fjárfesta sem og fag- og stofnanafjárfesta.
- að hámarka söluverðmæti eignarhlutar seljanda.
- að fá að félaginu sterka langtímaeigendur.
- að stuðla að virkum íslenskum hlutabréfamarkaði með því að á bilinu 10% til 20% af heildarhluta félagsins verði í útboðinu selt almenningi.

Stjórn Framtakssjóðs Íslands áskilur sér rétt til að falla frá útboðinu sé sýnt að markmið þau sem að framan er lýst náist ekki eða ef Kauphöllin samþykkir ekki í desember 2012 fyrirliggjandi umsókn stjórnar Fjarskipta um að taka öll hlutabréf útgefin af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Seljandi er þó ekki skuldbundinn til að falla frá útboðinu af framangreindum sökum. Verði ekki fallið frá útboðinu gætu fjárfestar því eignast hluti í félagi sem ekki verður tekið til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Fjárfestar ættu því ekki að byggja ákvörðun um þátttöku í útboðinu á þeirri forsendu að fallið verði frá því ef ekki næst tilætlaður árangur við söluna.

Komi til þess að stjórn seljanda ákveði að falla frá útboðinu í samræmi við framangreind skilyrði teljast allar áskriftir samkvæmt því vera ógildar.

Útboðið tekur einungis til þegar útgefinna hluta í félaginu og verða því engir nýir hlutir gefnir út í kjölfar útboðsins.

Hvorki útgefanda né seljanda er kunnugt um hvort stórir hluthafar útgefanda, stjórnarmenn eða stjórnendur hyggist skrá sig fyrir hlutum í útboðinu. Þá er útgefanda og seljanda enn fremur hvorki kunnugt um hvort einhver aðili, einstaklingur eða lögaðili, hyggist skrá sig fyrir meira en 5% af heildarhlutafé félagsins né meira en 5% af stærð útboðsins.

---

[2] Að auki er til staðar heimild til stjórnar félagsins til að hækka hlutafé um allt að 60.000.000 kr. að nafnvirði til viðbótar vegna uppgjörs á nauðasamningi Teymis sbr. umfjöllun í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* í útgefandalýsingu Fjarskipta dagsettri 19. nóvember 2012. Við birtingu verðbréfalýsingar þessarar er ljóst að félagið mun þurfa að nýta hluta heimildarinnar til að gefa út hlutafé að nafnvirði 50.463.966 kr. til Stoða í tengslum við efnd framangreinds nauðsamnings.

## 4.1. Útgefandi

Fjarskipti hf.

| | |
|---|---|
| Kennitala: | 470905-1740 |
| Heimilisfang: | Skútuvogur 2, 104 Reykjavík, Ísland |
| Sími: | +354 599 9000 |
| Vefur: | http://www.vodafone.is |

## 4.2. Seljandi

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf.

| | |
|---|---|
| Kennitala: | 651109-0510 |
| Heimilisfang: | Lágmúli 9, 108 Reykjavík, Ísland |
| Sími: | +354 571 7080 |
| Vefur: | http://www.framtakssjodur.is |

## 4.3. Umsjónar- og söluaðilar útboðsins

### 4.3.1. Umsjónar- og söluaðili í lokaða og opna hluta útboðsins

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka

| | |
|---|---|
| Kennitala: | 491008-0160 |
| Heimilisfang: | Kirkjusandur 2, 155 Reykjavík, Ísland |
| Sími: | +354 440 4000 |
| Vefur: | http://www.islandsbanki.is |

### 4.3.2. Söluaðili lokaðs hluta útboðsins

Markaðir Íslandsbanka

| | |
|---|---|
| Kennitala: | 491008-0160 |
| Heimilisfang: | Kirkjusandur 2, 155 Reykjavík, Ísland |
| Sími: | +354 440 4000 |
| Vefur: | http://www.islandsbanki.is |

### 4.3.3. Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna opins hluta útboðsins

VÍB – Eignastýring Íslandsbanka

| | |
|---|---|
| Kennitala: | 491008-0160 |
| Heimilisfang: | Kirkjusandur 2, 155 Reykjavík, Ísland |
| Sími: | +354 440 4900 |
| Vefur: | http://www.vib.is |

## 4.4. Skipulag útboðs

Útboð hlutafjár í Fjarskiptum er almennt útboð, sbr. 43. gr. vvl. Útboðið fer fram í tveimur hlutum, lokuðum hluta og opnum hluta og um það gilda ákvæði VI. kafla vvl.

Í lokaða hlutanum sem fram fer frá kl. 09:00 til kl. 16:00 þann 3. desember 2012, verður afmörkuðum hópi fjárfesta, sem valinn er af umsjónaraðila í samráði við seljanda hlutafjár, boðið að senda inn áskriftartilboð í sérstaka tilboðsbók og skal hver áskrift vera að lágmarksfjárhæð 50.000.000 -fimmtíu- m.kr að kaupverði. Áskriftartilboð skulu þannig fram sett að verð hvers hlutar sé á bilinu 28,8 til 33,3 krónur á hvern hlut, en úthlutunarnefnd tók ákvörðun um framangreint verðbil. Öllum áskriftartilboðum í lokaða hluta útboðsins skal skilað á sérstökum rafrænum áskriftarvef Íslandsbanka sem aðgengilegur verður fjárfestum á vefslóð sem þátttakendur lokaða hlutans verða upplýstir um.

Þegar lokaða hluta útboðsins lýkur, klukkan 16:00 þann 3. desember 2012, verður endanlegt útboðsgengi ákvarðað byggt á þeim áskriftartilboðum sem borist hafa í það. Hið endanlega útboðsgengi, sem og upplýsingar um eftirspurn í lokaða hluta útboðsins, verður birt opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu, sem og á vef Fjarskipta, www.vodafone.is, í síðasta lagi fyrir miðnætti þann 3. desember 2012.

Í opna hluta útboðsins, sem fram fer frá kl. 10:00 þann 4. desember til kl. 16:00 þann 6. desember 2012, verður öllum fjárfestum sem hafa yfir að ráða íslenskri kennitölu og eru fjárráða, í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997, gefinn kostur á að skrá sig fyrir hlutum og skal hver áskrift vera að lágmarksfjárhæð 50.000 -fimmtíu-þ.kr. að kaupverði. Einungis verður tekið við áskriftum sem eru í samræmi við endanlegt útboðsgengi sem ákvarðast af niðurstöðu lokaða útboðsins, líkt og kveðið er á um að framan. Öllum áskriftum skal skilað á sérstökum rafrænum áskriftarvef Íslandsbanka sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef Íslandsbanka www.islandsbanki.is

Úthlutun mun eiga sér stað að báðum hlutum útboðsins loknum. Stjórn seljanda hefur falið framkvæmdastjóra og stjórnarformanni seljanda (hér eftir „úthlutunarnefnd") að ákvarða úthlutun. Við ákvörðun úthlutunar verður m.a. litið til markmiða seljenda um að á bilinu 10% til 20% útgefins hlutafjár í félaginu verði selt almenningi, þ.e. þeim fjárfestum sem voru þátttakendur í opna hluta útboðsins. Tilkynning um niðurstöðu útboðsins ásamt úthlutun til fjárfesta verður birt opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en fyrir miðnætti þann 7. desember 2012. Jafnframt verður birt tilkynning á vef Fjarskipta, www.vodafone.is.

## 4.5. Stærð, skipting og verð almenns útboðs

Í útboðinu verða boðnir til sölu á bilinu 167.822.600 til 201.387.120 hlutir, eða sem svarar til 50% til 60% af heildarhlutafé Fjarskipta, sem nú eru í eigu Framtakssjóðs Íslands. Af því hlutafé sem boðið er til sölu eru 134.258.080 hlutir, eða sem svarar til 40% af útgefnu hlutafé félagsins, ætlaðir þátttakendum í lokaða hluta útboðsins. 33.564.520 hlutir, eða sem svarar til 10% af útgefnu hlutafé félagsins, eru ætlaðir þátttakendum opna hluta útboðsins. Verði eftirspurn næg munu að auki standa til boða 33.564.520 hlutir, eða sem svarar til 10% af útgefnu hlutafé félagsins, og eru þeir ætlaðir þátttakendum í hvorum sem er, opna eða lokaða hluta útboðsins. Seljandi mun þar með leitast við að ráðstafa síðastnefndu 10% hlutafjárins á milli opna og lokaða hluta útboðsins samkvæmt því sem best samræmist markmiði hans um dreift eignarhald á félaginu.

Í lokaða hluta útboðsins skulu áskriftartilboð vera sett fram þannig að verð hvers hlutar sé á bilinu 28,8 til 33,3 krónur á hvern hlut. Áskriftartilboð í lokaða hluta útboðsins munu ráða endanlegu útboðsgengi. Endanleg úthlutun hluta til þátttakenda í bæði lokaða og opna hluta útboðsins verður því á sama verði.

## 4.6. Áskriftartímabil

Tekið verður við áskriftartilboðum í lokaða hluta útboðsins frá klukkan 09:00 til klukkan 16:00 þann 3. desember 2012. Ekki verður tekið við áskriftartilboðum utan þess tímabils.

Tekið verður við áskriftum í opna hluta útboðsins frá klukkan 10:00 þann 4. desember 2012 til klukkan 16:00 þann 6. desember 2012. Ekki verður tekið við áskriftum utan þess tímabils.

## 4.7. Skilyrði fyrir þátttöku

Útboðið er markaðssett á Íslandi og er þátttaka í því heimil öllum þeim einstaklingum og lögaðilum sem hafa bæði íslenska kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997. Þar af leiðir að einstaklingum sem ekki hafa náð 18 ára aldri sem og þeim einstaklingum og lögaðilum sem ekki ráða búi sínu sjálfir er ekki heimil þátttaka í útboðinu. Enn fremur er þátttaka í lokaða hluta útboðsins einungis heimil lokuðum hópi fjárfesta völdum af umsjónaraðila í samráði við seljanda, sem að mati umsjónaraðila búa yfir lágmarksfjárfestingargetu upp á 50.000.000 -fimmtíu- m.kr. og eru líklegir kaupendur að hlutabréfum útgefanda.

Starfsmönnum og stjórnendum Íslandsbanka sem heyra undir gildissvið reglna um viðskipti með fjármálagerninga og gjaldeyri dagsettum í júní 2008[3], er heimil þátttaka í útboðinu. Samkvæmt reglunum er þátttaka þeirra einungis heimil fyrstu þrjár -3- klukkustundir fyrsta dags opna hluta útboðsins, 4. desember 2012. Að auki eru viðskipti þeirra háð samþykki regluvörslu Íslandsbanka. Starfsmönnum Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka, Verðbréfamiðlunar Íslandsbanka og viðkomandi viðskipta- og lánastjóra á Fyrirtækjasviði, auk yfirmanna þessara eininga bankans, er þó alfarið óheimil þátttaka í útboðinu.

Starfsmönnum og stjórnarformanni Framtakssjóðs Íslands er óheimil þátttaka í útboðinu. Bent er á að hið sama gildir ekki um aðra stjórnarmenn í Framtakssjóði Íslands.

## 4.8. Skráning áskrifta

Áskriftartilboðum í lokaða hluta útboðsins skal skilað á sérstökum rafrænum áskriftarvef Íslandsbanka sem gerður verður aðgengilegur þátttakendum við upphaf lokaða hluta útboðsins. Áskriftarvefurinn er bæði á íslensku og ensku. Nánar er fjallað um hvernig tilboðum í lokaða hluta útboðsins skuli skilað í kafla 4.8.1 *Lokaði hluti útboðsins* í verðbréfalýsingu þessari.

Áskriftum í opna hluta útboðsins skal skilað á sérstökum rafrænum áskriftarvef Íslandsbanka sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is. Áskriftarvefurinn er bæði á íslensku og ensku. Nánar er fjallað um hvernig tilboðum í opna hluta útboðsins skuli skilað í kafla 4.8.2 *Opni hluti útboðsins* í verðbréfalýsingu þessari.

Þátttaka í útboðinu er skuldbindandi. Fjárfestir, sem staðfest hefur þátttöku sína hvort heldur sem er í lokaða eða opna hluta útboðsins, getur ekki breytt áskrift eða áskriftartilboði sínu eða fallið frá því.

Í útboðinu er hverjum fjárfesti heimilt að skrá margar áskriftir eða áskriftartilboð. Þátttakendum í lokaða hluta útboðsins er enn fremur heimil þátttaka í opna hluta útboðsins óski hann þess. Staðfesti sami fjárfestir margar áskriftir og/eða áskriftartilboð eru þau öll bindandi fyrir viðkomandi fjárfesti. Umsjónaraðili áskilur sér rétt til að krefjast trygginga fyrir greiðslu áskrifta og áskriftartilboða. Verði fjárfestir ekki við þessari kröfu áskilur umsjónaraðili, í samráði við seljanda, sér allan rétt til að ógilda áskrift eða áskriftartilboð viðkomandi fjárfestis að hluta eða í heild. Með tryggingu er átt við hverja þá tryggingu sem umsjónaraðili telur ásættanlega, svo sem veð í innlánsreikningi í banka eða verðbréfafyrirtæki. Við skilvísa greiðslu fellur trygging niður.

---

[3] Reglur Íslandsbanka hf. um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga og gjaldeyri má nálgast á vef bankans, http://skjol.islandsbanki.is/servlet/file/store156/item14672/Reglur%20%C3%8Dslandsbanka%20hf.%20um%20vi%C3%B0skipti%20starfsmanna%20me%C3%B0%20fj%C3%A1rm%C3%A1lagerninga%20og%20gjaldeyri.pdf.

Fjárfestir skal í áskrift eða áskriftartilboði sínu tilgreina þann vörsluaðila sem hann óskar eftir að móttaki þá hluti sem honum kunna að verða afhentir við uppgjör viðskipta. Með vörsluaðila er átt við reikningsstofnun sem hefur gildan aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og hlotið hefur stafsleyfi í samræmi við 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Íslandsbanki mun annast innheimtu áskrifta eða áskriftartilboða og uppgjör vegna útboðsins. Umsjónaraðili, söluaðilar, seljandi og útgefandi munu ekki leggja kostnað á fjárfesta vegna útboðsins. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér sérstaklega hvort kostnaður muni falla á þá frá öðrum aðilum vegna útboðsins, svo sem vörslugjöld frá þeirri reikningsstofnun sem fjárfestar óska eftir að móttaki þá hluti sem þeim kann að verða úthlutað í útboðinu.

Eignastýringaraðilum ber að skila áskriftartilboðum fyrir hönd viðskiptavina sinna í lokaða hluta útboðsins. Farið verður með áskriftartilboð eignastýringaraðila sem um eitt tilboð, frá hverjum og einum, væri að ræða. Kjósi eignastýringaraðilar að skila áskrift í opna hluta útboðsins ber þeim að senda inn margar áskriftir, þ.e. eina fyrir hvern viðskiptavin. Eignastýringaraðilar þurfa sérstaklega að gæta þess að þeir hafi fullnægjandi heimild eða umboð frá viðkomandi fjárfesti auk þess sem fjármálastofnunin sem um ræðir skal ábyrgjast greiðslu kaupverðs.

Á áskriftarformi lýsir fjárfestir því yfir að hann:

1. Geri sér grein fyrri þeirri áhættu sem fólgin er í fjárfestingu í hlutabréfum almennt sem og hlutabréfum í Fjarskiptum;
2. Geri sér grein fyrir að áskrift hans sé bæði skuldbindandi og endanleg;
3. Hafi kynnt sér þá skilmála sem um útboðið gilda og settir eru fram í verðbréfalýsingu þessari og að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar sem settar eru fram um hlutina og útgefanda þeirra í lýsingu dagsettri þann 19. nóvember 2012 og verðbréfalýsing þessi er hluti af;
4. Átti sig á því að Íslandsbanka sé ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og fjárfesting í hlutabréfum Fjarskipta sé viðeigandi fyrir hann og að hann njóti því ekki verndar samkvæmt 16. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti;
5. Hafi kynnt sér og skilið reglur Íslandsbanka um hagsmunaárekstra og að hann sé meðvitaður um alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í lýsingu Fjarskipta dagsettri þann 19. nóvember 2012 sem verðbréfalýsing þessi er hluti af.

### 4.8.1. Lokaði hluti útboðsins

Í lokaða hluta útboðsins verður tekið við áskriftartilboðum sem eru að lágmarki að fjárhæð 50.000.000 -fimmtíu- m.kr. að kaupverði. Skal slíkum áskriftartilboðum skilað rafrænt á sérstökum áskriftarvef Íslandsbanka sem gerður verður aðgengilegur þátttakendum við upphaf lokaða hluta útboðsins á sérstakri vefslóð.

Aðgangur að áskriftarvefnum er veittur fjárfestum sem boðin verður þátttaka í lokaða hluta útboðsins. Viðkomandi fjárfestar fá afhent lykilorð sem þeir geta notað til að skrá sig inn á áskriftarvefinn.

Á áskriftarvefnum skal fjárfestir tilgreina þá fjárhæð sem hann hyggst kaupa hluti fyrir og það hámarksverð á hvern hlut sem fjárfestir býður. Ekki er hægt að skrá áskriftartilboð að fjárhæð lægri en 50.000.000 -fimmtíu-m.kr. að kaupverði.

Heimilt er að skrá mörg áskriftartilboð fyrir hverja kennitölu. Við úthlutun verða öll samþykkt áskriftartilboð, og eftir atvikum samþykktar áskriftir í opna hluta útboðsins, dregin saman í eina færslu fyrir hverja kennitölu. Þannig verða allar áskriftir og samþykkt áskriftartilboð meðhöndluð sem um eina áskrift væri að ræða fyrir viðkomandi kennitölu.

Að skráningu áskriftartilboðs lokinni fær fjárfestir senda staðfestingu á áskriftartilboði sínu bæði með tölvupósti á það netfang sem hann tilgreindi á áskriftarformi sínu og sem rafrænt skjal í netbanka sinn. Rafræn staðfesting áskriftartilboðs er nauðsynleg fjárfesti til að færa sönnur á áskrift hans, ríki vafi um gildi áskriftartilboðsins.

#### 4.8.2. Opni hluti útboðsins

Í opna hluta útboðsins verður tekið við áskriftum sem eru að lágmarki að fjárhæð 50.000 -fimmtíu- þ.kr. að kaupverði. Slíkum áskriftum skal skilað rafrænt á sérstökum áskriftarvef Íslandsbanka sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is.

Aðgangur að áskriftarvefnum er veittur öllum þeim sem þess óska. Fjárfestar skrá kennitölu sína inn í þar til gerðan reit á áskriftarvefnum og fær viðkomandi fjárfestir þá innan fárra mínútna sent rafrænt skjal í netbanka sinn sem inniheldur lykilorð hans að áskriftarvefnum. Rafræna skjalið, sem fjárfestir óskar eftir með því að skrá kennitölu sína í þar til gerðan reit á áskriftarvefnum, má nálgast í netbanka hvaða íslensks viðskiptabanka sem er, að því gefnu að viðkomandi netbanki bjóði upp á birtingu rafrænna skjala. Þeim fjárfestum sem ekki hafa aðgang að netbanka er bent á að leita til VÍB – Eignastýringar Íslandsbanka sem mun veita upplýsingar í tengslum við útboðið. Sér í lagi mun VÍB – Eignastýring Íslandsbanka hafa milligöngu um að veita þeim fjárfestum sem ekki hafa aðgang að netbanka lykilorð enda hafi fjárfestar skilað inn sérstöku eyðublaði þar sem þeir óska eftir slíku lykilorði. Eyðublaðið má nálgast hjá VÍB – Eignastýringu Íslandsbanka.

Á áskriftarvefnum skal fjárfestir tilgreina þá fjárhæð sem hann hyggst kaupa hluti fyrir. Sé fjárhæð kaupverðs fjárfestis ekki jafngildi fjölda hluta í heilli tölu verður kaupverðið námundað niður þannig að næsta heila tala hluta náist. Ekki er hægt að skrá áskriftir að fjárhæð lægri en 50.000 -fimmtíu- þ.kr.

Heimilt er að skrá margar áskriftir á hverja kennitölu. Við úthlutun verða allar samþykktar áskriftir, og eftir atvikum samþykkt tilboð í tilboðsbók, dregin saman í eina færslu fyrir hverja kennitölu. Þannig verða allar samþykktar áskriftir meðhöndlaðar sem um eina áskrift væri að ræða fyrir viðkomandi kennitölu.

Að skráningu áskriftar lokinni fær fjárfestir senda staðfestingu á áskrift sinni bæði með tölvupósti, á það netfang sem hann tilgreindi á áskriftarformi sínu og sem rafrænt skjal í netbanka sinn. Rafræn staðfesting áskriftar er nauðsynleg fjárfesti til að færa sönnur á áskrift hans, ríki vafi um gildi áskriftarinnar.

VÍB – Eignastýring Íslandsbanka mun veita upplýsingar í tengslum við opna hluta útboðsins sem og tæknilegar upplýsingar er varða áskriftarvefinn í tengslum við opna hluta útboðsins. Verða upplýsingar veittar í síma á milli klukkan 09:00 og 18:00 dagana 4. til 6. desember 2012. Upplýsingar um símanúmer VÍB – Eignastýringar Íslandsbanka má nálgast í kafla 4.3.3. *Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna opins hluta útboðsins* í verðbréfalýsingu þessari.

### 4.9. Skerðing áskrifta og úthlutun við umframeftirspurn

Komi til þess að áskriftir sem borist hafa jafngildi fleiri hlutum en þeim sem boðnir eru til sölu í útboðinu kemur til skerðingar á áskriftum uns jafnvægi er náð.

Í lokaða hluta útboðsins verður öllum áskriftartilboðum sem verða undir endanlegu útboðsgengi hafnað og verður þeim aðilum sem skila slíkum áskriftartilboðum ekki úthlutað neinum hlutum á grundvelli þeirra.

Komi til skerðingar verður leitast við að skerða ekki áskriftir að fjárhæð lægri en 500.000 -fimmhundruð- þ.kr. að kaupverði. Einnig verður eftir fremsta megni stuðlað að því að skerðingar annarra áskrifta leiði ekki til þess að úthlutun verði lægri en 500.000 -fimmhundruð- þ.kr. að kaupverði. Leitast verður við að skerða áskriftir starfsmanna útgefanda ekki, þó að teknu tilliti til mats úthlutunarnefndar á því hvernig markmiðum útboðsins verður best náð fram.

Jafnvel þótt leitast verði við að skerða áskriftir ekki niður fyrir framangreind mörk áskilur úthlutunarnefnd sér rétt til þess, skapist þörf á skerðingum, að skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem hún telur æskilegt til að ná fram markmiðum útboðsins. Þannig áskilur úthlutunarnefnd sér rétt til þess að hafna öllum áskriftum að hluta til eða í heild án frekari skýringa. Ákvörðun úthlutunarnefndar um skerðingar og úthlutun til fjárfesta er endanleg og geta fjárfestar ekki óskað eftir frekari rökstuðningi fyrir úthlutun eða andmælt ákvörðun um skerðingar og úthlutun.

## 4.10. Tilkynning um niðurstöðu almenns útboðs

Niðurstaða útboðsins verður birt opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu í síðasta lagi fyrir lok dags þann 7. desember 2012. Jafnframt verður tilkynningin birt á vef Fjarskipta, www.vodafone.is.

Tilkynningin mun innihalda upplýsingar um eftirspurn, endanlega stærð útboðs og skiptingu úthlutunar milli opins og lokaðs hluta útboðsins.

Að sama skapi verður birt opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu endanlegt útboðsgengi, ásamt upplýsingum um eftirspurn í lokaða hluta útboðsins, að lokaða hluta útboðsins loknum í síðasta lagi fyrir miðnætti þann 3. desember 2012.

## 4.11. Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og afhending hluta

Eftir að niðurstaða útboðsins hefur verið tilkynnt opinberlega munu fjárfestar fá sendar upplýsingar um úthlutun ásamt greiðslufyrirmælum í tölvupósti, eigi síðar en fyrir miðnætti þann 7. desember 2012. Upplýsingarnar verða sendar á það tölvupóstfang sem fjárfestar gefa upp við skráningu á áskrift sinni. Greiðslufyrirmæli verða í formi rafrænna innheimtukrafna sem aðgengilegar verða í netbönkum.

Gjalddagi og eindagi innheimtukrafna vegna útboðsins verður 13. desember 2012.

Komi til þess að einhverjar innheimtukröfur verði ógreiddir að eindaga liðnum hefur úthlutunarnefnd sjálfdæmi um hvort slíkar kröfur verði felldir niður og áskriftir og úthlutanir tengdar þeim þá að sama skapi felldar niður. Einnig getur úthlutunarnefnd ákveðið að slíkar kröfur verði ekki felldir niður heldur innheimtar með fullnægjandi hætti í samræmi við meginreglur íslensks samninga- og kröfuréttar, að viðbættum dráttarvöxtum skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og innheimtukostnaði. Verði innheimtukröfurnar felldar niður, sem og áskriftir og úthlutanir tengdar þeim, er úthlutunarnefnd frjálst að ákveða að seljandi haldi eftir þeim hlutum sem ekki hefur borist greiðsla fyrir eða þeir verði seldir til þriðja aðila á hvaða verði sem úthlutunarnefndin kýs, án frekari tilkynningar þar um, annarra en þeirra sem áskildar eru í þeim lögum sem um útgefanda gilda á þeim tímapunkti, s.s. í IX. kafla vvl. um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar, enda brjóti slík sala ekki í bága við lög og reglur um viðskipti innherja.

Íslandsbanki hefur milligöngu um móttöku greiðslu og afhendingu hluta. Afhending hluta fer fram í fyrsta lagi þann 17. desember 2012 að undangenginni greiðslu samkvæmt greiðslufyrirmælum. Hlutir í Fjarskiptum verða afhentir rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Íslandsbanki mun annað hvort ráðstafa hlutum beint inn á vörslureikninga þeirra fjárfesta sem kjósa að varsla sína hluti hjá Íslandsbanka eða ráðstafa hlutum á hlutlaust svæði annarra vörsluaðila hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. sem munu móttaka hluti inn á vörslureikninga viðkomandi fjárfesta í samræmi við upplýsingar frá Íslandsbanka.

# 5. Upplýsingar um hlutabréfin og töku þeirra til viðskipta

## 5.1. Taka hlutabréfa í Fjarskiptum til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar

Stjórn Fjarskipta hefur óskað eftir að hlutabréf í Fjarskiptum verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Upphaf viðskipta með hlutabréfin er háð því að félagið uppfylli öll skilyrði Kauphallarinnar þar að lútandi, þ.m.t. um eignarhald almennra fjárfesta og fjölda hluthafa, [en það verður ekki endanlega ljóst fyrr en að loknu almennu útboði]. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest mun Kauphöllin fara yfir umsóknina og birta niðurstöðu sína opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu. Kveðið er á um skilyrði um hlutafjárdreifingu í Reglum Kauphallar fyrir útgefendur fjármálagerninga dagsettum 1. desember 2009, en samkvæmt þeim skulu skilyrði fyrir nægjanlegu framboði og eftirspurn vera fyrir hendi til að stuðla að eðlilegri verðmyndun. Þá er einnig kveðið á um að nægjanlega mörg hlutabréf skuli vera í eigu almennra fjárfesta og að félagið skuli hafa nægjanlegan fjölda hluthafa. Í skilningi fyrrgreindra reglna telst nægjanlegur fjöldi hlutabréfa vera í eigu almennra fjárfesta þegar 25% hlutabréfa innan sama flokks tilheyra slíkum aðilum. Fjöldi hluthafa telst nægjanlegur ef a.m.k. 500 hluthafar eiga hlutabréf að markaðsvirði u.þ.b. 100.000 krónur hver. Með almennum fjárfesti er átt við fjárfesti sem ekki er innherji, aðili fjárhagslega tengdur innherja, móður- eða dótturfélag eða aðili sem á meira en sem nemur 10% af hlutafé félagsins. Við útreikning á hlutum sem ekki eru í eigu almennra fjárfesta eru teknir með hlutir í eigu hluthafa sem hafa skuldbundið sig til að selja ekki hluti sína til lengri tíma. Útgefanda er ekki kunnugt um að neinar slíkar söluhömlur séu til staðar.

Fyrirhugað er að uppfylla skilyrði Kauphallarinnar um hlutafjárdreifingu með almennu útboði á þegar útgefnum hlutum í eigu Framtakssjóðs Íslands slhf., kt. 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík. Útboðið er almennt útboð, í skilningi 1. tl. 43. gr. vvl. Útboðið er markaðssett á Íslandi og er þátttaka í því heimil öllum þeim einstaklingum og lögaðilum sem hafa bæði íslenska kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997. Í útboðinu mun Framtakssjóður Íslands bjóða til sölu á bilinu 167.822.600 til 201.387.120 hluti í Fjarskiptum, sem jafngildir 50% til 60% af útgefnu hlutafé í Fjarskiptum. Útboðið fer fram dagana 3. til og með 6. desember 2012 og munu niðurstöður útboðsins liggja fyrir í síðasta lagi fyrir lok dags þann 7. desember 2012. Í kjölfar útboðsins mun Kauphöllin taka öll útgefin hlutabréf í Fjarskiptum til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, enda hafi öll framangreind skilyrði Kauphallarinnar þá verið uppfyllt og hún áður samþykkt fyrirliggjandi umsókn stjórnar Fjarskipta með fyrirvara um hlutafjárdreifingu. Fyrsti dagur viðskipta með hluti í Fjarskiptum í Kauphöllinni verður í fyrsta lagi þann 18. desember 2012 og verður fyrsti viðskiptadagur tilkynntur af Kauphöllinni með minnst eins viðskiptadags fyrirvara. Án allra skuldbindinga þar að lútandi áskilur Framtakssjóður Íslands sér rétt til þess að falla frá útboðinu ef Kauphöllin samþykkir ekki í desember 2012 fyrirliggjandi umsókn stjórnar Fjarskipta um að hlutabréf í félaginu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Nánar er fjallað um markmið seljanda með útboðinu og rétt hans til að falla frá útboðinu í kafla 4 *Skilmálar og skilyrði almenns útboðs* í verðbréfalýsingu þessari.

Með töku hlutabréfa í Fjarskiptum til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar má búast við að stuðlað verði að dreifðara eignarhaldi á félaginu en ella og auknum seljanleika á hlutabréfum þess. Þá hefur félagið jafnframt aukna möguleika til fjármögnunar standi það frammi fyrir fjárfestingartækifærum í framtíðinni sem talin eru arðbær fyrir hluthafa félagsins.

Fjarskipti bera allan kostnað sem hlýst af töku hlutabréfa í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Er heildarkostnaður félagsins áætlaður um 95 m.kr. og samanstendur af þóknun til umsjónaraðila, kostnaði við yfirferð og staðfestingu lýsingar samkvæmt gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins, kostnaði við töku hlutabréfa til viðskipta samkvæmt gjaldskrá Kauphallar, þóknunum vegna áreiðanleikakannanna ásamt öðrum kostnaði í beinum tengslum við töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar. Seljandi hlutafjár ber kostnað af markaðssetningu og sölu hlutabréfanna.

## 5.2. Hlutafé Fjarskipta

Útgefið hlutafé í Fjarskiptum er 3.356.452.000 -þrírmilljarðarþrjúhundruðfimmtíuogsexmilljónir-fjögurhundruðfimmtíuogtvöþúsund- kr. að nafnverði[4]. Hver hlutur í félaginu er 10 -tíu- kr. að nafnverði samkvæmt samþykktum þess og er fjöldi útgefinna hluta því 335.645.200[4] -þrjúhundruð-þrjátíuogfimmmilljónirsexhundruðfjörutíuogfimmþúsundogtvöhundruð-. Allir útgefnir hlutir eru greiddir og teljast þeir allir til hlutafjár. Fjarskipti eiga enga eigin hluti. Samþykki Kauphöll að taka hlutabréf útgefin af félaginu til viðskipta mun auðkenni þeirra hjá Kauphöll og hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. verða VOICE. ISIN númer þeirra er IS0000020485.

Allir hlutir í Fjarskiptum tilheyra sama flokki og eru þeir allir jafnréttháir samkvæmt samþykktum félagsins. Engar takmarkanir eru á framsali hlutanna og engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Vakin er athygli á því að tveir eða fleiri hluthafar geta gert með sér samkomulag um sameiginlega meðferð hluta sinna eða takmörkun á meðferð sinna hluta. Útgefanda er ekki kunnugt um nein slík samkomulög á milli núverandi hluthafa í félaginu.

Hluthafi getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eignarhald sitt. Telst útskrift frá verðbréfamiðstöð fullnægjandi grundvöllur hlutaskrár í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna skráningu verðbréfa og samþykktir félagsins.

Hlutabréf félagsins eru rafrænt skráð nafnbréf hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík og eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna skráningu verðbréfa og reglugerðar nr. 397/2000 um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir réttindum sem skráð eru með rafbréfi eða framselja slík viðskiptabréf. Öll viðskipti með slík viðskiptabréf eru ógild. Eigendaskipti og framkvæmd þeirra skal vera samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

## 5.3. Réttindi tengd hlutabréfum í Fjarskiptum

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut á hluthafafundi í félaginu.

Hluti í félaginu má selja eða veðsetja nema að annað leiði af lögum.

Í samræmi við ákvæði 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög hafa hluthafar forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hluthafafundur getur þó, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. sömu greinar, vikið frá forgangsrétti hluthafa með því atkvæðamagni sem þarf til breytinga á samþykktum félagsins.

## 5.4. Arðgreiðslur

Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins frá liðnu reikningsári skal taka á aðalfundi félagsins sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aðalfundur ákveður gjalddaga arðs til hluthafa, og verður hann að vera innan sex mánaða frá fundinum, í samræmi við ákvæði XII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Aðalfundur ákveður einnig arðleysisdag. Vakin er athygli á því að á árinu 2010 greiddu Fjarskipti arð til hluthafa sinna. Arðs má vitja á skrifstofu félagsins allt að fjórum árum eftir gjalddaga, að öðrum kosti fellur hann til félagsins.

Rétt til arðs eiga handhafar hluta sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins á aðalfundardegi. Vakin er athygli á því að það er á ábyrgð hluthafa að tryggja að aðsetur þeirra sé rétt skráð í hlutaskrá félagsins.

---

[4] Að teknu tilliti til hlutafjár sem gefið verður út í tengslum við dóm Hæstaréttar frá 15. nóvember 2012 og felur í sér efnd Fjarskipta á nauðasamningi Teymis mun nafnverð hlutafjár hækka í 3.406.915.966 kr. og verða útgefnir hlutir því samtals 340.691.597. Útgáfa þessara nýju hluta jafngildir 1,5% þynningu á þegar útgefnu hlutafé í félaginu.

Bent er á að í lánasamningum félagsins er kveðið á um að greiðsla arðs skuli óheimil nema að nettó vaxtaberandi skuldir félagsins séu lægri en 3,5 sinnum EBITDA viðkomandi árs og að eiginfjárhlutfall félagsins sé hærra en 20%, að teknu tilliti til arðgreiðslna. Við birtingu verðbréfalýsingar þessarar er útgefandi vel yfir þeim mörkum sem sett eru sem skilyrði við greiðslu arðs.

Utan fyrrgreindra takmarkana í lánasamningum félagsins, og þeirra takmarkana sem XII. kafli nr. 2/1995 um hlutafélög setur, eru ekki til staðar hömlur á arðgreiðslur félagsins.

## 5.5. Yfirtökuskylda

Í X. kafla vvl. er kveðið á um skyldur þeirra sem með beinum eða óbeinum hætti hafa náð yfirráðum yfir félögum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Með yfirráðum er átt við þegar aðili, og eftir atvikum þeir sem hann er í samstarfi við, hefur:

1. samanlagt eignast að lágmarki 30% atkvæðisréttar í félaginu;
2. á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir að lágmarki 30% atkvæða í félaginu; eða
3. öðlast rétt til að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar félagsins.

Komi til þess að einhver aðili öðlist yfirráð yfir félagi sem tekið hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal hann innan fjögurra vikna, eftir að yfirráðum er náð eða að hann hafi mátt vita að yfirráðum væri náð, gera öðrum hluthöfum viðkomandi félags yfirtökutilboð. Skal tilboðsgjafi bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama flokki hlutafjár sömu skilmála. Skal verð það sem sett er fram í yfirtökutilboðinu að lágmarki svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi, eða aðilar sem hann er í samstarfi við, hefur greitt fyrir hluti sem hann hefur eignast í viðkomandi félagi á næstliðnum sex mánuðum áður en yfirtökutilboðið er sett fram. Þá skal tilboðsverðið einnig að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð var með hluti í téðu félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Bent er á að fari einhver aðili, ýmist einn eða í samstarfi við aðra, með yfirráð í Fjarskiptum þegar félagið er tekið til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar myndast ekki yfirtökuskylda samkvæmt ákvæðum 7. mgr. 100. gr. vvl, enda auki sá aðili ekki við hlut sinn í kjölfar töku hlutabréfanna til viðskipta. Komi til þess að viðkomandi aðili minnki eignarhlut sinn og auki hann aftur síðar skapast hins vegar yfirtökuskylda. Rétt er að vekja athygli á því að hluthafar í seljanda, Framtakssjóði Íslands, eru margir af stærstu lífeyrissjóðum, og þar með stærstu fjárfestum, á Íslandi. Þeir lífeyrissjóðir sem hlut eiga í Framtakssjóði Íslands teljast ekki eiga í samstarfi um fjárfestingu sína í Fjarskiptum, sbr. 3. mgr. 100 gr. vvl., enda fer enginn þeirra með bein eða óbein yfirráð í Framtakssjóði Íslands né skipa þeir meirihluta stjórnarmanna í honum. Af þessu leiðir að þrátt fyrir að þessir aðilar færu með kaupum á hlutabréfum í félaginu samanlagt yfir skilgreind 30% atkvæðisréttar, sbr. 1. tl. 1. mgr. 100. gr. vvl., myndi slíkt ekki sjálfkrafa skapa tilboðsskyldu hjá framangreindum sjóðum, að því gefnu að kaupin fari fram áður viðskipti með bréfin á Aðalmarkaði Kauphallarinnar hefjast. Hlutahafalista Framtakssjóðs Íslands má finna á vef Framtakssjóðs Íslands[5].

## 5.6. Innlausn

Samkvæmt samþykktum Fjarskipta verða hluthafar hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim skyldaðir til að sæta innlausn á hlutum sínum.

Í 24. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er kveðið á um að eigi hluthafi meira en níu tíundu hluta hlutafjár í félagi og ráði hann yfir samsvarandi atkvæðamagni geti stjórn félagsins og hluthafinn í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Að sama skapi getur hver einstakur

---

[5] Upplýsingar um hluthafa Framtakssjóðs Íslands má nálgast á vef sjóðsins, http://framtakssjodur.is/index.php?option=com_content&view=article&id=75&Itemid=152

annar hluthafi krafist innlausnar að sömu skilyrðum uppfylltum. Fyrrgreind ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög gilda um öll hlutafélög, þar með talið útgefanda.

Í 110. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti er kveðið á um samsvarandi innlausnarrétt í tengslum við yfirtökuskyldur. Eru ákvæði þessara tveggja laga samræmd, þ.e. komi til þess að hluthafi eignist meira en níu tíundu hluta hlutafjár í félagi og að hann ráði samsvarandi atkvæðamagni skapast innlausnarréttur til handa viðkomandi hluthafa og jafnframt réttur til handa öðrum hluthöfum um að krefjast innlausnar hluta sinna. Fyrrgreint ákvæði vvl. byrjar að gilda við töku hlutabréfa útgefanda til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og gildir svo lengi sem hlutabréf útgefanda eru hluti af skipulegum verðbréfamarkaði.

## 5.7. Slit eða samruni

Samkvæmt samþykktum Fjarskipta skulu tillögur um slit eða samruna félagsins við annað félag eða önnur félög fá sömu meðferð og tillaga til breytinga á samþykktum félagsins. Slík tillaga þarf því að vera samþykkt með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á lögmætum aðal- eða aukafundi. Við félagsslit njóta hluthafar hlutdeildar í eignum umfram gjöld í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

Að öðru leyti skulu slit eða samruni Fjarskipta við annað félag eða önnur félög fara, eftir atvikum, fram í samræmi við ákvæði XIII. og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## 5.8. Skattaleg atriði

Skattlagning hluta í Fjarskiptum er samkvæmt gildandi íslenskri skattalöggjöf á hverjum tíma. Fjárfestum er eindregið ráðlagt að leita sér ráðgjafar frá óháðum sérfræðingi í skattamálum um það hvaða skattalegu áhrif fjárfesting í hlutabréfum kann að hafa hverju sinni, þ.m.t. áhrif tvísköttunarsamninga og erlendra laga og reglna. Í þessum kafla verðbréfalýsingarinnar, 5.8 *Skattaleg atriði*, er samantekt sem tæpir á helstu atriðum núgildandi íslenskrar skattalöggjafar. Samantektin er ekki tæmandi.

Hlutir í Fjarskiptum eru stimpilskyldir samkvæmt ákvæðum laga nr. 36/1978 um stimpilgjald og voru greidd af þeim stimpilgjöld við útgáfu þeirra. Komi til þess að hlutafé félagsins verði aukið verða hinir nýju hlutir einnig stimpilskyldir og mun félagið greiða viðkomandi stimpilgjöld á þeim tíma. Sala á hlutum í félaginu er ekki stimpilskyld.

Fjarskipti munu ekki eiga milligöngu um greiðslu neinna skatta, staðgreiðslu, frádráttar eða annarra opinberra gjalda í tengslum við viðskipti með hlutabréf í félaginu utan þess sem lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, lög nr. 46/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, auk annarra laga sem nú þegar gilda eða kunna að taka gildi kveða á um. Hafi Fjarskipti milligöngu um greiðslu einhverra opinberra gjalda verða engin aukaleg gjöld greidd af slíkum fjárhæðum.

### 5.8.1. Arðgreiðslur

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur ber Fjarskiptum skylda til að halda eftir og standa skil á staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af arðgreiðslum bæði til einstaklinga og lögaðila sem búsettir eru og hafa skattskyldu á Íslandi. Skal skatthlutfallið sem haldið er eftir taka mið af væntu skatthlutfalli þess sem tekur við arðgreiðslunni. Gildandi hlutfall fjármagnstekjuskatts einstaklinga og flestra lögaðila er 20% við birtingu lýsingar þessarar.

Vakin er athygli á því að flestum skattskyldum lögaðilum er heimilt að færa frádrátt á skattframtal sitt sem nemur fjárhæð arðgreiðslunnar samkvæmt ákvæðum 9. tl. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Við álagningu Ríkisskattstjóra fá slíkir lögaðilar endurgreidda áður afdregna staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts reynist álagður skattur lögaðilans lægri en sú fjárhæð sem haldið var eftir.

Fjarskiptum ber einnig skylda til að halda eftir og standa skil á staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af arðgreiðslum til einstaklinga með búsetu utan Íslands. Líkt og með einstaklinga búsetta hér á landi er núgildandi hlutfall fjármagnstekjuskatts einstaklinga með búsetu utan Íslands 20%.

Fjármagnstekjuskattsskylda erlendra lögaðila er 18% við birtingu lýsingar þessarar. Sé erlendur lögaðili hins vegar með heimilisfesti innan evrópska efnahagssvæðisins skapast samsvarandi réttur til frádráttar á skattframtali og í tilfelli innlendra lögaðila. Þeim er með öðrum orðum heimilt að færa frádrátt á skattframtali sínu sem leiðir til þess að skattskylda lækki eða jafnvel hverfi að fullu.

Bent er á að ákvæði tvísköttunarsamninga kunna að breyta staðgreiðsluhlutfalli arðs eða eftir atvikum því að unnt sé að sækja leiðréttingar á þegar innheimtri staðgreiðslu. Vísað er til vefs Fjármálaráðuneytisins um þá tvísköttunarsamninga sem eru í gildi á hverjum tíma.

Þá er einnig bent á að hreyfing fjármagns milli landa í tengslum við greiðslu arðs sem fellur til við lækkun hlutafjár eða vegna slita á félagi er ekki heimil, sbr. 13. gr. j. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

### 5.8.2. Söluhagnaður

Söluhagnaður hlutabréfa einstaklinga og lögaðila sem búsettir og skattskyldir eru á Íslandi er skattskyldur. Söluhagnaður er skilgreindur sem söluverð hlutabréfa að frádregnu upphaflegu kaupverði þessara sömu hlutabréfa og beinum kostnaði við söluna, sbr. ákvæði 20. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Skatthlutfall einstaklinga sem búsettir og skattskyldir eru á Íslandi er 20% við birtingu lýsingar þessarar. Einstaklingum er þó heimilt að jafna tap vegna sölu hlutabréfa á móti hagnaði af sölu annarra hlutabréfa. Slík jöfnun þarf þó alltaf að eiga sér stað innan sama almanaksárs. Óheimilt er að yfirfæra tap vegna sölu hlutabréfa á móti framtíðarhagnaði af sölu annarra hlutabréfa.

Lögaðilar sem heimilisfastir og skattskyldir eru á Íslandi bera, við birtingu lýsingar þessarar, 20% skattskyldu á söluhagnað hlutabréfa. Slíkir aðilar geta þó í flestum tilfellum fært frádrátt á skattframtal sitt sem nemur fjárhæð söluhagnaðar og þannig komist hjá raunskattlagningu.

Söluhagnaður einstaklinga sem búsettir eru erlendis er skattskyldur á Íslandi. Skatthlutfall slíkra einstaklinga er, líkt og gildir um einstaklinga sem búa hérlendis, 20% við birtingu lýsingar þessarar.

Staðgreiðsluskattur leggst á hagnað erlendra lögaðila vegna sölu á íslenskum hlutabréfum. Er skatthlutfall þeirra 18% við birtingu lýsingar þessara. Erlendum lögaðilum með heimilisfesti innan evrópska efnahagssvæðisins er þó heimilt að færa frádrátt á skattframtal sitt á móti skattskyldum söluhagnaði og þannig lækka eða eyða að fullu skattskyldu sinni.

Bent er á að ákvæði tvísköttunarsamninga kunna að breyta skatthlutfalli vegna söluhagnaðar eða eftir atvikum því að unnt sé að sækja leiðréttingar á þegar innheimtum skatttekjum. Vísað er til vefs Fjármálaráðuneytisins um þá tvísköttunarsamninga sem í gildi eru á hverjum tíma.

# 6. Skilgreiningar og skammstafanir

## Skilgreiningar

| | |
|---|---|
| Aðalmarkaður | vísar til Aðalmarkaðar NASDAQ OMX Iceland hf. sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, nema annað megi skilja af samhenginu eða tekið sé fram í textanum |
| Áskrift | vísar til áskriftar fyrir kaupum á hlutafé í útboði Fjarskipta, sem send er inn í opinn hluta útboðsins, og inniheldur þá fjárhæð sem áskrifandi óskar eftir að kaupa hlutabréf Fjarskipta fyrir. |
| Áskriftartilboð | vísar til tilboðs um kaup á hlutum í Fjarskiptum í lokuðum hluta almenns útboðs félagsins. Tilboðið greinir annars vegar frá fjölda hluta sem óskað er eftir að kaupa og hins vegar því verði sem fjárfestir er reiðubúinn að greiða fyrir hvern hlut. Þegar endanlegt útboðsgengi hefur verið ákvarðað og birt opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu teljast öll áskriftartilboð, sem innihalda hámarksverð að lágmarki jafnt hinu endanlega útboðsgengi, vera áskriftir. |
| Framtakssjóður Íslands og seljandi | vísar til FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf., kt. 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík, Íslandi. |
| Íslandsbanki | vísar til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, Íslandi. |
| Kauphöllin | vísar til NASDAQ OMX Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| KPMG | vísar til KPMG ehf., kt., 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Landslög | vísar til Landslaga slf., kt. 450710-0830, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Lokaður hluti útboðs | vísar til þess hluta útboðsins, sem hefst klukkan 09:00 og lýkur klukkan 16:00 þann 3. desember 2012, þar sem völdum fjárfestum er boðið að senda áskriftartilboð í sérstaka tilboðsbók. |
| Lýsingin | vísar til verðbréfalýsingar þessarar, útgefandalýsingar dagsettri þann 19. nóvember 2012 og samantektar dagsettri 19. nóvember 2012. |
| Opinn hluti útboðs | vísar til þess hluta útboðsins, sem hefst klukkan 10:00 þann 4. desember og lýkur klukkan 16:00 þann 6. desember 2012, þar sem öllum þeim sem uppfylla almenn skilyrði útboðsins býðst að senda áskriftir sínar fyrir kaupum á hlutafé í útgefanda. |
| Umsjónaraðilinn | vísar til Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, Íslandi. |
| Útboð og útboðið | vísar til almenns útboðs á hlutum í Fjarskiptum hf. dagana 3. til og með 6. desember 2012. |

| | |
|---|---|
| Útboðsgengi | vísar til endanlegs verðs á hvern hlut sem hlutir í Fjarskiptum verða seldir í útboðinu og ákvarðað verður að lokaða hluta útboðsins loknum og tilkynnt með tilkynningu sem birt verður opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en fyrir miðnætti þann 7. desember 2012. |
| Útgefandalýsing | vísar til útgefandalýsingar Fjarskipta, dagsett þann 19. nóvember 2012. |
| Úthlutunarnefnd | vísar til formanns stjórnar og framkvæmdastjóra FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf., kt. 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík, Íslandi. |
| Verðbréfalýsing | vísar til verðbréfalýsingar þessarar, dagsettri þann 19. nóvember 2012. |
| Verðbréfaskráning Íslands hf. | vísar til Verðbréfaskráningar Íslands hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Vodafone, útgefandi, Og fjarskipti, Fjarskipti og félagið | vísar til Fjarskipta hf., kt. 470905-1740, Skútuvogi 2, 104 Reykjavík, Íslandi. |

nema annað sé af samhengi augljóst. Þegar vísað er til laga og reglugerða í lýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða með áorðnum breytingum.

Þegar vísað er til tiltekinna klukkustunda í verðbréfalýsingu þessari skal það túlkað sem tilvísun til tímasetninga að Greenwich Mean Time, sem er íslenskur staðartími.

**Skammstafanir**

| | |
|---|---|
| Ehf. | Einkahlutafélag |
| Hf. | Hlutafélag |
| KPMG | Klynveld Peat Marwick Goerdeler |
| kr. | Íslenskar krónur, lögeyrir á Íslandi |
| m.kr. | Milljónir íslenskra króna |
| PwC | PricewaterhouseCoopers |
| Slhf. | Samlagshlutafélag |
| vvl. | verðbréfaviðskiptalög, þ.e. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti |
| þ.kr. | Þúsundir íslenskra króna |

Fjarskipti hf.

# Útgefandalýsing

19. nóvember 2012



Þessi síða er vísvitandi höfð auð

# Efnisyfirlit


1. ÁHÆTTUÞÆTTIR ..... 5

1.1. ALMENNT EFNAHAGSÁSTAND ..... 5
1.2. ÁHÆTTA TENGD FJARSKIPTAMARKAÐNUM ..... 6
1.2.1. LAGARAMMI HEIMILDA OG ÚTHLUTANA VEGNA FJARSKIPTASTARFSEMI ..... 6
1.2.2. KVAÐIR Á FJARSKIPTAFÉLÖG MEÐ UMTALSVERÐAN MARKAÐSSTYRK ..... 7
1.2.3. ÚRSKURÐIR PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR UM HÁMARKSVERÐSKRÁ LÚKNINGARGJALDA ..... 7
1.2.4. ÁKVARÐANIR EVRÓPUSAMBANDSINS UM HÁMARKSVERÐSKRÁ REIKIGJALDA ..... 8
1.2.5. SAMKEPPNI ..... 8
1.2.6. TÆKNI OG TÆKNIÞRÓUN ..... 9
1.2.7. ÖRYGGI GAGNA OG PERSÓNUÖRYGGI ..... 10
1.2.8. LÖG OG LAGABREYTINGAR ..... 10
1.2.9. SKATTAR OG ÖNNUR OPINBER GJÖLD ..... 11
1.3. ÁHÆTTA TENGD REKSTRI FJARSKIPTA ..... 12
1.3.1. ÁKVARÐANIR PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR TENGDAR ÚTGEFANDA ..... 12
1.3.2. ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISEFTIRLITSINS TENGDAR ÚTGEFANDA ..... 12
1.3.3. MIKILVÆGIR SAMNINGAR ..... 13
1.3.4. STARFSMANNAÁHÆTTA ..... 17
1.3.5. ORÐSPORSÁHÆTTA ..... 17
1.3.6. ÁGREININGS- OG DÓMSMÁL ..... 17
1.4. FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA ..... 20
1.4.1. LÁNSÁHÆTTA ..... 20
1.4.2. LAUSAFJÁRÁHÆTTA ..... 21
1.4.3. MARKAÐSÁHÆTTA ..... 21
1.4.4. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR ..... 23
1.4.5. VÁTRYGGINGAR ..... 23
1.5. ÁHÆTTA TENGD HEILSUFARSLEGUM ÁHRIFUM FARSÍMANOTKUNAR Á NOTENDUR ..... 24

2. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA ..... 25

2.1. YFIRLÝSING FORMANNS STJÓRNAR OG FORSTJÓRA ÚTGEFANDA ..... 27
2.2. YFIRLÝSING LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA ..... 27
2.3. UMSJÓNARAÐILI ÚTGÁFUNNAR OG AÐRIR RÁÐGJAFAR ..... 28
2.4. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA ..... 29
2.5. GILDISTÍMI OG SKJÖL TIL SÝNIS ..... 29
2.6. HUGSANLEGIR HAGSMUNAÁREKSTRAR ..... 29

3. SAMANDREGNAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR ..... 30

3.1. REKSTRARREIKNINGUR ..... 30
ENDURSKOÐAÐ ..... 30
3.2. EFNAHAGSREIKNINGUR ..... 31
3.3. SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ..... 32

3.4. Lykiltölur 32

4. UM FJARSKIPTI 33

4.1. Útgefandi 33
4.1.1. Fjárhagsdagatal 33
4.2. Stofnun félagsins og ágrip af sögu þess 33
4.2.1. P/F Kall 34
4.3. Stefna Vodafone 34
4.3.1. Hlutverk og framtíðarsýn 34
4.3.2. Gildi 35
4.4. Starfsemi Vodafone 35
4.4.1. Skipulag og starfssvið Fjarskipta 35
4.4.2. Skipulag og starfssvið P/F Kall 36
4.4.3. Starfsmenn 36
4.5. Fjarskiptamarkaðurinn 36
4.5.1. Stærð fjarskiptamarkaðarins á Íslandi 37
4.5.2. Helstu markaðir og þjónustuframboð Vodafone 38
4.5.3. Starfsemi P/F Kall (Vodafone Færeyjar) 39
4.5.4. Tekjur Vodafone 40
4.6. Helstu samkeppnisaðilar Vodafone 40
4.6.1. Síminn 40
4.6.2. Nova 41
4.6.3. Tal 41
4.6.4. Aðrir aðilar 41
4.6.5. Markaðshlutdeild á fjarskiptamörkuðum 42

5. STJÓRNARHÆTTIR 43

5.1. Samantekt á ákvæðum samþykkta Fjarskipta 43
5.2. Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti 44
5.3. Undirnefndir stjórnar 45
5.3.1. Endurskoðunarnefnd 45
5.3.2. Starfskjaranefnd 46
5.3.3. Regluvörður 46
5.4. Stjórn 46
5.5. Framkvæmdastjórn 50
5.6. Hagsmunaárekstrar stjórnar og framkvæmdastjórnar 52
5.7. Aðrar upplýsingar um stjórn og framkvæmdastjórn 52
5.7.1. Laun og hlunnindi stjórnar og framkvæmdastjórnar 53
5.8. Tengdir aðilar 54
5.8.1. Skilgreining á tengdum aðilum 54
5.8.2. Viðskipti tengdra aðila 55
5.9. Endurskoðendur 55

6. HLUTAFÉ OG HLUTHAFAR ..... 57

6.1. HLUTAFÉ ..... 57
6.1.1. ÞRÓUN HLUTAFJÁR[44] ..... 57
6.2. HLUTHAFAR ..... 58
6.2.1. RÉTTINDI HLUTHAFA ..... 59
6.2.2. ATKVÆÐISRÉTTUR ..... 59
6.2.3. HÆKKUN / LÆKKUN HLUTAFJÁR ..... 59
6.2.4. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS ..... 60
6.2.5. ARÐUR ..... 60

7. FJÁRHAGSYFIRLIT ..... 61

7.1. BREYTINGAR Á FJÁRHAGS- EÐA VIÐSKIPTASTÖÐU ÚTGEFANDA ..... 61
7.2. FJÁRFESTINGAR OG EIGNASALA ..... 62
7.2.1. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR ..... 62
7.2.2. FYRIRHUGAÐAR FJÁRFESTINGAR ..... 63
7.3. REKSTRARREIKNINGUR 2009, 2010, 2011 OG FYRSTU NÍU MÁNAÐA ÁRANNA 2011 OG 2012 ..... 64
ENDURSKOÐAÐ ..... 64
7.3.1. REKSTRARREIKNINGUR FYRSTU NÍU MÁNAÐA ÁRANNA 2011 OG 2012 ..... 65
7.3.2. REKSTRARREIKNINGUR ÁRANNA 2011 OG 2010 ..... 66
7.3.3. REKSTRARREIKNINGUR ÁRANNA 2010 OG 2009 ..... 67
7.4. EFNAHAGSREIKNINGUR 2009, 2010, 2011 OG FYRSTU NÍU MÁNAÐA ÁRSINS 2012 ..... 69
7.4.1. EFNAHAGSREIKNINGUR 30. SEPTEMBER 2012 SAMANBORIÐ VIÐ 31. DESEMBER 2011 ..... 70
7.4.2. EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2011 SAMANBORIÐ VIÐ 31. DESEMBER 2010 ..... 72
7.4.3. EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2010 SAMANBORIÐ VIÐ 31. DESEMBER 2009 ..... 74
7.5. SJÓÐSTREYMISYFIRLIT 2009, 2010 OG 2011 OG FYRSTU NÍU MÁNUÐI ÁRANNA 2011 OG 2012 ..... 76
ENDURSKOÐAÐ ..... 76
7.6. YFIRLIT UM BREYTINGU Á EIGIN FÉ FRÁ 1. JANÚAR 2009 TIL 30. SEPTEMBER 2012 ..... 78
7.7. FJÁRMÖGNUN ..... 79
7.8. LYKILTÖLUR ÚR FJÁRHAG P/F KALL ..... 80

8. SAMÞYKKTIR ÚTGEFANDA ..... 81

9. ÁRSREIKNINGAR ÁRANNA 2009 TIL 2011 OG ÁRSHLUTAREIKNINGUR FYRSTU NÍU MÁNAÐA ÁRSINS 2012 ..... 136

10. SKILGREININGAR OG SKAMMSTAFANIR ..... 227

# Myndir

*Mynd 1: Burðarleiðir og vöruframboð Vodafone* ........ 37
*Mynd 2: Þjónustuframboð Vodafone* ........ 38

# Töflur

*Tafla 1: Hámörk lúkningargjalda skv. gildandi ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar* ........ 8
*Tafla 2: Helstu stærðir íslenska fjarskiptamarkaðarins m.v. 30. júní 2012* ........ 37
*Tafla 3: Heildartekjur af völdum þjónustuþáttum fjarskiptamarkaðarins árið 2011* ........ 38
*Tafla 4: Tekjur eftir landfræðilegum mörkuðum í íslenskum krónum* ........ 40
*Tafla 5: Tekjur eftir þjónustuþáttum* ........ 40
*Tafla 6: Markaðshlutdeild fjarskiptafyrirtækja eftir þjónustuþáttum í árslok* ........ 42
*Tafla 7: Launa- og hlunnindagreiðslur stjórnar og framkvæmdastjórnar Fjarskipta fyrir árið 2011* ........ 53
*Tafla 8: Viðskipti tengdra aðila við Fjarskipti* ........ 55
*Tafla 9: Viðskipti Fjarskipta við tengda aðila* ........ 55
*Tafla 10: Þróun hlutafjár í útgefanda* ........ 57
*Tafla 11: 20 stærstu hluthafar Fjarskipta þann 28. september 2012* ........ 58
*Tafla 12: Fjárfestingar Fjarskipta árin 2009 – 2011* ........ 62
*Tafla 13: Heildarskuldir Fjarskipta m.v. 30. september 2012* ........ 79
*Tafla 14: Afborganaferill og samsetning lána m.v. 30. september 2012* ........ 79

# 1. Áhættuþættir

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem Fjarskiptum hf., kt. 470905-1740, Skútuvogi 2, 104 Reykjavík („Fjarskiptum", „útgefanda", „Vodafone", „Og fjarskiptum" eða „félaginu") er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um félagið, virði hlutabréfa þess og þá atvinnugrein sem það starfar innan.

Ekki er hægt með neinni vissu að meta líkur þess að einhver tiltekinn atburður eigi sér stað, áhrif hans eða hvort hann geti haft keðjuverkandi áhrif og þannig orðið til þess að aðrir atburðir komi til sem valdið geta félaginu eða hluthöfum þess tjóni. Þá er ekki unnt, nema í undantekningartilvikum, að meta efnahags- eða rekstrarleg áhrif einstakra áhættuþátta á félagið. Slíkt mat væri auk þess háð því að aðrar aðstæður héldust óbreyttar sem ekki er hægt að tryggja.

Hver og einn neðangreindra áhættuþátta gæti haft ítrekuð áhrif á rekstur og efnahag Fjarskipta og þar með á verðmæti hlutabréfa í félaginu. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa.

Stjórn Fjarskipta ber ábyrgð á innleiðingu og hefur eftirlit með áhættustýringu hjá félaginu og skilgreinir áhættuviðmið (e. *risk appetite*) félagsins. Stjórn hefur falið forstjóra félagsins og framkvæmdastjórn þá ábyrgð að meta og stýra áhættu í daglegum rekstri. Stjórn félagsins ber endanlega ábyrgð á að áhættustýring félagsins sé fullnægjandi og í samræmi við sett viðmið. Fjarskipti hafa innleitt stefnu um stýringu á áhættu vegna tiltekinna þátta í starfseminni sem er yfirfarin reglulega með tilliti til breytinga á markaði og í starfsemi félagsins. Umfjöllun um heildstæða áhættustefnu og áhættuviðmið fyrir félagið eru á dagskrá stjórnar félagsins í nóvember 2012 og reiknað með að hvort tveggja verði samþykkt á fyrsta ársfjórðungi 2013. Markmið stefnunnar er meðal annars að stjórnendur og lykilstarfsmenn félagsins séu meðvitaðir um áhættuþætti í rekstri félagsins og að viðbrögð við þeim, að því marki sem það er á valdi starfsmanna, séu skilgreind og samræmd. Ferlar félagsins eru kynntir starfsmönnum í gegnum reglubundna fræðslu og þjálfun með það að markmiði að þeir séu upplýstir um hlutverk sitt og skyldur.

Innbyrðis röð umfjöllunar í fyrsta kafla útgefandalýsingar þessarar endurspeglar hvorki mikilvægi né líkur þess að viðkomandi þáttur hafi áhrif á rekstur útgefanda eða atvinnugrein hans heldur er einungis hugsuð til þæginda fyrir lesandann.

Bent er á að skilgreiningar á orðum, hugtökum og lögaðilum auk skilgreininga á skammstöfunum er að finna í kafla 10 *Skilgreiningar og skammstafanir* í útgefandalýsingu þessari.

Utan þeirra þátta sem getið er í útgefandalýsingu þessari er félaginu ekki kunnugt um neina aðra stjórnvaldslega, efnahagslega, skattalega, peningalega eða stjórnmálalega stefnu eða þætti sem hafa eða gætu haft mikilvæg bein eða óbein áhrif á rekstur Fjarskipta. Umfjöllun í kafla 1 er tæmandi um þá áhættuþætti eiga sérstaklega við um útgefanda og þá atvinnugrein sem hann starfar innan.

## 1.1. Almennt efnahagsástand

Fjarskipti veita einstaklingum og fyrirtækjum alhliða fjarskiptaþjónustu undir vörumerkinu Vodafone. Í því felst sala á vörum og þjónustu. Einkaneysla, þar með talin notkun á símum og interneti, niðurhal gagna og leiga sjónvarpsefnis er háð eftirspurn sem ræðst meðal annars af almennum umsvifum í efnahagslífinu, atvinnustigi og kaupmætti launa. Hegðun neytenda getur meðal annars breyst með efnahagssveiflum og þannig mögulega haft áhrif á veltu og hagnað Fjarskipta. Stærstur hluti tekna félagsins er af innlendri starfsemi og er það því háð þróun og aðstæðum í íslensku efnahagslífi.

## 1.2. Áhætta tengd fjarskiptamarkaðnum

### 1.2.1. Lagarammi heimilda og úthlutana vegna fjarskiptastarfsemi

Um starfsemi fjarskiptafyrirtækja gilda sérlög; lög nr. 81/2003 um fjarskipti („fjarskiptalög"). Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja, skv. lögum nr. 69/2003, og hefur heimild til að hlutast til um starfsemi fyrirtækjanna með ákvörðunum og eftir atvikum álagningu dagsekta. Fjarskiptalög og afleidd stjórnvaldsfyrirmæli taka mið af skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES samningnum en þar segir að íslensk stjórnvöld séu skuldbundin til að innleiða reglur ESB á sviði fjarskipta. Breytingar á þeim geta því haft áhrif á íslenskan lagaramma um fjarskiptamarkaðinn og þar með mögulega fjárhag Fjarskipta.

Fjarskiptafyrirtæki hafa almenna heimild til að reka fjarskiptanet og veita fjarskiptaþjónustu, sem binda má tilteknum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 6. gr. fjarskiptalaga og reglur Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 345/2005. Þá þurfa þau fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja farsímakerfi og útvarps- og sjónvarpsdreifikerfi og nota til þess tíðnir að fá úthlutað tíðniheimildum, sbr. 7. gr. fyrrnefndra laga. Fjarskiptafyrirtækjum er einnig nauðsynlegt að hafa aðgang og afnot af símanúmerum og vistföngum (e. *IP address*) til úthlutunar til viðskiptavina sinna en fjarskiptalög og afleiddar reglur hafa einnig að geyma fyrirmæli um slíkan aðgang eða afnot.

Uppfylli fjarskiptafyrirtæki ekki skilyrði[1] þeirra leyfa eða úthlutana sem m.a. eru tilgreind hér að framan gæti komið til þess að slík leyfi eða úthlutanir yrðu afturkölluð, þeim eftir atvikum ekki fjölgað eða þau ekki endurnýjuð. Kæmi til þessa hefði það áhrif á getu fjarskiptafyrirtækja til að viðhalda þjónustuframboði sínu og gæti í einhverjum tilvikum leitt til beins kostnaðar í formi dagsekta, sbr. 8. mgr. 11. gr. fjarskiptalaga. Fjarskipti uppfylla öll þau skilyrði sem sett eru vegna þeirra heimilda sem því hafa verið veittar og eru nauðsynleg til daglegs reksturs. Heimildir félagsins hafa aldrei verið afturkallaðar eða felldar niður og félagið starfar ekki á grundvelli neinna undanþága.

Breytingar á ákvæðum fjarskiptalaga um tíðniúthlutanir, m.a. vegna breytinga á þeim lögum og reglum á sviði fjarskipta sem gilda innan EES og Íslandi ber að innleiða, geta haft áhrif á útgefnar tíðniheimildir fjarskiptafyrirtækja. Bent er á að afturköllun tíðniheimildar er ekki heimil án þess að viðkomandi fjarskiptafyrirtæki sé gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum og skal það hafa til þess einn mánuð samkvæmt fjarskiptalögum. Engin trygging er þó fyrir því að slíkar athugasemdir yrðu teknar til greina.

Bent er á að tíðniheimild útgefanda vegna útsendingar stafræns sjónvarpsmerkis yfir örbylgjutíðnir rennur út í júní árið 2014, en samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar verður á þeim tímapunkti endurskoðað hvort útgefandi fær áframhaldandi afnot af hluta tíðnisviðsins til þess konar sjónvarpsdreifingar. Í tilkynningu Póst- og fjarskiptastofnunar um samráð vegna skilmála um rafrænt uppboð á tíðniheimildum á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum frá 29. október 2012 felst sú afstaða stofnunarinnar að framtíðaruppbygging 4G fjarskipta verði á þeim tíðnisviðum, en ekki á 2600 MHz tíðnisviðinu, sem útsendingar stafræns sjónvarpsmerkis útgefanda yfir örbylgjutíðnir fer fram á. Stjórnendur útgefanda telja þetta auka líkur á að útgefandi haldi afnotarétti sínum af því tíðnisviði.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun sem gerir ráð fyrir heimild til handa stofnuninni til að sekta félög sem ekki virða ákvarðanir eða reglur stofnunarinnar. Við birtingu lýsingar þessarar er ekki ljóst hvenær frumvarpið verður tekið til efnislegrar meðferðar þingsins né heldur ljóst hvort það myndi öðlast gildi óbreytt.

Á Alþingi hefur enn fremur verið lögð fram þingsályktunartillaga um samskiptaáætlun til ársins 2022. Í henni gefur meðal annars að líta fjarskiptaáætlun. Við birtingu lýsingar þessarar er hvorki ljóst hvenær áætlunin verður samþykkt né heldur hvort hún mun öðlast gildi í óbreyttri mynd. Stjórnendur Fjarskipta telja að áætlunin, í núverandi mynd, hefði ekki teljandi áhrif á starfsemi félagsins. Félagið hagar starfsemi sinni í

[1] Skilyrðin sem um ræðir eru útlistuð í tl. a) til q) í 2. mgr. 6.gr. fjarskiptalaga.

samræmi við þau lög, reglur og stjórnvaldsákvarðanir sem um rekstur þess gilda. Brjóti félagið framangreindar reglur eða ákvarðanir væri mögulegt að á það yrðu lagðar sektir.

Fjarskipti hafa almenna heimild til að reka fjarskiptaþjónustu og –net, sbr. 4. gr. fjarskiptalaga og reglur Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 345/2005. Þá hefur félagið tíðniheimildir til reksturs farsímakerfa og útvarps- og sjónvarpsdreifikerfa, sbr. 7 gr. fyrrnefndra laga. Fjarskipti uppfylla öll skilyrði sem sett eru fyrir núverandi heimildum og leyfum félagsins.

### 1.2.2. Kvaðir á fjarskiptafélög með umtalsverðan markaðsstyrk

Samkvæmt 27. gr. fjarskiptalaga er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki sem, að undangenginni markaðsgreiningu, hafa verið útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á tilteknum undirmörkuðum fjarskiptamarkaðar[2]. Gefi markaðsgreining til kynna að virkri samkeppni sé ábótavant, sem og að fjarskiptafyrirtæki krefjist of hárra gjalda eða að óeðlilega lítill munur sé á heildsölu- og smásöluverði, er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki, meðal annars um ákveðnar tegundir samtenginga eða aðgang fjarskiptafyrirtækja.

Komist Póst- og fjarskiptastofnun að þeirri niðurstöðu að fjarskiptafyrirtæki hlíti ekki framangreindum kvöðum skal stofnunin tilkynna viðkomandi fyrirtæki um þá niðurstöðu og gefa því tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri og/eða gera úrbætur sem þá skulu komnar til framkvæmda innan mánaðar frá dagsetningu tilkynningar. Fjarskipti hafa ekki orðið uppvís að því að hlíta ekki þeim kvöðum sem á félagið hafa verið lagðar og fjallað er um í kafla 1.3.1. *Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar tengdar útgefanda.*

Við alvarleg og endurtekin brot á skilmálum almennrar heimildar eða skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum og útlistuð eru í 2. mgr. 6. gr. fjarskiptalaga, hefur Póst- og fjarskiptastofnun heimild, skv. 74. gr. fjarskiptalaga, til að fella niður skráningu fjarskiptafyrirtækis, afturkalla réttindi þess eða bæta við skilyrðum, sbr. framangreinda 2. mgr. 6. gr. sömu laga. Engin fordæmi eru fyrir afturköllun réttinda eða niðurfellingu skráningar fjarskiptafyrirtækis á íslenskum fjarskiptamarkaði.

### 1.2.3. Úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar um hámarksverðskrá lúkningargjalda

Þann 16. júlí 2010 birti Póst- og fjarskiptastofnun ákvörðun sína nr. 18/2010 þar sem kveðið var á um kerfisbundna lækkun lúkningargjalda[3] sem yrði að fullu komin til framkvæmda þann 1. janúar 2013. Stofnunin skilgreindi öll farsímafyrirtæki með markaðsráðandi stöðu í eigin farsímaneti sem ylli því að þau gætu með óeðlilegri verðlagningu lúkningargjalda velt kostnaði yfir á notendur sem væru í viðskiptum við önnur farsímafyrirtæki. Með framangreindri ákvörðun setti Póst- og fjarskiptastofnun upp áætlun um það hvernig sett hámörk lúkningargjalda farsímafyrirtækjanna yrðu smám saman samræmd að fullu.

Þann 1. nóvember 2012 birti Póst- og fjarskiptastofnun ákvörðun sína nr. 32/2012 þar sem kveðið var á um enn frekari lækkun lúkningargjalda frá og með 1. júlí 2013, en þróun liðinna missera og fram til 1. júlí 2013 má sjá í töflu 1.

[2] Um skilgreiningu markaða má lesa í kafla 4.5 *Fjarskiptamarkaðurinn* í útgefandalýsingu þessari og á vef Póst- og fjarskiptastofnunar, www.pfs.is.

[3] Lúkningargjöld eru þau gjöld sem innheimt eru af fjarskiptafyrirtækjum fyrir símtöl sem send eru inn í fjarskiptakerfi þeirra, og er lokið þar, en eiga upphaf sitt í kerfum annarra fjarskiptafyrirtækja.Dæmi: Viðskiptavinur Símans hringir í viðskiptavin Vodafone og innheimtir þá Vodafone lúkningargjöld af Símanum fyrir að ljúka símtalinu í fjarskiptakerfi sínu.

Tafla 1: Hámörk lúkningargjalda skv. gildandi ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar

| Fyrirtæki<br>*Fjárhæðir eru í ísl.kr.* | Verð frá ákvörðun | Verð frá 1.9.2010 | Verð frá 1.1.2012 | Verð frá 1.3.2012 | Verð frá 1.1. 2013 | Verð frá 1.7.2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Síminn | 7,49 | 6,50 | 5,50 | 4,50 | 4,00 | 1,66 |
| Vodafone | 7,49 | 6,50 | 5,50 | 4,50 | 4,00 | 1,66 |
| Nova | 12,00 | 10,30 | 6,30 | 6,30 | 4,00 | 1,66 |
| IMC/Alterna | 12,00 | 10,30 | 6,30 | 6,30 | 4,00 | 1,66 |
| Tal | - | - | 12,70 | 5,50 | 4,00 | 1,66 |

Þá ber að benda á að Póst- og fjarskiptastofnun hefur lýst því yfir opinberlega[4] að verði engin fylgni milli þróunar heildsölu- og smásöluverðs á símtölum í farsímakerfum á líftíma nýjustu markaðsgreiningar stofnunarinnar, þrátt fyrir verulega lækkun lúkningargjalda, telji stofnunin einsýnt að beita þurfi smásölukvöðum, sbr. 2. mgr. 27. gr. fjarskiptalaga. Slíkar kvaðir gætu falist í þaki á smásöluverð, kröfu um kostnaðartengda gjaldskrá eða banni við að binda mismunandi tegundir fjarskiptaþjónustu í einn heildarpakka, svo eitthvað sé nefnt.

Bent er á að lægri lúkningargjöld muni að öllum líkindum ekki hafa áhrif á Fjarskipti í meiri mæli en önnur fjarskiptafyrirtæki. Þannig er gert ráð fyrir að lúkningarverðlækkunin hafi í það minnsta ekki neikvæð áhrif á útgjöld og tekjur félagsins, að öðrum forsendum óbreyttum. Munu Fjarskipti, þrátt fyrir að geta ekki innheimt eins há lúkningargjöld af keppinautum sínum vegna símtala sem lýkur í kerfum félagsins, því ekki þurfa að greiða eins há lúkningargjöld til keppinauta vegna símtala sem lýkur í kerfum þeirra.

#### 1.2.4. Ákvarðanir Evrópusambandsins um hámarksverðskrá reikigjalda

Í maí 2012 tilkynnti Evrópuþingið að frá og með 1. júlí 2012 myndi taka gildi reglugerð sem setur stiglækkandi þak á gjaldtöku farsímafyrirtækja vegna niðurhals gagna í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur. Hámarksgjaldtaka fyrir hvert flutt megabæti er €0,70 á árinu 2012, €0,45 á árinu 2013 og €0,20 á árinu 2014. Evrópuþingið hafði áður, á árunum 2007, 2009 og 2011, samþykkt samskonar reglugerðir vegna gjaldtöku fyrir reikisímtöl og smáskilaboð.

Áhrifa þessara aðgerða mun gæta bæði í tekjum og gjöldum Fjarskipta vegna reikisamninga. Þannig getur félagið ekki innheimt eins há gjöld vegna notkunar erlendra ferðamanna á farsímum þeirra á Íslandi en þarf að sama skapi ekki að greiða eins há gjöld til erlendra samstarfsaðila vegna notkunar innlendra viðskiptavina sinna á farsímum þeirra erlendis.

Áhrifin af setningu þaks á gjaldtöku vegna farsímaþjónustu hefur ekki áhrif á Fjarskipti í meiri mæli en önnur fjarskiptafyrirtæki. Leiða má að því líkur að með aukinni útbreiðslu snjallsíma og spjaldtölva, og því aukna niðurhali sem henni fylgir, verði lögð á það aukin áhersla af löggjafar- og eftirlitsaðilum að lækka verð þessarar þjónustu enn frekar. Til þess gæti komið að félagið, líkt og önnur fjarskiptafyrirtæki, þurfi við slíkt að þola tekjutap og/eða lægri framlegð af vörum sínum, þótt aukin notkun gæti vegið þar upp á móti.

#### 1.2.5. Samkeppni

Mikil samkeppni ríkir á fjarskiptamarkaði á Íslandi og getur hún leitt til verðlækkana, hærri kostnaðar, svo sem í tengslum við markaðssetningu, aukinna fjárfestinga og minni markaðshlutdeildar. Ekki er hægt að ábyrgjast að Fjarskiptum takist að innleiða nýja tækni eða fjármagna nauðsynlegar fjárfestingar til að viðhalda samkeppnisstöðu félagsins. Þá er ekki hægt að ábyrgjast að þær fjárfestingar sem félagið ræðst í skili tilætlaðri arðsemi eða árangri.

[4] Sjá 255. málsgrein viðauka A við skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar "*Greining á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7)*" frá 13. janúar 2012 sem nálgast má á www.pfs.is.

Bent er á að vegna uppbyggingar fjarskiptamarkaðarins og þeirrar umgjarðar sem fjarskiptalöggjöfin skapar honum eru samningar milli samkeppnisaðila um aðgang að kerfum og samnýtingu þeirra töluvert algengir og nauðsynlegir.

Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að semja um samtengingar fjarskiptakerfa sinna, sbr. 24 gr. fjarskiptalaga. Þá ber fjarskiptafyrirtækjum enn fremur að upplýsa viðskiptavini sína, hvort heldur í heild- eða smásölu, um gjaldskrár- og/eða skilmálabreytingar með ákveðnum lágmarksfresti áður en þær geta tekið gildi. Samkvæmt ofansögðu getur komið til þess að ákvarðanir annarra fjarskiptafyrirtækja um verðlagningu á þeirri þjónustu sem Fjarskipti kaupa af þeim hafi áhrif á rekstur félagsins. Ekki er hægt að ábyrgjast að félagið geti í öllum tilvikum brugðist við verðhækkunum þjónustuveitenda með samsvarandi hætti, þ.e. með hækkun eigin gjaldskrár frá og með sama tíma.

Nánari umfjöllun um samkeppni á þeim mörkuðum sem Fjarskipti starfa á er að finna í kafla 4.6. *Helstu samkeppnisaðilar Vodafone* í útgefandalýsingu þessari.

Vakin er athygli á að Fjarskipti eru þátttakendur í forvali fyrir samkeppnisviðræður vegna stafrænnar sjónvarpsdreifingar RÚV. Fari svo að ekki verði gengið til samninga við félagið um uppbyggingu slíks dreifingarkerfis gæti það orðið til þess að dreifikerfi félagsins yrðu ekki lengur nýtt með eins arðbærum hætti. Nánari umfjöllun um forvalið má finna í kafla 7.1. *Breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda* í útgefandalýsingu þessari.

### 1.2.6. Tækni og tækniþróun

Starfsemi fjarskiptafyrirtækja byggir í grunninn á fjarskiptum og upplýsingatækni og eru þau háð tækni og tæknilegum lausnum ásamt margvíslegum vél- og hugbúnaði í starfsemi sinni. Auk þess að bjóða viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem byggir á tæknilegum lausnum nýta fjarskiptafyrirtæki sér tæknilausnir í innra starfi sínu, svo sem við reikningagerð og gerð notendayfirlita.

Eins og alltaf þegar tæknilegar útfærslur viðfangsefna eiga í hlut á stöðug þróun sér stað. Nýjar vörur og þjónustuleiðir líta dagsins ljós, auk þess sem viðmið greinarinnar (e. *industry standards*) eru í sífelldri framþróun. Í slíkri þróun eru fjarskiptafyrirtæki að hluta til háð þjónustu þriðja aðila, meðal annars um vara- og íhluti og viðhald tækni- og tækjabúnaðar.

Tæknibreytingar geta haft mikil áhrif á starfsemi og arðsemi fjarskiptafyrirtækja. Ný tækni getur leitt af sér auknar tekjur, svo sem í gegnum virðisaukandi þjónustu, en einnig aukna samkeppni, gjaldskrárlækkanir og aukna fjárfestingarþörf, til dæmis ef hin nýja tækni krefst endurnýjunar búnaðar til að viðhalda samkeppnishæfni félagsins. Breytt neytendahegðun í tengslum við tækniframfarir getur leitt til þess að staðgönguvörur við eina eða fleiri vörur eða þjónustu félagsins líti dagsins ljós. Slíkt gæti dregið úr tekjum eða leitt til þess að fjárfestingar og dreifikerfi séu ekki lengur nýtt með eins arðbærum hætti og áður. Þá getur komið til þess að tækni- og vörunýjungar sem fjarskiptafyrirtæki bjóða séu ekki leiðandi á markaði eða tefjist í framkvæmd sökum óviðráðanlegra tafa sem rekja má til utanaðkomandi þjónustuaðila og framleiðenda sem félagið er háð.

Fjarskipti eru vátryggð fyrir því tjóni sem það telur mögulegt að tryggja sig gegn, þ.m.t. gegn því tjóni sem starfsmenn félagsins kunna að valda, að því gefnu að félagið sé skaðabótaskylt. Félagið leitast við að byggja fjarskiptakerfi þess upp með þeim hætti að rekstraráhætta af bilunum einstaka tækjabúnaðar sé lágmörkuð. Þá hefur félagið innleitt ferla hvað varðar viðbrögð við bilunum á fjarskiptamannvirkjum eða vél- og tækjabúnaði og hefur gert samninga við aðila víðsvegar um landið sem eykur viðbragðsflýti við slíkar aðstæður. Félagið leggur mikla áherslu á fræðslu, þjálfun og menntun starfsmanna þess. Á grundvelli samstarfssamnings við Vodafone Group plc. hafa Fjarskipti enn fremur aðgang að upplýsingum um tækniþróun og þekkingu sem dregur úr áhættu sem leiða kann af mistökum, vangá eða þekkingarleysi

starfsmanna. Nánar er fjallað um samstarf útgefanda við Vodafone Group plc. í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* í útgefandalýsingu þessari.

### 1.2.7. Öryggi gagna og persónuöryggi

Eðli starfsemi fjarskiptafyrirtækja er slíkt að þeim er treyst fyrir vörslu, miðlun og flutningi upplýsinga og gagna sem oft á tíðum eru persónuleg fyrir viðskiptavini eða innihalda viðkvæmar trúnaðarupplýsingar. Til viðbótar við framangreint þjónusta Fjarskipti stór fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem hafa meðal annars með höndum framleiðslu og dreifingu raforku, rekstur heilsugæslu og neyðarþjónustu eða sinna sjúkra- og björgunarstörfum. Slíkir aðilar þurfa að geta treyst því að dreifikerfi félagsins séu áreiðanleg og að tryggt sé að þriðji aðili komist ekki á milli í samskiptum.

Framansagt gerir fjarskiptafyrirtæki m.a. viðkvæm fyrir hvers kyns bilunum og göllum í búnaði og tækjakosti sem stefnt gæti í voða öryggi, virkni og/eða tengingum kerfa þeirra. Enn fremur þurfa þau, líkt og önnur félög í annarri starfsemi, í auknum mæli að verjast óværum og árásum af hendi tölvuþrjóta. Dæmi um þetta er ýmiss konar misnotkun á kerfum, s.s. innbrot í innanhússímstöðvar viðskiptavina fjarskiptafyrirtækjanna í þeim tilgangi að hringja dýr utanlandssímtöl, eða misnotkun farsímaáskrifta erlendis (e. *roaming fraud*).

Fjarskiptafyrirtæki eru skyldug til að bjóða samtengingar við þau fjarskiptakerfi sem þau reka, sbr. 24. gr. fjarskiptalaga, en margþætt áhætta getur fylgt því að tengja saman fjarskiptakerfi. Sé munur á ferlum fyrirtækja sem þannig tengjast hvað varðar eftirlit með notkun og öryggi í kerfum gæti slíkt stefnt tengingum fjarskiptafyrirtækja við aðra þjónustuaðila í voða. Þannig er ekki alltaf tryggt að unnt sé að aðskilja umferð frá viðskiptavinum þeirra og viðskiptavinum þriðja aðila sem tengjast netum þeirra. Enn fremur er sú hætta fyrir hendi að varsla, miðlun og flutningur þeirra upplýsinga sem fyrirtækin fá aðgang að vegna samtengingarinnar sé ekki með fullnægjandi hætti eða að upplýsingarnar séu hagnýttar í öðrum tilgangi en til er ætlast.

Af framangreindu leiðir að til þess gæti komið, af margvíslegum ástæðum, að fjarskiptafyrirtækjum takist ekki að verja eða vista gögn viðskiptavina sinna með þeim hætti sem ásættanlegt er. Slíkt gæti m.a. bakað slíkum fyrirtækjum skaðabótaábyrgð, valdið orðsporsskaða, leitt til glötunar viðskiptasambanda og/eða samninga við einstaka viðskiptavini. Fjallað er um vátryggingar Fjarskipta í kafla 1.4.5 *Vátryggingar* í útgefandalýsingu þessari.

Fjarskipti leggja áherslu á að tryggja öryggi þeirra gagna sem þeim er treyst fyrir. Starfsmönnum eru kynnt lög og reglur sem gilda um meðferð og afhendingu upplýsinga, bæði á sérstökum námskeiðum og í starfsmannahandbók. Starfsmenn undirrita trúnaðaryfirlýsingu þegar þeir hefja störf hjá félaginu. Þá á félagið í góðu samstarfi við og nýtur leiðsagnar Vodafone Group plc. á sviði afmarkaðra þátta gæða- og öryggismála. Þar að auki vinnur félagið að innleiðingu gæðavottunar á afmarkaða þætti í starfseminni er lúta að upplýsingaöryggi skv. ISO 27001 staðlinum.

### 1.2.8. Lög og lagabreytingar

Fjarskiptamarkaðurinn er eftirlitsskyldur og um hann gilda strangar reglur og víðtækur lagarammi. Íslensk löggjöf um fjarskiptamarkaðinn byggir meðal annars á þeim lögum og reglum á sviði fjarskipta sem gilda innan EES og Íslandi ber að innleiða í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar þess í tengslum við EES samninginn. Þá er að finna í 44. og 45. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla ákvæði er varða aðgang fjölmiðlaveitna að dreifikerfum fjarskiptafyrirtækja sem og rétt hinna síðarnefndu til að dreifa efni.

Auk reglna um fjarskiptamarkaðinn gilda um starfsemi Fjarskipta margvísleg lög og reglugerðir. Lög nr. 2/1995 um hlutafélög skilgreina félagaform og lögformlega umgjörð Fjarskipta og á þeim byggja samþykktir félagsins og stjórnskipulag. Líkt og önnur hlutafélög lúta Fjarskipti meðal annars lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, lögum nr. 145/1994 um bókhald, lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, Samkeppnislögum nr. 44/2005 og lögum nr. 50/1988 um

virðisaukaskatt sem og öllum reglum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Breytingar á lögum gætu haft áhrif á félagið, afkomu þess og hvernig það hagar starfsemi sinni.

Fjarskipti hafa sótt um töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og falla því undir ákvæði kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (hér eftir„vvl."). Sérstaklega er vert að nefna VI. kafla laganna um útboð og töku verðbréfa til viðskipta, XII. kaflann um verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði og XIII. kaflann um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Einnig munu um félagið gilda reglugerð nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 m.kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 987/2006 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Verði af töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar munu að auki gilda um félagið ákvæði VII. kafla vvl. um reglulegar upplýsingar útgefanda, VIII. kafla um aðrar skyldur útgefanda um veitingu upplýsinga og IX. kafla um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar auk reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu og Reglur Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga sem í gildi eru á hverjum tíma.

Vakin er sérstök athygli á því að eftir töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar munu eigendur hlutabréfa í félaginu falla undir ákvæði IX. kafla vvl. um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar, X. kafla sömu laga um yfirtöku auk XI. kafla um tilboðsyfirlit.

Ekki er hægt að útiloka að í framtíðinni verði sett ný lög eða reglur er varða starfsemi félagsins og gætu haft áhrif á afkomu, efnahag og virði hlutabréfa Fjarskipta.

#### 1.2.9. Skattar og önnur opinber gjöld

Breytingar á lögum og reglum varðandi beina og óbeina skattskyldu fjarskiptafyrirtækja geta haft neikvæð áhrif á Fjarskipti. Slíkar breytingar gætu m.a. dregið úr arðsemi félagsins og lækkað handbært fé frá rekstri. Skattlagning á tekjur lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, rekstrargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar, leyfisgjöld tíðniheimilda, gjöld fyrir númeraraðir, sbr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, og jöfnunargjald fjarskiptafyrirtækja, sbr. 22. gr. fjarskiptalaga, eru dæmi um skatt- og gjaldheimtu sem máli skiptir fyrir félagið. Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt er skattskylda Fjarskipta 20% af tekjuskattsstofni.

Skattgreiðslur byggjast að einhverju leyti á túlkun á skattalöggjöf og reglugerðum. Komið getur upp túlkunarmunur milli félagsins og skattayfirvalda á ákvæðum skattalaga og –reglna. Flókin skattalöggjöf og tíðar breytingar á henni torveldar yfirsýn og auka hættu á mistökum við skattskil. Þá getur enn fremur komið til þess að félagið nýti sér ekki, að hluta eða til fulls, þær skattaívilnanir sem í boði kunna að vera hverju sinni. Þá er einnig hætta á að stjórnendur félagsins taki, í slíku skattaumhverfi, ákvarðanir sem leiða til ófyrirséðra skattgreiðslna.

Bent er á að þann 30. september 2012 nam skatteign félagsins 885 m.kr., að mestu vegna yfirfæranlegs taps. Það er mat stjórnenda félagsins að skattalegt tap muni nýtast að fullu áður en það fyrnist.

## 1.3. Áhætta tengd rekstri Fjarskipta

### 1.3.1. Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar tengdar útgefanda

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 29/2008[5] voru Fjarskipti útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum. Með ákvörðuninni lagði stofnunin kvaðir á félagið um aðgang, jafnræði og gagnsæi á fyrrnefndum markaði auk kvaðar um eftirlit með gjaldskrá tengdum þeim markaði.

Vakin er athygli á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 18/2010[6], en með henni var félagið útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í eigin farsímanetum og er því háð kvöðum um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá. Þar sem öll fjarskiptafyrirtæki á Íslandi eru útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk í lúkningu símtala í eigin kerfum á þessum markaði eru framangreindar kvaðir ekki líklegar til að vera meira íþyngjandi fyrir Fjarskipti en önnur fjarskiptafyrirtæki.

Framangreindar kvaðir fela í sér að Fjarskiptum er skylt að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að fjarskiptakerfum sínum á jafnræðisgrundvelli og þannig stuðla að virkri samkeppni. Enn fremur var í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 18/2010 lögð sú kvöð á bæði Fjarskipti og Símann að viðhalda bókhaldslegum aðskilnaði milli heildsölumarkaðar fyrir lúkningu símtala í farsímanetum sínum og annarrar starfsemi. Að mati stjórnenda félagsins er beinn kostnaður vegna þeirra kvaða sem á það hafa verið lagðar óverulegur enda kalli þær ekki á að félagið hagi starfsemi sinni að neinu marki svo máli skipti á annan hátt en annars væri gert.

Kæmi til þess að Fjarskipti yrðu útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á fleiri mörkuðum en þeim sem að framan hafa verið nefndir og kvaðir yrðu í framhaldinu lagðar á félagið, gæti það haft í för með sér kostnað og/eða lægri framlegð af þeim vörum og þjónustu sem kvaðirnar hefðu áhrif á. Hið sama á við auki Fjarskipti styrk sinn á þeim mörkuðum sem félagið hefur þegar verið útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk á.

Bent er á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 19/2012[7] vegna ágreinings sem laut að því hvort RÚV bæri að greiða fyrir flutning sjónvarpsefnis um sjónvarpsdreifikerfi Fjarskipta. Í henni komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að án sérstakrar beiðni fjölmiðlaveitu um flutning á dagskrá hennar væri stofnunin ekki til þess bær að ákvarða gjald fyrir flutninginn og enn fremur að ákvæði 46. gr. fjölmiðlalaga um jafnræði ætti ekki við þegar slík beiðni væri ekki fyrir hendi. Kæmi til þess að stofnunin endurskoðaði framangreinda túlkun á fjölmiðlalögum, t.d. vegna kröfu þriðja aðila, gæti það haft jákvæð áhrif á tekjur útgefanda af flutningi sjónvarpsefnis í framtíðinni, þar sem útgefandi fengi þá greitt fyrir þjónustu sem í dag er veitt án endurgjalds, sbr. framangreinda ákvörðun.

### 1.3.2. Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins tengdar útgefanda

Markmið Samkeppnislaga nr. 44/2005 er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Eftirlit með framfylgni laganna, og eftir atvikum rannsóknir á meintum brotum á Samkeppnislögum, er á forræði Samkeppniseftirlitsins. Samkvæmt 37. gr. Samkeppnislaga hefur Samkeppniseftirlitið heimild til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki hafi sannast að brotið hafi verið gegn 10.-12., 14.-17. eða 19. gr. laganna og/eða 53. og 54. gr. EES-samningsins. Slíkar sektir geta numið allt að 10% af heildarveltu næstliðins rekstrarárs viðkomandi félags. Þó er til staðar, skv. f.-lið 17. gr. Samkeppnislaga, heimild til að ljúka málum með sátt, enda sammælist aðilar málsins um slík málalok og skal sáttin þá vera bindandi fyrir málsaðila.

---

[5] Ákvörðunina í heild sinni má nálgast á vef Póst- og fjarskiptastofnunar, http://www.pfs.is/default.aspx?cat_id=273&module_id=210&element_id=2185 .

[6] Ákvörðunina í heild sinni má nálgast á vef Póst- og fjarskiptastofnunar, http://www.pfs.is/default.aspx?cat_id=345&module_id=210&element_id=2834.

[7] Ákvörðunina í heild sinni má nálgast á vef Póst- og fjarskiptastofnunar, http://www.pfs.is/upload/files/%C3%81kv_nr.19_2012_Flutningur_%C3%A1_efni_R%C3%9AV.pdf.

*Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008, 1/2009, 8/2009 og 27/2009*
Í mars 2008 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup og áætlaðan samruna félaganna Hive (Tal) og Ódýra símafélagsins (SKO). Sameinað félag fékk nafnið Tal. Samkvæmt skilyrtum kaupsamningi yrði hið sameinaða félag að meirihluta í eigu Teymis sem á þeim tíma átti SKO að fullu. Í ákvörðun sinni nr. 36/2008 setti Samkeppniseftirlitið félögunum tveimur, Tali og Teymi, ýmis skilyrði sem var ætlað að stuðla að virkri samkeppni á fjarskiptamarkaði. Meðal ákvæða var fullur rekstrar- og stjórnunarlegur aðskilnaður Tals og útgefanda, sem á þessum tíma var einnig að fullu í eigu Teymis[8].

Í janúar 2009 gerði Samkeppniseftirlitið húsleit í höfuðstöðvum Teymis, Tals og útgefanda í tengslum við framangreindan samruna. Til bráðabirgða úrskurðaði Samkeppniseftirlitið, í ákvörðun nr. 1/2009, að Teymi, útgefandi og Tal hefðu sennilega brotið gegn fyrrnefndri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og ákvæði 10. gr. Samkeppnislaga með því að hafa komist að samkomulagi um að Tal ætti að beina sjónum sínum að tilteknum markhópum og stunda ekki samkeppni við útgefanda. Í framhaldinu fyrirskipaði Samkeppniseftirlitið, með ákvörðun nr. 8/2009, aðgerðir sem ætlað var að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Tals og fólu í sér að Teymi skyldi skipa óháða stjórnarmenn í stjórn Tals og jafnframt lýsa því yfir að Teymi myndi ekki beita atkvæðavægi sínu eða eignarhlut í Tali til þess að hafa áhrif á störf stjórnar Tals[9].

Málinu lauk með sátt, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2009, og greiðslu sektar að fjárhæð 70 milljónir króna úr hendi Teymis, sem enn fremur lofaði að selja 51% hlut sinn í Tali til aðila, óháðum Teymi og tengdum félögum, fyrir tiltekinn tíma.

Þann 22. júní 2010 var tilkynnt um kaup Auðar I, fagfjárfestasjóðs í rekstri Auðar Capital, á Tali og tók sjóðurinn við rekstri Tals í lok júlí sama ár.

*Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2011*
Þann 28. apríl 2011 gerði Auður I, ásamt fjárfestinum Kjartani Erni Ólafssyni, tilboð í 10% hlut í útgefanda sem stjórn félagsins samþykkti. Greiðsla fyrir hlutinn átti að fara fram með öllu hlutafé fyrrnefndra tilboðsgjafa í Tali sem þá yrði dótturfélag útgefanda. Átti í framhaldinu að sameina félögin tvö. Fyrirvari við kauptilboðið var samþykki Samkeppniseftirlitsins .

Þann 4. október 2011 úrskurðaði Samkeppniseftirlitið að það væri álit stofnunarinnar að Tal væri mikilvægur keppinautur bæði Símans og útgefanda og að með samruna útgefanda og Tals væri verulega dregið úr kaupendastyrk minni aðila á fjarskiptamarkaði. Af framansögðu leiddi að umræddur samruni myndi að óbreyttu raska samkeppni á fjarskiptamarkaði með umtalsverðum hætti, í skilningi c. liðar 1. mgr. 17. gr. Samkeppnislaga, og var hann því ógiltur[10].

Ráðgerður samruni var á engan hátt forsenda fyrir rekstrar- og þjónustuáætlunum útgefanda og hafði niðurstaðan því engin áhrif á rekstur félagsins.

### 1.3.3. Mikilvægir samningar

***Samningur um notkun vörumerkis (e. Single Branding Agreement) við Vodafone Group plc.***
Útgefandi byggir þjónustu- og vöruúrval að miklu leyti á samstarfi við Vodafone Group plc., sem er eitt stærsta farsímafélag í heimi með yfir 450 milljónir viðskiptavina víðsvegar um heiminn. Auk þess eru samstarfsfyrirtæki Vodafone, líkt og Fjarskipti, með ríflega 450 milljónir viðskiptavina.

---

[8] Sjá ákvörðunina í heild sinni á vef Samkeppniseftirlitsins, http://www.samkeppni.is/media/samkeppniseftirlit/akvardanir/2008/akvordun36_2008_samruni_teymis_hf._og_ip-fjarskipta_ehf..pdf

[9] Sjá ákvarðanirnar í heild sinni á vef Samkeppniseftirlitsins, http://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2009/akvordun_til_bradabirgda1_2009.pdf og http://www.samkeppni.is/media/samkeppniseftirlit/akvardanir/2009/akvordun27_2009_brot_a_akvordun_samkeppniseftirlitsins_nr._36_2008_samruni_teymis_hf._og_ip_fjarskipta_ehf._og_10._gr._samkeppnislaga.pdf.

[10] Sjá ákvörðunina í heild sinni á vef Samkeppniseftirlitsins, http://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2011/akvordun_31_2011_Kaup_Fjarskipta_a_IP_fjarskiptum.pdf.

Fjarskipti markaðssetja fjarskiptaþjónustu félagsins undir vörumerki Vodafone og er vörumerkið mikilvægur hluti núverandi markaðsfærslu félagsins. Notkun útgefanda á vörumerki Vodafone byggir á samstarfssamningum við Vodafone Group plc. Annars vegar er um að ræða samstarfssamning (e. Co-operation Agreement) um þróun og markaðssetningu á fjarskiptaþjónustu og vörum Vodafone Group plc., ásamt aðgangi að vöru- og þjónustuframboði Vodafone Group plc., og hins vegar samning um notkun vörumerkja Vodafone Group plc. (e. Single Branding Agreement) sem kveður á um með hvaða hætti Fjarskiptum er heimilt að nota vörumerki Vodafone Group plc. í starfsemi sinni. Samningarnir eru útgefanda mikilvægir og leggja grunn að öflugri, framsækinni fjarskiptaþjónustu og vöruframboði undir alþjóðlegu vörumerki.

Báðir framangreindir samningar eru ótímabundnir og endurnýjast sjálfkrafa nema til þess komi að þeim sé sérstaklega sagt upp. Uppsagnar- og riftunarákvæði þeirra eru hefðbundin. Þó er vakin sérstök athygli á því að Vodafone Group plc. er heimilt að rifta samningunum ef aðili sem er beinn samkeppnisaðili Vodafone Group plc. eignast meira en 25% hlutafjár í Fjarskiptum. Þá er Vodafone Group plc. einnig heimilt að segja samningnum upp ef meira en helmingur atkvæðisréttar fellur í hendur einhvers þriðja aðila (sem fer einn eða í samstarf við aðra með atkvæðisrétt) eða ef meirihluti stjórnarmanna verður tilnefndur af slíkum aðila.

Á undanförnum árum hefur eignarhald félagsins tvívegis breyst með þeim hætti að Vodafone Group plc. hefði getað sagt upp samningunum, eins og rakið er í kafla 4.2 *Stofnun félagsins og ágrip af sögu þess*. Í báðum tilfellum staðfesti Vodafone Group plc. að breytingarnar hefðu engin áhrif á áralangt farsælt samstarf félaganna. Kæmi til þess að Vodafone Group plc. segði framangreindum samningum upp gæti slíkt haft neikvæð áhrif á félagið sem þyrfti m.a. að endurmarka sig undir nýju nafni með tilheyrandi kostnaði. Á hinn bóginn myndi þá einnig sparast sá kostnaður sem félagið greiðir árlega til Vodafone Group plc. fyrir afnot af vörumerkinu og öðru því sem tilgreint er í vörumerkissamningnum.

***Samningur um leigu á ljósleiðara NATO***

Í júní 2008 buðu Ríkiskaup f.h. Varnarmálastofnunar út til leigu og starfrækslu tvo ljósleiðaraþræði í eigu NATO. Í febrúar 2010 gerðu Fjarskipti samning um leigu á umræddum þráðum. Um er að ræða þræði sem liggja í ljósleiðarastreng sem liggur hringinn í kringum landið. Samkvæmt samningnum ber félaginu að nýta þráðinn til að byggja upp fjarskiptanet og bjóða fjarskiptaþjónustu á landinu, sbr. nánari skilgreiningu í viðauka við samninginn. Samningurinn er til tíu ára. Míla, dótturfélag Skipta, hefur beint kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA þess efnis að samningurinn feli í sér ólögmæta ríkisaðstoð í skilningi EES réttar. Nánar er fjallað um málið í kafla 1.3.6. *Ágreinings- og dómsmál* í útgefandalýsingu þessari.

***Samningar við Mílu***

Fjarskipti kaupa heildsöluþjónustu af Mílu, svo sem aðgang að heimtaugum til að veita talsíma- og internetþjónustu, leigulínur og leigu á aðstöðu. Samningar þar að lútandi byggja á viðmiðunartilboðum sem Mílu er skylt að birta í samræmi við álagðar kvaðir Póst- og fjarskiptastofnunar í tengslum við útnefningu Mílu sem fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk á tilgreindum mörkuðum[11]. Samningarnir geta því tekið breytingum í kjölfar ákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar svo sem um kostnaðargreiningu og eftirlit með gjaldskrá.

Framangreind útnefning skyldar Mílu til að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að fjarskiptakerfi fyrirtækisins og kemur þannig í veg fyrir að önnur fjarskiptafyrirtæki, s.s. útgefandi, þurfi að leggja út í þær veigamiklu fjárfestingar sem fælust í uppbyggingu nýs grunnnets.

Útgefandi telur litlar líkur á því að staða Mílu á markaði breytist verulega í ljósi eignarhalds félagsins á grunnneti landsins, þ.m.t. á koparheimtaugakerfi. Einnig er bent á að í kjölfar samnings útgefanda um leigu á ljósleiðara NATO hefur þörfin fyrir aðgang að heildsöluþjónustu Mílu dregist nokkuð saman.

[11] Sjá nánar umfjöllun um kvaðir Póst- og fjarskiptastofnunar í kafla 1.2.2 *Kvaðir á fjarskiptafélög með umtalsverðan markaðsstyrk* í útgefandalýsingu þessari.

***Nauðasamningur Teymis***

Vorið 2009 var samþykktur nauðasamningur fyrir Teymi. Samningurinn kvað á um að allar kröfur lægri en 250.000 kr. skyldu greiðast með reiðufé en aðrar og hærri kröfur skyldu greiðast með nýjum hlutum í Teymi, en hlutafé þess félags hafði áður verið fært niður að fullu. Útgáfa nýrra hluta skyldi fara fram á genginu 5 og var nafnverð hlutanna því 20% af fjárhæð hverrar kröfu eins og hún stóð þann 21. apríl 2009. Nauðasamningurinn var staðfestur af Héraðsdómi Reykjavíkur þann 23. júní 2009. Í framhaldi af framangreindri staðfestingu Héraðsdóms Reykjavíkur var öllum lýstum kröfum á hendur Teymi umfram 250.000 kr. breytt í hlutafé. Ólýstar kröfur og ágreiningskröfur voru jafnframt færðar á eiginfjárreikning Teymis undir óráðstöfuðu eigin fé í samræmi við ákvæði nauðasamningsins.

Réttaráhrif nauðasamningsins gilda um allar samningskröfur á hendur Teymi sem voru útistandandi þann 21. apríl 2009 þegar Héraðsdómur veitti Teymi heimild til að leita nauðasamnings. Kröfurnar bera ekki vexti eftir þá dagsetningu. Samkvæmt skiptingaráætlun dagsettri 9. nóvember 2010 var Teymi skipt í Eignarhaldsfélagið Fjarskipti annars vegar og Teymi, nú Advania, hins vegar. Í skiptingaráætlun var kveðið á um efndir hugsanlegra óframkominna krafna sem nauðasamningurinn tekur til, en í 3. gr. skiptingaráætlunarinnar er kveðið á um að Eignarhaldsfélagið Fjarskipti skuli bera ábyrgð á efndum 64,85% krafna en Advania á hinum eftirstandandi 35,15%, í samræmi við skiptingu efnahags á milli skiptingarfélaganna. Bent er á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. fellur nauðasamningur sjálfkrafa úr gildi ef hann er ekki efndur að fullu. Stjórn Fjarskipta lítur svo á að við samruna Fjarskipta og Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta í ágúst 2012 hafi hið sameinaða félag tekið yfir skyldu til að efna, sameiginlega með Teymi, nú Advania, þær kröfur sem nauðasamningur Teymis tekur til. Jafnframt lítur stjórn Fjarskipta svo á að nauðasamningur Teymis teljist að fullu efndur um allar þær kröfur sem fram hafi komið og undir hann heyra.

Fjarskiptum ber þannig að efna 64,85% af heildarfjárhæð sérhverrar óframkominnar kröfu á Teymi, sem nauðasamningurinn tekur til, með útgáfu nýrra hluta í félaginu. Að teknu tilliti til samruna Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta og Fjarskipta þar sem skiptagengi hlutafjár var 0,611040233 ber Fjarskiptum að gefa út hlutafé að nafnverði 0,079251918 kr. til efnda fyrir hverja krónu krafna sem falla undir ákvæði nauðasamnings Teymis.

Dæmi:

i. Fjárhæð samþykktrar kröfu lánardrottins, á hendur Teymi hinn 21. apríl 2009 sem réttaráhrif nauðasamnings gilda um: 1.000.000 kr.
ii. Hlutur Fjarskipta við efndir nauðasamnings Teymis: 64,85%
iii. Gengi við útgáfu nýs hlutafjár í Fjarskiptum: 5,0
iv. Skiptahlutfall vegna samruna Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta og Fjarskipta: 0,611040233

Miðað við framangreindar forsendur bæri Fjarskiptum að greiða lánardrottni hlutafé að nafnverði 79.252 kr. til að efna kröfu að fjárhæð 1.000.000 kr. (1.000.000 x 64,85% / 5 x 0,611040233 = 79.252) en þá hefur verið gert ráð fyrir að fyrstu 250.000 kr. af hverri kröfu hvers lánardrottins skiptist í sömu hlutföllum 64,85/35,15 á milli Fjarskipta og Advania. Eigið fé Fjarskipta breytist ekki við efndir krafna samkvæmt nauðasamningi heldur myndast einungis færsla á milli eiginfjárliða, þ.e. útgáfa hlutafjár hefur í för með sér lækkun á óráðstöfuðu eigin fé en nafnverð hlutafjár hækkar um samsvarandi fjárhæð.

Þann 15. nóvember 2012 staðfesti Hæstiréttur Íslands dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. desember 2011 en með honum var viðurkenndur réttur Stoða til greiðslu úr hendi Advania vegna víkjandi láns sem Stoðir höfðu veitt Teymi að fjárhæð 636,8 m.kr. en umsjónarmaður nauðasamnings Teymis hafði áður hafnað kröfunni. Fallist var á það með Stoðum að kröfuna bæri að efna til jafns við þá lánadrottna sem fóru með aðrar samningskröfur á hendur Teymi samkvæmt nauðasamningnum. Það er mat endurskoðenda og lögmanna Fjarskipta að áhrifin á félagið séu þau að félaginu beri að gefa út nýtt hlutafé til Stoða að nafnverði 50.444.134 kr. sem svarar til samtals 1,5% þynningar útgefins hlutafjár Fjarskipta. Að undangenginni útgáfu framangreindra hluta munu Stoðir því verða eigandi að 1,5% hlutafjár í Fjarskiptum.

Til viðbótar við framangreinda kröfu Stoða er félaginu kunnugt um sjö ógreidd skuldabréf vegna skuldabréfaflokksins OGVODA 05 1, samtals að fjárhæð 100.150.911 kr., en kröfum á grundvelli þeirra hefur ekki verið lýst. Verði kröfum á grundvelli framangreindra skuldabréfa lýst telja Fjarskipti að félaginu beri að gefa út nýtt hlutafé til handa skuldabréfaeigendunum að nafnverði 7.937.152 kr.

Samanlagðar kröfur sem Fjarskiptum er kunnugt um og raktar eru hér að framan myndu fela í sér útgáfu hlutafjár að nafnverði 58.401.118 kr. væru þær efndar að fullu á grundvelli nauðasamnings Teymis, en þegar er ljóst að gefa þarf út hlutafé að nafnverði 50.444.134 kr. til handa Stoðum líkt og að framan er rakið. Útgáfa 58.401.118 hluta í Fjarskiptum samsvarar samtals 1,74% þynningu útgefins hlutafjár Fjarskipta.

Félaginu er ekki kunnugt um aðrar kröfur en þær sem taldar eru hér að framan og efna ber í samræmi við ákvæði nauðasamnings Teymis. Ekki er þó hægt að fullyrða að fleiri slíkar kröfur séu ekki fyrir hendi. Komi til þess að lögmætum kröfum verði síðar lýst sem falla undir ákvæði nauðasamnings Teymis, telja Fjarskipti að félaginu bæri að efna þær kröfur með útgáfu nýs hlutafjár í Fjarskiptum í samræmi við framangreind ákvæði nauðasamningsins.

***Samningar við Gagnaveitu Reykjavíkur***

Fjarskipti eiga í umfangsmiklu samstarfi við Gagnaveitu Reykjavíkur sem byggir á nokkrum ólíkum samningum. Félagið byggir vöruframboð sitt um ljósleiðara m.a. á ljósleiðaraneti fyrirtækisins. Gagnaveita Reykjavíkur sér um rekstur og uppbyggingu háhraðagagnaflutningskerfis sem byggir á ljósleiðara- og IP nettækni. Samningar milli Orkuveitu Reykjavíkur, síðar Gagnaveitu Reykjavíkur, og útgefanda voru undirritaðir þann 26. nóvember 2004.

Samkvæmt samningunum nýta Fjarskipti ljósleiðaranet Gagnaveitu Reykjavíkur á stærsta markaðssvæði félagsins, höfuðborgarsvæðinu. Samstarf við Gagnaveitu Reykjavíkur tryggir félaginu aðgang að ljósleiðaraneti sem gerir því kleift að veita samkeppnishæfa alhliða fjarskiptaþjónustu til viðskiptavina.

Samningarnir eru ótímabundnir með þeirri undantekningu að samningur um leigu fyrir aðgang að gagnaflutningskerfi Gagnaveitu Reykjavíkur er tímabundinn og gildir í 25 ár frá undirritun. Að samningstíma liðnum skulu aðilar endursemja um leigugreiðslur. Komi til þess að samningurinn verði ekki framlengdur skulu aðilar semja um hvernig þær fjárfestingar sem ráðist hefur verið í á gildistíma samningsins skuli gerðar upp.

***Samningur við Farice***

Frá stofnun Farice ehf., kt. 511203-2950, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi (hér eftir „Farice") hefur útgefandi keypt gagnaflutningsþjónustu til útlanda af fyrirtækinu. Síðasti samningur við Farice var gerður í nóvember 2009 en honum var sagt upp í mars 2012, sbr. umfjöllun í kafla 7.1. *Breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda* í útgefandalýsingu þessari. Farice er að mestu leyti í eigu opinberra aðila og hefur samkvæmt opinberum upplýsingum gert samning við ríkið um almannaþjónustu[12]. Um slíka þjónustusamninga gilda m.a. skilyrði um kostnaðargreind verð, gagnsæi og jafnræði aðila. Þetta gerir það að verkum að samningsstaða Fjarskipta vegna framtíðarviðskipta við Farice er mjög áþekk samkeppnisstöðu annarra fjarskiptafélaga sem einnig eru háð þjónustu fyrirtækisins.

Samningnum á milli Fjarskipta og Farice var sagt upp og féll hann úr gildi þann 30. september 2012. Ágreiningur er uppi á milli félaganna um verð og aðra samningsskilmála en Fjarskipti telja að Farice sé óheimilt að krefjast mismunandi verðs af fjarskiptafyrirtækjum annars vegar og svonefndum gagnaverum hins vegar. Hafa Fjarskipti vísað málinu til Samkeppniseftirlitsins. Farice hefur hins vegar lýst því yfir að ekki verði um þjónusturof að ræða á meðan málið er til meðferðar.

---

[12] Með almannaþjónustusamningi er átt við samning sem íslenska ríkinu er heimilt, skv. leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð (e. *state aid guidelines*), að gera við fyrirtæki sem hafa með höndum þjónustu sem hefur verið skilgreind sem þýðingarmikil í almennu efnahagslegu tilliti (e. *services of general economic interest*). Sjá reglurnar í heild sinni á vef Eftirlitsstofnunar EFTA, http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines.

Bent er á umfjöllun um dómsmál milli Farice og Fjarskipta sem fjallað er um í kafla 1.3.6 *Ágreinings- og dómsmál* í útgefandalýsingu þessari.

***Samstarfssamningur við Nova***

Fjarskipti og Nova hafa frá árinu 2007 átt í samstarfi um samnýtingu farsímadreifikerfa félaganna. Samkvæmt samningnum hafa Fjarskipti aðgang að 3G dreifikerfi Nova og veita Nova í staðinn aðgang að hefðbundnu farsímadreifikerfi félagsins (2G). Markmið samningsaðila er að veita viðskiptavinum beggja fyrirtækja betri og hagkvæmari þjónustu en ella.

Samningurinn er ótímabundinn. Hann er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara og eru í því tilfelli báðir aðilar skuldbundnir til að veita hinum aðgang að dreifikerfi sínu í allt að 18 mánuði frá því að uppsögn er móttekin, enda sé eftir því óskað og greitt fyrir slíka notkun.

Komi til þess að samningnum verði sagt upp munu Fjarskipti þurfa að tryggja viðskiptavinum sínum 3G þjónustu á annan hátt, annað hvort með uppbyggingu eigin dreifikerfis eða samningum um notkun dreifikerfis annarra.

### 1.3.4. Starfsmannaáhætta

Í þjónustufyrirtækjum, einkum fyrirtækjum sem reiða sig á flóknar tæknilegar útfærslur viðfangsefna líkt og Fjarskipti, er hæfni starfsfólks mikilvæg. Fjarskipti leggja metnað í að vera aðlaðandi vinnustaður sem nær í og viðheldur framúrskarandi starfsfólki, meðal annars með góðri starfsaðstöðu sem og samkeppnishæfum launum og hlunnindum. Engu að síður er engin trygging fyrir því að félagið tapi ekki starfsmönnum eða að það nái að laða til sín þá starfsmenn sem á þarf að halda til að það geti sinnt hlutverki sínu eins og best yrði á kosið. Enn fremur er sú hætta fyrir hendi að einhverjir viðskiptavinir myndu kjósa að fylgja starfsmönnum yfir til keppinauta Fjarskipta.

### 1.3.5. Orðsporsáhætta

Fjarskipti gætu borið fjárhagslegan skaða af því ef félagið, nafn þess eða starfsfólk myndi dragast með neikvæðum hætti inn í almenna umræðu eða umfjöllun í fjölmiðlum. Dæmi um slíka umræðu gæti verið rangar viðskiptaákvarðanir, mistök eða refsiverð háttsemi starfsmanna, ámælis- eða refsiverð notkun á þjónustu félagsins eða aðrir ófyrirséðir atburðir.

Fjarskipti reyna eftir fremsta megni að vernda orðspor sitt m.a. með fræðslu meðal starfsmanna um þær skyldur sem á þeim hvíla með tilliti til þeirra laga og reglna sem gilda um starfsemi félagsins. Þannig reynir félagið að lágmarka hættuna af mistökum eða brotum sem rekja mætti til hugsanlegs þekkingar- eða gáleysis starfsmanna.

### 1.3.6. Ágreinings- og dómsmál

Fjarskipti telja að eftirfarandi mál, sem félagið er ýmist beinn aðili að eða sem tengjast því með öðrum hætti, geti eftir atvikum haft áhrif á fjárhagsstöðu þess eða arðsemi.

***Viðskiptakrafa á IP-fjarskipti ehf. (Tal)***

Ágreiningur er uppi á milli Fjarskipta og Tals vegna ógreiddra reikninga sem Fjarskipti hafa gefið út á hendur Tali. Forsaga málsins er sú að Tal og Fjarskipti gerðu með sér endursölusamning um að Tal keypti tiltekna fjarskiptaþjónustu af Fjarskiptum í heildsölu. Á árinu 2011 kom upp ágreiningur milli félaganna varðandi reikninga sem Fjarskipti gáfu út á hendur Tali vegna umframgagnamagns, þ.e. kaupa Tals á gagnaflutningi umfram tiltekin mörk, og vegna innsláttar pantana en samkvæmt samningi fyrirtækjanna hafa Fjarskipti umsjón með innslætti pantana vegna viðskiptavina Tals gegn gjaldi.

Á fyrri hluta árs 2012 greiddi Tal hluta af þeim reikningum sem ágreiningur ríkir um en eftir stendur ágreiningur um fimm reikninga vegna ársins 2011. Til viðbótar við þær fjárhæðir sem um ræðir hafa Fjarskipti uppi kröfu á hendur Tali um greiðslu áfallandi dráttarvaxta, innheimtu- og málskostnaðar.

Þann 31. mars 2011 gaf Tal út reikning á hendur Fjarskiptum sem fyrirtækið kveðst byggja á kröfu um endurgreiðslu vegna meintrar ofrukkunar Fjarskipta vegna fastlínuþjónustu í heildsölu. Stjórnendur Fjarskipta telja kröfuna tilhæfulausa.

Fjarskipti undirbúa nú málshöfðun á hendur Tali til greiðslu þeirra fimm krafna frá árinu 2011 sem ágreiningur er um og að framan er lýst. Reikna má með að Tal krefjist sýknu af kröfum Fjarskipta og hafi jafnframt uppi gagnkröfu á hendur Fjarskiptum vegna framangreinds reiknings frá 31. mars 2011.

Það er afstaða Fjarskipta að samkvæmt fyrirliggjandi samningum Fjarskipta og Tals sé greiðsluskylda Tals ótvíræð. Fari ágreiningur Fjarskipta og Tals fyrir dóm er þó ekki hægt að ábyrgjast hver lokaniðurstaða málsins verður. Versta mögulega niðurstaðan fyrir Fjarskipti væri sú að félagið tapaði öllum kröfum sínum á hendur Tali auk þess að vera dæmt til að endurgreiða Tali fyrrnefnda kröfu þeirra. Verði niðurstaðan sú gæti slíkt haft í för með sér neikvæð áhrif á rekstrarhagnað félagsins að fjárhæð 43,2 m.kr.

Besta mögulega niðurstaðan fyrir Fjarskipti væri sú að félaginu væru dæmdar fullar greiðslur úr hendi Tals auk þess sem framangreindri kröfu Tals á hendur Fjarskiptum yrði vísað frá. Í slíku tilviki væru heildaráhrifin á rekstrarhagnað félagsins jákvæð um 109,3 m.kr.

Til viðbótar við þá fimm reikninga sem að framan greinir, sem eru vegna ársins 2011, hefur Tal haldið eftir hluta af greiðslum vegna reikninga útgefnum á árinu 2012. Vanskilin gætu haft neikvæð áhrif á rekstrarhagnað Fjarskipta að fjárhæð 21 m.kr.

Útistandandi kröfur vegna ársins 2012 munu fara í hefðbundið innheimtuferli af hálfu Fjarskipta en kröfur vegna ársins 2011 munu fara fyrir dómstóla líkt og að framan greinir.

Aðilar hafa undirritað samkomulag þess efnis að Tal hætti alfarið í viðskiptum við Fjarskipti þann 13. desember 2012. Tal hefur þó möguleika á framlengingu þess tímabils til 13. febrúar 2013 svo fremi að beiðni þess efnis berist Fjarskiptum fyrir 1. desember 2012.

***Stefna Fjarskipta á hendur Farice vegna vanefnda á samningi***

Fjarskipti hafa krafið Farice um afslátt vegna vanefnda á samningi félaganna. Krafan byggir á því að Farice hafi dregið afhendingu á umsömdu gagnamagni. Til að tryggja kröfu sína hafa Fjarskipti gert ráðstafanir til að geymslugreiða allt að EUR 172.061 vegna samningsins, eða sem svarar til 27,6 m.kr. m.v. gengi þann 30. september 2012. Félagið hefur enn fremur áskilið sér allan rétt til að gera ítarlegri bótakröfu, eftir atvikum samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

Farice hefur hafnað kröfu Fjarskipta og hefur höfðað mál á hendur félaginu til greiðslu umræddrar fjárhæðar. Afstaða Fjarskipta er sú að umræddar vanefndabætur séu hóflegar og í samræmi við skilmála samningsins. Tapi Fjarskipti dómsmálinu hefur það ekki áhrif á fjárhag félagsins þar sem ekki er gert ráð fyrir umræddum afslætti í áætlunum þess og fjárhæðin hefur nú þegar verið geymslugreidd. Vinnist dómsmálið kemur til tekjufærslu sem nemur dæmdum vanefndarbótum.

***Stefna Farice á hendur Fjarskiptum til greiðslu krafna***

Föstudaginn 26. október 2012 birti lögmaður Farice útgefanda tvær stefnur sem þingfestar voru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann 30. október sama ár.

Fyrri stefnan varðar dómskröfu að fjárhæð EUR 172.061, eða sem jafngildir 27,6 m.kr. m.v. gengi þann 30. september 2012, auk dráttarvaxta og er tilkomin vegna ágreinings félaganna á milli varðandi uppgjör eldri samninga. Vegna meintra vanefnda Farice í tengslum við stækkun gagnasambanda nýtti útgefandi sér heimild í samningi sínum til að geymslugreiða hluta samningsgreiðslna, en Farice telur að slík geymslugreiðsla sé óheimil sbr. umfjöllun að framan *Afsláttarkrafa á Farice*.

Síðari stefnan varðar dómskröfur að fjárhæð EUR 189.672, eða sem jafngildir 30,3 m.kr. m.v. gengi þann 30. september 2012, og er vegna meintrar vangoldinnar þóknunar fyrir þjónustu Farice á tímabilinu frá 1. október

2012, sem tengd er ágreiningi um gjaldskrár Farice og vísað hefur verið til Samkeppniseftirlitsins, líkt og fjallað er um í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* í útgefandalýsingu þessari.

Afstaða lögmanns útgefanda er að framangreind stefna sé tilhæfulaus með öllu enda byggir krafa Farice ekki á samningi eða opinberlega birtri gjaldskrá fyrirtækisins. Að auki liggur ekki fyrir hver afstaða Samkeppniseftirlitsins til ágreiningsefnisins mun verða. Komi til þess að Fjarskipti verði dæmt til að greiða framangreinda dómkröfu mun það hafa neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

***Kvörtun Mílu til Eftirlitsstofnunar EFTA vegna útboðs á NATO-streng***

Í júní 2008 buðu Ríkiskaup f.h. Varnarmálastofnunar út til leigu og starfrækslu tvo ljósleiðaraþræði í eigu NATO. Í útboðinu var lögð sérstök áhersla á að örva samkeppni. Fjarskipti voru eitt þeirra fyrirtækja sem gengið var til samninga við á grundvelli útboðsins og lá samningur fyrir í febrúar 2010. Í kjölfarið kvartaði Míla til Eftirlitsstofnunar EFTA og taldi að samningurinn fæli í sér ólögmæta ríkisaðstoð þar sem Míla hefði í reynd verið útilokuð frá þátttöku í útboðinu vegna framangreindrar áherslu á samkeppni, en Míla er núverandi eigandi ljósleiðara sem lagðir höfðu verið af íslenska ríkinu um land allt auk þess að starfrækja eigið gagnaflutningskerfi á kopar.

Þar sem málið er tilkomið vegna meintrar ólögmætrar ríkisaðstoðar er það rekið á milli Eftirlitsstofnunar EFTA og íslenska ríkisins og eru Fjarskipti því ekki beinn aðili málsins. Engu að síður gæti niðurstaðan haft áhrif á félagið. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að um ólögmæta ríkisaðstoð hafi verið að ræða yrði hún byggð á þeirri ályktun að leiguverð samkvæmt samningnum væri lægra en markaðsverð. Fjarskiptum yrði þá gert að greiða mismuninn á þessu tvennu. Ekki er mögulegt fyrir félagið að meta um hvaða fjárhæðir yrði að ræða í slíku tilviki, enda felst það í mati á hugsanlegum markaðskjörum slíkrar leigu.

Það er afstaða Fjarskipta að ekki sé um ólögmæta ríkisaðstoð að ræða þar sem samningurinn hafi verið gerður á grundvelli útboðs. Allt að einu vísar félagið til þess að samningurinn samrýmist leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um breiðbandsþjónustu[13] (e. *broadband guidelines*) þannig að skilyrði almannaþjónustu séu uppfyllt. Enn fremur vísar félagið til þess að telji stofnunin engu að síður að um ríkisaðstoð gæti verið að ræða séu skilyrði c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins uppfyllt í málinu að mati félagsins. Frekari umfjöllun um samninginn er að finna í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar*.

***Ólögmætur verðþrýstingur Símans á farsímamarkaði***

Þann 24. ágúst 2012 staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2012 um að Síminn, helsti samkeppnisaðili Fjarskipta, hafi með ólögmætum verðþrýstingi á farsímamarkaði ítrekað brotið gegn 11. gr. Samkeppnislaga á árunum 2001 til 2007. Af lýsingum á brotum Símans að dæma má ljóst vera að Fjarskipti hafa um árabil borið skarðan hlut frá borði í viðskiptum sínum við Símann.

Fjarskipti eru með til skoðunar að höfða mál á hendur Símanum til greiðslu skaðabóta. Við birtingu lýsingar þessarar hefur ákvörðun þar að lútandi ekki verið tekin og því hvorki mögulegt fyrir félagið að upplýsa um hver fjárhæðin í slíkri kröfugerð, né hver fjárhæð dæmdra bóta, gæti orðið. Ef til þess kæmi að félagið höfðaði og ynni slíkt mál og því yrðu dæmdar bætur kynni það að hafa jákvæð áhrif á fjárhagsstöðu Fjarskipta.

***Kvörtun útgefanda til Eftirlitsstofnunar EFTA vegna samnings Fjarskiptasjóðs og Símans um uppbyggingu háhraðanets***

Í febrúar 2008 birtu Ríkiskaup, fyrir hönd Fjarskiptasjóðs, útboðsgögn vegna verkefnisins „14121 - Háhraðanettengingar". Um var að ræða útboð á uppbyggingu háhraðanets á tilteknum stöðum á landinu þar sem markaðsaðstæður voru taldar þannig að engar líkur væru á að fjarskiptafyrirtæki myndu byggja þar upp háhraðanet á markaðslegum forsendum. Útgefandi lýsti yfir áhuga á þátttöku í útboðinu auk Símans og fleiri fjarskiptafyrirtækja. Við opnun tilboða þann 4. september 2008 kom í ljós að Síminn, sem átti fleiri en eitt tilboð, átti lægsta tilboðið en jafnframt það hæsta. Var verulegur munur á tilboðum fjarskiptafyrirtækja vegna

[13] Sjá á vef Eftirlitsstofnunar EFTA http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/.

mismunandi verktíma og mismunandi tæknilausna sem boðnar voru. Gengið var til samninga við Símann á grundvelli lægsta tilboðs.

Í því tilboði Símans sem tekið var voru ákveðin skilyrði sett fyrir áframhaldi verksins, m.a. er lutu að gengis- og verðtryggingu tilboðsfjárhæðar, endurskoðun verkáætlunar m.v. lengri uppbyggingartíma, aðgangi annarra fjarskiptafyrirtækja á grundvelli endursölu en ekki heildsölu og að þeim stöðum þar sem Fjarskiptasjóður greiddi fyrir uppbyggingu háhraðanets yrði fjölgað. Með undirritun samnings Fjarskiptasjóðs við Símann þann 25. febrúar 2009 var fallist á öll skilyrði tilboðsgjafans og þannig gerðar verulegar breytingar frá því sem útboðsgögn kváðu á um.

Í febrúar 2011 beindi útgefandi kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA um að samningurinn fæli í sér ólögmæta ríkisaðstoð, sem byggði m.a. á því að samningurinn uppfyllti ekki skilyrði leiðbeiningarreglna um breiðbandsþjónustu og bryti í bága við 61. gr. EES samningsins. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að um ólögmæta ríkisaðstoð sé að ræða má vænta þess að Símanum verði gert að endurgreiða íslenska ríkinu andvirði hinnar ólögmætu ríkisaðstoðar. Þá gæti slík niðurstaða einnig valdið því að kvöð yrði sett á Símann um að honum bæri að tryggja jafnræði aðila að ríkisstyrktu neti með fullum heildsöluaðgangi, sem aftur gæti leitt til lækkunar kostnaðar útgefanda við að veita þjónustu á þeim markaðssvæðum sem um ræðir. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að leiðbeiningarreglur stofnunarinnar um ríkisaðstoð hafi ekki verið brotnar hefur það óveruleg bein áhrif á útgefanda.

***Stefna Stoða á hendur Advania vegna nauðasamnings Teymis***

Þann 15. nóvember 2012 staðfesti Hæstiréttur Íslands dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. desember 2011 en með honum var viðurkenndur réttur Stoða til greiðslu úr hendi Advania vegna víkjandi láns sem Stoðir höfðu veitt Teymi að fjárhæð 636,8 m.kr. en umsjónarmaður nauðasamnings Teymis hafði áður hafnað kröfunni. Fallist var á það með Stoðum að kröfuna bæri að efna til jafns við þá lánadrottna sem fóru með aðrar samningskröfur á hendur Teymi samkvæmt nauðasamningnum. Líkt og fram hefur komið og fjallað hefur verið um í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* er það mat stjórnar Fjarskipta að félaginu beri að efna nauðasamnings Teymis til móts við Advania. Það er mat endurskoðenda og lögmanna Fjarskipta að áhrifin á félagið séu þau að félaginu beri að gefa út nýtt hlutafé til Stoða að nafnverði 50.444.134 kr. sem svarar til samtals 1,5% þynningar útgefins hlutafjár Fjarskipta.

## 1.4. Fjárhagsleg áhætta

Fjarskipti bera þrenns konar fjárhagslega áhættu vegna fjármálagerninga sinna: lánsáhættu, lausafjáráhættu og markaðsáhættu.

### 1.4.1. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hætta á fjárhagslegu tapi Fjarskipta ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er að mestu tilkomin vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Þá ber félagið einnig áhættu af stýringu á lausafé sínu en það er sem stendur ávaxtað á innstæðureikningum banka til lengri eða skemmri tíma. Sú hætta er fyrir hendi að sú ávöxtunarleið sem valin hefur verið sé ekki arðbærust fyrir félagið á hverjum tíma eða að lausafé þess tapist að einhverju eða öllu leyti.

Stjórnendur hafa innleitt stefnu vegna innheimtu viðskiptakrafna og reglulega er fylgst með hættunni á að kröfur tapist. Kröfur eru aldursgreindar mánaðarlega og gert á þeim áhættumat. Í framhaldinu eru gerðar áætlanir um virðisrýrnun og nauðsynlegar niðurfærslur framkvæmdar. Þann 30. september 2012 var heildarfjárhæð viðskiptakrafna samtals 2.493 m.kr. Þar af voru ógjaldfallnar kröfur 73%, gjaldfallnar viðskiptakröfur yngri en 60 daga 6%, gjaldfallnar viðskiptakröfur kröfur á aldrinum 61 til 90 daga 3%, gjaldfallnar viðskiptakröfur á aldrinum 91-180 daga 4%, gjaldfallnar viðskiptakröfur á aldrinum 181-360 daga 4% og gjaldfallnar viðskiptakröfur eldri en 360 daga 10%, án tillits til varúðar- og niðurfærslna.

Fjarskipti hafa sett sér reglur um greiðsluhæfi nýrra viðskiptavina. Samkvæmt þeim getur nýr viðskiptavinur, sem hefur skráð vanskil í vanskilaskrá, ekki átt í reikningsviðskiptum við Fjarskipti nema greiðslukort sé skráð til tryggingar. Vilji eldri viðskiptavinur bæta við eða breyta þeirri þjónustu sem hann kaupir, er litið til greiðslusögu viðkomandi. Innheimtuferli hefur verið skilgreint fyrir alla flokka viðskiptakrafna.

Mesta mögulega tap félagsins vegna viðskiptakrafna er bókfært virði krafnanna, en það var 2.493 m.kr. þann 30. september 2012. Veltuhraði viðskiptakrafna á árinu 2011 var 6,31.

### 1.4.2. Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er sú áhætta að félagið verði ófært um að standa við skuldbindingar sínar á gjalddaga. Fjarskipti veita viðskiptamönnum sínum greiðslufrest til að fjármagna viðskipti sín við félagið, að undangengnu mati á greiðsluhæfi. Félagið þarf sjálft að standa skil á greiðslum til sinna viðskiptamanna og lánveitenda innan tiltekins frests sem kann í einhverjum tilfellum að vera ólíkur þeim sem það sjálft veitir.

Fjarskipti gera mánaðarlegar áætlanir um sjóðstreymi og spár um lausafjárþörf. Markmið félagsins er að eiga alltaf laust fé fyrir skuldbindingum sínum þegar þær gjaldfalla. Þannig má forðast óþarfa kostnað og hættu á að skaða orðspor félagsins. Þrátt fyrir stefnu þar um er þó ekki hægt að útiloka að misræmi skapist milli gjalda og tekna vegna skammtímasveiflna í rekstri. Félagið hefur aðgengi að veltufjármögnun hjá viðskiptabanka sínum til að mæta slíkum sveiflum. Samkvæmt ákvæðum lánasamnings félagsins er fjárhæð veltufjármögnunar 200 m.kr., en útgefandi hefur lítið sem ekkert nýtt þá veltufjármögnun á liðnum misserum.

Afborganaferill langtímalána félagsins er til næstu 15 ára og eru árlegar afborganir því lágar sem hlutfall af handbæru fé frá rekstri. Nánari umfjöllun um fjármögnun félagsins og afborganir næstu ára er að finna í kafla 7.7. *Fjármögnun* í útgefandalýsingu þessari.

### 1.4.3. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vöxtum og verðlagi hafi áhrif á afkomu útgefanda eða virði fjárfestinga hans í fjármálagerningum. Félagið hefur sett sér markmið sem gera ráð fyrir að markaðsáhættu sé stýrt og hún takmörkuð við skilgreind mörk. Markaðsáhættu Fjarskipta má skipta í eftirfarandi flokka:

***Gengisáhætta***
Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur (ISK), en hluti tekna og gjalda félagsins er í öðrum gjaldmiðlum og því ber félagið gengisáhættu. Þeir erlendu gjaldmiðlar sem mestu máli skipta fyrir Fjarskipti eru evrur (EUR) og danskar krónur (DKK).

Gjaldeyrishöft þau sem nú eru í gildi á Íslandi geta haft áhrif á innkaup félagsins frá erlendum birgjum. Þrátt fyrir að kaup á vörum og þjónustu njóti varanlegrar undanþágu frá höftunum, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, er ekki hægt að tryggja aðgengi félagsins að gjaldeyri til að greiða fyrir nauðsynleg innkaup ef höftin yrðu hert frekar.

Aðgerðir til losunar haftanna gætu valdið auknum sveiflum á gengisskráningu íslensku krónunnar og þar með breytingum á innkaupsverði erlendra vara til endursölu. Lækki gengi krónunnar gæti það leitt til kostnaðarhækkana sem ekki er víst að félagið gæti mætt með hækkun verðlags með jafnskjótum hætti.

Bent hefur verið á að ESB hefur tilgreint hámarksverð sem fjarskiptafyrirtækjum á evrópska efnahagssvæðinu er heimilt að rukka fyrir reikiþjónustu. Gjaldið er það sama, í evrum talið, í öllum löndum innan EES og tilgreint er hámarksmínútuverð í bæði heildsölu- og smásölu. Hér á landi ber fjarskiptafyrirtækjum hins vegar að birta verð á þjónustunni í íslenskum krónum og samkvæmt gildandi ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar skulu fyrirtækin styðjast við skráð gengi evru á þeim degi sem stofnunin mælir fyrir um hverju sinni. Samkvæmt gildandi ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar skal á tímabilinu frá 1. júlí 2012 til 30. júní 2013 miða við miðgengi evru eins og það var skráð hjá Seðlabanka Íslands þann 1. júní 2012. Af þessu leiðir að sú staða

getur komið upp að félagið þurfi að innleysa tap ef mikil lækkun verður á gengi krónunnar innan hvers fyrirframgreinds tímabils eins og það er skilgreint af Póst- og fjarskiptastofnun. Á sama hátt getur komið upp sú staða að félagið geti keypt evrur á lægra verði ef gengi krónunnar styrkist á sama tímabili.

Fjarskipti stýra ekki gengisáhættu sinni kerfisbundið en samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum félagsins hefur verið jafnvægi milli gjalda og tekna í erlendri mynt á liðnum árum sem veitir félaginu náttúrulega vörn gegn gengisáhættu að einhverju leyti. Samhliða minnkandi erlendum samtengitekjum og breytingum á reikiverðskrá, sem og ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um fast gengi við umreikning reikiverðskrár, hefur þetta jafnvægi raskast og er nú svo komið að kostnaður í erlendri mynt er u.þ.b. 1.000 m.kr. hærri en tekjur í erlendri mynt. Eru tekjur útgefanda á árinu 2012 að 86% í íslenskum krónum en 11% tekna eru í DKK. Aðrir gjaldmiðlar vega minna i tekjum félagsins. Að sama skapi er kostnaður félagsins að 63% í íslenskum krónum, að 18% í DKK og að 13% í EUR. Vega aðrir gjaldmiðlar minna í gjöldum félagsins.

***Vaxta- og fjármögnunaráhætta***
Fjarskipti bera vaxtaáhættu af lántökum sínum og lausafjárstýringu. Breytingar á vöxtum hafa áhrif á vaxtakostnað félagsins sem og virðismat (e. *fair value*) eigna og skulda. Núverandi lánsfjármögnun félagsins ber breytilega óverðtryggða vexti með föstu álagi ofan á Reibor-vexti í 36 mánuði frá ágúst 2012 að telja. Að þeim tíma liðnum er viðskiptabanka félagsins heimilt að endurskoða álagið árlega enda sé félaginu tilkynnt um það með að lágmarki þriggja mánaða fyrirvara. Nánar er fjallað um helstu skilmála lánasamninga undir liðnum *Sérstakir lánaskilmálar*.

Þrátt fyrir að félagið hafi nýlega lokið endurfjármögnun getur félagið ekki ábyrgst að sambærileg kjör muni standa því til boða í framtíðinni. Aðstæður á mörkuðum með lánsfé geta breyst og ekki er hægt að útiloka að félagið þurfi á fjármögnun að halda á tímum þegar framboð lánsfjár er takmarkað. Vaxtahækkanir, sem slíkt ástand myndi líklega leiða af sér, hefðu bein áhrif á afkomu og hagnað Fjarskipta. Takmarkað framboð lánsfjármagns getur enn fremur haft þær afleiðingar að félagið verði af arðvænlegum fjárfestingartækifærum. Sem stendur ver félagið sig ekki sérstaklega gegn vaxtabreytingum. 100 punkta breyting á nafnvöxtum hefði breytt afkomu samstæðunnar um 72 m.kr. fyrir tekjuskatt m.v. þann 30. september 2012, reiknað á ársgrundvelli.

***Sérstakir lánaskilmálar***
Í lánasamningum Fjarskipta eru skilmálar sem kveða á um sérstakar skyldur félagsins uns skuld samkvæmt lánasamningum er að fullu greidd. Skilmálar þessir lúta að fjárhagsstöðu og fjárfestingum félagsins. Þá er félaginu óheimilt að breyta starfsemi sinni að verulegu leyti, hvort heldur sem er með breytingum á tilgangi þess í samþykktum eða með umfangsmiklum breytingum á fjárhagslegri áhættu, vörumerkjum, starfssviðum eða mörkuðum án samþykkis lánveitanda. Enn fremur hefur félagið þröngar heimildir til sölu eigna eða frekari veðsetningar þeirra, samruna og skiptingar félagsins eða dótturfélaga, enda hafi slíkur samruni eða skipting veruleg áhrif á efnahag og/eða afkomu félagsins. Heimildir félagsins til frekari skuldsetningar eru einnig takmarkaðar. Loks eru arðgreiðslur aðeins heimilar án samþykkis viðskiptabanka félagsins ef nettó vaxtaberandi skuldir félagsins eru lægri en 3,5 sinnum EBITDA viðkomandi árs og eiginfjárhlutfall félagsins er hærra en 20%, að teknu tilliti til arðgreiðslna. Við birtingu útgefandalýsingar þessarar er útgefandi vel yfir þeim mörkum sem sett eru sem skilyrði fyrir greiðslu arðs.

Meðal annarra fjárhagslegra skilyrða sem hvíla á félaginu á grundvelli lánasamninga eru:

i. Eiginfjárhlutfall: Hlutfall eigin fjár og niðurstöðutölu efnahagsreiknings sé ekki lægra en 20% í lok hvers ársfjórðungs og skv. endurskoðuðum ársreikningi.
ii. Lausafjárhlutfall: Hlutfall skammtímaeigna og skammtímaskulda sé ekki lægra en 1 í lok hvers ársfjórðungs og skv. endurskoðuðum ársreikningi.

iii. Fjárfestingar félagsins á ársgrundvelli séu ekki hærri en 1,9 ma. kr. á ársgrundvelli án sérstaks samþykkis lánveitanda.

Ársfjórðungslega skal meta, byggt á fjárhagsuppgjörum félagsins, hvort skilyrðin teljist hafa verið uppfyllt. Vanræki félagið að uppfylla einhverja af sérstökum skyldum sínum samkvæmt lánasamningum og vari sú vanræksla í meira en fjórtán daga eftir að viðskiptabanki félagsins hefur áminnt félagið um að framfylgja skyldunni, er viðskiptabanka félagsins heimilt að fella lán í gjalddaga einhliða, fyrirvaralaust og án aðvörunar eða sérstakrar uppsagnar. Við birtingu útgefandalýsingar þessarar er útgefandi vel yfir þeim mörkum sem skilgreind eru í lánasamningum félagsins.

Á eignum félagsins hvílir allsherjarveð að fjárhæð 58,3 milljónir bandaríkjadala (USD), sem jafngilti 7.209 m.kr. þann 30. september 2012, til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum félagsins við Landsbankann. Veðið nær til fasteigna og lausafjár, þar með talið bifreiða, fjarskiptabúnaðar, leigusamninga, afnotasamninga, vörubirgða, viðskiptakrafna og vörumerkja. Þá hefur lánveitandi félagsins einnig tekið handveð í öllum hlutabréfum í dótturfélaginu P/F Kall í Færeyjum.

Félagið er með í gildi ábyrgð að fjárhæð 43 m.kr. hjá Landsbankanum til tryggingar efndum á samningi við Fjarskiptasjóð Íslands vegna GSM II útboðs.

Félagið stóðst skilyrði lánasamninga við síðustu mælingu sem gerð var í september 2012. Næsta athugun mun fara fram í lok desember 2012. Það er mat stjórnar og stjórnenda félagsins, auk óháðra ytri ráðgjafa þess við endurfjármögnunina, að lánasamningar þess innihaldi engin óvenjuleg eða verulega hamlandi ákvæði fyrir óbreyttan rekstur félagsins.

***Verðbólguáhætta***

Verðbólga hefur almennt neikvæð áhrif á rekstur Fjarskipta. Vegna víðtækrar notkunar verðtryggingar á Íslandi veldur verðbólga því að verð ýmissa kostnaðarliða hækkar samhliða verðbólgu og ekki er hægt að fullyrða að félagið gæti mætt slíkum kostnaðarverðshækkunum að fullu með verðbreytingum.

Bent er á að kjarasamningar þeir sem undirritaðir voru af Samtökum atvinnulífsins og aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands í maí 2011 innihalda forsenduákvæði sem meðal annars tiltekur skilyrði um aukningu kaupmáttar, stöðugleika verðlags og gengisstyrkingu íslensku krónunnar. Vegna þessa getur reynst erfiðara en ella að mæta kostnaðarverðshækkunum, þ.m.t. launahækkunum, með verðbreytingum.

Verðbólga hefur enn fremur áhrif á fjármögnunarkostnað félagsins í gegnum vaxtastig. Skuldbindingar félagsins bera óverðtryggða breytilega vexti, en slíkir vextir stýrast að hluta til af verðbólguvæntingum.

### 1.4.4. Reikningsskilaaðferðir

Fjarskipti gera reikningsskil í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (e. *International Financial Reporting Standards*). Þeir krefjast þess að stjórnendur félagsins taki ákvarðanir, leggi mat á og/eða gefi sér forsendur sem í einhverjum tilvikum hafa áhrif á birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda auk ábyrgðarskuldbindinga (e. *contingent liabilities*) í lok hvers uppgjörstímabils.

Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða túlkunum á þeim geta haft áhrif á niðurstöður ársreikninga og árshlutareikninga Fjarskipta.

### 1.4.5. Vátryggingar

Rekstur á fjarskiptabúnaði hefur í för með sér margvíslega áhættu, svo sem vegna bilana, eyðileggingar, rangrar uppsetningar eða virkni búnaðar, vinnustöðvana eða verkfalla, jarðvegsraskana, náttúruhamfara eða hryðjuverka.

Fjarskipti eru vátryggð gegn tjóni að því marki sem það telur unnt. Þrátt fyrir það er ekki hægt að ábyrgjast að vátryggingar veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum. Þættir sem hafa áhrif á þetta eru sjálfsábyrgð

tryggingataka, mögulegar undanþágur frá greiðslu tjónabóta eða takmarkanir á bótaskyldu. Af þessu leiðir að félagið gæti í einhverjum tilfellum sjálft þurft að bera kostnað vegna tjóna þar sem vátryggingarfjárhæð er takmörkuð eða bótaskylda ekki til staðar.

Bent er á að félagið er ekki með sérstakar vátryggingar vegna rekstrarstöðvunar sökum bilana í tækjabúnaði sem ekki má rekja til viðhaldsleysis. Samkvæmt stjórnendum félagsins er það faglegt mat þeirra að ekki sé réttlætanlegt að nota fjármuni félagsins í slíkar vátryggingar þar sem þær bilanir sem þyrfti til að gera félagið órekstrarhæft væru af þeirri stærðargráðu að þær gætu einungis verið afleiðing einhvers konar *force majeure*[14] atviks sem hvort eð er yrði undanskilið bótaskyldu í skilmálum vátryggingafélaga. Þá hafa tjón sem falla undir slíka tryggingu yfirleitt 2-3 daga eigin áhættu og er sá tími langt frá þeim kröfum sem gerðar eru um uppitíma félagsins og hönnun kerfa gerir ráð fyrir. Félagið kýs því heldur að nota fjármuni til að byggja fjarskiptakerfi sín upp með þeim hætti að rekstraráhætta af bilunum einstaka tækjabúnaðar sé lágmörkuð.

## 1.5. Áhætta tengd heilsufarslegum áhrifum farsímanotkunar á notendur

Á undanförnum árum hefur sú umræða af og til átt sér stað að rafsegulbylgjur, sem farsímar og farsímamöstur senda frá sér, geti verið skaðlegar heilsu manna. Þrátt fyrir víðtækar rannsóknir hefur ekki verið sýnt fram á skaðleg áhrif farsímanotkunar á heilsu fólks. Fjarskipti leitast við að fylgja þeim reglum og viðmiðum sem opinberir aðilar hafa sett varðandi geislun frá farsímasendum, sjónvarps- og útvarpssendum og öðrum þráðlausum búnaði.

Samkvæmt upplýsingum frá Geislavörnum ríkisins er geislun á almenning vegna framangreinds búnaðar vel undir ráðlögðum alþjóðlegum mörkum og geislavarnastofnanirnar á Norðurlöndunum hafa gefið út sameiginlega yfirlýsingu[15] þar sem segir að ekki sé að svo stöddu þörf á að þær beiti sér sameiginlega til að draga frekar úr geislun frá þessum sendum.

Ekki er þó hægt að útiloka að framtíðarrannsóknir sýni fram á skaðsemi farsímanotkunar. Slíkt gæti haft neikvæð áhrif á markaðinn fyrir fjarskiptaþjónustu, meðal annars með samdrætti í notkun farsíma og annarrar þráðlausrar tækni. Að auki gæti það haft í för með sér erfiðleika við að fá leyfi til uppsetninga á farsímasendum og -möstrum.

[14] Óviðráðanlegt atvik.

[15] Geislavarnir Ríkisins, sjá frétt á vef http://www.gr.is/media/frettir/NordicMobileSamalit.pdf.

# 2. Tilkynning til fjárfesta

Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu Fjarskipta, dagsettri 19. nóvember 2012, sem varðar útboð á hlutum í Fjarskiptum og beiðni stjórnar félagsins um töku útgefinna hlutabréfa í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Kauphöllin"). Framangreint fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB, sem hefur verið innleidd í íslensk lög í samræmi við ákvæði EES samningsins. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu. Lýsingin samanstendur af þremur aðskildum skjölum; útgefandalýsingu þessari, verðbréfalýsingu dagsettri þann 19. nóvember 2012 og samantekt dagsettri þann 19. nóvember 2012. Upplýsingar í lýsingunni byggja á staðreyndum og aðstæðum eins og þær voru á undirritunardegi hennar og geta breyst án fyrirvara. Fjarskipti munu leggja áherslu á að upplýsa markaðinn um hvers konar mikilvægar breytingar sem félagið telur að áhrif gætu haft á verðmæti hlutafjár þess. Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í lýsingunni, á tímabilinu frá því lýsingin var staðfest og þar til taka hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar á sér stað, mun félagið útbúa viðauka við lýsingu sem greinir frá viðkomandi atriðum, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Skal viðaukinn staðfestur innan sjö virkra daga og hann birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin.

Útgefandalýsing þessi gildir í 12 mánuði frá birtingu hennar og getur hún því, ásamt nýrri verðbréfalýsingu og nýrri samantekt, myndað aðra lýsingu innan þess tímabils. Lýsingin er enn fremur gild í 12 mánuði frá opinberri birtingu að því er varðar almennt útboð eða töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, að því tilskildu að við lýsinguna sé bætt þeim viðbótarupplýsingum sem krafist er skv. ákvæðum 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Stjórn Fjarskipta hefur óskað eftir að hlutabréf í Fjarskiptum verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar að undangenginni staðfestingu Kauphallar á því að félagið uppfylli öll skilyrði hennar til slíks, með fyrirvara um hlutafjárdreifingu sem verður ekki ljós fyrr en að undangengnu almennu útboði. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest mun Kauphöllin fara yfir umsóknina og birta niðurstöðu sína almenningi opinberlega á Evrópska efnahagssvæðinu, í síðasta lagi þann 19. nóvember 2012. Bent er á að þar sem hlutabréf í útgefanda hafa enn ekki verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar hafa upplýsingar um útgefanda ekki verið birtar opinberlega áður á Evrópska efnahagssvæðinu. Til þess að félög uppfylli skilyrði um hlutafjárdreifingu samkvæmt Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga frá 1. desember 2009, útgefnum af Kauphöllinni, skulu skilyrði fyrir nægjanlegu framboði og eftirspurn vera fyrir hendi til að stuðla að eðlilegri verðmyndun. Þá skulu nægjanlega mörg hlutabréf vera í eigu almennra fjárfesta og til viðbótar skal félagið hafa nægjanlegan fjölda hluthafa. Samkvæmt framangreindum reglum Kauphallarinnar telst nægjanlegur fjöldi hlutabréfa vera í eigu almennra fjárfesta þegar 25% hlutabréfa innan sama flokks eru í eigu almennra fjárfesta. Fjöldi hluthafa telst nægjanlegur ef a.m.k. 500 hluthafar eiga hlutabréf að markaðsvirði u.þ.b. 100.000 krónur. Með almennum fjárfesti er átt við fjárfesti sem ekki er innherji, aðili fjárhagslega tengdur innherja, móður- eða dótturfélag eða aðili sem á meira en sem nemur 10% af hlutafé félagsins. Við útreikning á hlutum sem ekki eru í eigu almennra fjárfesta eru teknir með hlutir í eigu hluthafa sem hafa skuldbundið sig, til lengri tíma, að selja ekki hlut sinn.

Fyrirhugað er að uppfylla skilyrði Kauphallarinnar um hlutafjárdreifingu með almennu útboði á þegar útgefnum hlutum í eigu FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf., kt. 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík (hér eftir „Framtakssjóður Íslands"). Nánar er fjallað um útboðið í verðbréfalýsingu dagsettri 19. nóvember 2012. Útboðið telst almennt útboð til íslenskra fjárfesta í skilningi 1. tl. 43. gr. laga nr. 108/2007 um

verðbréfaviðskipti. Í útboðinu mun Framtakssjóður Íslands bjóða til sölu á bilinu 167.822.600 til 201.387.120 hluti í Fjarskiptum. Stærð útboðsins jafngildir því á bilinu 50% til 60% af útgefnu hlutafé í Fjarskiptum. Útboðið fer fram dagana 3. til og með 6. desember 2012 og munu niðurstöður útboðsins liggja fyrir í síðasta lagi fyrir miðnætti þann 7. desember 2012. Í kjölfar útboðsins mun Kauphöllin taka öll útgefin hlutabréf í Fjarskiptum til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, enda hafi lágmarksskilyrði hennar um hlutafjárdreifingu verið uppfyllt með útboðinu og hún áður samþykkt umsókn Fjarskipta með fyrirvara um hlutafjárdreifingu. Fyrsti dagur viðskipta með hluti í Fjarskiptum í Kauphöllinni verður í fyrsta lagi þann 18. desember 2012 og verður fyrsti viðskiptadagur tilkynntur af Kauphöll með minnst eins viðskiptadags fyrirvara. Framtakssjóður Íslands áskilur sér rétt til þess að falla frá útboðinu ef Kauphöllin samþykkir ekki í desember 2012 fyrirliggjandi umsókn Fjarskipta um að hlutabréf í félaginu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Framtakssjóður Íslands er þó ekki skuldbundinn til að falla frá útboðinu af framangreindum sökum. Verði ekki fallið frá útboðinu gætu fjárfestar því eignast hluti í félagi sem ekki verður tekið til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Fjárfestar ættu því ekki að byggja ákvörðun um þátttöku í útboðinu á þeirri forsendu að fallið verði frá því ef ekki næst tilætlaður árangur við söluna.

Lýsing útgefanda inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til þess að geta metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur Fjarskipta og þá áhættu sem eiga sérstaklega við um félagið og þá atvinnugrein sem það starfar innan. Ennfremur inniheldur lýsingin upplýsingar um þau réttindi sem fylgja hlutabréfum í félaginu. sem boðin verða til sölu í almennu útboði dagana 3.til og með 6. desember 2012. Lögð var á það áhersla að setja allar upplýsingar fram á skýran og skilmerkilegan hátt. Upplýsingar í lýsingunni má ekki skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða loforð um ávöxtun fjármuna, af hálfu Fjarskipta, Framtakssjóðs Íslands, umsjónaraðilans Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka eða annarra aðila.

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingu þessari áður en ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Fjarskiptum er tekin. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft áhrif á félagið og virði hlutafjár þess, en þeim er lýst í fyrsta kafla í útgefandalýsingu þessari og í fyrsta kafla í verðbréfalýsingu dagsettri 19. nóvember 2012. Fjárfestum er bent á að gera sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í hlutum í Fjarskiptum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestinguna á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á hlutabréfum í Fjarskiptum sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í hlutum í Fjarskiptum, og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti. Lýsingu þessari má ekki dreifa eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast; eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi. Fjarskipti, Framtakssjóður Íslands og Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á lýsingunni.

Fjarskipti hafa sótt um töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og falla því undir ákvæði VI. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (hér eftir„vvl".) um útboð og töku verðbréfa til viðskipta, XII. kafla vvl. um verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði og XIII. kafla sömu laga um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, ásamt reglugerð nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 m.kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvið og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 987/2006 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Verði af töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar munu að auki gilda um félagið ákvæði VII. kafla vvl. um reglulegar upplýsingar útgefanda, VIII. kafla um aðrar skyldur útgefanda um veitingu upplýsinga og IX. kafla um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar auk reglugerðar nr.

707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu og Reglur Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga sem í gildi eru á hverjum tíma.

Vakin er sérstök athygli á því að eftir að viðskipti með bréfin hefjast munu eigendur hlutabréfa í félaginu falla undir ákvæði IX. kafla vvl. um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar, X. kafla sömu laga um yfirtöku auk XI. kafla um tilboðsyfirlit.

Lýsingin er einungis birt á íslensku. Lýsinguna má nálgast með rafrænum hætti á Adobe Acrobat sniði á vef útgefanda, www.vodafone.is, en útprentuð eintök má nálgast á skrifstofu félagsins að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík.

## 2.1. Yfirlýsing formanns stjórnar og forstjóra útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Fjarskipta hf., kt. 470905-1740, Skútuvogi 2, 104 Reykjavík, lýsum hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 19. nóvember 2012

| | |
|---|---|
| ____________________ | ____________________ |
| f.h. stjórnar Fjarskipta hf.<br>Þór Hauksson, stjórnarformaður | f.h. Fjarskipta hf.<br>Ómar Svavarsson, forstjóri |

## 2.2. Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda

KPMG, kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað samstæðuársreikning Fjarskipta fyrir árin 2009, 2010 og 2011 og kannað árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012 sem gerðir voru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Við áritun samstæðureiknings Fjarskipta árið 2009 var það álit KPMG að samstæðuársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. KPMG áritaði framangreindan reikning félagsins án fyrirvara eða ábendinga.

Við áritun samstæðureiknings Fjarskipta árið 2010 var það álit KPMG að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. KPMG áritaði framangreindan reikning félagsins án fyrirvara eða ábendinga.

Við áritun samstæðureiknings Fjarskipta árið 2011 var það álit KPMG að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2011, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. KPMG áritaði framangreindan reikning félagsins án fyrirvara eða ábendinga.

Við könnun á árshlutareikningi félagsins fyrir tímabilið 1. janúar 2012 til 30. september 2012 kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. september 2012 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

KPMG staðfestir að upplýsingar í útgefandalýsingunni sem varða framangreind reikningsskil eru í samræmi við endurskoðaða ársreikninga og kannaðan árshlutareikning Fjarskipta fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2012.

Reykjavík, 19. nóvember 2012

| | |
|---|---|
| Margret G. Flóvenz | Guðný H. Guðmundsdóttir |
| Löggiltur endurskoðandi | Löggiltur endurskoðandi |

## 2.3. Umsjónaraðili útgáfunnar og aðrir ráðgjafar

Umsjónaraðili með almennu hlutafjárútboði Fjarskipta, sem fram fer dagana 3. til og með 6. desember 2012, og töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar er Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur verið ráðgjafi útgefanda meðal annars hvað varðar gerð lýsingarinnar sem byggir á gögnum og upplýsingum frá félaginu sem og þriðja aðila. Meðal gagna sem liggja til grundvallar lýsingunni eru ársreikningar útgefanda fyrir síðustu þrjú heilu fjárhagsár, óendurskoðað og ókannað stjórnendauppgjör útgefanda fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2011 og kannaður árshlutareikningur fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012, niðurstöðuskýrslur fjárhagslegrar og lagalegrar áreiðanleikakönnunar auk upplýsinga frá stjórnendum félagsins.

Fjárhagsleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd á Fjarskiptum fyrir félagið af PricewaterhouseCoopers ehf. (PwC), kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík. Undir könnunina féllu félögin Fjarskipti og P/F Kall í Færeyjum. Könnunin náði til fjárhagsáranna 2009, 2010 og 2011 auk fyrstu sex mánaða áranna 2011 og 2012. Umfang könnunarinnar var ákveðið af félaginu og takmarkaðist við þá þætti sem að mati stjórnenda og eigenda hafa sannanleg áhrif á rekstur félagsins auk þess sem það er háð ýmsum takmörkunum og fyrirvörum, s.s. m.t.t. lágmarksfjárhæða samninga og viðskiptakrafna. Ekki er hægt að útiloka að atriði sem skipta máli fyrir Fjarskipti í tengslum við almennt útboð á hlutafé félagsins hafi fallið utan ramma könnunarinnar. Könnuninni er ekki ætlað að vera leiðbeining eða ráðlegging til fjárfesta varðandi kaup á hlutafé í Fjarskiptum.

Lagaleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd á Fjarskiptum fyrir félagið af Landslögum slf., kt. 450710-0830, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Undir könnunina féllu félögin Fjarskipti og P/F Kall í Færeyjum. Könnunin náði til fjárhagsáranna 2009, 2010 og 2011 auk fyrstu sex mánaða áranna 2011 og 2012. Umfang könnunarinnar var ákveðið af félaginu og takmarkaðist við þá þætti sem að mati stjórnenda og eigenda hafa sannanleg áhrif á rekstur félagsins auk þess sem það er háð ýmsum takmörkunum og fyrirvörum, s.s. m.t.t. lágmarksfjárhæða samninga og viðskiptakrafna. Ekki er hægt að útiloka að atriði sem skipta máli fyrir Fjarskipti í tengslum við almennt útboð á hlutafé félagsins hafi fallið utan ramma könnunarinnar. Könnuninni er hvorki ætlað að vera leiðbeinandi né ráðleggjandi varðandi kaup á hlutafé í Fjarskiptum.

## 2.4. Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar frá Póst- og fjarskiptastofnun, Seðlabanka Íslands, Ríkiskaupum og Samkeppniseftirlitinu koma úr opinberum gögnum viðkomandi stofnana. Þá var upplýsinga enn fremur aflað af vef Geislavarna ríkisins[16]. Útgefandi staðfestir, að því marki sem honum er unnt og kunnugt um, að þær upplýsingar sem stuðst var við frá fyrrnefndum aðilum séu rétt eftir hafðar. Staðreyndum hefur ekki verið sleppt sem áhrif kunna að hafa á áreiðanleika upplýsinganna eða eru til þess fallnar að gera þær ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda er getið þar sem við á.

## 2.5. Gildistími og skjöl til sýnis

Gildistími útgefandalýsingarinnar er 12 mánuðir frá opinberri birtingu. Á meðan útgefandalýsingin er í gildi verður hún birt, ásamt eftirfarandi gögnum sem teljast hluti hennar, á vef Fjarskipta, www.vodafone.is. Öll neðangreind gögn má enn fremur nálgast í útprentuðu formi á skrifstofu félagsins að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík.

Samþykktir Fjarskipta hf. dagsettar 9. nóvember 2012

Kannaður árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2012

Endurskoðaður ársreikningur Fjarskipta fyrir árið 2011

Endurskoðaður ársreikningur Fjarskipta fyrir árið 2010

Endurskoðaður ársreikningur Fjarskipta fyrir árið 2009

## 2.6. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli er vakin á neðangreindum hagsmunum Íslandsbanka vegna Fjarskipta.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur umsjón með töku hlutabréfa Fjarskipta til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Í því felst meðal annars umsjón með gerð lýsingar og annarra nauðsynlegra gagna í tengslum við töku hlutabréfanna til viðskipta. Fyrirtækjaráðgjöf fær greidda þóknun frá Fjarskiptum hf. vegna þessa.

Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðir Íslandsbanka eru umsjónaraðilar með almennu hlutafjárútboði í Fjarskiptum sem fram fer dagana 3. til og með 6. desember 2012. Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðir Íslandsbanka þiggja þóknun frá seljanda hlutafjár, Framtakssjóði Íslands, vegna sölunnar.

Fjórir sjóðir í stýringu Íslandssjóða, dótturfélags Íslandsbanka, eru eigendur að samtals 3,3% hlut í Fjarskiptum.

Íslandsbanki hf. er eigandi að 1,7% hlut í Fjarskiptum.

Íslandsbanki er kaupandi fjarskiptaþjónustu af Fjarskiptum og er, samkvæmt uppgjöri félagsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012, meðal 20 stærstu viðskiptavina þess m.v. veltu.

Íslandsbanka ber hvorki skylda til að meta né hefur metið hvort þátttaka í hlutafjárútboði í Fjarskiptum, sem fram fer dagana 3. til og með 6. desember 2012, sé viðeigandi fyrir fjárfesta. Fjárfestar njóta ekki verndar skv. 16. gr. vvl. í tengslum við þátttöku þeirra í útboðinu.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti hefur Íslandsbanki sett sér reglur um hagsmunaárekstra. Fjárfestum er bent á að kynna sér reglurnar sem er að finna á vefslóðinni http://islandsbanki.is/library/Skrar/hagsmunareglur.pdf.

[16] Vef Geislavarna Ríkisins má finna á http://www.gr.is.

# 3. Samandregnar fjárhagsupplýsingar

Samandregnar upplýsingar um fjárhag útgefanda eru fengnar úr árs- og árshlutareikningum Fjarskipta fyrir árin 2009, 2010 og 2011 auk fyrstu níu mánaða ársins 2012. Töflurnar sýna lykiltölur úr rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymi félagsins fyrir framangreind tímabil. Ársreikningar Fjarskipta voru endurskoðaðir og áritaðir af KPMG án athugasemda. Níu mánaða uppgjör fyrir árið 2011 er ókannað stjórnendauppgjör en níu mánaða uppgjör 2012 var kannað af KPMG.

Árs- og árshlutareikningar útgefanda á tímabilinu sem neðangreindar fjárhagsupplýsingar ná yfir voru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002.

## 3.1. Rekstrarreikningur

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>01.01.-30.09.<br>Kannað | 2011<br>01.01.-30.09.<br>Ókannað | 2011<br>01.01.-31.12.<br>Endurskoðað | 2010<br>01.01.-31.12.<br>Endurskoðað | 2009<br>01.01.-31.12.<br>Endurskoðað |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 9.840 | 9.511 | 12.722 | 12.637 | 13.507 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | (5.501) | (5.673) | (7.678) | (7.595) | (8.419) |
| **Framlegð** | **4.339** | **3.838** | **5.044** | **5.042** | **5.088** |
| Aðrar rekstrartekjur | 6 | 3 | 5 | 4 | 8 |
| Rekstrarkostnaður | (3.304) | (3.122) | (4.102) | (3.860) | (3.850) |
| **Rekstrarhagnaður** | **1.041** | **719** | **947** | **1.186** | **1.246** |
| Fjármunatekjur | 43 | 45 | 63 | 152 | 290 |
| Fjármagnsgjöld | (566) | (543) | (741) | (1.019) | (1.923) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | **(523)** | **(498)** | **(678)** | **(867)** | **(1.633)** |
| **Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt** | **518** | **221** | **269** | **319** | **(387)** |
| Tekjuskattur | (170) | (38) | (42) | 36 | 675 |
| **Hagnaður tímabilsins** | **348** | **183** | **227** | **355** | **288** |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | 4 | 23 | 21 | (81) | 75 |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals** | **4** | **23** | **21** | **(81)** | **75** |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | **352** | **206** | **248** | **274** | **363** |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 0,14 | 0,07 | 0,09 | 0,14 | 0,11 |

## 3.2. Efnahagsreikningur

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>30.09.<br>Kannað | 2011<br>31.12.<br>Endurskoðað | 2010<br>31.12.<br>Endurskoðað | 2009<br>31.12.<br>Endurskoðað |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| Rekstrarfjármunir | 4.087 | 4.534 | 4.802 | 5.238 |
| Óefnislegar eignir | 7.028 | 7.057 | 6.843 | 6.787 |
| Eignarhlutir í félögum | 2 | 2 | 3 | 5 |
| Skatteign | 885 | 987 | 1.029 | 1.015 |
| **Fastafjármunir** | **12.002** | **12.580** | **12.677** | **13.045** |
| Birgðir | 147 | 111 | 126 | 196 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.811 | 2.798 | 2.757 | 3.560 |
| Handbært fé | 1.092 | 275 | 656 | 108 |
| **Veltufjármunir** | **4.050** | **3.184** | **3.539** | **3.864** |
| **Eignir samtals** | **16.052** | **15.764** | **16.216** | **16.909** |
| **Eigið fé** | | | | |
| Hlutafé | 3.356 | 2.550 | 2.550 | 2.550 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 2.734 | 623 | 597 | 597 |
| Þýðingarmunur | 255 | 246 | 225 | 306 |
| Óráðstafað eigið fé | 348 | 556 | 355 | 528 |
| **Eigið fé** | **6.693** | **3.975** | **3.727** | **3.981** |
| **Skuldir** | | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 6.778 | 8.677 | 9.416 | 10.228 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 51 | 70 | 109 | 0 |
| **Langtímaskuldir** | **6.829** | **8.747** | **9.525** | **10.228** |
| Vaxtaberandi skuldir | 439 | 758 | 758 | 200 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.013 | 1.864 | 1.778 | 2.192 |
| Skuldir við tengda aðila | 0 | 324 | 324 | 77 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 78 | 96 | 104 | 231 |
| **Skammtímaskuldir** | **2.530** | **3.042** | **2.964** | **2.700** |
| **Skuldir samtals** | **9.359** | **11.789** | **12.489** | **12.928** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **16.052** | **15.764** | **16.216** | **16.909** |

## 3.3. Sjóðstreymisyfirlit

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012 01.01.- 30.09. Kannað | 2011 01.01.- 30.09. Ókannað | 2011 01.01. - 31.12. Endurskoðað | 2010 01.01. - 31.12. Endurskoðað | 2009 01.01.- 31.12. Endurskoðað |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarhreyfingar | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts | 2.173 | 1.846 | 2.353 | 2.320 | 2.067 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 37 | 45 | 62 | 116 | 115 |
| Greidd vaxtagjöld | (498) | (508) | (699) | (1.014) | (127) |
| Handbært fé frá rekstri | 1.712 | 1.383 | 1.716 | 1.422 | 2.055 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | | | |
| Seldir rekstrarfjármunir | 8 | 8 | 10 | 4 | 13 |
| Seldar óefnislegar eignir | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Seldur eignarhlutur í félögum | 0 | 2 | 2 | 3 | 2 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | (458) | (690) | (922) | (812) | (729) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | (192) | (314) | (462) | (366) | (244) |
| Krafa á tengd félög, breyting | 0 | 0 | 0 | 697 | (697) |
| Fjárfestingarhreyfingar | (642) | (994) | (1.372) | (474) | (1.651) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | | | |
| Innborgað hlutafé að frádregnum kostnaði | 1.973 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tekin langtímalán | 9.200 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Arður til hluthafa | 0 | 0 | 0 | (528) | 0 |
| Afborganir langtímalána | (11.421) | (563) | (754) | (173) | (86) |
| Skammtímalán, breyting | (9) | 17 | 12 | (13) | (145) |
| Skuld við tengd félög, breyting | 0 | 0 | 0 | 324 | (180) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (257) | (546) | (742) | (390) | (411) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 813 | (157) | (398) | 558 | (7) |
| Gengismunur á handbæru fé erlends dótturfélags | 3 | (7) | 17 | (10) | 28 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 275 | 656 | 656 | 108 | 87 |
| Handbært fé í árslok | 1.092 | 492 | 275 | 656 | 108 |

## 3.4. Lykiltölur

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012 30.09. Kannað | 2011 30.09. Ókannað | 2011 31.12. Endurskoðað | 2010 31.12. Endurskoðað | 2009 31.12. Endurskoðað |
|---|---|---|---|---|---|
| EBITDA | 2.166 | 1.813 | 2.416 | 2.599 | 2.698 |
| EBITDA hlutfall | 22,0% | 19,1% | 19,0% | 20,6% | 20,0% |
| Lausafjárhlutfall | 1,54 | | 1,01 | 1,15 | 1,36 |
| Eiginfjárhlutfall | 41,7% | | 25,2% | 23,0% | 23,5% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA[17] | 2,2 | 3,7 | 3,8 | 3,7 | 3,8 |

[17] Notast er við samanlagða EBITDA sl. tólf mánaða, í tilviki ársuppgjöra er um að ræða tímabilið janúar til desember og í tilviki níu mánaða uppgjörs er um að ræða tímabilið október fyrra árs til september.

# 4. Um Fjarskipti

## 4.1. Útgefandi

Lögformlegt heiti útgefanda er Fjarskipti hf., kt. 470905-1740, Skútuvogi 2, 104 Reykjavík. Félagið er í daglegu tali nefnt Vodafone og var upphaflega stofnað sem einkahlutafélag í Reykjavík þann 6. september 2005, þá undir nafninu Dagsbrún ehf. Að lokinni nafna- og félagaformsbreytingu þann 29. ágúst 2012 er félagið orðið hlutafélag og starfar því samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Einnig gilda um starfsemi félagsins ýmis sérlög og ber þar helst að nefna lög nr. 81/2003 um fjarskipti og lög nr. 38/2011 um fjölmiðla. Skráningarstaður félagsins er í Reykjavík, Íslandi. Vefur félagsins er www.vodafone.is og símanúmer höfuðstöðva er +354 599 9000.

Útgefandi er að 79,7% hluta í eigu Framtakssjóðs Íslands og telst dótturfélag hans í skilningi 3. mgr. 2. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Útgefandi er því hluti af samstæðu Framtakssjóðs Íslands. Önnur félög sem Framtakssjóður Íslands á yfir 50% hlutafjár í og teljast þannig systurfélög útgefanda í skilningi 3. mgr. 2. gr. laga um hlutafélög eru Advania hf. og Icelandic Group hf.

Tilgangur Fjarskipta hf. skv. 3. gr. samþykkta þeirra er fjarskiptastarfsemi og skyld starfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi ásamt því að ávaxta fé það sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með rekstri í félaginu og fjárfestingum í dóttur- og hlutdeildarfélögum.

Útgefið hlutafé í félaginu er 3.356.452.000 kr. -þrjúþúsundþrjúhundruðfimmtíuogsexmilljónir, fjögurhundruðfimmtíuogtvöþúsundkrónur- að nafnvirði. Hver hlutur, samkvæmt samþykktum félagsins, er að fjárhæð tíu -10- kr. að nafnvirði og samanstendur hlutaféð því af 335.645.200 hlutum. Allt hlutafé er að fullu greitt. Auðkenni hlutabréfa félagsins hjá Kauphöll og Verðbréfaskráningu Íslands hf. er VOICE. ISIN númer bréfanna er IS0000020485.

Bent er á að í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli Stoða gegn Advania þarf útgefandi að gefa út nýtt hlutafé að nafnverði 50.444.134 kr. eða 5.044.413 hluti til handa Stoðum sem jafngildir 1,5% þynningu núverandi hlutafjár. Nánar er fjallað um málið í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* og kafla 1.3.6 *Ágreinings og dómsmál* í útgefandalýsingu þessari.

### 4.1.1. Fjárhagsdagatal

| Reikningsskil | Vika | Tímabil |
|---|---|---|
| Ársuppgjör 2012 | 13 | 25. – 29. mars 2013 |
| Aðalfundur 2013 | 15 | 8. – 12. apríl 2013 |
| Afkoma 1. ársfjórðungs 2013 | 22 | 27. – 31. maí 2013 |
| Afkoma 2. ársfjórðungs 2013 | 35 | 26. – 30. ágúst 2013 |

## 4.2. Stofnun félagsins og ágrip af sögu þess

Sögu Fjarskipta má rekja aftur til ársins 1998 þegar tveir af forverum félagsins, félögin Tal hf. og Íslandssími hf., voru stofnaðir. Árið 2000 var svo félagið Halló! Frjáls fjarskipti hf. stofnað en þessi þrjú félög sameinuðust árið 2002 og var nafni hins sameinaða félags breytt í Og fjarskipti ári síðar. Sama ár var undirritaður samstarfssamningur við fjarskiptafélagið Vodafone Group plc. og vörumerkið Og Vodafone tekið í notkun. Árið 2004 festu Og fjarskipti kaup á öllum hlutum í internetþjónustuveitunni Margmiðlun.

Í nóvember 2004 skrifuðu Og fjarskipti undir samning við Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á 67,76% hlut í gagnaflutningsþjónustufyrirtækinu Línu.net og í framhaldinu voru félögin tvö sameinuð. Samhliða

viðskiptunum var gerður 25 ára samningur á milli aðilanna um aðgang Og fjarskipta að ljósleiðaraneti Orkuveitu Reykjavíkur.

Í desember 2004 var tilkynnt um að samningar hefðu náðst um kaup Og fjarskipta á öllu hlutafé í félögunum 365 ljósvakamiðlum ehf. og 365 prentmiðlum ehf. Í kjölfarið voru félögin þrjú sameinuð undir nafninu Dagsbrún hf. Eftir skoðun Samkeppniseftirlitsins á samrunanum var hinu sameinaða félagi sett þau skilyrði að fjarskiptastarfsemi þess yrði rekin í sérstöku dótturfélagi. Í framhaldinu, eða árið 2005, var dótturfélag stofnað utan um fyrrnefnda starfsemi sem fékk nafnið Og fjarskipti.

Í september 2006 samþykkti stjórn Dagsbrúnar hf. að skipta félaginu upp í tvö rekstrarfélög sem hvort um sig yrði skráð í Kauphöll. Annars vegar var um að ræða fjölmiðlafélagið 365 hf. og hins vegar fjarskipta- og upplýsingatæknifélagið Teymi. Við þessa uppskiptingu urðu Og fjarskipti dótturfélag Teymis.

Sama ár var undirritaður nýr samstarfssamningur við Vodafone Group sem fól í sér víðtækt samstarf á sviði markaðssetningar, tækni- og gæðamála, vöruþróunar og starfsmannamála. Fyrirtækið hafði reyndar allt frá árinu 2003 átt í samstarfi við Vodafone Group og var samkvæmt eldri samningi heimilt að nota hið alþjóðlega vörumerki Vodafone samhliða öðru nafni. Fyrirtækið starfaði því undir heitinu „Og Vodafone" áður en samstarfið við Vodafone Group var útvíkkað árið 2006 og heimild fékkst til að nota hið alþjóðlega vörumerki eitt og sér.

Þann 3. mars 2008 undirrituðu stjórnir útgefanda og Mömmu ehf. samrunaáætlun félaganna tveggja en bæði félögin voru í eigu Teymis. Starfsemi Mömmu ehf. var rekstur á þjónustuveitu fyrir heimili og fyrirtæki sem útgefandi tók yfir í kjölfar samrunans.

Í kjölfar þeirra þrenginga sem gengu yfir íslenskt efnahagslíf haustið 2008 gerði Teymi nauðasamninga við kröfuhafa sína á árinu 2009 vegna erfiðrar skuldastöðu. Í framhaldinu rann Teymi inn í Vestia sem þá var í fullri eigu Landsbankans.

Í ágúst 2010 keypti Framtakssjóður Íslands Vestia og í kjölfarið var Teymi skipt upp í tvö félög, annars vegar Teymi og hins vegar Eignarhaldsfélagið Fjarskipti. Við uppskiptinguna varð Og fjarskipti dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta.

Í mars 2011 var nafni útgefanda breytt í Fjarskipti.

Í ágúst 2012 var Eignarhaldsfélagið Fjarskipti sameinað dótturfélaginu Fjarskiptum undir heitinu Fjarskipti en félagið er í daglegu tali nefnt Vodafone (á Íslandi).

#### 4.2.1. P/F Kall

Íslandssími hf., einn af forverum útgefanda, stofnaði fjarskiptafélagið TeleF í Færeyjum haustið 2000. Það rann saman við P/F Kall árið 2001 og veitti í kjölfar samrunans alhliða fjarskiptaþjónustu. Árið 2005 komst félagið í fulla eigu Eignarhaldsfélagsins Dagsbrúnar (síðar Teymis) og síðar Og fjarskipta. frá 1. mars 2008. Í dag býður P/F Kall þjónustu sína undir vörumerkinu Vodafone Færeyjar.

P/F Kall er að fullu í eigu útgefanda sem fer með allan atkvæðisrétt í félaginu. P/F Kall er hluti af samstæðureikningsskilum útgefanda.

### 4.3. Stefna Vodafone

#### 4.3.1. Hlutverk og framtíðarsýn

Hlutverk Vodafone er að auðvelda fólki samskipti með því að bjóða alhliða fjarskiptaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Framtíðarsýn Vodafone er að eiga ánægðustu viðskiptavini á Íslandi. Könnun félagsins frá janúar 2011 sýnir að 70% viðskiptavina Vodafone á Íslandi eru ánægðir eða mjög ánægðir

með þjónustu þess. Aðspurðir segjast 24% vera í meðallagi ánægðir en 6% segjast vera frekar eða mjög óánægðir.

#### 4.3.2. Gildi

Gildi Vodafone eru þau sömu um allan heim og hefur Vodafone á Íslandi gert þau að sínum. Þessi gildi eru:

Hraði (speed): Við erum hugrökk, einbeitt og vinnum hratt. Vodafone er líflegur og hvetjandi vinnustaður þar sem við þjónustum viðskiptavini hratt og örugglega. Vodafone er leiðandi á markaði og setur markið sífellt hærra. Við forgangsröðum markvisst verkefnum til að ná árangri fyrir liðsheildina og viðskiptavini okkar.

Einfaldleiki (simplicity): Við einföldum lífið fyrir viðskiptavini okkar. Vodafone býður einfaldar lausnir fyrir viðskiptavini og starfsfólk. Það er einfalt að eiga viðskipti við Vodafone þar sem við flækjum ekki hlutina að óþörfu heldur gerum vörur og þjónustu eins aðgengilega og skýra og kostur er.

Traust (trust): Við erum traust og áreiðanleg. Vodafone kemur ávallt fram af heilindum. Samskipti okkar eru traust og gagnsæ. Við höfum eftirlit með starfsemi okkar og öxlum ábyrgð á okkar eigin ferlum. Við styðjum hvert annað og myndum sterka liðsheild sem fagnar saman því sem vel er gert.

### 4.4. Starfsemi Vodafone

#### 4.4.1. Skipulag og starfssvið Fjarskipta




Breytingar voru gerðar á innra skipulagi Vodafone snemma árs 2012. Nýja skipulaginu er ætlað að skerpa áherslur í starfsemi félagsins og auka skilvirkni í þjónustu við viðskiptavini.

Eftir breytingarnar eru fimm svið innan félagsins; sölusvið, þjónustusvið, tæknisvið, rekstrarsvið og samskiptasvið. Sölusvið er ábyrgt fyrir allri tekjuöflun, sem áður fór fram á bæði einstaklings- og fyrirtækjasviði. Að sama skapi er þjónustusvið nú ábyrgt fyrir þjónustu við alla viðskiptavini, hvort heldur einstaklinga eða fyrirtæki.

Minniháttar breytingar voru gerðar á tæknisviði þar sem tiltekin verkefni voru færð þaðan til rekstrarsviðs, sem áður hét fjármálasvið, en sviðið hefur nú auknar rekstrarlegar skyldur. Hluti af verkefnum sem áður tilheyrðu fjármálasviði færðust hins vegar á nýtt svið, samskiptasvið, sem er ábyrgt fyrir markaðsmálum, starfsmannamálum, lögfræðimálum og almanna- og fjárfestatengslum.

### 4.4.2. Skipulag og starfssvið P/F Kall

Forstjóri P/F Kall er Gudny Langgaard sem tók við starfinu eftir skipulagsbreytingar um mitt ár 2011. Gudny hafði áður starfað sem framkvæmdastjóri markaðsmála P/F Kall. Samhliða ráðningu Gudnyjar í forstjórastarfið var nýtt skipurit innleitt, en samkvæmt því starfar P/F Kall nú á fjórum sviðum: fjármála- og rekstrarsviði, einstaklingssviði, fyrirtækjasviði og vöru- og markaðsmálasviði.

### 4.4.3. Starfsmenn

Vodafone leggur áherslu á fjóra meginþætti í mannauðsmálum; starfsánægju, fræðslu, stjórnendafræðslu og gildi Vodafone. Metnaður félagsins stendur til þess að tryggja að Vodafone sé ávallt álitinn áhugaverður og eftirsóttur vinnustaður sem á hefur að skipa starfsfólki í fremstu röð.

Við árslok 2011 störfuðu 417 manns í alls 358 stöðugildum hjá samstæðunni. Þar af störfuðu 229 á einstaklingssviði, 31 á fjármálasviði, 34 á fyrirtækjasviði, 4 á skrifstofu forstjóra og 119 á tæknisviði. Í kjölfar framangreindra breytinga á skipuriti félagsins störfuðu í lok júlímánaðar alls 375 starfsmenn hjá útgefanda, þar af 85 starfsmenn á sölusviði, 128 á þjónustusviði, 106 á tæknisviði, 35 á rekstrarsviði og 20 á samskiptasviði; auk eins starfsmanns á skrifstofu forstjóra. Alls voru tíu starfsmenn staðsettir á landsbyggðinni, nánar tiltekið á Akureyri og Ísafirði. Hlutfall kvenna var 37% og karla 63%. Meðalaldur starfsmanna var 32 ár.

Við árslok 2010 störfuðu 394 starfsmenn í 326 stöðugildum hjá samstæðunni. Þar af störfuðu 213 á einstaklingssviði, 25 á fjármálasviði, 33 á fyrirtækjasviði, 4 á skrifstofu forstjóra og 119 á tæknisviði. Hlutfall kvenna var 38% og karla 62%. Meðalaldur starfsmanna var 31 ár.

Við árslok 2009 störfuðu 390 starfsmenn í 322 stöðugildum hjá samstæðunni. Þar af störfuðu 26 á fjármála- og starfsmannasviði, 16 á markaðssviði, 1 á skrifstofu forstjóra, 240 á sölu- og þjónustusviði og 107 á tæknisviði. Hlutfall kvenna var 39% og karla 61%. Meðalaldur starfsmanna var 31 ár.

## 4.5. Fjarskiptamarkaðurinn

Fjarskiptamarkaðurinn er eftirlitsskyldur (e. *regulated*) markaður og á Íslandi er það Póst- og fjarskiptastofnun sem fer með eftirlitshlutverkið. Stofnunin skiptir fjarskiptamarkaðinum í sjö undirmarkaði[18,19].

Flokkun þessi er í samræmi við 16. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti sem og tilmæli ESA frá 5. nóvember 2008 um flokkun vöru- og þjónustumarkaða innan fjarskiptamarkaðarins[20]. Sex þeirra eru skilgreindir sem heildsölumarkaðir og einn sem smásölumarkaður og eru þeir eftirtaldir:

- 1. Aðgangur að fasta talsímanetinu (fastaneti) fyrir heimili og fyrirtæki (*smásala*)
- 2. Upphaf símtala í fastaneti (*heildsala*)
- 3. Lúkning símtala í einstökum fastanetum (*heildsala*)
- 4. Aðgangur að föstum aðgangsnetum (þ.m.t. skiptur og óskiptur aðgangur) (*heildsala*)
- 5. Breiðbandsaðgangur (*heildsala*)
- 6. Lúkningarhluti leigulína (*heildsala*)
- 7. Lúkning símtala í einstökum farsímanetum (*heildsala*)

Vodafone veitir þjónustu á öllum framangreindum mörkuðum, bæði sem kaupandi og seljandi, utan markaðar 4 þar sem félagið er eingöngu kaupandi.

---

[18] Bæði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnun EFTA hafa gefið út leiðbeiningar og tilmæli varðandi fjarskiptamarkaðinn og hefur Póst- og fjarskiptastofnun hvort tveggja til hliðsjónar við framkvæmd markaðsgreininga.

[19] Eldri skilgreiningar Póst- og fjarskiptastofnunar gerðu ráð fyrir að fjarskiptamarkaðnum væri skipt í 18 undirmarkaði. Eru því enn í gildi ýmsar kvaðir og ákvarðanir sem taka mið af þeirri skiptingu. Engin þeirra á við útgefanda.

[20] EFTA Surveillance Authority recommendation of 5. November 2008 on relevant product and service markets within the electronic communications sector http://www.eftasurv.int/media/esa-docs/physical/15344/data.pdf.

Þrátt fyrir framangreinda flokkun, sem notuð er af opinberum aðilum vegna eftirlits með markaðinum, má til einföldunar segja að Vodafone skipti fjarskiptaþjónustu sinni í fernt eftir eðli þeirrar þjónustu sem veitt er: farsíma, talsíma á fastaneti[21], gagnaflutninga og sjónvarp. Grunnburðarleiðir þjónustu félagsins eru tvær, annars vegar farsími og hins vegar fastlína, og er þjónustan ýmist veitt um báðar burðarleiðirnar eða eingöngu aðra, líkt og sjá má á mynd 1.

Mynd 1: Burðarleiðir og vöruframboð Vodafone

| Burðarleið | Þjónustuþáttur | Endabúnaður | |
|---|---|---|---|
| *Farsími* | Áskrift<br>Frelsi | GSM símar | Snjallsímar<br>3G símar<br>GSM símar |
| | GPRS/3G | Nettenglar | USB lyklar<br>Nettölvur |
| *Fastlína* | Heimasími | Borðsímar | |
| | Internet<br>Sjónvarp | Netbeinar | Myndlyklar |

### 4.5.1. Stærð fjarskiptamarkaðarins á Íslandi

Póst- og fjarskiptastofnun birtir tvisvar á ári upplýsingar um helstu lykilstærðir íslenska fjarskiptamarkaðarins. Tölurnar eru brotnar niður, meðal annars á markaðshlutdeild og fjölda- og magntölur ólíkra þátta markaðarins, en helstu stærðir íslenska fjarskiptamarkaðarins á fyrri árshelmingi 2012 má sjá í töflu 2.

Tafla 2: Helstu stærðir íslenska fjarskiptamarkaðarins m.v. 30. júní 2012[22]

| | |
|---|---|
| Heildarfjöldi aðgangslína í fastaneti (e. *fixed network subscriptions*) | 155.454 |
| *Þar af á kopar* | *132.899* |
| *Þar af á ljósleiðara* | *19.303* |
| *Þar af netsímar og almenningssímar* | *3.252* |
| Heildarfjöldi farsímaáskrifta (e. *total mobile subscriptions*) | 393.099 |
| *Þar af 3G kort* | *210.022* |
| Heildarfjöldi internettenginga (e. *total internet subscriptions*) | 111.066 |
| *Þar af um ljósleiðara* | *21.028* |
| *Þar af um xDSL* | *88.331* |
| *Þar af um örbylgju og gervihnetti* | *1.707* |

Á árinu 2011 voru heildartekjur[23] af þeim þjónustuþáttum fjarskiptamarkaðarins sem Vodafone keppir á 30.168 m.kr.[24] eins og sjá má í töflu 3.

[21] Í daglegu tali nefnt heimasími eða borðsími.

[22] Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn á fyrri helmingi ársins 2012*, sem nálgast má á www.pfs.is.

[23] Sleppt er tölum um tekjur af fastaneti sem og liðnum *aðrar tekjur*. Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2011*, sem nálgast má á www.pfs.is.

[24] Viðskipti milli fyrirtækja innan sömu samstæðu (intra-group transactions) hafa ekki verið felld út. Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2011*, sem nálgast má á www.pfs.is.

Tafla 3: Heildartekjur af völdum þjónustuþáttum fjarskiptamarkaðarins árið 2011

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | |
|---|---|
| Talsímarekstur | 7.005 |
| Farsímarekstur | 15.616 |
| Gagnaflutningur og internetþjónusta | 7.547 |
| **Heildartekjur þjónustuþátta fjarskiptamarkaðarins sem Vodafone keppir á** | **30.168** |

### 4.5.2. Helstu markaðir og þjónustuframboð Vodafone

Vodafone býður heildstæða fjarskiptaþjónustu til einstaklinga jafnt sem fyrirtækja, sem skiptist líkt og áður greinir í fernt. 47% tekna félagsins eru tilkomnar vegna einstaklinga en 53% vegna fyrirtækja. Fjöldi fyrirtækja í viðskiptum við félagið hefur vaxið jafnt og þétt og voru þau í lok september 2012 6.761 talsins en 5.364 í árslok 2009.

Örar breytingar hafa einkennt fjarskiptamarkaðinn undanfarin ár. Samhliða aukinni snjallsíma- og smátölvuvæðingu hefur notkun neytenda á fjarskiptaþjónustu breyst. Þannig hefur talsverð aukning verið í gagnaflutningi um farsímakerfi á heimsvísu[25]. Á sama tíma hefur hefðbundnum fastlínutengingum um kopar fækkað[26] og þær í auknum mæli flust yfir á ljósleiðara (e. *Voice over IP*). Þá á sér einnig stað í auknum mæli samþætting þjónustuþátta og er þar átt við samruna hinna hefðbundnu fjarskiptaleiða; fastlínu, farsíma og internets. Dæmi um þetta er samþætting á símtölum úr fastanetinu í farsímanetið og á sjónvarps- og netþjónustu.

Hröð uppbygging fastlínukerfis hefur einnig orðið á undanförnum árum með aukinni ljósleiðaravæðingu heimila. Gagnaveita Reykjavíkur og Míla hafa hvort um sig fjárfest umtalsvert í ljósleiðaranetum á höfuðborgarsvæðinu sem ná ýmist inn í hús (e. *fiber to the home*) eða að þar til gerðum götuskápum (e. *fiber to the curb*) þaðan sem hefðbundnar koparlínur taka við flutningi inn í hús. Þá hafa aðrar gagnaveitur einnig ljósleiðaravætt aðra hluta landsins. Ljósleiðari eykur gagnaflutningshraða umtalsvert og því hefur þessi víðtæka ljósleiðaravæðing gert fjarskiptafyrirtækjum kleift að breikka vöruframboð sitt. Yfirlit yfir þjónustu- og vöruframboð Vodafone má sjá á mynd 2.

Mynd 2: Þjónustuframboð Vodafone

| Þjónustuþáttur | Vara | Valmöguleikar |
|---|---|---|
| *Fastlína* | Heimasími | Kopar<br>Ljósleiðari |
| | Fyrirtækjasími | ISDN<br>Stofntengingar<br>Símaský |
| *Farsími* | Áskrift<br>Frelsi<br>Netið í símann | |
| *Gagnaflutningur* | ADSL<br>Ljósleiðari<br>3G í tölvuna<br>MetroNet | |

[25] Heimild: Cisco Visual Networking Index: Forecast and Methodology, 2011-1016, sjá á http://www.cisco.com/en/US/solutions/collateral/ns341/ns525/ns537/ns705/ns827/white_paper_c11-481360_ns827_Networking_Solutions_White_Paper.html.

[26] Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn á fyrri helmingi ársins 2012*, sem nálgast má á www.pfs.is.

| | |
|---|---|
| *Sjónvarp* | Vodafone Digital Ísland<br>Vodafone IPTV |
| *Önnur starfsemi* | Leigulínur<br>Heildsala<br>Útlandasambönd<br>Þjónustutekjur<br>Vörusala |

***Fastlína***

Vodafone býður einstaklingum og fyrirtækjum aðgang að síma og símstöðvum, ýmist um kopar eða ljósleiðara. Fyrirtæki geta valið um þrjár leiðir, allt eftir stærð og umfangi; ræðst valið af fjölda talrása sem óskað er. Ein þessara lausna er Símaský Vodafone en með því býðst fyrirtækjum að útvista símkerfum sínum og spara sér þannig bæði rekstrarkostnað og fjárfestingu.

Í lok júní 2012 nýttu 61% fastlínuviðskiptavina hefðbundna kopartækni, 36% ISDN og 3% ljósleiðara.

***Farsímar***

Viðskiptavinir Vodafone geta valið úr fjölda leiða til að nota farsíma sína. Í grunninn stendur valið á milli áskriftar eða fyrirframgreiddrar notkunar með frelsi og eru nokkrar útfærslur í boði á hvorri leiðinni sem valin er. Þá býðst viðskiptavinum með snjallsíma netaðgangur í gegnum símann, ýmist með föstu daggjaldi sem hentar þeim sem fara lítið á netið í símanum eða stærri gagnamagnspakka sem hentar hverjum og einum.

Í lok júní 2012 voru 63% farsímanotenda í áskrift en 37% nýttu frelsi.

***Gagnaflutningur***

Framboð gagnatenginga Vodafone er þrenns konar: ADSL, ljósleiðari og 3G. ADSL er í boði um allt land en ljósleiðaratengingar eru enn sem komið er að mestu bundnar við höfuðborgarsvæðið og ákveðin bæjarfélög á landsbyggðinni. 3G neti Vodafone má tengjast nánast hvar sem er með þar til gerðu korti.

Í lok júní 2012 tengdust 63% gagnaflutningsnotenda með ADSL en 37% um ljósleiðara.

***Sjónvarp***

Vodafone á og rekur stærsta sjónvarpsdreifikerfi á Íslandi, Vodafone Digital Ísland, og nær það til 99,3% landsmanna. Valið stendur á milli hefðbundins myndlykils (SD) og háskerpumyndlykils (HD). Þá rekur Vodafone einnig IPTV dreifikerfi þar sem nálgast má allt hefðbundið útsent efni auk þess sem leigja má margvíslegt afþreyingarefni í gegnum leigukerfi (VoD) félagsins Leiguna.

Í lok júní 2012 nýttu 55% sjónvarpsnotenda dreifikerfi Digital Ísland en 45% tengdust við IPTV dreifikerfið.

***Önnur starfsemi***

Til viðbótar við hefðbundna fjarskiptaþjónustu sína, sem lýst hefur verið að ofan, er Vodafone söluaðili ýmiss konar endabúnaðar og má þar nefna símtæki, myndlykla og netbeina. Þá býður félagið einnig öðrum fjarskiptafyrirtækjum afnot af fjarskiptakerfum sínum í gegnum heildsölu. Heildsala Vodafone hefur einnig umsjón með ýmsum sérverkefnum eins og flutningskerfi fyrir efnisveitur sjónvarps og útvarps og samtengingu netkerfa innan- og utanlands.

### 4.5.3. Starfsemi P/F Kall (Vodafone Færeyjar)

Í Færeyjum býður dótturfélag útgefanda, P/F Kall, þjónustu sína undir vörumerkinu Vodafone Færeyjar og er það annað tveggja fjarskiptafyrirtækja í Færeyjum. Hjá félaginu starfa 34 starfsmenn. Fyrirtækið hefur starfað í ellefu ár og býður, líkt og móðurfélagið á Íslandi, heildstæða fjarskiptaþjónustu á sviði fastlínu, farsíma og gagnaflutnings. Þannig býður Vodafone Færeyjar bæði farsímaþjónustu í áskrift og í gegnum fyrirframgreidda

þjónustu, fastlínuþjónustu til bæði einstaklinga og fyrirtækja og gagnaflutningsþjónustu um ADSL og 3G, en ljósleiðaravæðing Færeyja er skammt á veg komin.

### 4.5.4. Tekjur Vodafone

Vodafone hefur tekjur á Íslandi og í Færeyjum. Skipting teknanna eftir landfræðilegum mörkuðum fyrir tímabilin sem sögulegu fjárhagslegu upplýsingarnar ná yfir eru útlistaðar að neðan.

Tafla 4: Tekjur eftir landfræðilegum mörkuðum í íslenskum krónum[27]

| **Landssvæði** *Fjárhæðir eru í m.ISK* | | 2012 01.01.-30.09. | 2011 01.01.-30.09. | 2011 01.01.-31.12. | 2010 01.01.-31.12. | 2009 01.01.-31.12. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ísland | | 8.377 | 8.040 | 10.766 | 10.641 | 11.458 |
| Færeyjar | | 1.463 | 1.471 | 1.956 | 1.996 | 2.049 |
| | Samtals | 9.840 | 9.511 | 12.722 | 12.637 | 13.507 |

Tafla 5: Tekjur eftir þjónustuþáttum[28]

| **Þjónustuþáttur** *Fjárhæðir eru í m.ISK* | | 2012 01.01.-30.09. | 2011 01.01.-30.09. | 2011 01.01.-31.12. | 2010 01.01.-31.12. | 2009 01.01.-31.12. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fastlína | | 1.230 | 1.291 | 1.717 | 1.738 | 1.823 |
| Farsími | | 3.412 | 3.465 | 4.554 | 4.825 | 5.401 |
| Gagnaflutningur | | 1.708 | 1.491 | 2.039 | 1.856 | 1.853 |
| Sjónvarp | | 735 | 630 | 856 | 637 | 459 |
| Aðrar tekjur | | 1.546 | 1.502 | 2.019 | 2.109 | 2.182 |
| Færeyjar | | 1.463 | 1.471 | 1.956 | 1.996 | 2.110 |
| | *Samstæðujöfnun* | *(254)* | *(339)* | *(419)* | *(524)* | *(321)* |
| | Samtals | 9.840 | 9.511 | 12.722 | 12.637 | 13.507 |

## 4.6. Helstu samkeppnisaðilar Vodafone

### 4.6.1. Síminn

Stærsti samkeppnisaðili Vodafone er Síminn. Fyrirtækið var stofnað árið 1906 af íslenska ríkinu og starfaði framan af undir einkaleyfi þess til fjarskiptareksturs. Er því ekki er óvarlegt að álykta að Síminn hafi haft töluvert forskot við upphaf samkeppni á fjarskiptamarkaði árið 1998. Með tímanum hefur Vodafone þó tekist að veita Símanum öfluga samkeppni, t.a.m. með rekstri eigin GSM kerfis og markvissri uppbyggingu á eigin fastlínukerfi neytendum til hagsbóta.

Í kjölfar einkavæðingar komst Síminn í eigu Skipta hf. Á árinu 2007 var félaginu skipt upp í tvö félög, Símann sem veitir alhliða fjarskiptaþjónustu og Mílu sem annast rekstur grunnnetsins og annarra fjarskiptakerfa.

Síminn er alhliða fjarskiptafyrirtæki og býður fastlínu-, farsíma- og internetþjónustu. Þá hefur Síminn fært út kvíarnar á upplýsingatæknimarkaði með hýsingu á kerfum. Míla rekur eins og áður segir grunnnetið og önnur fjarskiptakerfi samstæðunnar. Helsti samkeppnisstyrkur samstæðunnar liggur í stærð, aldri, fastlínukerfi og breiðu vöru- og þjónustuframboði.

[27] Tölur fyrir Færeyjar eru umreiknaðar í íslenskar krónur á meðalgengi viðkomandi tímabils.

[28] Tölur fyrir Færeyjar eru umreiknaðar í íslenskar krónur á meðalgengi tímabilsins, en vegna jöfnunar aukastafa er ekki víst að samtölur stemmi.

Síminn hefur misst markaðshlutdeild á farsímamarkaði á undanförnum árum. Eftir sem áður er markaðsstaða hans á fastlínumarkaði afar sterk eins og ráða má af töflu 6 í útgefandalýsingu þessari. Síminn á annað af tveimur dreifikerfum fyrir stafrænt sjónvarp á Íslandi.

#### 4.6.2. Nova

Nova ehf. kom inn á farsímamarkaðinn undir lok árs 2007 og hófst markaðssókn þess af fullum krafti í byrjun árs 2008. Þrátt fyrir rólega byrjun hefur Nova vaxið hratt undanfarin ár. Aðalmarkhópur Nova hefur verið ungt fólk í frelsisþjónustu og einbeitti félagið sér nær eingöngu að þeim hópi í upphafi. Tilboð Nova, að hringja endurgjaldslaust „Nova-í-Nova", reyndist vel heppnað og markaðshlutdeild þess í framangreindum markhópi er orðin sterk.

Nova á og rekur eigið 3G farsíma- og netkerfi sem nær nú til 93% landsmanna. Í september 2011 fékk Nova 4G tilraunaleyfi. Þar sem 3G þjónustusvæði Nova sleppir hefur fyrirtækið gert reikisamning við Fjarskipti um að þjónusta viðskiptavini sem þá tengjast í gegnum fjarskiptakerfi Fjarskipta.

#### 4.6.3. Tal

Hive og Ódýra símafélagið (SKO), þá í eigu forvera Vodafone, Og fjarskipta ehf., sameinuðust árið 2008 undir gömlu vörumerki; Tal. Félagið náði góðum árangri á sínum fyrstu árum en hefur tapað markaðshlutdeild að undanförnu eins og ráða má af töflu 6 í útgefandalýsingu þessari.

Tal býður upp á heildstæða fjarskiptaþjónustu fyrir heimili en hefur lítið sótt á fyrirtækjamarkað.

Tal á ekki eigin fjarskiptakerfi en rekur þess í stað sýndarnet fyrir farsímaþjónustu í gegnum farsímakerfi Símans og Vodafone og endurselur fastlínuþjónustu Símans og Vodafone undir sínu nafni.

#### 4.6.4. Aðrir aðilar

Nokkur önnur fyrirtæki eru starfandi á íslenskum fjarskiptamarkaði með mismunandi styrk og markaðsstöðu.

Alterna hóf starfsemi á árinu 2008 og náði nokkurri markaðshlutdeild í upphafi en hefur dregið úr markaðssetningu hin síðari ár. Alterna veitir þjónustu sína í gegnum fyrirtækið IMC Ísland ehf. IMC Ísland starfrækir eigin símkerfi og dreifikerfi á landsbyggðinni en er auk þess með reikisamninga við bæði Símann og Vodafone.

Hringdu er lítið alhliða fjarskiptafyrirtæki sem býður einstaklingum og fyrirtækjum upp á farsíma, fastlínu og internet. Fyrirtækið rekur ekki eigin fjarskiptakerfi heldur kaupir þá þjónustu í heildsölu af Vodafone, Gagnaveitu Reykjavíkur og Símanum.

Símafélagið var stofnað í lok ágúst 2008 og hóf starfsemi síðar um haustið. Símafélagið er óháð félag og alfarið í eigu starfsmanna Símafélagsins. Símafélagið hefur byggt upp eigið dreifikerfi á höfuðborgarsvæðinu sem hefur stækkað jafnt og þétt. Síma- og netþjónustu annars staðar á landinu veitir Símafélagið með því að nýta dreifikerfi annarra fjarskiptafyrirtækja og sérhæfir það sig í þjónustu við fyrirtæki þó að einstaklingar séu einnig í viðskiptum.

Framangreind fyrirtæki eru samtals með 2-4% hlutdeild á fjarskiptamörkuðum þeim sem Póst- og fjarskiptastofnun skilgreinir.[29]

[29] Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn á fyrri helmingi ársins 2012* sem nálgast má á www.pfs.is.

### 4.6.5. Markaðshlutdeild á fjarskiptamörkuðum

Póst- og fjarskiptastofnun birtir í skýrslunni *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn* upplýsingar um markaðshlutdeild fjarskiptafyrirtækja, meðal annars fyrir fastlínu-, farsíma- og internetþjónustu.

Tafla 6: Markaðshlutdeild fjarskiptafyrirtækja eftir þjónustuþáttum í árslok[30, 31]

| **Fastlína**[32] | 30.06. 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|
| Síminn | 74,6% | 73,6% | 73,6% | 73,7% |
| Vodafone | 16,5% | 17,7% | 16,8% | 17,5% |
| Tal | 7,2% | 8,3% | 9,6% | 8,8% |
| Nova | ... | 0,3% | ... | ... |
| Aðrir | 1,6% | 0,1% | 0,0% | ... |
| Samtals | 100% | 100% | 100% | 100% |

| **Farsími** | 30.06. 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|
| Síminn | 39,0% | 39,7% | 41,8% | 45,3% |
| Vodafone | 28,8% | 29,3% | 30,9% | 30,6% |
| Tal | 4,6% | 5,0% | 4,5% | 6,0% |
| Nova | 27,2% | 25,8% | 22,0% | 18,1% |
| Aðrir | 0,4% | 0,3% | 0,8% | ... |
| Samtals | 100% | 100% | 100% | 100% |

| **Internetþjónusta** | 30.06. 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|
| Síminn | 50,7% | 50,6% | 52,2% | 51,8% |
| Vodafone | 32,1% | 31,8% | 30,4% | 29,2% |
| Tal | 9,1% | 10,4% | 12,7% | 13,7% |
| Hringdu | 3,4% | ... | ... | ... |
| Aðrir | 4,7% | 7,2% | 4,7% | 5,3% |
| Samtals | 100% | 100% | 100% | 100% |

[30] Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2011* og *Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn á fyrri helmingi ársins 2012*, sem báðar má nálgast á www.pfs.is. Allar tölur í töflunum eru birtar óbreyttar og í samræmi við skýrslur Póst- og fjarskiptastofnunar.

[31] Merking með „ ..." þýðir ýmist að félagið sem um ræðir mælist ekki eða að það bjóði ekki umrædda þjónustu.

[32] Tölur um markaðshlutdeild ná einungis til hefðbundinna kopartenginga en ekki þjónustu sem veitt er yfir ljósleiðara.

# 5. Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Fjarskipta eru í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og leiðbeiningar um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands, Kauphöllin og Samtök Atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Stjórn félagsins tók ákvörðun um að fylgja framangreindum leiðbeiningum á fundi sínum 2. maí 2012.

Stjórn Fjarskipta hefur látið gera sérstaka úttekt á stjórnarháttum félagsins með hliðsjón af fyrrnefndum leiðbeiningum og var hún framkvæmd af KPMG í júní 2012.

Vikið er að atriðum þar sem Fjarskipti teljast ekki uppfylla ákvæði leiðbeininga um stjórnarhætti síðar í þessum kafla.

Stjórn birti yfirlýsingu um stjórnarhætti félagsins á vef þess, www.vodafone.is, þann 15. nóvember 2012. Þar má einnig finna núgildandi samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar, starfskjarastefnu, upplýsingar um stjórnarmenn, forstjóra og framkvæmdastjórn, endurskoðaða ársreikninga síðustu þriggja fjárhagsára, endurskoðað uppgjör fyrstu sex mánaða ársins 2012, kannað uppgjör fyrstu níu mánaða ársins 2012 og fjárhagsdagatal.

## 5.1. Samantekt á ákvæðum samþykkta Fjarskipta

Í samþykktum félagsins er nánar kveðið á um stjórnarhætti þess sem og í gildandi starfsreglum stjórnar sem samþykktar voru 14. september 2012. Samþykktir félagsins, dagsettar 9. nóvember 2012, kveða á um hluthafafundi í 3. kafla, um stjórn félagsins og forstjóra í 4. kafla og um reikningshald og endurskoðun í 5. kafla. Núgildandi samþykktir Fjarskipta eru hluti af útgefandalýsingu þessari og má finna í kafla 8 *Samþykktir útgefanda* í útgefandalýsingu þessari.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda. Rétt til að sækja hluthafafundi hafa hluthafar, ráðgjafar þeirra og umboðsmenn, enda framvísi þeir skriflegu og dagsettu umboði á fundinum. Þá hafa endurskoðandi félagsins og forstjóri rétt til setu á fundum, jafnvel þótt þeir séu ekki hluthafar. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu og ræður afl atkvæða úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum félagsins eða landslögum.

Hluthafafundi skal halda þegar stjórn telur þess þörf, samkvæmt ályktun hluthafafunda, þegar kjörnir endurskoðendur krefjast þess eða þegar hluthafar, sem ráða minnst 1/10 (einum tíunda) hlutafjárins, krefjast þess skriflega með tilvísun í fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórn boða til fundar innan fjórtán daga.

Til hluthafafunda skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í dagblaði með sjö daga fyrirvara, nema fram fari stjórnarkjör en þá skal fresturinn vera fjórtán dagar. Eftir töku hlutabréfa félagins til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu bæði hluthafa- og aðalfundir boðaðir með þriggja vikna fyrirvara hið minnsta.

Aðalfund ber að halda fyrir lok maímánaðar ár hvert. Til aðalfundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í dagblöðum með skemmst tveggja vikna fyrirvara en með þriggja vikna fyrirvara eftir töku bréfa félagsins til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Endanleg dagskrá aðalfundar, tillögur og ársreikningar félagsins sem samþykkja skal á fundinum skulu liggja frammi, hluthöfum til sýnis, á skrifstofu félagsins þremur vikum fyrir fund hið minnsta.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir hann. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum.

Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið. Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Aðalfundur kýs árlega fimm aðila í stjórn félagsins og tvo í varastjórn sem skulu tilgreindir sem fyrsti og annar varamaður. Um hæfi stjórnarmanna og búsetu vísast til 66. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal. Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 (einum tíunda) hlutafjár krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við stjórnarkjör. Sé krafist bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar skal beita margfeldiskosningu. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal stjórn kjósa formann og ákveða verkaskiptingu að öðru leyti. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Fund skal og halda ef einhver stjórnarmanna, forstjóri eða endurskoðendur krefjast þess.

Stjórn ræður forstjóra félagsins og ákveður laun hans og önnur starfskjör auk þess að veita honum heimild til að rita firma félagsins. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og skal stýra honum í samræmi við stefnu og fyrirmæli stjórnar. Ráðstafanir, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar, getur forstjóri aðeins gert með samþykki stjórnar.

## 5.2. Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Stjórn hefur ákveðið að innleiða og framfylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands, Kauphöllin og Samtök Atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Ákvörðun þar að lútandi var tekin á fundi stjórnar þann 2. maí 2012 og stefnt er að fullri innleiðingu þeirra fyrir árslok 2013. Þar sem skammur tími er liðinn frá ákvörðuninni eru til staðar atriði þar sem útgefandi telst enn víkja frá leiðbeiningunum og eru frávikin, með tilvísan í leiðbeiningarnar, eftirfarandi:

Grein 2.1 er svohljóðandi:

> *„Stjórn félagsins ber meginábyrgð á rekstri félagsins þar sem hún fer með æðsta vald þess á milli hluthafafunda".*

Enn fremur segir undir þessum lið:

> *„Stjórnin skal tryggja skýra skilgreiningu og skiptingu ábyrgðar á rekstri, framfylgni stefnu og markmiðum félagsins innan allra eininga þess."*

Í starfsreglum stjórnar hefur stjórn ekki tilgreint hvaða ákvarðanir teljast vera óvenjulegar eða mikilsháttar en í ráðningarsamningi forstjóra félagsins kemur fram að öll málefni sem teljast meiriháttar skuli forstjóri leggja fyrir stjórn félagsins áður en ákvörðun er tekin og er þar ýmislegt tiltekið. Stjórn mun skilgreina ofangreint í sérstökum viðauka við ráðningarsamning forstjóra og er gert ráð fyrir að hann verði lagður fram til samþykktar á næstu mánuðum.

Grein 2.3 er svohljóðandi:

> *„Stjórn félagsins skal leitast við að eiga reglulega umræður um hvernig hún hyggst haga störfum sínum, hvar áherslur skuli liggja, hvaða samskipta- og verklagsreglur skuli hafðar í heiðri og hver meginmarkmið stjórnarstarfsins séu."*

Enn fremur segir undir þessum lið:

> *„Stjórnarstarfið á almennt að fara fram á stjórnarfundum. Komi til samskipta milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og stjórnenda félagsins utan stjórnarfunda skal upplýst um þau við upphaf næsta stjórnarfundar varði þau hagi félagsins."*

Í fundargerðum stjórnar er ekki að finna bókanir vegna óformlegra samskipta á milli funda. Stjórn hefur uppfært starfsreglur sínar í þessa veru og munu fundargerðir framvegis innihalda upplýsingar, og eftir því sem við á bókanir, um slík samskipti.

Grein 2.7 er svohljóðandi:

> *„Stjórn félagsins ber ábyrgð á að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé reglubundið sannreynd. Æskilegt er að stjórnin skilgreini a.m.k. árlega þá áhættuþætti sem mikilvægast er að félagið takist á við."*

Í starfsreglum stjórnar kemur fram að stjórn skuli bera ábyrgð á að skilgreina helstu áhættur í starfi félagsins og að slíkt mat skuli uppfært a.m.k. árlega með tilliti til þeirra áhættuþátta sem mikilvægast er að takast á við. Stjórn hefur falið forstjóra og framkvæmdastjórn félagsins ábyrgð á að meta og stýra áhættu í daglegum rekstri. Til staðar er áhættustefna fyrir afmarkaða þætti í starfseminni en engin heildaráhættustefna. Þá hafa vátryggingar, fjárhagsleg áhætta og öryggisfrávik verið kynnt stjórn reglubundið. Umfjöllun um heildstæða áhættustefnu og áhættuviðmið liggur fyrir og er á dagskrá stjórnar í nóvember 2012bíður samþykkis. Gert er ráð fyrir að framangreint verði samþykkt af stjórn félagsins á fyrsta ársfjórðungi ársins 2013.

Grein 2.9 er svohljóðandi:

> *„Stjórn skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda, frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda. Stjórn skal yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið þess."*

Stjórn Fjarskipta framkvæmdi ekki formlegt árangursmat fyrir árin 2009, 2010 og 2011. Það er hins vegar ákvörðun stjórnar að slíkt mat verði framkvæmt framvegis, í fyrsta sinn fyrir árið 2012.

Stjórn Fjarskipta telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varðar óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Þannig er enginn stjórnarmanna háður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Þá eru fjórir af núverandi stjórnarmönnum óháðir stórum hluthöfum félagsins. Stjórnarformaður félagsins Þór Hauksson sem og Kristinn Pálmason, annar varamaður í stjórn, eru starfsmenn Framtakssjóðs Íslands sem fer með 79,7% hlutafjár í félaginu.

## 5.3. Undirnefndir stjórnar

### 5.3.1. Endurskoðunarnefnd

Stjórn Fjarskipta skipaði endurskoðunarnefnd stjórnar á fundi sínum þann 2. maí 2012. Jafnframt var samþykkt að greitt yrði sérstaklega fyrir setu í nefndinni. Endurskoðunarnefnd stjórnar skipa stjórnarmennirnir Erna Eiríksdóttir og Helga Viðarsdóttir og annar varamaður í stjórn Kristinn Pálmason. Fyrsti fundur endurskoðunarnefndar var haldinn þann 14. júní 2012. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja vandaða umfjöllun og eftirlit með fjárhag félagsins, gæðum ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins sem og eftirlit með óhæði endurskoðenda félagsins. Til að markmið nefndarinnar náist skal hún hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila sem og fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits. Úttekt KPMG á stjórnarháttum útgefanda staðfestir að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti um óhæði nefndarmanna endurskoðunarnefndar sé fullnægt. Nefndarmenn þiggja greiðslu fyrir setu í endurskoðunarnefnd og nemur hún 75.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

### 5.3.2. Starfskjaranefnd

Stjórn Fjarskipta skipaði einnig starfskjaranefnd stjórnar á fundi sínum þann 2. maí 2012. Jafnframt var samþykkt að greitt yrði sérstaklega fyrir setu í nefndinni. Starfskjaranefnd stjórnar skipa stjórnarmennirnir Þór Hauksson og Vilmundur Jósefsson og Anna Guðný Aradóttir[33]. Fyrsti fundur starfskjaranefndar var haldinn þann 24. ágúst 2012. Hlutverk nefndarinnar er að móta stefnu í kjaramálum félagsins, undirbúa tillögur til stjórnar varðandi laun forstjóra og æðstu stjórnenda félagsins, taka afstöðu til áhrifa launa á áhættuþætti félagsins sem og að mynda heildstæða starfskjarastefnu fyrir félagið og hafa eftirlit með eftirfylgni við hana. Úttekt KPMG á stjórnarháttum útgefanda staðfestir að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti um óhæði nefndarmanna starfskjaranefndar sé fullnægt. Gildandi starfskjarastefna Fjarskipta var samþykkt á hluthafafundi þann 29. ágúst 2012 og er hún birt á vef félagsins, www.vodafone.is. Nefndarmenn þiggja greiðslu fyrir setu í starfskjaranefnd og nemur hún 75.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

### 5.3.3. Regluvörður

Stjórn hefur skipað Guðjón Bjarna Hálfdánarson regluvörð félagsins en Guðjón Bjarni er lögfræðingur félagsins. Þá hefur stjórn skipað Hrönn Sveinsdóttur, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs, sem staðgengil regluvarðar. Hlutverk regluvarðar er að hafa umsjón með að reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé framfylgt hjá félaginu.

## 5.4. Stjórn

Stjórn Fjarskipta er skipuð eftirtöldum aðilum sem kjörnir voru til eins árs á aðalfundi félagsins þann 4. apríl 2012 utan Önnu Guðnýjar Aradóttur sem var fyrst kjörin varamaður í stjórn á hluthafafundi þann 29. ágúst 2012 en tók síðar sæti Reimars S. Péturssonar sem aðalmaður á hluthafafundi þann 9. nóvember 2012.

Starfsstöð stjórnar er að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík.

### Formaður stjórnar

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Þór Hauksson |
| *Fæðingardagur:* | 19. mars 1972 |
| *Aðalstarf:* | Fjárfestingastjóri hjá Framtakssjóði Íslands |
| *Heimilisfang starfsstöðvar:* | Lágmúli 9, 108 Reykjavík |
| *Menntun:* | MBA gráða með áherslu á fjármál frá Háskólanum í Reykjavík 2007, M.A. gráða í stjórnmála- og hagfræði með áherslu á Evrópuhagfræði frá University of Hull 1998, B.A. gráða í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands 1995 |
| *Fyrst kjörinn:* | 24. janúar 2011 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | N1 hf. og Advania hf. |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | Icelandic Group hf., Teymi hf., Eignarhaldsfélagið Vestia hf., Húsasmiðjan hf., Skógarholt ehf. og Holtavegur 10 ehf. |
| *Starfsreynsla:* | Fjárfestingastjóri hjá Framtakssjóði Íslands frá 2010, annar tveggja yfirmanna viðskiptaþróunar hjá Skiptum hf. 2006–2010, fjárfestingastjóri hjá Straumi fjárfestingabanka hf. 2001–2006, sjóðstjóri hjá Kaupþingi hf. 1998–2001, sérfræðingur á starfsmannasviði hjá fjármálaráðuneytinu 1995–1997. |

[33] Anna Guðný kom inn í nefndina þann 29. ágúst 2012.

## Stjórnarmaður

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Anna Guðný Aradóttir |
| *Fæðingardagur:* | 11. janúar 1956 |
| *Aðalstarf:* | Forstöðumaður markaðs- og samskiptadeildar Samskipa hf. |
| *Heimilisfang starfsstöðvar:* | Kjalarvogur 7–15, 104 Reykjavík |
| *Menntun:* | MBA, Háskólinn í Reykjavík 2007, viðskipta- og rekstrarnám frá Endurmenntun Háskóla Íslands lokið 1996, nám í sálfræði við Háskóla Íslands á árunum 1977–1979 |
| *Fyrst kjörinn:* | 29. ágúst 2012 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | Stafir lífeyrissjóður (varaformaður stjórnar) |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | Icelandair Group hf., (varamaður), Stafir lífeyrissjóður (varamaður) og Hljóðfærahúsið ehf. (varamaður). |
| *Starfsreynsla:* | Forstöðumaður markaðs- og samskiptadeildar Samskipa frá 2000, forstöðumaður Landflutninga 1996–2000, aðstoðarmarkaðsstjóri Stöðvar 2 1991–1996, framkvæmda- og sölustjóri Úrvals-Útsýnar 1989–1991. |

## Stjórnarmaður

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Erna Eiríksdóttir |
| *Fæðingardagur:* | 11. september 1963 |
| *Aðalstarf:* | Forstöðumaður fjárfestatengsla hjá Eimskip |
| *Heimilisfang starfsstöðvar:* | Korngarðar 2, 104 Reykjavík |
| *Menntun:* | Próf í verðbréfaviðskiptum frá Háskólanum í Reykjavík 2008, MBA gráða frá Háskólanum í Reykjavík 2007, Cand.Oecon. frá viðskiptadeild Háskóla Íslands 1987, |
| *Fyrst kjörinn:* | 4. apríl 2012 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | Íslandssjóðir hf. og Advania hf. (varamaður). |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | Íslandssjóðir hf. (varamaður), Íslensk jarðhitatækni ehf., HydroKraft Invest ehf., Íslenskur djúpdælubúnaður ehf., Landsvirkjun Power ehf. (framkvæmdastjórn) |
| *Starfsreynsla:* | Forstöðumaður fjárfestatengsla hjá Eimskip frá 2012, fjármálastjóri hjá Landsvirkjun Power ehf. 2008–2011, ýmis stjórnunarstörf hjá Eimskip 1990–2005, fjármálastjóri hjá Reykvískri endurtryggingu hf., 1989–1990. |

### Stjórnarmaður

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Helga Viðarsdóttir |
| *Fæðingardagur:* | 16. janúar 1974 |
| *Aðalstarf:* | Markaðsstjóri Norræna hússins |
| *Heimilisfang starfsstöðvar:* | Sturlugata 5, 101 Reykjavík |
| *Menntun:* | M.S. gráða í viðskipta- og markaðsfræði frá Viðskiptaháskólanum í Árósum 2003, B.S. í rekstrarfræði frá Háskólanum á Akureyri 1999 |
| *Fyrst kjörinn:* | 2. mars 2011 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | Helga situr í stjórn Trico hf. (meðeigandi) |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | Scandinavian Outdoor Group |
| *Starfsreynsla:* | Markaðsstjóri Norræna hússins frá 2011, framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá 66°N 2007–2011, verkefnastjóri fjármáladeildar Landspítala–Háskólasjúkrahúss 2007, framkvæmdastjóri Trico hf. 2003–2006. |

### Stjórnarmaður

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Vilmundur Jósefsson |
| *Fæðingardagur:* | 24. ágúst 1949 |
| *Aðalstarf:* | Framkvæmdastjóri Svartár ehf. |
| *Heimilisfang starfsstöðvar:* | Valhúsabraut 1, 170 Seltjarnarnes |
| *Menntun:* | Cand. Oecon. gráða í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1975 |
| *Fyrst kjörinn:* | 4. apríl 2012 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | Samtök atvinnulífsins, Svartá ehf., MP Banki hf., Stáss ehf. og Handverk og Hönnun |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | Engin önnur en núverandi en Vilmundur hefur mikla reynslu af stjórnarsetu í margvíslegum fyrirtækjum og félögum, svo sem Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins þar sem hann gegndi stöðu stjórnarformanns. Auk þess hefur hann átt sæti í stjórnum Félags íslenskra iðnrekenda og Vinnuveitendasambands Íslands. |
| *Starfsreynsla:* | Framkvæmdastjóri Svartár ehf. frá 2011. framkvæmdastjóri Gæðafæðis ehf. 1996–2011, sæti í framkvæmdastjórn Business Europe frá 2010. |

## Fyrsti varamaður í stjórn

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Hildur Dungal |
| *Fæðingardagur:* | 14. maí 1971 |
| *Aðalstarf:* | Lögfræðingur, sjálfstætt starfandi |
| *Heimilisfang starfsstöðvar:* | Blikanes 28, 210 Garðabær |
| *Menntun:* | Cand. jur. gráða í lögfræði frá Háskóla Íslands 2000 |
| *Fyrst kjörinn:* | 9. nóvember 2012 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | Nýherji hf. (aðalmaður) |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | Sparisjóður Norðfjarðar |
| *Starfsreynsla:* | Forstjóri Útlendingastofnunar 2005-2008, lögfræðingur hjá Útlendingastofnun 2003-2005, deildarstjóri hjá Tollstjóranum í Reykjavík 2000-2003. |

## Annar varamaður í stjórn

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Kristinn Pálmason |
| *Fæðingardagur:* | 8. apríl 1980 |
| *Aðalstarf:* | Fjárfestingastjóri hjá Framtakssjóði Íslands |
| *Heimilisfang starfsstöðvar:* | Lágmúli 9, 108 Reykjavík |
| *Menntun:* | M.S. gráða í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík 2010 og B.S. gráða í viðskiptafræði frá sama skóla 2003 |
| *Fyrst kjörinn:* | 2. mars 2011 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | Plastprent ehf., N1 hf. (varamaður), Promens hf. (varamaður) |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | Holtavegur 10 ehf., Parlogis ehf., Geysir Green Energy ehf. (varamaður). |
| *Starfsreynsla:* | Fjárfestingastjóri hjá Framtakssjóði Íslands frá 2011, verkefnastjóri hjá Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. 2009–2011, sérfræðingur í endurskipulagningu eigna hjá NBI hf. 2008–2009, ýmis sérfræðistörf á fyrirtækjasviði og hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., þar af fjögur ár í útibúi bankans í London, 2002–2008. |

## 5.5. Framkvæmdastjórn

### Forstjóri

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Ómar Svavarsson |
| *Fæðingardagur:* | 29. janúar 1969 |
| *Starfstími hjá útgefanda:* | Ómar hóf störf hjá Vodafone á árinu 2005 |
| *Menntun:* | Cand. Oecon. gráða með áherslu á stjórnun og stefnumótun fyrirtækja frá Háskóla Íslands 1995 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | Ósea fjárfestingar ehf. (meðeigandi), Bergmann Investments ehf. (meðeigandi) |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | Engin önnur en núverandi |
| *Starfsreynsla:* | Forstjóri Vodafone frá nóvember 2009, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Vodafone 2005–2009, ýmis stjórnendastörf hjá Sjóvá–Almennum tryggingum hf. 1995–2005, þar af tvö ár sem framkvæmdastjóri einstaklingssviðs. |

### Framkvæmdastjóri sölusviðs

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Björn Víglundsson |
| *Fæðingardagur:* | 24. júní 1971 |
| *Starfstími hjá útgefanda:* | Björn hóf störf hjá Vodafone sumarið 2005 |
| *Menntun:* | B.S. gráða í viðskiptafræði frá University of Tampa 1995 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | Golfklúbbur Reykjavíkur (varaformaður), Vinafélag ABC barnahjálpar |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | BL ehf., B.M. Vallá hf., ÍMARK (stjórnarformaður) |
| *Starfsreynsla:* | Framkvæmdastjóri sölusviðs Vodafone frá 2012, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs Vodafone 2009–2012, framkvæmdastjóri markaðssviðs- og einstaklingssviðs Vodafone 2005–2009, framkvæmdastjóri vátrygginga hjá Tryggingamiðstöðinni hf. 2005, framkvæmdastjóri markaðssviðs P. Samúelssonar hf. (Toyota) 1996–2005. |

### Framkvæmdastjóri samskiptasviðs

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Hrannar Pétursson |
| *Fæðingardagur:* | 5. ágúst 1973 |
| *Starfstími hjá útgefanda:* | Hrannar hóf störf hjá Vodafone vorið 2007 |
| *Menntun:* | B.A. gráða í félagsfræði frá Háskóla Íslands 1996 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | G47 ehf. |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár.* | Engin önnur en núverandi |
| *Starfsreynsla:* | Framkvæmdastjóri samskiptasviðs frá 2012, upplýsingafulltrúi á skrifstofu forstjóra Vodafone 2010–2012, talsmaður og forstöðumaður almannatengsla Vodafone 2007–2010, að auki forstöðumaður vörumótunar Vodafone 2009–2010, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi 1999–2007, fréttamaður hjá RÚV 1996–1999. |

## Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Hrönn Sveinsdóttir |
| *Fæðingardagur:* | 23. mars 1967 |
| *Starfstími hjá útgefanda:* | Hrönn hóf störf hjá Vodafone á árinu 2005 |
| *Menntun:* | Cand. Oecon gráða af endurskoðunarsviði Háskóla Íslands 1992 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | Elkjær ehf. (framkvæmdastjóri, meðeigandi), Almenni lífeyrissjóðurinn |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | Almenni lífeyrissjóðurinn (varamaður), Holtavegur 10 ehf., Farice hf., og Farice ehf. |
| *Starfsreynsla:* | Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs (áður fjármála- og starfsmannasvið) Vodafone frá september 2005, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og starfsmannastjóri P. Samúelssonar hf. 1996–2005, deildarstjóri hagdeildar P. Samúelssonar hf. 1993–1999. |

## Framkvæmdastjóri þjónustusviðs

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Jóhann Másson |
| *Fæðingardagur:* | 17. júlí 1964 |
| *Starfstími hjá útgefanda:* | Jóhann hóf störf hjá Vodafone í ársbyrjun 2006 |
| *Menntun:* | Nám í tölvunarfræði við Háskóla Íslands 1985–1987 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | Júdósamband Íslands (varaformaður) |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | Engin |
| *Starfsreynsla:* | Framkvæmdastjóri þjónustusviðs Vodafone frá 2012, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Vodafone 2009–2012, forstöðumaður fyrirtækjasölu Vodafone 2006–2009, forstöðumaður fyrirtækjamarkaðar Símans 2001–2005, forstöðumaður stórnotendasviðs Símans 1999–2001, hópstjóri vörustjóra hjá EJS 1997–1999. |

## Framkvæmdastjóri tæknisviðs

| | |
|---|---|
| *Nafn:* | Kjartan Briem |
| *Fæðingardagur:* | 19. nóvember 1970 |
| *Starfstími hjá útgefanda:* | Kjartan hóf störf hjá Vodafone á árinu 2000 |
| *Menntun:* | M.S. gráða í rafmagnsverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet 1997 |
| *Stjórnarseta (núverandi):* | Engin utan samstæðu útgefanda |
| *Stjórnarseta sl. fimm ár:* | Hið íslenska númeraflutningsfélag ehf., Farice hf. (varamaður) |
| *Starfsreynsla:* | Framkvæmdastjóri tæknisviðs Vodafone frá 2009, forstöðumaður notenda- og símkerfa Vodafone 2003–2009, framkvæmdastjóri tæknisviðs Íslandssíma 2000–2003, verkfræðingur á símstöðvardeild - kerfistækni Símans 1996–2000. |

## 5.6. Hagsmunaárekstrar stjórnar og framkvæmdastjórnar

Þór Hauksson, stjórnarformaður Fjarskipta, er starfsmaður Framtakssjóðs Íslands sem fer með 79,7% hlut í útgefanda. Þór Hauksson er einnig stjórnarmaður í Advania, systurfélagi Fjarskipta.

Anna Guðný Aradóttir, stjórnarmaður í Fjarskiptum, er varaformaður stjórnar Stafa lífeyrissjóðs sem er eigandi að 1,2% hlut í útgefanda.

Erna Eiríksdóttir, stjórnarmaður í Fjarskiptum, situr einnig í stjórn Íslandssjóða hf. Fjórir sjóðir í stýringu Íslandssjóða eiga samtals 3,3% hlut í útgefanda. Erna Eiríksdóttir er einnig varamaður í stjórn Advania, systurfélags Fjarskipta.

Hildur Dungal, stjórnarmaður í Fjarskiptum, er gift Halldóri Þorkelssyni, sviðsstjóra fyrirtækjaráðgjafar PwC, en PwC hafði umsjón með gerð fjárhagslegrar áreiðanleikakönnunar á Fjarskiptum vegna almenns útboðs á hlutabréfum þess og töku bréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar.

Kristinn Pálmason, annar varamaður í stjórn Fjarskipta er starfsmaður Framtakssjóðs Íslands sem fer með 79,7% hlut í útgefanda.

MP banki hf. hefur verið ráðgjafi Fjarskipta varðandi endurfjármögnun félagsins hjá Landsbankanum. Vilmundur Jósefsson er stjórnarmaður í MP banka hf.

Sigfríð Eik Arnardóttir, eiginkona Ómars Svavarssonar forstjóra Fjarskipta hf., er forstöðumaður hjá Kreditkortum. Kreditkort eru að fullu í eigu Íslandsbanka sem er umsjónaraðili með almennu útboði í Fjarskiptum og töku bréfa félagsins til viðskipta í Kauphöll.

Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Fjarskipta, er varamaður í stjórn Almenna lífeyrissjóðnum sem er eigandi að 0,8% hlut í útgefanda.

Að öðru leyti eru engir hagsmunaárekstrar á milli skyldustarfa stjórnar og framkvæmdastjórnar fyrir Fjarskipti og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa.

Engin fjölskyldutengsl eru milli stjórnarmanna og framkvæmdastjórnar.

## 5.7. Aðrar upplýsingar um stjórn og framkvæmdastjórn

Hvorki stjórnarmenn né framkvæmdastjórar útgefanda hafa hlotið dóm vegna svikamála sl. fimm ár. Enginn stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra hefur verið dæmdur vanhæfur til starfa sem aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá nokkrum útgefanda fjármálagernings. Þá hafa framangreindir aðilar ekki sætt ákærum og/eða viðurlögum af hálfu lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda að öðru leyti en greint er frá hér að neðan.

Bent er á sátt sem stjórn Teymis, þáverandi móðurfélag útgefanda, og stjórn útgefanda, þá Og fjarskipti, gerðu við Samkeppniseftirlitið í júlí 2009. Sáttin, sem var gerð að frumkvæði fyrrnefndra aðila, fólst í að félögin játuðu brot á 10. gr. Samkeppnislaga og greiddu sekt að fjárhæð 70 m.kr. Umfjöllun um þetta má finna í kafla 1.3.2 *Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins tengdar útgefanda* í útgefandalýsingu þessari.

Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri sölusviðs Vodafone, átti sæti í stjórn B.M. Vallár hf., kt. 530669-0179, frá maí 2002 til maí 2010. BM Vallá var tekið til formlegra gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur sem birtur var þann 17. maí 2010. Skiptum er ekki lokið.

Engir aðrir meðlimir stjórnar eða framkvæmdastjórnar útgefanda hafa verið stjórnarmenn eða æðstu stjórnendur lögaðila sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta, slitameðferðar eða félagsslita.

### 5.7.1. Laun og hlunnindi stjórnar og framkvæmdastjórnar

Að neðan er að finna upplýsingar um tekjur og hlunnindi stjórnarmanna og yfirstjórnar á árinu 2011. Ekki eru útistandandi neinir afleiðusamningar við félagið tengdir hlutabréfum í Fjarskiptum og engar ákvarðanir liggja fyrir varðandi veitingu kaup- eða sölurétta á hlutum í því. Hið sama gildir um afleiðusamninga um hluti í félaginu.

Á aðalfundi Fjarskipta þann 4. apríl 2012 var tekin ákvörðun um að þóknun til stjórnarmanna sem og stjórnarformanns skuli nema 180.000 kr. á mánuði. Stjórn félagsins er kosin á aðalfundi ár hvert. Síðasti aðalfundur var haldinn 4. apríl 2012 en samkvæmt samþykktum félagsins frá 9. nóvember 2012 skal aðalfundur haldinn fyrir lok maí ár hvert. Lokadagur skipunartíma núverandi stjórnarmanna er samkvæmt því í síðasta lagi 31. maí 2013, en fyrr sé aðalfundur haldinn áður en að þeirri dagsetningu kemur.

Starfssamningar félagsins við lykilstjórnendur eru í öllum aðalatriðum í samræmi við hefðbundna ráðningarsamninga. Allir framkvæmdastjórar sem og forstjóri Fjarskipta hafa ótímabundna ráðningu hjá félaginu. Uppsagnarfrestur forstjóra er tólf mánuðir en framkvæmdastjóra sex mánuðir. Samningar framangreindra aðila innihalda ákvæði um bann við störfum fyrir samkeppnisaðila í tólf mánuði eftir starfslok hjá félaginu.

Forstjóri og framkvæmdastjórar geta á grundvelli ráðningarsamninga sinna öðlast tilkall til kaupaukagreiðslu. Er sá réttur tengdur því hversu vel tekst að halda áætlun um rekstrarhagnað fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) hvers árs, eða gera betur ef því er að skipta. Verði frávikin hins vegar neikvæð að ákveðnu marki fellur kaupaukarétturinn niður. Umfang kaupaukagreiðslna hjá félaginu er með hliðsjón af þeim reglum sem Fjármálaeftirlitið hefur sett fjármálafyrirtækjum að því leyti að fjárhæð kaupaukagreiðslu verði ekki hærri en 25% af heildarárslaunum viðkomandi starfsmanns.

Forstjóri og framkvæmdastjórar njóta bifreiðahlunninda. Þá kaupir félagið líf- og sjúkdómatryggingar fyrir þá. Stjórnarmenn, forstjóri og framkvæmdastjórar eiga hvorki hlutafé í félaginu né lögvarinn rétt til að eignast það. Félagið leggur stjórnendum til síma og tölvu og greiðir kostnað af nettengingum.

Félagið hefur ekki lagt til hliðar greiðslur vegna lífeyrisframlags, starfsloka eða svipaðra hlunninda til viðbótar við það sem lög gera ráð fyrir. Félagið hefur ekki gert samninga við stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra um greiðslu hlunninda við starfslok umfram greiðslu uppsagnarfrests.

Tafla 7: Launa- og hlunnindagreiðslur stjórnar og framkvæmdastjórnar Fjarskipta fyrir árið 2011[34]

| Aðili | Laun, hlunnindi, kaupaukar og framlag í lífeyrissjóð | Hlutafjáreign í Fjarskiptum | Hlutafjáreign tengdra aðila |
|---|---|---|---|
| **Stjórnarmenn og varamenn í stjórn** | | | |
| Þór Hauksson [35] | 1.650.000 | 0 | 267.486.587 |
| Anna Guðný Aradóttir[36] | 0 | 0 | 4.064.395 |
| Erna Eiríksdóttir | 0 | 0 | 11.435.518 |
| Helga Viðarsdóttir | 1.500.000 | 0 | 0 |
| Reimar Snæfells Pétursson[37] | 1.650.000 | 0 | 0 |
| Vilmundur Jósefsson | 0 | 0 | 0 |
| Kristinn Pálmason[35] | 0 | 0 | 267.486.587 |

---

[34] Taflan inniheldur ekki greiðslur vegna nefndarsetu í endurskoðunar- og starfskjaranefndum stjórnar enda voru þær skipaðar á árinu 2012.

[35] Fjárhæðin er greidd Framtakssjóði Íslands og er hér tilgreind án vsk. Hlutafjáreign tengdra aðila Þórs og Kristins er sú sama, þ.e. tilgreind er eign Framtakssjóðs Íslands.

[36] Anna Guðný Aradóttir, Erna Eiríksdóttir og Vilmundur Jósefsson voru kjörin í stjórn á árinu 2012.

[37] Reimar Snæfells Pétursson gekk úr stjórn félagsins á árinu 2012.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hildur Dungal[38] | 0 | 0 | 0 |
| **Fyrrverandi stjórnarmenn og varamenn í stjórn** | | | |
| Brynja Guðmundsdóttir | 1.650.000 | 0 | 0 |
| Einar Páll Tamimi | 1.800.000 | 0 | 0 |
| Finnbogi Jónsson | 0 | 0 | 0 |
| Gísli Valur Guðjónsson | 300.000 | 0 | 0 |
| Lúðvík A. Steinarsson | 150.000 | 0 | 0 |
| **Forstjóri og framkvæmdastjórn** | | | |
| Ómar Svavarsson | 32.504.540 | 0 | 0 |
| Björn Víglundsson | 23.514.209 | 0 | 0 |
| Hrönn Sveinsdóttir | 23.892.161 | 0 | 2.659.679 |
| Hrannar Pétursson[39] | 7.175.825 | 0 | 0 |
| Jóhann Másson | 22.855.798 | 0 | 0 |
| Kjartan Briem | 24.587.955 | 0 | 0 |
| Bjarni Askam Bjarnason[40] | 39.086.653[41] | 0 | 0 |
| Gudny Langgaard[42] | 7.177.709[42] | 0 | 0 |
| Samtals | 189.494.850 | 0 | 288.646.449 |

## 5.8. Tengdir aðilar

### 5.8.1. Skilgreining á tengdum aðilum

Til tengdra aðila Fjarskipta teljast m.a. þeir einstaklingar eða lögaðilar sem ráða yfir eða hafa veruleg ítök í útgefanda, þ.m.t. dótturfélögum útgefanda, eða eru stjórnarmenn hans eða stjórnendur, ásamt aðilum fjárhagslega tengdum þeim[43] samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli númer 24 (IAS 24), sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 sem innleidd hefur verið með lögum, sbr. 88. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Viðskipti eiga sér stað milli Fjarskipta og hins færeyska dótturfélags P/F Kall sem eru hluti af daglegum rekstri samstæðu útgefanda. Slík viðskipti eru felld út við samstæðureikningsskil útgefanda og eru því ekki tilgreind hér.

Framtakssjóður Íslands er eigandi að 79,7% hlut í Fjarskiptum. Framtakssjóður Íslands er seljandi hlutafjár í Fjarskiptum í almennu hlutafjárútboði dagana 3. til og með 6. desember 2012. Framtakssjóður Íslands hefur talist tengdur aðili Fjarskipta frá ágúst 2010 þegar sjóðurinn keypti hlut Landsbankans í Vestia ehf.

Stafir lífeyrissjóður er eigandi að 1,2% hlut í Fjarskiptum. Anna Guðný Aradóttir, stjórnarmaður í Fjarskiptum er varaformaður stjórnar Stafa lífeyrissjoðs. Fjórir sjóðir í stýringu Íslandssjóða hf. eru eigendur að samtals 3,3% hlut í Fjarskiptum. Erna Eiríksdóttir, stjórnarmaður í Fjarskiptum er stjórnarmaður í Íslandssjóðum. Almenni lífeyrissjóðurinn er eigandi að 0,8% hlut í Fjarskiptum. Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Fjarskipta er varamaður í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

---

[38] Hildur Dungal var kjörin varamaður í stjórn á árinu 2012.

[39] Hrannar tók sæti í framkvæmdastjórn í febrúar 2012.

[40] Bjarni lét af störfum sem framkvæmdastjóri PF Kall um mitt ár 2012.

[41] Launatölur framkvæmdastjóra í Færeyjum eru í DKK og umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands þann 31. desember 2011.

[42] Gudny tók við störfum sem framkvæmdastjóri PF Kall um mitt ár 2012.

[43] Með fjárhagslega tengdum aðilum er átt við einstaklinga sem líklegt þykir að hafi áhrif á eða verði fyrir áhrifum af framangreindum aðilum, þ.m.t. börn og maki eða sambúðarmaki, börn maka eða sambúðarmaka eða aðrir einstaklingar sem eru fjárhagslega háðir maka eða sambúðarmaka. Enn fremur myndu lögaðilar sem framangreindir einstaklingar ráða eða hafa veruleg ítök í teljast til tengdra aðila Fjarskipta.

### 5.8.2. Viðskipti tengdra aðila

Á árunum 2009, 2010 og 2011 hefur útgefandi átt í viðskiptum við aðila sem teljast tengdir félaginu í skilningi IAS 24 staðalsins. Tengsl þeirra við útgefanda eru í gegnum sameiginlegt eignarhald en Framtakssjóður Íslands fer með eignarhlut í öllum þessum félögum og er ráðandi hluthafi.

Tafla 8: Viðskipti tengdra aðila við Fjarskipti

| **Félag**<br>*Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>01.01. -<br>30.09. | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|
| Advania hf. | 118 | 136 | 111 | 46 |
| Framtakssjóður Íslands slhf. | 9 | 5 | 4 | 0 |
| Holtavegur 10 ehf. | 3 | 24 | 27 | 7 |
| Icelandair Group hf. | 7 | 98 | 136 | 121 |
| Icelandic Group hf. | 0 | 0 | 0 | 0 |
| N1 hf. | 50 | 73 | 87 | 12 |
| Plastprent hf. | 3 | 3 | 5 | 5 |
| Promens hf. | 0 | 0 | 0 | 0 |

Tafla 9: Viðskipti Fjarskipta við tengda aðila

| **Félag**<br>*Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>01.01. -<br>30.09. | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|
| Advania hf. | 271 | 429 | 230 | 5 |
| Framtakssjóður Íslands slhf. | 2 | 2 | 0 | 0 |
| Holtavegur 10 ehf. | 0 | 0 | 5 | 0 |
| Icelandair Group hf. | 3 | 13 | 6 | 0 |
| Icelandic Group hf. | 0 | 0 | 0 | 0 |
| N1 hf. | 14 | 17 | 14 | 2 |
| Plastprent hf. | 2 | 0 | 2 | 0 |
| Promens hf. | 0 | 0 | 0 | 0 |

Öll viðskipti útgefanda við tengda aðila eiga sér stað líkt og um ótengdan þriðja aðila væri að ræða. Viðskipti útgefanda við þá tengdu aðila sem um getur í töflu 7 hér að framan eru óveruleg utan launa- og hlunnindagreiðslna þeirra sem taflan inniheldur.

## 5.9. Endurskoðendur

Í samræmi við 24. gr. samþykkta útgefanda skal á aðalfundi félagsins skipa einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn. Ber þeim að endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður fyrir aðalfund.

Endurskoðendur Fjarskipta, á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar þær sem birtar eru í lýsingu þessari, voru KPMG ehf., kt., 590975-0449 Borgartúni 27, 105 Reykjavík, og fyrir þeirra hönd Margret G. Flóvenz og Guðný H. Guðmundsdóttir, löggiltir endurskoðendur á Íslandi og meðlimir í Félagi löggiltra endurskoðenda. Margret og Guðný endurskoðuðu og árituðu alla ársreikninga félagsins fyrir árin sem lauk 31. desember 2009, 2010 og 2011. Árshlutauppgjör fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2011 er óendurskoðað og

ókannað stjórnendauppgjör. Árshlutauppgjör fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012 er kannað og inniheldur könnunaráritun Margretar og Guðnýjar.

Endurskoðendur útgefanda hafa hvorki sagt sig frá né verið leystir undan starfsskyldum sínum á framangreindu tímabili. Endurskoðendur útgefanda voru endurskipaðir á tímabilinu.

Ársreikningar Fjarskipta fyrir árin 2009, 2010, 2011 voru áritaðir af óháðum endurskoðendum félagsins án fyrirvara eða ábendinga.

# 6. Hlutafé og hluthafar

## 6.1. Hlutafé

Útgefnir hlutir í Fjarskiptum eru 335.645.200[44] talsins. Hver hlutur er að nafnverði tíu -10- krónur og heildarhlutafé því að nafnverði 3.356.452.000[44] kr. Allir útgefnir hlutir í félaginu eru greiddir og teljast þeir allir til hlutafjár. Fjarskipti eiga enga eigin hluti.

Bent er á skuldbindingu sem liggur á útgefanda eftir samrunann við Eignarhaldsfélagið Fjarskipti og tengist nauðasamningi Teymis. Samkvæmt samningnum gæti komið til þess að Fjarskipti þurfi að greiða hluta óframkominna krafna sem falla undir nauðasamninginn á hendur Teymi með útgáfu nýs hlutafjár. Samanlagðar kröfur sem Fjarskiptum er kunnugt um í tengslum við nauðasamninginn myndu fela í sér útgáfu hlutafjár að nafnverði 58.401.118 kr. væru þær efndar að fullu á grundvelli samningsins. Þar af er þegar ljóst að Fjarskipti munu gefa út nýtt hlutafé að nafnvirði 50.444.134 kr. til handa Stoðum, sbr. umfjöllun í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* í útgefandalýsingu þessari. Útgáfa framangreinds hlutafjár til Stoða samsvarar 1,5% þynningu útgefins hlutafjár en samanlögð þynning sem til gæti komið í tengslum við nauðasamning Teymis samsvarar 1,74%. Eftir útgáfu framangreindra hluta munu Stoðir verða eigandi að 1,5% hlut í Fjarskiptum.

Í 4. gr. samþykkta félagsins dagsettum 9. nóvember 2012 er til staðar heimild til stjórnar Fjarskipta til útgáfu nýrra hluta, að hámarki 60 m.kr. að nafnverði, sem eingöngu má nota til að mæta kröfum sem fram koma á grundvelli framangreinds nauðasamnings. Hafa hluthafar, samkvæmt heimildinni, fallið frá forkaupsrétti að hinu nýja hlutafé og stendur heimildin til 31. maí 2014. Nánari umfjöllun um nauðasamninginn má finna í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* í útgefandalýsingu þessari.

### 6.1.1. Þróun hlutafjár[44]

Á tímabilinu 01.01. 2012 til 30.09.2012 var hlutafé Fjarskipta hækkað um 806.452.000 m.kr. Hlutafjárhækkunin er til komin vegna endurfjármögnunar félagsins og var nýtt hlutafé notað til að greiða niður skuldir. Þróun útgefins hlutafjár í Fjarskiptum má sjá í töflu 10.

Tafla 10: Þróun hlutafjár í útgefanda

| **Dagsetning**<br>*Fjárhæðir eru í kr.* | **Breyting** | **Staða eftir breytingu** | **Tilgangur breytinga** |
|---|---:|---:|---:|
| 08.08.2005 | 500.000 | 500.000 | Stofnun félagsins |
| 26.04.2006 | 999.500.000 | 1.000.000.000 | Umbreyting viðskiptaskuldar Dagsbrúnar í hlutafé |
| 23.06.2006 | 43.247.836 | 1.043.247.836 | Skipting Dagsbrúnar og kaup á fjarskiptabúnaði |
| 18.06.2008 | 1.458.535.243 | 2.501.783.079 | Skuldajöfnun gagnvart Dagsbrún |
| 18.06.2008 | 500.000 | 2.502.282.079 | Samruni við Mömmu ehf. |
| 30.06.2009 | 47.716.921 | 2.550.000.000 | Skuldajöfnun við Teymi |
| 26.09.2012 | 806.452.000 | 3.356.452.000 | Hlutafjárhækkun til niðurgreiðslu skulda |

[44] Að teknu tilliti til hlutafjár sem gefið verður út í tengslum við dóm Hæstaréttar frá 15. nóvember 2012 og felur í sér efnd Fjarskipta á nauðasamningi Teymis verða útgefnir hlutir samtals 340.689.613 og nafnverð hlutafjár 3.406.896.134 kr. Útgáfa þessara nýju hluta jafngildir 1,5% þynningu á þegar útgefnu hlutafé í félaginu.

## 6.2. Hluthafar

Hluthafar í Fjarskiptum eru 53[45] talsins. Tuttugu stærstu hluthafar félagsins m.v. 16. nóvember 2012 eru:

Tafla 11: 20 stærstu hluthafar Fjarskipta þann 16. nóvember 2012

| Hluthafi<br>*Fjárhæðir eru í kr.* | Nafnverð hlutafjár | Fjöldi hluta | Hlutfallsleg eign |
|---|---|---|---|
| Framtakssjóður Íslands | 2.674.865.870 | 267.486.587 | 79,7% |
| LSR B-deild | 67.028.380 | 6.702.838 | 2,0% |
| Íslandssjóðir hf. - Sjóður 1 | 65.100.920 | 6.510.092 | 1,9% |
| Íslandsbanki hf. | 56.959.540 | 5.695.954 | 1,7% |
| Lífeyrissjóður Verkfræðinga | 48.713.200 | 4.871.320 | 1,5% |
| Gildi lífeyrissjóður | 47.820.920 | 4.782.092 | 1,4% |
| Stafir lífeyrissjóður | 40.643.950 | 4.064.395 | 1,2% |
| LSR A-deild | 36.797.150 | 3.679.715 | 1,1% |
| Íslandssjóðir hf. – úrval innlendra | 34.738.370 | 3.473.837 | 1,0% |
| Stapi lífeyrissjóður | 32.190.220 | 3.219.022 | 1,0% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 26.596.790 | 2.659.679 | 0,8% |
| Festa lífeyrissjóður | 24.939.210 | 2.493.921 | 0,7% |
| Kaupþing Hávaxtasjóður | 24.862.050 | 2.486.205 | 0,7% |
| Landsbanki Íslands hf. | 17.497.620 | 1.749.762 | 0,5% |
| Stefnir-ÍS 5 | 15.269.610 | 1.526.961 | 0,5% |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 14.512.570 | 1.451.257 | 0,4% |
| LSS | 14.038.920 | 1.403.892 | 0,4% |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 13.617.790 | 1.361.779 | 0,4% |
| Íslandssjóðir hf. – Sjóður 11 | 8.299.060 | 829.906 | 0,2% |
| Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga | 7.597.760 | 759.776 | 0,2% |
| Aðrir (33) | 84.362.100 | 8.436.210 | 2,5% |
| Samtals | 3.356.452.000 | 335.645.200 | 100% |

Samkvæmt samþykktum félagsins fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu og er atkvæðisréttur hvers hluthafa því jafn hlutfallslegri eign hans.

Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhverra aðila, annarra en þeirra sem upp eru taldir á hluthafalistanum eins og hann birtist í þessum kafla. Bent er á umfjöllun um tengda aðila í kafla 5.8. *Tengdir aðilar* og umfjöllun um hugsanlega hagsmunaárekstra í kafla 5.6. *Hagsmunaárekstrar stjórnar og framkvæmdastjórnar* í útgefandalýsingu þessari. Enn fremur má í töflu 7, í útgefandalýsingu þessari, sjá upplýsingar um hlutafjáreign aðila tengdum stjórn og framkvæmdastjórn.

Framtakssjóður Íslands býður á bilinu 167.822.600 til 201.387.120 hluti í Fjarskiptum til sölu í almennu útboði sem fram fer dagana 3. til og með 6. desember 2012 og hefur félagið sótt um töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Nánari upplýsingar um útboðið er að finna í verðbréfalýsingu dagsettri 19. nóvember 2012. Að útboði loknu verður birt opinberlega tilkynning um niðurstöðu þess og nýr hluthafalisti gefinn út.

Sótt hefur verið um töku hlutabréfa útgefnum af Fjarskiptum til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Eftir þann tíma munu eigendur hlutabréfa í félaginu falla undir ákvæði IX. kafla vvl. um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar, X. kafla sömu laga um yfirtöku auk XI. kafla um tilboðsyfirlit.

[45] Við birtingu lýsingar þessarar voru Stoðir ekki komnar formlega inn á hluthafalistann en félagið mun fá útgefið 1,5% eignarhlut í félaginu í tengslum við efndir á nauðasamningi Teymis svo sem að framan hefur verið greint og verður þar með meðal 20 stærstu hlutahafa félagsins.

Samkvæmt bestu vitund útgefanda fer einn hluthafi, Framtakssjóður Íslands, með yfir 5% beinan hlut í félaginu en það eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. vvl. Hlutur Framtakssjóðs Íslands er 79,7% af útgefnu hlutafé og fylgir honum 79,7% atkvæðisréttar samkvæmt núgildandi hlutaskrá. Útgefanda er ekki kunnugt um að í gildi sé neins konar samkomulag milli neinna hluthafa félagsins í tengslum við eignarhald þeirra í útgefanda.

### 6.2.1. Réttindi hluthafa

Öll hlutabréf í Fjarskiptum eru í einum flokki og jafnrétthá. Réttindi hluthafa eru háð samþykktum félagsins og löggjöf sem í gildi er á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutabréfum í félaginu og engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum. Þá þurfa þeir ekki að sæta innlausn þeirra nema lög standi til annars. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglum settum á grundvelli þeirra.
Um önnur réttindi vísast til samþykkta félagsins, sem eru í kafla 8 *Samþykktir útgefanda* í útgefandalýsingu þessari og í lög nr. 2/1995 um hlutafélög.

Rísi mál út af hlutum í félaginu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í samræmi við lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### 6.2.2. Atkvæðisréttur

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut á hluthafafundum. Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, eða fulltrúar þeirra, auk ráðgjafa. Fjöldi atkvæða ræður kosningu nema samþykktir félagsins eða lög kveði á um annað. Verði atkvæði jöfn telst tillögunni hafnað. Í kosningu til stjórnar þar sem tveir aðilar fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða kjöri.

### 6.2.3. Hækkun / lækkun hlutafjár

Ákvörðun um hækkun, eða eftir atvikum lækkun, hlutafjár skal tekin á hluthafafundi og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum eða 2/3 hlutum greiddra atkvæða á hluthafafundi, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína, en að öðru leyti fer útgáfa slíkra hluta eftir þeim reglum sem hluthafafundur setur hverju sinni.

Bent er á skuldbindingu sem liggur á útgefanda eftir samrunann við Eignarhaldsfélagið Fjarskipti og tengist nauðasamningi Teymis. Samkvæmt samningnum gæti komið til þess að Fjarskipti þurfi að greiða hluta óframkominna krafna, sem falla undir nauðasamninginn, á hendur Teymi með útgáfu nýs hlutafjár. Samanlagðar kröfur sem Fjarskiptum er kunnugt um í tengslum við nauðasamninginn myndu fela í sér útgáfu hlutafjár að nafnverði 58.401.118 kr. væru þær efndar að fullu á grundvelli samningsins. Útgáfa 58.401.118 hluta í Fjarskiptum samsvarar 1,74% þynningu útgefins hlutafjár Fjarskipta. Í 4. gr. samþykkta félagsins er til staðar heimild til stjórnar Fjarskipta til útgáfu nýrra hluta, að hámarki 60 m.kr. að nafnverði, sem eingöngu má nota til að mæta kröfum sem fram koma á grundvelli þessa nauðasamnings. Hafa hluthafar, samkvæmt heimildinni, fallið frá forkaupsrétti að hinu nýja hlutafé og stendur heimildin til 31. maí 2014. Nánar er fjallað um nauðasamninginn og þessa skuldbindingu útgefanda í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* í útgefandalýsingu þessari.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar Íslands þann 15. nóvember 2012, sem að framan hefur verið greint frá, er ljóst að stjórn Fjarskipta mun nýta 50.444.134 kr. af fyrirliggjandi heimild til hlutafjárhækkunar til að efna nauðasamning Teymis.

### 6.2.4. Breytingar á samþykktum félagsins

Samþykktum félagins má eingöngu breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

i. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum
ii. Að skylda hluthafa til að þola innlausn á hlutabréfum sínum nema um félagsslit sé að ræða
iii. Að skerða rétt hluthafa eða auka skuldbindingar þeirra

Breyting á samþykktum, sem raskar réttarsambandi milli hluthafa, verður því aðeins gerð að þeir hluthafar, sem sæta réttarskerðingu, gjaldi henni jáyrði.

### 6.2.5. Arður

Allir hluthafar félagsins eiga jafnan rétt til arðgreiðslna og skulu ákvarðanir um greiðslu arðs teknar á aðalfundi félagsins sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aðalfundur ákveður gjalddaga arðs til hluthafa og verður hann að vera innan sex mánaða frá fundinum. Aðalfundur ákveður einnig arðsleysisdag. Rétt til arðs eiga handhafar hluta sem skráðir eru á aðalfundardegi. Arðs má vitja á skrifstofu félagsins allt að fjórum árum eftir gjalddaga, að öðrum kosti fellur hann til félagsins.

Útgefandi hefur ekki sett sér arðgreiðslustefnu. Arður var ekki greiddur á árunum 2009 og 2011 en árið 2010 námu arðgreiðslur 528 m.kr. Ekki hefur verið greiddur arður það sem af er árinu 2012.

Lánasamningar félagsins frá ágúst 2012 innihalda skilmála sem banna greiðslu arðs án sérstaks samþykkis lánveitanda nema að uppfylltum ákveðnum fjárhagslegum skilyrðum sem lúta að eiginfjár- og skuldahlutfalli félagsins. Arðgreiðslur eru því aðeins heimilar ef nettó vaxtaberandi skuldir félagsins eru lægri en 3,5 sinnum EBITDA viðkomandi árs og eiginfjárhlutfall félagsins er hærra en 20%, að teknu tilliti til arðgreiðslna. Við útgáfu útgefandalýsingar þessarar er útgefandi vel yfir þeim mörkum sem sett eru sem skilyrði fyrir greiðslu arðs.

Útgefandi er einnig bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög varðandi þá fjárhæð sem félaginu er heimilt að ráðstafa til hluthafa í formi arðs. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. framangreindra laga er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða er til annarra þarfa.

# 7. Fjárhagsyfirlit

Sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingu þessari ná yfir tímabilið 1. janúar 2009 til 30. september 2012. Fjárhagsár útgefanda er almanaksárið. Ársreikningar útgefanda fyrir árin sem lauk þann 31. desember 2009, 2010 og 2011 sem og árshlutareikningur fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012 (tímabilið 1. janúar 2012 til 30. september 2012) eru hluti af útgefandalýsingunni og má finna í kafla 9 í útgefandalýsingu þessari.

Ársreikningarnir hafa verið endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum Fjarskipta og innihalda áritun óháðra endurskoðenda. Löggiltir endurskoðendur félagsins, KPMG, hafa ekki hafnað að veita áritun á reikninga félagsins auk þess sem áritun þeirra hefur ekki falið í sér fyrirvara eða afsal ábyrgðar. Í útgefandalýsingunni eru engar aðrar upplýsingar um félagið endurskoðaðar. Uppgjör fyrir níu mánaða tímabilið sem lauk 30. september 2011 er óendurskoðað og ókannað stjórnendauppgjör. Árshlutauppgjör fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012 var kannað og inniheldur könnunaráritun endurskoðenda.

Ársreikningar útgefanda eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 sem innleidd hefur verið með lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Árs- og árshlutareikningar Fjarskipta eru gerðir á samstæðugrunni. Samstæðan nær til Fjarskipta hf. og dótturfélagsins P/F Kall í Færeyjum.

## 7.1. Breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda

Þann 29. júní 2012 tilkynnti Farice, eigandi sæstrengs sem liggur milli Íslands og meginlands Evrópu, um uppsögn þágildandi samnings milli félaganna um gjaldheimtu vegna afnota Fjarskipta af strengnum. Uppsögnin tók gildi frá og með 30. september 2012. Farice hefur tilkynnt umtalsverða hækkun á gjöldum vegna afnota á strengnum en Fjarskipti hafa vísað ágreiningi um gjaldskrá til Samkeppniseftirlitsins. Einnig ber að líta til þess að verðskrá Farice er háð skilyrðum almannaþjónustusamnings við íslenska ríkið, en lesa má nánar um ágreining við Farice í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* í útgefandalýsingu þessari. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum Fjarskipta mun félagið leitast við að hækka smásöluverðskrá sína til samræmis fallist opinberir eftirlitsaðilar á umrædda hækkun gjaldskrár Farice.

Í júní 2012 óskuðu Ríkiskaup, fyrir hönd RÚV, eftir þátttöku áhugasamra aðila í forvali fyrir samkeppnisviðræður fyrir stafræna sjónvarpsdreifingu RÚV. Í útboðsgögnum kemur fram að RÚV hyggist leggja niður núverandi hliðrænt (e. *analogue*) sjónvarpsdreifikerfi sitt fyrir árslok 2014. Svarfrestur tilboðsgjafa rann út þann 22. júní 2012 og bárust sex þátttökutilkynningar frá fimm aðilum, þ.m.t. tvær frá Símanum og ein frá Norkring, dótturfélagi norska fjarskiptafélagsins Telenor. Fjarskiptum hefur verið boðið til áframhaldandi viðræðna við Ríkiskaup í tengslum við útboðið og er nú annar tveggja aðila sem val Ríkiskaupa stendur um. Komi til þess að Fjarskipti verði valin til að byggja upp hið fyrirhugaða dreifikerfi fyrir RÚV mun það hafa áhrif á fjárfestingaráætlun félagsins. Á móti mun félagið öðlast fastar mánaðarlegar tekjur. Komi hins vegar til þess að þriðji aðili verði valinn gæti samkeppnisstaða Fjarskipta í stafrænni sjónvarpsdreifingu um landið versnað, en félagið er eitt um slíka starfsemi. Á móti kemur þó að sjónvarpsdreifingar um gagnaflutningskerfi hafa færst mjög í aukana og reikna stjórnendur félagsins með að sú þróun haldi áfram.

Þann 15. nóvember 2012 staðfesti Hæstiréttur Íslands dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. desember 2011 en með honum var viðurkenndur réttur Stoða til greiðslu úr hendi Advania vegna víkjandi láns sem Stoðir höfðu veitt Teymi að fjárhæð 636,8 m.kr. en umsjónarmaður nauðasamnings Teymis hafði áður hafnað kröfunni. Fallist var á það með Stoðum að kröfuna bæri að efna til jafns við þá lánadrottna sem fóru með aðrar samningskröfur á hendur Teymi samkvæmt nauðasamningnum. Það er mat endurskoðenda og lögmanna Fjarskipta að áhrifin á félagið séu þau að félaginu beri að gefa út nýtt hlutafé til Stoða að nafnverði 50.444.134 kr. sem svarar til samtals 1,5% þynningar útgefins hlutafjár Fjarskipta. Að undangenginni útgáfu

framangreindra hluta munu Stoðir því verða eigandi að 1,5% hlutafjár í Fjarskiptum. Nánar er fjallað um nauðasamning Teymis og skuldbindingu Fjarskipta vegna hans í kafla 1.3.3. *Mikilvægir samningar* í útgefandalýsingu þessari.

Ekki hafa orðið aðrar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda frá könnuðum árshlutareikningi útgefanda, dagsettum þann 30. september 2012.

## 7.2. Fjárfestingar og eignasala

### 7.2.1. Varanlegir rekstrarfjármunir

Við árslok 2011 var bókfært virði varanlegra rekstrarfjármuna Fjarskipta 4.534 m.kr. sem skiptust þannig: Fasteignir 39 m.kr., fjarskiptabúnaður 4.181 m.kr. og áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar 314 m.kr.

Tafla 12: Fjárfestingar Fjarskipta árin 2009 – 2011

| **Eignaflokkur**<br>*Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| Vodafone Ísland: | | | |
| Fjarskiptabúnaður | 691 | 676 | 637 |
| Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar | 127 | 78 | 61 |
| Vodafone Færeyjar: | | | |
| Fjarskiptabúnaður | 53 | 43 | 52 |
| Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar | 51 | 15 | 11 |
| Samstæðan: | | | |
| Fjarskiptabúnaður | 744 | 719 | 689 |
| Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar | 178 | 93 | 72 |
| Fjárfestingar samtals | 922 | 812 | 761 |

Á árinu 2011 námu fjárfestingar útgefanda á Íslandi samtals 818 m.kr. þar af voru 691 m.kr. í fjarskiptabúnaði og 127 m.kr. í áhöldum, tækjum, bifreiðum og innréttingum. Meðal fjarskiptabúnaðar var einkum fjárfest í sjónvarpsdreifikerfi, bæði miðlægum búnaði tengdum Digital Ísland sem og búnaði tengdum IPTV dreifikerfi félagsins. Þá voru einnig nokkrar fjárfestingar í gagnaflutningskerfi og farsímakerfi félagsins. Hvað áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar varðar má helst telja fjárfestingar í bifreiðum og innréttingum og tölvubúnaði tengdum starfsaðstöðu starfsmanna. Í Færeyjum voru fjárfestingar mestmegnis vegna reikningagerðarkerfis og mastra en einnig vegna fjárfestinga í öðrum búnaði vegna farsímakerfa.

Á árinu 2010 námu fjárfestingar útgefanda á Íslandi samtals 754 m.kr. þar af voru 676 m.kr. í fjarskiptabúnaði og 78 m.kr. í áhöldum, tækjum, bifreiðum og innréttingum. Meðal fjarskiptabúnaðar var einkum fjárfest í búnaði tengdum IPTV og endabúnaði til leigu til viðskiptavina. Í Færeyjum var fjárfest í tölvukerfum en einnig var verslun félagsins endurbætt og fjárfest í íhlutum tengdum 3G og farsímabúnaði.

Á árinu 2009 námu fjárfestingar útgefanda á Íslandi samtals 698 m.kr. þar af voru 637 m.kr. þar af í fjarskiptabúnaði og 61 m.kr. í áhöldum, tækjum, bifreiðum og innréttingum. Meðal fjarskiptabúnaðar var einkum fjárfest í endabúnaði til leigu til viðskiptavina og miðlægum gagnaflutningskerfum. Í Færeyjum var fjárfest í uppfærslu á fastlínukerfinu auk húsnæðis fyrir tæknisviðið.

Fjarskipti leigja að langstærstum hluta það húsnæði sem félagið notar undir starfsemi sína. Stærsti leigusali félagsins er Klasi ehf., kt. 590404-2410, Bíldshöfða 9, 110 Reykjavík.

| Leigð eign | Bæjarfélag | Leigusali | Kvaðir | stærð í m² |
|---|---|---|---|---|
| Verslunarmiðstöðin Glerártorgi | Akureyri | SMI ehf. | Frjáls skráning | 101,6 |
| Verslunarmiðstöðin Kringlan | Reykjavík | Reitir ehf. | Frjáls skráning | 121,8 |
| Pollagata 2 | Ísafjörður | Póllinn ehf. | Frjáls skráning | 14 |
| Skútahraun 2 | Hafnarfjörður | Fárvari ehf. | | 1.058,4 |
| Skútuvogur 2 | Reykjavík | Klasi hf. | Frjáls skráning | 5.830,0 |
| Verslunarmiðstöðin Smáralind | Kópavogur | Eignarhaldsf.Smáralind ehf. | Frjáls skráning | 109 |
| Sóltún 26 | Reykjavík | Eik fasteignafélag hf. | Frjáls skráning | 501,57 |
| Strandgata 29 | Hafnarfjörður | Sólnes ehf. | Frjáls skráning | 15,27 |

#### 7.2.2. Fyrirhugaðar fjárfestingar

Á liðnum árum hafa fjárfestingar félagsins verið töluverðar en misjafnt hefur verið í hvaða eða hvers konar búnaði fjárfest hefur verið. Félagið hefur þannig fjárfest í fjarskiptabúnaði og öðrum eignum eftir því sem þörf krafði og þannig viðhaldið markaðsstöðu sinni og tæknilegri getu.

Fjárfestingar á nýliðnum misserum hafa einkum verið í óefnislegum eignum en félagið hefur innleitt nýtt reikningagerðarkerfi sem eignfært er sem óefnisleg eign. Þar áður var áhersla fjárfestinga einkum á búnað tengdan farsímaþjónustu en félagið fjárfesti í miðlægum farsímabúnaði sem gerir því kleift að þjónusta viðskiptavini sína til framtíðar, óháð þeirri tækni sem viðskiptavinurinn nýtir. Þá hafa fjárfestingar einnig verið á sviði fastlínubúnaðar, gagnaflutningsbúnaðar og búnaðar til sjónvarpsdreifingar.

Á komandi árum má gera ráð fyrir að fjárfestingar geti numið á bilinu 8% til 12% af veltu félagsins. Einkum er gert ráð fyrir að fjárfesta þurfi í búnaði tengdum farsímaþjónustu. Búast má við að fjárfestingar verði fjármagnaðar beint úr rekstri félagsins, sem er í takti við það sem verið hefur.

Bent er á að komi til þess að Fjarskipti verði valið til að byggja upp fyrirhugað dreifikerfi fyrir RÚV, skv. yfirstandandi útboðsferli sem fjallað er um í kafla 7.1. *Breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda* í útgefandalýsingu þessari, mun það hafa áhrif á fjárfestingaráætlun félagsins. Núverandi áætlanir félagsins gera enn sem komið er hvorki ráð fyrir tekjum né fjárfestingum vegna uppbyggingar dreifikerfis fyrir RÚV.

## 7.3. Rekstrarreikningur 2009, 2010, 2011 og fyrstu níu mánaða áranna 2011 og 2012

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012 01.01.-30.09. Kannað | 2011 01.01.-30.09. Ókannað | 2011 01.01.-31.12. Endurskoðað | 2010 01.01.-31.12. Endurskoðað | 2009 01.01.-31.12. Endurskoðað |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 9.840 | 9.511 | 12.722 | 12.637 | 13.507 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | (5.501) | (5.673) | (7.678) | (7.595) | (8.419) |
| Framlegð | 4.339 | 3.838 | 5.044 | 5.042 | 5.088 |
| Aðrar rekstrartekjur | 6 | 3 | 5 | 4 | 8 |
| Rekstrarkostnaður | (3.304) | (3.122) | (4.102) | (3.860) | (3.850) |
| Rekstrarhagnaður | 1.041 | 719 | 947 | 1.186 | 1.246 |
| Fjármunatekjur | 43 | 45 | 63 | 152 | 290 |
| Fjármagnsgjöld | (566) | (543) | (741) | (1.019) | (1.923) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | **(523)** | **(498)** | **(678)** | **(867)** | **(1.633)** |
| Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt | 518 | 221 | 269 | 319 | (387) |
| Tekjuskattur | (170) | (38) | (42) | 36 | 675 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **348** | **183** | **227** | **355** | **288** |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | 4 | 23 | 21 | (81) | 75 |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals** | **4** | **23** | **21** | **(81)** | **75** |
| Heildarhagnaður tímabilsins | 352 | 206 | 248 | 274 | 363 |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 0,14 | 0,07 | 0,09 | 0,14 | 0,11 |

### 7.3.1. Rekstrarreikningur fyrstu níu mánaða áranna 2011 og 2012

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>01.01.-30.09.<br>Kannað | 2011<br>01.01.-30.09.<br>Ókannað |
|---|---|---|
| Sala | 9.840 | 9.511 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | (5.501) | (5.673) |
| **Framlegð** | **4.339** | **3.838** |
| Aðrar rekstrartekjur | 6 | 3 |
| Rekstrarkostnaður | (3.304) | (3.122) |
| **Rekstrarhagnaður** | **1.041** | **719** |
| Fjármunatekjur | 43 | 45 |
| Fjármagnsgjöld | (566) | (543) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | **(523)** | **(498)** |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **518** | **221** |
| Tekjuskattur | (170) | (38) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **348** | **183** |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé** | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | 4 | 23 |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals** | **4** | **23** |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | **352** | **206** |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 0,14 | 0,07 |

Sala Vodafone jókst á milli tímabila og nam 9.840 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 á móti 9.511 m.kr. á sama tímabili ársins 2011, eða sem nemur aukningu upp á 3,5%. Helsta ástæða fyrir aukningunni eru hækkandi tekjur af gagnaflutningi og sjónvarpsþjónustu. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu nam 5.501 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 en var 5.673 m.kr. yfir sama tímabil á árinu 2011, eða sem nemur lækkun um 3,0% á milli ára. Framlegð á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 nam því 4.339 m.kr. samanborið við 3.838 m.kr. á sama tímabili ársins 2011 og jókst því um 13,1%. Framlegð sem hlutfall af sölu var 44,1% fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 en var 40,4% fyrir sama tímabil 2011.

Rekstrarkostnaður var 3.304 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins2012 en var 3.122 m.kr. á sama tímabili á árinu 2011, eða sem nemur aukningu um 5,8% á milli tímabila. Áhrif kjarasamninga, sem undirritaðir voru árið 2011, og fjölgun stöðugilda höfðu þar mest áhrif. Brugðist var við með fækkun stöðugilda í lok janúar 2012 ásamt almennum aðhaldsaðgerðum en áhrifa af þeim aðgerðum fór að gæta á síðustu tveimur mánuðum fyrri hluta árs 2012.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld og tekjuskatt nam 1.041 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 en var 719 m.kr. fyrir sama tímabil 2011, eða sem nemur aukningu upp á 44,8%

Fjármunatekjur námu 43 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 en voru 45 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2011. Fjármagnsgjöld námu 566 m.kr. fyrir fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins 2012 samanborið við 543 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2011. Hrein fjármagnsgjöld voru neikvæð um 523 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 en þau voru neikvæð um 498 m.kr. á sama tímabili ársins 2011, eða sem jafngildir hækkun um 5,0%.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 518 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 samanborið við 221 m.kr. á sama tímabili árið 2011.

Tekjuskattur nam 170 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 en var 38 m.kr. á sama tímabili árið 2011. Hagnaður fyrstu níu mánaða ársins 2012 nam 348 m.kr. samanborið við 183 m.kr. á sama tímabili árið 2011. Heildarhagnaður, að teknu tilliti til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends dótturfélags, nam 352 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2012 samanborið við 206 m.kr. fyrri hluta ársins 2011 eða sem svarar til 70,8% aukningar.

Hagnaður á hverja krónu hlutafjár nam 0,14 kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 en var 0,07 kr. á hverja krónu hlutafjár fyrir sama tímabil árið 2011.

### 7.3.2. Rekstrarreikningur áranna 2011 og 2010

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2011<br>01.01.-31.12.<br>Endurskoðað | 2010<br>01.01.-31.12.<br>Endurskoðað |
|---|---|---|
| Sala | 12.722 | 12.637 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (7.678) | (7.595) |
| Framlegð | 5.044 | 5.042 |
| Aðrar rekstrartekjur | 5 | 4 |
| Rekstrarkostnaður | (4.102) | (3.860) |
| Rekstrarhagnaður | 947 | 1.186 |
| Fjármunatekjur | 63 | 152 |
| Fjármagnsgjöld | (741) | (1.019) |
| Hrein fjármagnsgjöld | (678) | (867) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 269 | 319 |
| Tekjuskattur | (42) | 36 |
| Hagnaður tímabilsins | 227 | 355 |
| Rekstrarliðir færðir á eigið fé | | |
| Þýðingarmunur | 21 | (81) |
| Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals | 21 | (81) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | 248 | 274 |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 0,09 | 0,14 |

Sala Vodafone nam 12.722 m.kr. á árinu 2011 á móti 12.637 m.kr. á árinu 2010, eða sem nemur aukningu upp á 0,7%. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu nam 7.678 m.kr. á árinu 2011 en var 7.595 m.kr. á árinu 2010, eða sem nemur aukningu um 1,1% á milli ára. Framlegð var nánast óbreytt milli ára og nam 5.044 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 5.042 m.kr. á árinu 2010. Framlegð sem hlutfall af sölu var 39,6% fyrri árið 2011 en var 39,9% árið 2010.

Rekstrarkostnaður var 4.102 m.kr. árið 2011 til samanburðar við 3.860 m.kr. árið 2010 sem jafngildir 6,3% aukningu. Skýrist hún að mestu af áhrifum kjarasamnings á launa- og starfsmannakostnað.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld og tekjuskatt nam 947 m.kr. á árinu 2011 en var 1.186 m.kr. árið 2010, eða sem svarar til lækkunar um 20,2% milli ára.

Fjármunatekjur voru 63 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 152 m.kr. árið 2010. Fjármagnsgjöld námu 741 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 1.019 m.kr. árið 2010 og má rekja helstu ástæðu lækkunar fjármagnsgjalda til lækkunar stýrivaxta Seðlabanka Íslands. Hrein fjármagnsgjöld voru 678 m.kr. á árinu 2011 en þau voru 867 m.kr. á árinu 2010, eða sem nemur lækkun um 21,8%.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 269 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 319 m.kr. árið 2010.

Tekjuskattur nam 42 m.kr. árið 2011 en var jákvæður um 36 m.kr. árið 2010. Skýrist jákvæður tekjuskattur ársins 2010 af tekjufærslu tekjuskattsinneignar í kjölfar hækkunar á skatthlutfalli fyrirtækja úr 18% í 20%.

Hagnaður ársins 2011 nam 227 m.kr. samanborið við 355 m.kr. árið 2010. Heildarhagnaður ársins 2011, að teknu tilliti til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends dótturfélags, nam 248 m.kr. samanborið við 274 m.kr. árið 2010 eða sem nam 9,5% lækkun.

Hagnaður á hverja krónu hlutafjár nam 0,09 kr. árið 2011 en var 0,14 kr. á hverja krónu hlutafjár árið 2010.

### 7.3.3. Rekstrarreikningur áranna 2010 og 2009

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2010<br>01.01.-31.12.<br>Endurskoðað | 2009<br>01.01.-31.12.<br>Endurskoðað |
|---|---|---|
| Sala | 12.637 | 13.507 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (7.595) | (8.419) |
| **Framlegð** | **5.042** | **5.088** |
| Aðrar rekstrartekjur | 4 | 8 |
| Rekstrarkostnaður | (3.860) | (3.850) |
| **Rekstrarhagnaður** | **1.186** | **1.246** |
| Fjármunatekjur | 152 | 290 |
| Fjármagnsgjöld | (1.019) | (1.923) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | **(867)** | **(1.633)** |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **319** | **(387)** |
| Tekjuskattur | 36 | 675 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **355** | **288** |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé** | | |
| Þýðingarmunur | (81) | 75 |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals** | **(81)** | **75** |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | **274** | **363** |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 0,14 | 0,11 |

Sala Vodafone nam 12.637 m.kr. á árinu 2010 samanborið við 13.507 m.kr. árið 2009, eða sem svarar til 6,4% lækkunar á milli ára. Samdráttur varð í farsímatekjum á milli áranna 2009 og 2010 sem rekja má til lækkunar á lúkningar- og reikiverðskrá jafnframt því sem notkun dróst saman. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu nam 7.595 m.kr. á árinu 2010 en var 8.419 m.kr. árið 2009, eða sem nemur lækkun um 9,8%. Gripið var til aðhaldsaðgerða á árinu 2010 til að mæta lækkandi tekjum; lækkaði framlegð því einungis lítillega á milli áranna 2009 og 2010 eða um 0,9%. Var framlegð ársins 2010 5.042 m.kr. samanborið við 5.088 m.kr. árið 2009. Framlegð sem hlutfall af sölu var 39,9% árið 2010 en 37,7% árið 2009.

Rekstrarkostnaður breyttist lítið á milli áranna 2009 og 2010 og nam hann 3.860 m.kr. árið 2010 á móti 3.850 m.kr. árið 2009, eða sem svarar til 0,3% hækkunar.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld og tekjuskatt nam 1.186 m.kr. árið 2010 en 1.246 m.kr. árið 2009, eða sem nemur lækkun um 4,8%.

Fjármunatekjur námu 152 m.kr. árið 2010 samanborið við 290 m.kr. árið 2009. Lækkun fjármunatekna skýrist af brottfalli vaxtatekna vegna sjóðspottar Teymis, sem var móðurfélag Fjarskipta á þeim tíma. Fjármagnsgjöld námu 1.019 m.kr. á árinu 2010 samanborið við 1.923 m.kr. árið 2009; lækkun milli ára skýrist einkum af lægri vöxtum árið 2010 á langtímaláni félagsins og einskiptisgjaldfærslu vegna eignarhlutar í Farice hf. að fjárhæð 324 m.kr. á árinu 2009. Hrein fjármagnsgjöld lækkuðu því umtalsvert á milli ára og námu 867 m.kr. árið 2010 til samanburðar við 1.633 m.kr. árið 2009.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 319 m.kr. árið 2010 en tap að fjárhæð 387 m.kr. var á árinu 2009.

Tekjuskattur var jákvæður um 36 m.kr. á árinu 2010 vegna tekjufærslu tekjuskattsinneignar í kjölfar hækkunar tekjuskattshlutfalls fyrirtækja úr 18% í 20%. Tekjuskattur var sömuleiðis jákvæður um 675 m.kr. á árinu 2009. Rekja má það annars vegar til bakfærslu á 450 m.kr. varúðarfærslu sem færð hafði verið vegna tekjuskattsinneignar og hins vegar tekjufærslu tekjuskattsinneignar í kjölfar hækkunar á skatthlutfalli fyrirtækja úr 15% í 18%. Hagnaður nam 355 m.kr. árið 2010 samanborið við 288 m.kr. árið 2009. Heildarhagnaður ársins 2010, að teknu tilliti til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends dótturfélags, nam 274 m.kr. samanborið við 363 m.kr. árið 2009 eða sem nam 24,6% lækkun.

Hagnaður á hverja krónu hlutafjár nam 0,14 kr. fyrir árið 2010 en var 0,11 kr. á hverja krónu hlutafjár árið 2009.

## 7.4. Efnahagsreikningur 2009, 2010, 2011 og fyrstu níu mánaða ársins 2012

Hér á eftir fer umfjöllun um efnahag samstæðu Fjarskipta og dótturfélags þess fyrir árin sem lauk þann 31. desember 2009 til 2011 sem og fyrstu níu mánaða ársins 2012, eða tímabilið sem lauk þann 30. september 2012. Sýnir taflan samanburð efnahagsreiknings samstæðu Fjarskipta á framangreindum dagsetningum.

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>30.09.<br>Kannað | 2011<br>31.12.<br>Endurskoðað | 2010<br>31.12.<br>Endurskoðað | 2009<br>31.12.<br>Endurskoðað |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| Rekstrarfjármunir | 4.087 | 4.534 | 4.802 | 5.238 |
| Óefnislegar eignir | 7.028 | 7.057 | 6.843 | 6.787 |
| Eignarhlutir í félögum | 2 | 2 | 3 | 5 |
| Skatteign | 885 | 987 | 1.029 | 1.015 |
| Fastafjármunir | 12.002 | 12.580 | 12.677 | 13.045 |
| Birgðir | 147 | 111 | 126 | 196 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.811 | 2.798 | 2.757 | 2.742 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur á tengda aðila | 0 | 0 | 0 | 818 |
| Handbært fé | 1.092 | 275 | 656 | 108 |
| Veltufjármunir | 4.050 | 3.184 | 3.539 | 3.864 |
| Eignir samtals | 16.052 | 15.764 | 16.216 | 16.909 |
| **Eigið fé** | | | | |
| Hlutafé | 3.356 | 2.550 | 2.550 | 2.550 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 2.734 | 623 | 597 | 597 |
| Þýðingarmunur | 255 | 246 | 225 | 306 |
| Óráðstafað eigið fé | 348 | 556 | 355 | 528 |
| Eigið fé | 6.693 | 3.975 | 3.727 | 3.981 |
| **Skuldir** | | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 6.778 | 8.677 | 9.416 | 10.228 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 51 | 70 | 109 | 0 |
| Langtímaskuldir | 6.829 | 8.747 | 9.525 | 10.228 |
| Vaxtaberandi skuldir | 439 | 758 | 758 | 200 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.013 | 1.864 | 1.778 | 2.192 |
| Skuldir við tengda aðila | 0 | 324 | 324 | 77 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 78 | 96 | 104 | 231 |
| Skammtímaskuldir | 2.530 | 3.042 | 2.964 | 2.700 |
| Skuldir samtals | 9.359 | 11.789 | 12.489 | 12.928 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 16.052 | 15.764 | 16.216 | 16.909 |

### 7.4.1. Efnahagsreikningur 30. september 2012 samanborið við 31. desember 2011

Í samanburðinum hér að neðan ber að hafa í huga að efnahagsreikningur samstæðunnar endurspeglar tvær mismunandi dagsetningar; Annars vegar árslokastöðu ársins 2011 og hins vegar stöðu í lok september 2012. Vegna þess að sumarmánuðir eru veltumeiri en flestir aðrir mánuðir ársins gætir áhrifa árstíðarsveiflu einkum í stöðu viðskiptakrafna.

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>30.09.<br>Kannað | 2011<br>31.12.<br>Endurskoðað |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Rekstrarfjármunir | 4.087 | 4.534 |
| Óefnislegar eignir | 7.028 | 7.057 |
| Eignarhlutir í félögum | 2 | 2 |
| Skatteign | 885 | 987 |
| **Fastafjármunir** | **12.002** | **12.580** |
| Birgðir | 147 | 111 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.811 | 2.798 |
| Handbært fé | 1.092 | 275 |
| **Veltufjármunir** | **4.050** | **3.184** |
| **Eignir samtals** | **16.052** | **15.764** |
| **Eigið fé** | | |
| Hlutafé | 3.356 | 2.550 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 2.734 | 623 |
| Þýðingarmunur | 255 | 246 |
| Óráðstafað eigið fé | 348 | 556 |
| **Eigið fé** | **6.693** | **3.975** |
| **Skuldir** | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 6.778 | 8.677 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 51 | 70 |
| **Langtímaskuldir** | **6.829** | **8.747** |
| Vaxtaberandi skuldir | 439 | 758 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.013 | 1.864 |
| Skuldir við tengda aðila | 0 | 324 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 78 | 96 |
| **Skammtímaskuldir** | **2.530** | **3.042** |
| **Skuldir samtals** | **9.359** | **11.789** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **16.052** | **15.764** |

***Eignir***

Heildareignir félagsins námu 16.052 m.kr. þann 30. september 2012 samanborið við 15.764 m.kr. þann 31. desember 2011 og jukust því um 1,8%.

Rekstrarfjármunir, sem eru að stærstum hluta fjarskiptabúnaður, voru 4.087 m.kr. þann 30. september 2012 samanborið við 4.534 m.kr. þann 31. desember 2011 og lækkuðu því um 9,9%. Óefnislegar eignir námu 7.028 m.kr. þann 30. september 2012 en voru 7.057 m.kr. þann 31. desember 2011, eða sem nemur lækkun um 0,4%. Virðisrýrnunarpróf á óefnislegum eignum var framkvæmt af Deloitte í árslok 2011 og gaf niðurstaða prófsins til kynna að ekki hefði orðið virðisrýrnun á árinu 2011.

Eignarhlutir í félögum voru bókfærðir á 2 m.kr. þann 30. september 2012 og höfðu því ekki breyst frá næstliðnum áramótum. Skatteign var 885 m.kr. þann 30. september 2012 en nam 987 m.kr. þann 31. desember 2011. Félagið gerir ráð fyrir að hagnaður komandi ára nýti skatteignina að fullu.

Veltufjármunir voru 4.050 m.kr. þann 30. september 2012 samanborið við 3.184 m.kr. í árslok 2011 og hækkuðu því um 27,2%. Má einkum rekja hækkunina til árstíðabundinnar hækkunar viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna vegna hærri veltu yfir sumarið. Námu viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur 2.811 m.kr. þann 30. september 2012 samanborið við 2.798 m.kr. þann 31. desember 2011. Veltuhraði viðskiptakrafnaá árinu 2011 var 6,31. Birgðir námu 147 m.kr. þann 30. september 2012 en voru 111 m.kr. þann 31. desember 2011 sem samsvarar aukningu um 32,4%. Skýrist aukningin af óvenjulágri birgðastöðu í endabúnaði lok árs 2011. Veltuhraði birgða var 5,90 á árinu 2011. Handbært fé var 1.092 m.kr. þann 30. september 2012 til samanburðar við 275 m.kr. þann 31. desember 2011. Skýrist aukningin af því að hvorki var greidd afborgun af langtímaláni né vaxtagreiðsla, en vaxtagreiðsla kemur til í janúar 2013. Þá mun hluti áætlaðra fjárfestinga færast aftur og koma til á síðasta ársfjórðungi 2012.

***Eigið fé***

Eigið fé nam 6.693 m.kr. þann 30. september 2012 samanborið við 3.975 m.kr. þann 31. desember 2011 eða sem svarar til 68,4% hækkunar. Hækkunin var tilkomin vegna hagnaðar félagsins á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012,hlutafjáraukningar sem lokið var á þriðja ársfjórðungi ársins 2012 og áhrifa af samruna Fjarskipta við Eignarhaldsfélagið Fjarskipti, fyrrum móðurfélag sitt.

***Skuldir***

Heildarskuldir félagsins námu 9.359 m.kr. þann 30. september 2012 en voru 11.789 m.kr. þann 31. desember 2011 og nam lækkunin því 20,6%.

Langtímalán félagsins námu samtals 6.829 m.kr. þann 30. september 2012 samanborið við 8.747 m.kr. þann 31. desember 2011 eða sem svarar til lækkunar um 21,9%. Vaxtaberandi langtímalán félagsins námu 6.778 m.kr. þann 30. september 2012 en voru 8.677 m.kr. þann 31. desember 2011. Skýrist lækkunin af niðurgreiðslu skulda í kjölfar hlutafjáraukningar á þriðja ársfjórðungi ársins 2012.

Skammtímaskuldir námu 2.530 m.kr. þann 30. september 2012 en voru 3.042 m.kr. þann 31. desember 2011, en það svarar til 16,8% lækkunar. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir námu 2.013 m.kr. þann 30. september 2012 samanborið við 1.864 m.kr. þann 31. desember 2011, eða sem svarar til 8,0% hækkunar.

### 7.4.2. Efnahagsreikningur 31. desember 2011 samanborið við 31. desember 2010

Hér á eftir fer umfjöllun um efnahag samstæðu Fjarskipta fyrir árin sem enduðu 31. desember 2011 og 31. desember 2010. Taflan að neðan sýnir efnahagsreikning samstæðu á framangreindum dagsetningum.

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2011<br>31.12.<br>Endurskoðað | 2010<br>31.12.<br>Endurskoðað |
|---|---|---|
| Eignir | | |
| Rekstrarfjármunir | 4.534 | 4.802 |
| Óefnislegar eignir | 7.057 | 6.843 |
| Eignarhlutir í félögum | 2 | 3 |
| Skatteign | 987 | 1.029 |
| Fastafjármunir | 12.580 | 12.677 |
| Birgðir | 111 | 126 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.798 | 2.757 |
| Handbært fé | 275 | 656 |
| Veltufjármunir | 3.184 | 3.539 |
| Eignir samtals | 15.764 | 16.216 |
| Eigið fé | | |
| Hlutafé | 2.550 | 2.550 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 623 | 597 |
| Þýðingarmunur | 246 | 225 |
| Óráðstafað eigið fé | 556 | 355 |
| Eigið fé | 3.975 | 3.727 |
| Skuldir | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 8.677 | 9.416 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 70 | 109 |
| Langtímaskuldir | 8.747 | 9.525 |
| Vaxtaberandi skuldir | 758 | 758 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 1.864 | 1.778 |
| Skuldir við tengda aðila | 324 | 324 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 96 | 104 |
| Skammtímaskuldir | 3.042 | 2.964 |
| Skuldir samtals | 11.789 | 12.489 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 15.764 | 16.216 |

***Eignir***

Heildareignir félagsins námu 15.764 m.kr. þann 31. desember 2011 samanborið við 16.216 m.kr. þann 31. desember 2010 og lækkuðu því um 2,8% á milli ára.

Rekstrarfjármunir námu 4.534 m.kr. þann 31. desember 2011 og samanstóðu að stærstum hluta af fjarskiptabúnaði. Rekstrarfjármunir námu 4.802 m.kr. þann 31. desember 2010 og nam lækkun milli áranna 2010 og 2011 því 5,6%. Óefnislegar eignir námu 7.057 m.kr. þann 31. desember 2011 samanborið við 6.843 m.kr. árið 2010, eða sem svarar til 3,1% aukningar. Skýrist aukning óefnislegra eigna að mestu með fjárfestingum í nýju reikningagerðarkerfi sem tekið var í notkun á árinu 2012. Virðisrýrnunarpróf var framkvæmt á óefnislegum eignum í árslok 2011 og gaf niðurstaða prófsins til kynna að ekki hefði orðið virðisrýrnun á framangreindum árum.

Eignarhlutir í félögum voru bókfærðir á 2 m.kr. þann 31. desember 2011 samanborið við 3 m.kr. þann 31. desember árið 2010. Skattinneign var 987 m.kr. þann 31. desember 2011 en nam 1.029 m.kr. þann 31. desember 2010, skýrist lækkunin af nýtingu skattinneignar á móti hagnaði félagsins.

Veltufjármunir voru 3.184 m.kr. þann 31. desember 2011 samanborið við 3.539 m.kr. þann 31. desember 2010, og lækkuðu því um 10,0%. Munaði þar mestu um lækkandi handbært fé á tímabilinu sem nam 275 m.kr. þann 31. desember 2011 til samanburðar við 656 m.kr. þann 31. desember 2010. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur námu 2.798 m.kr. þann 31. desember 2011 samanborið við 2.757 m.kr. þann 31. desember 2010, jukust þær því um 1,5%. Veltuhraði viðskiptakrafna á árinu 2011 var 6,31 en 6,14 á árinu 2010. Birgðir breyttust lítið á milli áranna 2010 og 2011 og námu 111 m.kr. þann 31. desember 2011 en voru 126 m.kr. þann 31. desember 2010. Veltuhraði birgða var 5,90 á árinu 2011 en 3,64 á árinu 2010 og stafar munurinn af hárri upphafstöðu birgða á árinu 2010 sem var 196 m.kr. á móti 126 m.kr. í lok sama árs.

***Eigið fé***

Eigið fé nam 3.975 m.kr. þann 31. desember 2011 samanborið við 3.727 m.kr. þann 31. desember 2010 og jókst því um 6,7%. Skýrist hækkunin af hagnaði félagsins á árinu 2011.

***Skuldir***

Heildarskuldir félagsins námu 11.789 m.kr. þann 31. desember 2011 en voru 12.489 m.kr. þann 31. desember 2010 og nam lækkunin því 5,6%.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 8.747 m.kr. þann 31. desember 2011 samanborið við 9.525 m.kr. þann 31. desember 2010, eða sem jafngildir 8,2% lækkun. Vaxtaberandi langtímalán félagsins námu 8.677 m.kr. þann 31. desember 2011 en voru 9.416 m.kr. þann 31. desember 2010.

Skammtímaskuldir voru 3.042 m.kr. þann 31. desember 2011 en voru til samanburðar 2.964 m.kr. þann 31. desember 2010 og nam hækkunin því 2,6%. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir námu 1.864 m.kr. þann 31. desember 2011 en voru 1.778 m.kr. þann 31. desember 2010 og samsvaraði hækkunin 4,8%.

### 7.4.3. Efnahagsreikningur 31. desember 2010 samanborið við 31. desember 2009

Hér á eftir fer umfjöllun um efnahag samstæðu Fjarskipta fyrir árin sem enduðu 31. desember 2010 og 31. desember 2009. Taflan hér að neðan sýnir efnahagsreikning samstæðu á framangreindum dagsetningum.

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2010<br>31.12.<br>Endurskoðað | 2009<br>31.12.<br>Endurskoðað |
|---|---|---|
| Eignir | | |
| Rekstrarfjármunir | 4.802 | 5.238 |
| Óefnislegar eignir | 6.843 | 6.787 |
| Eignarhlutir í félögum | 3 | 5 |
| Skatteign | 1.029 | 1.015 |
| Fastafjármunir | 12.677 | 13.045 |
| Birgðir | 126 | 196 |
| Viðskiptakröfur | 2.757 | 2.742 |
| Viðskiptakröfur á tengda aðila | 0 | 818 |
| Handbært fé | 656 | 108 |
| Veltufjármunir | 3.539 | 3.864 |
| Eignir samtals | 16.216 | 16.909 |
| Eigið fé | | |
| Hlutafé | 2.550 | 2.550 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 597 | 597 |
| Þýðingarmunur | 225 | 306 |
| Óráðstafað eigið fé | 355 | 528 |
| Eigið fé | 3.727 | 3.981 |
| Skuldir | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 9.416 | 10.228 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 109 | 0 |
| Langtímaskuldir | 9.525 | 10.228 |
| Vaxtaberandi skuldir | 758 | 200 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 1.778 | 2.192 |
| Skuldir við tengda aðila | 324 | 77 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 104 | 231 |
| Skammtímaskuldir | 2.964 | 2.700 |
| Skuldir samtals | 12.489 | 12.928 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 16.216 | 16.909 |

***Eignir***

Heildareignir félagsins þann 31. desember 2010 námu 16.216 m.kr. samanborið við 16.909 m.kr. þann 31. desember 2009 og lækkuðu því um 4,1%.

Rekstrarfjármunir, sem að stærstum hluta voru fjarskiptabúnaður, námu 4.802 m.kr. þann 31. desember 2010 samanborið við 5.238 m.kr. þann 31. desember 2011. Lækkuðu rekstrarfjármunir því um 8,3% á milli áranna 2009 og 2010. Óefnislegar eignir námu 6.843 m.kr. þann 31. desember 2010 samanborið við 6.787 m.kr. þann 31. desember 2009 og hækkuðu því um 0,8%. Virðisrýrnunarpróf voru framkvæmd í árslok 2010 og samkvæmt niðurstöðu þess höfðu óefnislegar eignir ekki orðið fyrir virðisrýrnun.

Eignarhlutir í félögum námu 3 m.kr. þann 31. desember 2010 samanborið við 5 m.kr. þann 31. desember 2009. Skattinneign var 1.029 m.kr. þann 31. desember 2010 en nam 1.015 m.kr. þann 31. desember 2009.

Veltufjármunir námu 3.539 m.kr. þann 31. desember 2010 samanborið við 3.864 m.kr. þann 31. desember 2009. Skýrist lækkunin einkum af breytingu á viðskiptakröfum á tengda aðila en sjóður félagsins að fjárhæð 697 m.kr. þann 31. desember 2009 féll þar undir. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur námu 2.757 m.kr. þann 31. desember 2010 til samanburðar við 2.742 m.kr. þann 31. desember 2009, eða sem svarar til 0,5% aukningar. Veltuhraði viðskiptakrafna á árinu 2010 var 6,14 en 6,30 2009. Birgðir lækkuðu á milli ára og námu 126 m.kr. þann 31. desember 2010 en voru 196 m.kr. þann 31. desember 2009. Veltuhraði birgða var 3,64 á árinu 2010 en 3,22 2009. Handbært fé var 656 m.kr. þann 31. desember 2010 til samanburðar við 108 m.kr. þann 31. desember 2009. Vert er að geta þess að hluti handbærs fjár samstæðunnar árið 2009 féllu undir viðskiptakröfur á tengda aðila þar sem eignir í sjóðspotti Teymis bókuðust sem slíkar.

***Eigið fé***

Eigið fé nam 3.727 m.kr. þann 31. desember 2010 samanborið við 3.981 m.kr. þann 31. desember 2009 sem svarar til 6,4% lækkunar. Var lækkunin tilkomin vegna arðgreiðslu til hluthafa á árinu 2010 að fjárhæð 528 m.kr.

***Skuldir***

Heildarskuldir félagsins námu 12.489 m.kr. þann 31. desember 2010 samanborið 12.928 m.kr. þann 31. desember 2009 og lækkuðu þær því um 3,4%.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 9.525 m.kr. þann 31. desember 2010 samanborið við 10.228 m.kr. þann 31. desember 2009. Var lækkunin því 6,9%. Vaxtaberandi langtímalán félagsins námu 9.416 m.kr. þann 31. desember 2010 en voru 10.228 m.kr. þann 31. desember 2009.

Skammtímaskuldir námu 2.964 m.kr. þann 31. desember 2010 en voru 2.700 m.kr. króna þann 31. desember 2009 eða sem svarar til 9,8% hækkunar. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir námu 1.778 m.kr. þann 31. desember 2010 en voru 2.192 m.kr. þann 31. desember 2009, nam lækkunin því 18,9%. Viðskiptaskuld við tengda aðila að fjárhæð 324 m.kr. má rekja til láns frá Eignarhaldsfélaginu Fjarskiptum hf., sem varð að móðurfélagi Fjarskipta ehf. frá 29. desember 2010 eftir uppskiptingu Teymis. Lánið bar ekki vexti.

## 7.5. Sjóðstreymisyfirlit 2009, 2010 og 2011 og fyrstu níu mánuði áranna 2011 og 2012

Hér á eftir fer umfjöllun um sjóðstreymi samstæðu Fjarskipta. Neðangreind tafla sýnir sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar fyrir heilu fjárhagsárin 2011, 2010 og 2009 auk fyrstu þriggja ársfjórðunga fjárhagsáranna 2011 og 2012.

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012 01.01.-30.09. Kannað | 2011 01.01.-30.09. Ókannað | 2011 01.01.-31.12. Endurskoðað | 2010 01.01.-31.12. Endurskoðað | 2009 01.01.-31.12. Endurskoðað |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarhreyfingar | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts | 2.173 | 1.846 | 2.353 | 2.320 | 2.067 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 37 | 45 | 62 | 116 | 115 |
| Greidd vaxtagjöld | (498) | (508) | (699) | (1.014) | (127) |
| Handbært fé frá rekstri | 1.712 | 1.383 | 1.716 | 1.422 | 2.055 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | | | |
| Seldir rekstrarfjármunir | 8 | 8 | 10 | 4 | 13 |
| Seldar óefnislegar eignir | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Seldur eignarhlutur í félögum | 0 | 2 | 2 | 3 | 2 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | (458) | (690) | (922) | (812) | (729) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | (192) | (314) | (462) | (366) | (244) |
| Krafa á tengd félög, breyting | 0 | 0 | 0 | 697 | (697) |
| Fjárfestingarhreyfingar | (642) | (994) | (1.372) | (474) | (1.651) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | | | |
| Innborgað hlutafé að frádregnum kostnaði | 1.973 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tekin langtímalán | 9.200 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Arður til hluthafa | 0 | 0 | 0 | (528) | 0 |
| Afborganir langtímalána | (11.421) | (563) | (754) | (173) | (86) |
| Skammtímalán, breyting | (9) | 17 | 12 | (13) | (145) |
| Skuld við tengd félög, breyting | 0 | 0 | 0 | 324 | (180) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (257) | (546) | (742) | (390) | (411) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 813 | (157) | (398) | 558 | (7) |
| Gengismunur á handbæru fé erlends dótturfélags | 3 | (7) | 17 | (10) | 28 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 275 | 656 | 656 | 108 | 87 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | 1.092 | 492 | 275 | 656 | 108 |

Handbært fé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts nam 2.173 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 samanborið við 1846 m.kr. á sama tímabili árið 2011. Þá nam það 2.353 m.kr. þann 31. desember 2011 en var 2.320 m.kr. þann 31. desember 2010 og 2.067 m.kr. þann 31. desember 2009.

Greidd vaxtagjöld voru 498 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 samanborið við 508 m.kr. á sama tímabili árið 2011. Þá námu þau 699 m.kr. á árinu 2011, 1.014 m.kr. árið 2010 og 127 m.kr. árið 2009. Skýrist mikil hækkun frá árinu 2009 til 2010 af skuldsetningu félagsins sem tilkomin var í tengslum við endurskipulagningu Teymis sem átti sér stað síðla árs 2009. Þá lækkuðu vaxtagjöldin frá árinu 2010 til 2011 sem skýrist af lækkuðum stýrivöxtum Seðlabanka Íslands. Handbært fé frá rekstri var 1.712 m.kr. á fyrstu

þremur ársfjórðungum ársins 2012 samanborið við 1.383 m.kr. á sama tímabili árið 2011, og 1.716 m.kr. árið 2011, 1.422 kr. árið 2010 og 2.055 m.kr. árið 2009.

Fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 458 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 samanborið við 690 m.kr. á sama tímabili árið 2011. Þá námu fjárfestingar í rekstrarfjármunum á árinu 2011 í heild 922 m.kr., 812 m.kr. á árinu 2010 og 729 m.kr. á árinu 2009. Fjárfestingar í óefnislegum eignum námu 192 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 samanborið við 314 m.kr. á sama tímabili árið 2011. Þær námu enn fremur 462 m.kr. á árinu 2011 í heild, 366 m.kr. á árinu 2010 og 244 m.kr. á árinu 2009. Ástæða aukinna fjárfestinga í óefnislegum eignum lá einkum í nýju reikningagerðarkerfi sem tekið var í notkun á árinu 2012. Fjárfestingarhreyfingar á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 voru því 642 m.kr. samanborið við 994 m.kr. á sama tímabili árið 2011. Fyrir árið 2011 í heild sinni námu fjárfestingar 1.372 m.kr. samanborið við 474 m.kr. árið 2010 og 1.651 m.kr. árið 2009.

Fjármögnunarhreyfingar á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 voru 257 m.kr. samanborið við 546 m.kr. á sama tímabili ársins 2011. Þær námu enn fremur 742 m.kr. á árinu 2011, 390 m.kr. á árinu 2010 og 411 m.kr. á árinu 2009. Arður var greiddur til hluthafa árið 2010 auk þess sem lán var tekið frá Eignarhaldsfélaginu Fjarskiptum hf., móðurfélagi útgefanda, undir árslok sama árs. Afborganir langtímalána námu 11.421 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 samanborið við 563 m.kr. á sama tímabili ársins 2011. Þær námu 754 m.kr. á árinu 2011 í heild sinni, 173 m.kr. á árinu 2010 og 86 m.kr. á árinu 2009. Háar afborganir á árinu 2012 skýrast af endurfjármögnun vaxtaberandi skulda félagsins en á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 voru tekin tvö ný langtímalán samtals að fjárhæð 9.200 m.kr. Annað þeirra, að fjárhæð 2.200 m.kr., var greitt upp í september 2012 með afrakstri hlutafjáraukningar og nam innborgað hlutafé í henni 1.973 m.kr. að frádregnum kostnaði.

Handbært fé þann 30. september 2012 var 1.092 m.kr. samanborið við 492 m.kr. á sama degi árið 2011. Handbært fé nam 275 m.kr. þann 31. desember 2011, samanborið við 656 m.kr. á sama degi 2010 og 108 m.kr. 31. desember 2009.

## 7.6. Yfirlit um breytingu á eigin fé frá 1. janúar 2009 til 30. september 2012

Eigið fé félagsins nam samtals 6.693 m.kr. þann 30. september 2012 samanborið við 3.975 m.kr. þann 31. desember 2011, 3.727 m.kr. 31. desember 2010 og 3.981 m.kr. 31. desember 2009. Samkvæmt samþykktum félagsins nam hlutafé þess 3.356 m.kr. þann 30. september 2012 og 2.550 á á öllum fyrri dagsetningum

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | Hlutafé | Yfirverðsreikningur hlutafjár | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Árið 2009 | | | | | |
| Eigið fé 01.01.2009 | 2.502 | 0 | 231 | (3.943) | (1.210) |
| Þýðingarmunur | | | 75 | | 75 |
| Hagnaður ársins | | | | 288 | 288 |
| Nýtt hlutafé | 48 | 4.780 | | | 4.828 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | | 24 | | (24) | 0 |
| Yfirverðsreikningur færður á móti tapi | | (4.207) | | 4.207 | 0 |
| **Eigið fé 31.12.2009** | **2.550** | **597** | **306** | **528** | **3.981** |
| Árið 2010 | | | | | |
| Eigið fé 01.01.2010 | 2.550 | 597 | 306 | 528 | 3.981 |
| Arður til hluthafa | | | | (528) | (528) |
| Þýðingarmunur | | | (81) | | (81) |
| Hagnaður ársins | | | | 355 | 355 |
| **Eigið fé 31.12.2010** | **2.550** | **597** | **225** | **355** | **3.727** |
| Árið 2011 | | | | | |
| Eigið fé 01.01.2011 | 2.550 | 597 | 225 | 355 | 3.727 |
| Þýðingarmunur | | | 21 | | 21 |
| Hagnaður ársins | | | | 227 | 227 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | | 26 | | (26) | |
| **Eigið fé 31.12.2011** | **2.550** | **623** | **246** | **556** | **3.975** |
| Tímabilið 01.01. – 30.09.2012 | | | | | |
| Eigið fé 31.12.2011 | 2.550 | 623 | 246 | 556 | 3.975 |
| Áhrif samruna | | 1.000 | 5 | (612) | 393 |
| **Eigið fé 01.01.2012** | **2.550** | **1.623** | **251** | **(56)** | **4.368** |
| Yfirverðsreikningur færður á móti tapi | | (56) | | 56 | 0 |
| Heildarafkoma tímabilsins | | | | 352 | 352 |
| Selt nýtt hlutafé | 806 | 1.167 | | | 1.973 |
| **Eigið fé 30.09.2012** | **3.356** | **2.734** | **255** | **348** | **6.693** |

Eigið fé hækkaði um 248 m.kr. á árinu 2011 sem skýrist af hagnaði ársins. Eigið fé lækkaði um 254 m.kr. á árinu 2010 sem skýrist bæði af hagnaði sem nam 274 m.kr. og arðgreiðslu til hluthafa að andvirði 528 m.kr. Eigið fé hækkaði um 2.718 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 sem skýrist af áhrifum samruna að fjárhæð 393 m.kr., seldu nýju hlutafé að fjárhæð 1.973 m.kr. og hagnaði tímabilsins að fjárhæð 352 m.kr.

## 7.7. Fjármögnun

Eigið fé og skuldir Fjarskipta námu kr. 16.052 m.kr. þann 30. september 2012 og var eigið fé þar af 6.693 m.kr., eða um 41,7% af stærð efnahagsreiknings, og skuldir 9.359 m.kr., eða um 58,3% af stærð efnahagsreiknings.

Tafla 13: Heildarskuldir Fjarskipta m.v. 30. september 2012

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>30.09. |
|---|---|
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 6.778 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 439 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 129 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.013 |
| Skuldir við tengda aðila (Eignarhaldsfélagið Fjarskipti hf.) | 0 |
| Skuldir samtals | 9.359 |

Tafla 14: Afborganaferill og samsetning lána m.v. 30. september 2012

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | 2012<br>30.09. |
|---|---|
| Óverðtryggðar skuldir í ISK (7,30% vextir í lok tímabils) | 7.004 |
| Skuldir í DKK (7,00% vextir í lok tímabils) | 213 |
| Samtals vaxtaberandi langtímaskuldir | 7.217 |
| Næsta árs afborganir | (439) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir skv. efnahagsreikningi | 6.778 |
| Afborgun september 2012 til desember 2012 | 38 |
| Afborgun 2013 | 550 |
| Afborgun 2014 | 524 |
| Afborgun 2015 | 492 |
| Afborgun 2016 | 479 |
| Afborganir síðar | 5.134 |
| Afborganir samtals | 7.217 |

Þann 21. ágúst 2012 voru vaxtaberandi skuldir félagsins endurfjármagnaðar í samstarfi við Landsbankann. Eftir endurfjármögnun bar félagið tvo lánasamninga, annan að fjárhæð 7.000 m.kr. og hinn að fjárhæð 2.200 m.kr. Er sá fyrrnefndi í formi hefðbundins afborganaláns til 15 ára, og hefur lokagjalddaga árið 2027, en sá síðari í formi eingreiðsluláns sem hafði gjalddaga á árinu 2013, en hann hefur nú verið að fullu greiddur með afrakstri hlutafjáraukningar sem átti sér stað þann 26. september 2012. Eiginfjárhlutfall útgefanda í kjölfar hlutafjáraukningarinnar, og niðurgreiðslu skulda, er um 41,7%.

Að lokinni endurfjármögnun er fjármögnun Fjarskipta sterk og ekki fyrirséð þörf á endurfjármögnun skulda á komandi misserum. Samkvæmt núverandi lánasamningi lækka vaxtakjör félagsins frá því sem áður var. Lægri vaxtakjör munu því að óbreyttu leiða til lægri fjármagnskostnaðar um sem nemur 1%, eitt prósentustig frá því sem fjárhagsyfirlit félagsins fyrir árin 2009, 2010 og 2011, og birt eru í útgefandalýsingu þessari, gefa til kynna. Félagið reiknar með að mæta greiðslum afborgana og vaxta langtímalána með eigin sjóðstreymi.

## 7.8. Lykiltölur úr fjárhag P/F Kall

Neðangreind tafla sýnir þróun lykiltalna P/F Kall fyrir fjárhagsárin 2009, 2010 og 2011, auk fyrstu þriggja ársfjórðunga áranna 2011 og 2012. Bent er á að rekstrarmynt P/F Kall er danskar krónur og endurspeglar neðangreind tafla því umreikning yfir í íslenskar krónur samkvæmt uppgjörsreglum samstæðunnar[46].

| *Fjárhæðir eru í m.kr.* | **2012** 01.01. - 30.09. | **2011** 01.01. - 30.09. | **2011** 01.01. - 31.12. | **2010** 01.01. - 31.12. | **2009** 01.01. - 31.12. |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 1.501 | 1.471 | 1.956 | 1.996 | 2.110 |
| EBITDA | 256 | 144 | 207 | 271 | 265 |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | 74 | (29) | (28) | 31 | (15) |
| | | | | | |
| Heildareignir | 1.135 | 1.224 | 1.195 | 1.244 | 1.581 |
| Fastafjármunir | 678 | 811 | 801 | 797 | 1.041 |
| Veltufjármunir | 457 | 413 | 394 | 447 | 540 |
| Eigið fé | 568 | 491 | 490 | 533 | 584 |
| Skuldir | 567 | 733 | 706 | 711 | 996 |
| | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | 177 | 179 | 208 | 222 | 235 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (43) | (133) | (182) | (104) | (83) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (90) | (53) | (81) | (94) | 144 |
| Hækkun/lækkun handbærs fjár | 44 | (7) | (55) | 24 | 8 |
| | | | | | |
| EBITDA hlutfall | 17,1% | 9,8% | 11% | 14% | 13% |
| Eiginfjárhlutfall | 50,0% | 40,1% | 41% | 43% | 37% |
| Vaxtaberandi skuldir / EBITDA | | | 1,3 | 1,2 | 1,9 |

Sala P/F Kall dróst saman úr 2.110 m.kr. árið 2009 í 1.956 m.kr. árið 2011 en jókst aftur á fyrst níu mánuðum ársins 2012 miðað við sama tímabil árið 2011, úr 1.471 m.kr. í 1.501 m.kr. Tap P/F Kall nam 28 m.kr. fyrir árið 2011 samanborið við 31 m.kr. hagnað árið 2010 og 15 m.kr. tap árið 2009. Hagnaður fyrstu níu mánaða ársins 2012 nam 74 m.kr. samanborið við 29 m.kr. tap á sama tímabili árið 2011.

Fjárhæð heildareigna dróst lítillega saman frá 31. desember 2011, þegar hún var 1.195 m.kr., til 30. september 2012 þegar hún var 1.135 m.kr. Eigið fé jókst hins vegar úr 490 m.kr. þann 31. desember 2011 í 568 m.kr. þann 30. september 2012. Jafngildir þetta því að eiginfjárhlutafall hafi verið 41% þann 31. desember 2011 og 50% þann 30. september 2012.

Fjárfestingar jukust úr 83 m.kr. árið 2009 í 182 m.kr. árið 2011, og námu 43 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 samanborið við 133m.kr. á sama tímabili árið 2011. Handbært fé frá rekstri dróst saman úr 235 m.kr. árið 2009 í 208 m.kr. árið 2011. Þá nam handbært fé frá rekstri 177 m.kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2012 samanborið við 179 m.kr. á sama tímabili árið 2011.

[46] Tekjur og gjöld eru umreiknuð á meðalgengi ársins. Eignir og skuldir eru umreiknaðar á gengi uppgjörsdags.

# 8. Samþykktir útgefanda

# SAMÞYKKTIR FYRIR FJARSKIPTI HF.

## 1. KAFLI
## Nafn félagsins, heimili og tilgangur

### 1. gr.

Félagið er hlutafélag og nafn þess er Fjarskipti hf.

### 2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík.

### 3. gr.

Tilgangur félagsins er fjarskiptastarfsemi og skyld starfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi ásamt því að ávaxta fé það sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með rekstri í félaginu og fjárfestingum í dóttur- og hlutdeildarfélögum.

## 2. KAFLI
## Hlutafé félagsins

### 4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 3.356.452.000, – þrírmilljarðarþrjúhundruðfimmtíuogsexmilljónirfjögur-hundruðfimmtíuogtvöþúsundkrónur 00/100-.

Hver hlutur er að fjárhæð kr. 10.- að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

Stjórn félagsins er veitt heimild til þess að auka hlutafé þess um allt að kr. 60.000.000 að nafnverði, eða um allt að 6.000.000 hluta, til að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingu félagsins um uppgjör gagnvart hugsanlegum óframkomnum kröfum vegna nauðasamnings Teymis hf. sem staðfestur var af Héraðsdómi Reykjavíkur 23. Júní 2009. Fjarskipti hf. bera 64,85% þeirrar skuldbindingar á móti Advania hf. sem ber 35,15% hennar í samræmi við skiptingaráætlun Teymis hf. frá 9. nóvember 2010, en Fjarskipti hf. og Advania hf. eru lögaðilar sem tekið hafa yfir að fullu réttindi og skyldur Teymis hf. Heimild þessari skal einvörðungu beitt til þess að gera upp 64,85% krafna lánardrottna á hendur Teymi hf. samkvæmt hinum staðfesta nauðasamningi, ef lögmæt skilyrði krafna eru fyrir hendi. Ávallt skal miða við stöðu krafna á hendur Teymi hf. miðað við 21. apríl 2009, að því marki sem þær eru ekki fyrndar. Sá hluti kröfu hvers lánardrottins sem er undir kr. 162.125 skal greiddur að fullu , en það sem þá stendur ógreitt skal greitt með hlutafé í félaginu, með eftirfarandi hætti: Fyrst skal deilt í eftirstöðva kröfunnar með tölunni fimm en síðan reikna hlutfallið 0,611040233 af henni, og er þá fundið nafnverð hluta í félaginu sem gera á kröfuna upp með, en til að finna fjölda hluta í félaginu þarf að deila með tíu í þá niðurstöðu.

Heimild þessi skal standa til 31. maí 2014. Hluthafar falla frá forkaupsrétti að hækkunarheimildinni, enda skal henni einvörðungu beitt til uppgjörs á óuppgerðum kröfum sem fram kunna að koma og falla undir nauðasamning Teymis hf. sem staðfestur var 23. júní 2009.

**5. gr.**

Hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutafé, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum aukningarhlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína, en að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta eftir þeim reglum sem hluthafafundur setur hverju sinni.

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsludags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að grípa til annarra þeirra vanefndaúrræða sem lög heimila á hverjum tíma.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

**6. gr.**

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

Hlutaskrá félagsins er gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar. Útskrift frá verðbréfaskráningu um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá.

Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu skal honum afhent staðfesting úr rafrænni skuldaskrá um eignarhlut sinn er veitir honum full réttindi í félaginu skv. fyrirmælum í samþykktum þessum.

**7. gr.**

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins.

**8. gr.**

Eigendaskipti að hlut, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna til Verðbréfskráningar Íslands jafnskjótt og þau fara fram í samræmi við lög um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnun á eign sína á hlutnum.

**9. gr.**

Hver hluthafi er skyldur til þess, án sérstakrar skuldbindingar, að lúta samþykktum þessum, eins og þær eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt á löglegan hátt. Þó verða hluthafar ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

Engar hömlur eru lagðar á sölu eða framsal hlutabréfa í félaginu.

## 3. KAFLI
## Hluthafafundir

**10. gr.**

Lögmætir hluthafafundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins með takmörkunum þeim sem landslög og samþykktir þessar setja.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafundi og taka þar til máls. Sama rétt hefur forstjóri félagsins og endurskoðendur þess þótt þeir séu ekki hluthafar. Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð á fundinum. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafa er og heimilt að sækja hluthafafund ásamt ráðgjafa.

**11. gr.**

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og gerir grein fyrir starfseminni á liðnu starfsári.
2. Stjórnin leggur fram til staðfestingar reikninga félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum og tillögum endurskoðenda.
3. Tekin ákvörðun um það hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á liðnu reikningsári.
4. Tillögur um breytingar á lögum eða samþykktum félagsins, sem löglega eru fram bornar.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðenda félagsins.

7. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðenda.
8. Starfskjarastefna félagsins.
9. Önnur mál, löglega fram borin.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 (einum þriðja) hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau sem greinir í 1. og 2. tölulið til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

**12. gr.**

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, samkvæmt ályktun hluthafafundar, þegar kjörnir endurskoðendur krefjast þess eða þegar hluthafar, sem ráða minnst 1/10 (einum tíunda) hlutafjárins, krefjast þess skriflega með tilvísun í fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að ráðherra láti boða til fundarins samkvæmt 87. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

**13. gr.**

Til hluthafafunda skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í dagblaði. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir. Þó skulu hluthafafundir boðaðir með minnst viku fyrirvara nema stjórnarkjör fari fram, þá skal hann boðaður með tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara. Við töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal boðun funda vera með þriggja vikna fyrirvara í samræmi við 88. gr. a. Hlutafélagalaga.

**14. gr.**

Viku fyrir hluthafafund, tveimur vikum fyrir aðalfund og hluthafafund þar sem stjórnarkjör fer fram, en þremur vikum fyrir hluthafafundi eftir töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hið skemmsta, skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar, starfskjarastefna og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Löglega fram bornar viðauka- og breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum.

**15. gr.**

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins samkvæmt samþykktum þessum, þ.á m. ákveða form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Í fundargerðarbók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðarbók eða fylgja henni. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðarbók. Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðarbók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins.

**16. gr.**

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar skulu tillögur um samruna félagsins við annað félag, tillögur um að félaginu skuli slitið, sem og tillögur um að hluthafar skuli falla frá forgangsrétti að nýjum hlutum við hækkun á hlutafé félagsins, hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra og gildra atkvæða á hluthafafundi til þess að teljast hafa hlotið samþykki fundarins.

## 4. KAFLI
## Stjórn og forstjóri félagsins

**17. gr.**

Aðalfundur kýs árlega fimm menn í stjórn félagsins og tvo menn í varastjórn sem skulu skilgreindir sem fyrsti og annar varamaður.

Um hæfi stjórnarmanna og búsetu vísast til 66. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef fram koma tillögur um fleiri menn en kjósa skal. Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 (einum tíunda) hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við stjórnarkjör. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir fund. Sé krafist bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar skal beita margfeldiskosningu.

**18. gr.**

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal stjórn kjósa formann og ákveða verkaskiptingu að öðru leyti.

Formaður kveður til stjórnarfunda og stýrir þeim. Fund skal og halda ef einhver stjórnarmanna, forstjóri eða endurskoðendur krefjast þess.

Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir hann. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögmætum fyrirmælum. Stjórnin skal

halda gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni. Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveða á um framkvæmd starfa hennar.

**19. gr.**

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.

Helstu störf stjórnarinnar eru:

1. Að ráða forstjóra félagsins, ákveða laun hans og önnur starfskjör.
2. Að taka stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfsemi félagsins.
3. Að hafa stöðugt eftirlit með rekstri félagsins, sérstaklega með bókhaldi og meðferð á fjármunum þess.
4. Að veita prókúruumboð fyrir félagið.

**20. gr.**

Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

**21. gr.**

Forstjóri félagsins annast daglegan rekstur þess í samræmi við stefnu og fyrirmæli félagsstjórnar. Ráðstafanir, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar, getur forstjóri aðeins gert með samþykki stjórnarinnar. Þoli slíkar ráðstafanir ekki bið er honum þó heimilt að grípa til þeirra enda tilkynni hann stjórninni það án tafar.

Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Forstjóri ræður alla starfsmenn félagsins og veitir þeim lausn frá störfum.

Stjórn félagsins veitir forstjóra, svo og öðrum starfsmönnum, ef hentugt þykir, heimild til að rita firma félagsins.

Forstjóri ber að veita stjórninni og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi félagsins sem þeir óska.

**22. gr.**

Stjórnarmaður eða forstjóri má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann hefur persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að brjóta í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um slík atvik.

Stjórn félagsins, forstjóri eða aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

## 5. KAFLI
## Reikningshald og endurskoðun

### 23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins og skal hann gerður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og bókhald.

### 24. gr.

Aðalfundur kýs árlega löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag sem skal rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund.

Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins, og skal hann fullnægja hæfisskilyrðum 11. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur.

### 25. gr.

Endurskoðendur félagsins skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikning og samstæðureikning félagsins og í því sambandi kanna allt reikningshald og alla reikninga þess.

Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókum og skjölum félagsins.

### 26. gr.

Ársreikningur skal sýna ítarlega og skilmerkilega tekjur og gjöld félagsins, eignir þess og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum félagsins.

Samstæðureikningur skal hafa að geyma ársreikning félagsins ásamt ársreikningum dótturfélaga þess.

Ársreikningur og samstæðureikningur skulu að öðru leyti fullnægja þeim skilyrðum er landslög setja.

### 27. gr.

Ársreikningur og samstæðureikningur, undirritaðir af stjórn félagsins og forstjóra, skulu lagðir fyrir endurskoðendur félagsins.

Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun reikninganna þremur vikum fyrir aðalfund. Skulu þeir senda stjórninni skýrslu sína og ber að varðveita hana á öruggan hátt.

## 6. KAFLI
## Ráðstöfun ágóða, þ.á.m. úthlutun arðs

### 28. gr.

Aðalfundur tekur ákvörðun um ráðstöfun árságóða.

Stjórn félagsins skal leggja fyrir aðalfund tillögu um skiptingu ágóðans, þ.á.m. hve stór hundraðshluti skuli lagður í varasjóð og hve miklum arði skuli úthlutað til hluthafa. Að jafnaði er ekki heimilt að úthluta meiri arði en stjórnin leggur til eða samþykkir á aðalfundi.

**29. gr.**

Aðalfundur ákveður gjalddaga arðs til hluthafa og verður hann að vera innan sex mánaða frá fundinum.

Hver hluthafi getur vitjað arðs á skrifstofu félagsins allt að fjórum árum eftir gjalddaga hans. Að öðrum kosti fellur arðurinn til félagsins.

## 7. KAFLI
## Eigið hlutafé félagsins

**30. gr.**

Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa, sbr. 55.-62. gr. VIII kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995. Í tilviki 55. gr. hlutafélagalaga þarf samþykki hluthafafundar að liggja fyrir áður en keypt er.

Félagið má ekki veita lán út á hluti sína, nema lög heimili það sérstaklega.

Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

## 8. KAFLI
## Breytingar á samþykktum félagsins

**31. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum.

## 32. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að eftirgreindar breytingar verði gerðar á samþykktum þessum:

1. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.
2. Að skylda hluthafa til að þola innlausn á hlutabréfum sínum nema um félagsslit sé að ræða.
3. Að skerða rétt hluthafa eða auka skuldbindingar þeirra.

Breyting á samþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa, verður því aðeins gerð að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jáyrði.

# 9. KAFLI
# Slit á félaginu og samruni þess við annað félag eða félög

## 33. gr.

Tillaga um slit á félaginu eða samruna þess við annað félag eða félög skal fá sömu meðferð og tillaga til breytinga á samþykktum þessum.

Um félagsslit vísast að öðru leyti til XIII. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Um samruna félagsins við annað félag eða félög vísast til XIV. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995.

# 10. KAFLI
# Önnur ákvæði

## 34. gr.

Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli fara skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, svo og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt, svo sem lögum um ársreikninga og bókhald.

Samþykktar á hluthafafundi þann 9. nóvember 2012.

F.h. Fjarskipta hf.

Ómar Svavarsson, forstjóri

## 9. Ársreikningar áranna 2009 til 2011 og árshlutareikningur fyrstu níu mánaða ársins 2012

# Og fjarskipti ehf.

## Ársreikningur samstæðunnar

## 2009

Og fjarskipti ehf.
Skútuvogi 2
104 Reykjavík
Kt. 470905-1740

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðenda ........ 4

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2009 ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Eiginfjáryfirlit ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Og fjarskipta ehf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum.

Og fjarskipti ehf. er dótturfélag Teymis hf. og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á árinu 288 millj. kr., en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends dótturfélags er hagnaður samstæðunnar á árinu 363 millj.kr. Framsetningin er í samræmi við endurbættan alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS1, um framsetningu ársreikninga, sem tók gildi 1. janúar 2009. Samanburðafjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Breytingin hefur aðeins áhrif á framsetningu og hreyfir ekki kennitöluna hagnað á hlut. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu námu 13.507 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 16.909 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar 31. desember 2009 nam 3.981 millj. kr.

Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti þann 23. júní sl. nauðasamning Teymis hf. Vísað er í skýringu nr. 38 varðandi áhrif þessa á fjárhagsstöðu Og fjarskipta ehf.

Við nauðasamninga Teymis hf. var hlutafé Og fjarskipta ehf. aukið um 48 millj. kr. að nafnverði sem leiddi til hækkunar um 4.828 millj. kr. á eigin fé. Hlutafé félagsins var í upphafi árs 2.502 millj. kr. en er í lok árs 2.550 millj. kr. eftir hlutafjáraukningu.

Stjórn félagsins leggur til að greiddar verði 528 millj. kr. í arð til hluthafa á árinu 2010 vegna rekstrarársins 2009. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Og fjarskipta ehf. staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. apríl 2010.

Í stjórn:

Forstjóri:

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Og fjarskipta ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Og fjarskipta ehf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 6. apríl 2010.

KPMG hf.



# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| Sala | 6 | 13.507 | 13.441 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | 7 | ( 8.419 ) | ( 8.063 ) |
| **Framlegð** | | 5.088 | 5.378 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 8 | 110 |
| Sölu- og markaðskostnaður | | ( 1.451 ) | ( 1.588 ) |
| Stjórnunarkostnaður | | ( 2.399 ) | ( 2.523 ) |
| Virðisrýrnun óefnislegra eigna | 18 | 0 | ( 2.450 ) |
| **Rekstrarhagnaður - (tap)** | | 1.246 | ( 1.073 ) |
| Fjármunatekjur | | 290 | 867 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 1.923 ) | ( 7.573 ) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | 10 | ( 1.633 ) | ( 6.706 ) |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | | ( 387 ) | ( 7.779 ) |
| Tekjuskattur | 11,12 | 675 | 314 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 288 | ( 7.465 ) |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé** | | | |
| Breytingar á gangvirði afleiðusamninga | | 0 | ( 4 ) |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | | 75 | 231 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals** | | 75 | 227 |
| **Heildarhagnaður (tap) ársins** | | 363 | ( 7.238 ) |
| Hagnaður (tap) á hverja krónu hlutafjár | 26 | 0,11 | ( 2,98 ) |

Skýringar á bls. 9 - 28 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 13-17 | 5.238 | 5.582 |
| Óefnislegar eignir | 18 | 6.787 | 6.803 |
| Eignarhlutir í félögum | 19 | 5 | 329 |
| Langtímakröfur á tengd félög | | 0 | 3.907 |
| Skattinneign | 20 | 1.015 | 487 |
| Fastafjármunir | | 13.045 | 17.108 |
| Birgðir | 21 | 196 | 143 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 22 | 2.742 | 3.160 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur á tengda aðila | 23 | 818 | 53 |
| Handbært fé | 24 | 108 | 87 |
| Veltufjármunir | | 3.864 | 3.443 |
| **Eignir samtals** | | 16.909 | 20.551 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 2.550 | 2.502 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 597 | 0 |
| Annað bundið eigið fé | | 306 | 231 |
| Óráðstafað (ójafnað) eigið fé | | 528 | ( 3.943 ) |
| Eigið fé | 25 | 3.981 | ( 1.210 ) |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 27-30 | 10.228 | 8.647 |
| Langtímaskuldir | | 10.228 | 8.647 |
| Vaxtaberandi skuldir | 28 | 200 | 9.381 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 32 | 1.973 | 2.913 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir við tengda aðila | 33 | 77 | 377 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 31 | 450 | 443 |
| Skammtímaskuldir | | 2.700 | 13.114 |
| Skuldir samtals | | 12.928 | 21.761 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 16.909 | 20.551 |

Skýringar á bls. 9 - 28 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Eiginfjáryfirlit ársins 2009

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað (ójafnað) eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Árið 2008** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2008 | 2.502 | 1.028 | 4 | 2.494 | 6.028 |
| Breytingar á gangvirði afleiðusamninga | | | ( 4 ) | | ( 4 ) |
| Þýðingarmunur | | | 231 | | 231 |
| Tap ársins | | | | ( 7.465 ) | ( 7.465 ) |
| Tap fært á eigið fé | | | 227 | ( 7.465 ) | ( 7.238 ) |
| Yfirverðsreikningur færður á móti tapi | | ( 1.028 ) | | 1.028 | 0 |
| Eigið fé 31.12.2008 | 2.502 | | 231 | ( 3.943 ) | ( 1.210 ) |
| **Árið 2009** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2009 | 2.502 | | 231 | ( 3.943 ) | ( 1.210 ) |
| Þýðingamunur | | | 75 | | 75 |
| Hagnaður ársins | | | | 288 | 288 |
| Hagnaður færður á eigið fé | | | 75 | 288 | 363 |
| Nýtt hlutafé | 48 | 4.780 | | | 4.828 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | | 24 | | ( 24 ) | |
| Yfirverðsreikningur færður á móti tapi | | ( 4.207 ) | | 4.207 | 0 |
| Eigið fé 31.12.2009 | 2.550 | 597 | 306 | 528 | 3.981 |

Skýringar á bls. 9 - 28 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts | 35 | 2.067 | 2.228 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 115 | 125 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 127 ) | ( 1.275 ) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.055 | 1.078 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 13 | 14 |
| Seldar óefnislegar eignir | | 4 | 14 |
| Seldur hlutur í hlutdeildarfélögum | | 2 | 0 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 729) | ( 1.590 ) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 244) | ( 658 ) |
| Krafa á tengd félög, breyting | | ( 697) | 555 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 1.651 ) | ( 1.679 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 201 |
| Skuld við tengd félög, breyting | | ( 86) | ( 469 ) |
| Skammtímalán, breyting | | ( 145) | 76 |
| Skuld við tengd félög, breyting | | ( 180) | 789 |
| Fjármögununarhreyfingar | | ( 411 ) | 597 |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 7 ) | ( 4 ) |
| **Yfirtekið handbært fé í samstæðu** | | 0 | 18 |
| **Þýðingarmunur** | | 28 | 36 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 87 | 37 |
| **Handbært fé í árslok** | 24 | 108 | 87 |
| **Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 32 ) | ( 579 ) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | | ( 481 ) |
| Fjárfesting í öðrum félögum | | | ( 575 ) |
| Seldir rekstrarfjármunir | | | 175 |
| Tekin ný langtímalán frá móðurfélagi | | | 575 |
| Langtímakröfur á tengd félög | | 4.084 | |
| Vaxtaberandi skuldir | | ( 3.261 ) | 153 |
| Vaxtaberandi skuldir við tengda aðila | | ( 5.631 ) | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | ( 20 ) | 426 |
| Hlutafjáraukning | | 4.828 | |

Skýringar á bls. 9 - 28 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Skýringar

**1. Félagið**

Og fjarskipti ehf. ("Félagið") er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru í Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagins er á sviði fjarskipta. Félagið er dótturfélag Teymis hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2009 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess P/F Kall sem vísað er í heild til sem samstæðunnar.

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

**a. Yfirlýsing um að alþjólegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.
Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 6. apríl 2010.

**b. Grundvöllur matsaðferða**

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að fjármálagerningar eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.

**c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill**

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

**d. Mat og ákvarðanir**

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat á einstökum liðum og þeim forsendum sem það byggir á er endurskoðað reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð þegar hún á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum ef matsbreytingin hefur einnig áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningum er að finna í skýringu 18 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild.

**e. Breytingar á reikningsskilaaðferðum**

Við gerð ársreiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunar fyrir árið 2008. Framsetningu ársreiknings hefur verið breytt til samræmis við breyttar reglur um framsetningu ársreiknings.

Samstæðan beitir endurbættum IAS 1 Framsetning ársreikninga, sem tók gildi 1. janúar 2009. Samstæðan birtir nú í einu yfirliti rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, þar sem í yfirliti um heildarafkomu koma fram allar rekstrarhreyfingar sem færðar eru beint á eigið fé. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Breytingin hefur aðeins áhrif á framsetningu og hreyfir ekki kennitöluna hagnað (tap) á hlut.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll þau tímabil sem koma fram í ársreikningi félagsins.

**a. Grundvöllur samstæðu**

**(i) Dótturfélög**

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til nýtanlegs atkvæðisréttar. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

### a. Grundvöllur samstæðu, frh.:

#### (ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar.

### b. Erlendir gjaldmiðlar

#### (i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir sem eru tilgreindar í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi í lok ársins. Aðrar eignir og skuldir sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

#### (ii) Erlend starfsemi

Eignir og skuldir erlendrar starfsemi, að meðtalinni viðskiptavild, eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

### c. Fjármálagerningar

#### (i) Fjármálagerningar aðrar en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður ásamt markaðsverðbréfum sem skipta má í handbært fé með litlum fyrirvara og breytast að líkindum lítið að verðgildi.

Í skýringu 3.p. er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

*Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrareikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

#### (ii) Hlutafé

*Almennir hlutir*

Almenn hlutabréf eru hluti eigin fjár. Beinn kostnaður vegna útgáfu almennra hlutabréfa og valrétta vegna hlutabréfa er færður til lækkunar á hlutafé.

*Kaup á eigin hlutum*

Þegar félagið kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði vegna þeirra, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir eða endurútgefnir er eigið fé hækkað og hagnaður eða tap af viðskiptunum fært á yfirverðsreikning og/eða óráðstafað eigið fé.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

### d. Rekstrarfjármunir

#### (i) Eignir í eigu félagsins

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.Kostnaðarverð rekstrarfjármuna felur í sér beinan kostnað við öflun viðkomandi eigna. Þegar keyptur hugbúnaður er mikilvægur hluti tækjabúnaðar er hann eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

#### (ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstarfjármuna er færður til eigna ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

#### (iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á leigutíma eða nýtingartíma ef hann er skemmri en leigutími.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........ | 33 ár |
| Fjarskiptabúnaður ........ | 3-20 ár |
| Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar ........ | 1-7 ár |

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á. Nýtingartími, hluta af fjarskiptabúnaði, var endurmetinn á árinu og afskriftatími lengdur. Vegna þessa eru gjaldfærðar afskriftir 136 millj. kr. lægri en verið hefði miðað við óbreyttan nýtingartíma.

### e. Óefnislegar eignir

#### (i) Viðskiptavild

Viðskiptavild verður til við kaup á dótturfélögum og hlutdeildarfélögum.

Viðskiptavild er mismunurinn á kostnað við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð strax í rekstrarreikningi.

*Síðara mat*

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

#### (ii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir sem félagið hefur keypt og hafa takmarkaðan nýtingartíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

#### (iii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem felst í hinni tilteknu eign sem kostnaðurinn varðar. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja, sem myndast hefur innan félagsins er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**e. Óefnislegar eignir, frh.:**

**(iv) Afskriftir**

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Aðrar óefnislegar eignir ........................................................................................................ | 3-10 ár |

**f. Leigðar eignir**

Allir leigusamningar eru rekstrarleigusamningar og eru ekki færðir í efnahagsreikning samstæðunnar.

**g. Eignarhlutur í öðrum félögum**

Eignarhlutir í félögum, sem ekki eru skráðir á hlutabréfamarkaði, eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu. Matsverð eignarhlutanna hefur verið áætlað, en við matið var stuðst við síðustu þekktu viðskipti með hlutabréf félaganna og tekið mið af nýjustu upplýsingum um afkomu og efnahag þeirra. Áætlað matsverð eignarhlutanna í heild er lægra en kostnaðarverð þeirra. Niðurfærsla að fjárhæð 323 millj. kr. er færð í rekstrarreikning og yfirliti um heildarafkomu.

**h. Birgðir**

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Kostnaðarverð birgða er byggt á "fyrst inn - fyrst út" reglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ástand.

**i. Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

**j. Virðisrýrnun**

**(i) Fjáreignir**

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna, sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, er reiknuð sem mismunur bókfærðs verðs og núvirðis áætlaðs framtíðarfjárflæðis, afvaxtað miðað við upphaflega virka vexti. Virðisrýrnun fjáreigna sem ætlaðar eru til sölu er reiknuð á grundvelli núverandi gangvirðis eignarinnar. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir eiginleikum þeirra og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning. Ef um er að ræða virðisrýrnun af fjáreignum til sölu er uppsafnað tap, sem áður hefur verið fært beint á eigið fé, fært í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð. Slík bakfærsla er færð í rekstrarreikning ef um er að ræða annað hvort fjáreignir sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eða skuldabréf sem flokkuð eru sem fjáreignir til sölu. Bakfærsla virðisrýrnunar hlutabréfa, sem flokkuð eru sem sem fjáreignir til sölu, er færð beint á eigið fé.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**j. Virðisrýrnuna frh.:**

**(ii) Aðrar eignir en fjáreignir**

Á hverjum reikningsskiladegi er lagt mat á hvort eignir félagsins sem ekki teljast til fjáreigna, kunni að hafa orðið fyrir virðisrýrnun. Ef vísbendingar eru til staðar um að virðisrýrnun hafi átt sér stað, er lagt mat á endurheimtanlega fjárhæð viðkomandi eigna. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært verð eignar, eða þeirrar fjárskapandi einingar sem hún tilheyrir, er hærra en Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða fjárskapandi einingar er nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er fundið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi. Við útreikninginn er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Á hverjum reikningsskiladegi er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um að virðisrýrnun, sem færð hefur verið vegna annarra eigna en viðskiptavildar, eigi ekki lengur við. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem lá til grundvallar við ákvörðun endurheimtanlegrar fjárhæðar. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki að bókfært verð eignar verði ekki hærra en það hefði verið á þeim degi sem bakfærsla er gerð ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað.

**k. Vaxtaberandi lántökur**

Vaxtaberandi lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum beinum viðskiptakostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunurinn á kostnaðarverði og endurheimtanlegu virði er færður í rekstrarreikning á lánstímanum miðað við virka vexti.

**l. Hlunnindi starfsmanna**

**(i) Iðgjaldatengdur lífeyrissparnaður**

Skuldbindingar til greiðslu iðgjaldatengds lífeyrissparnaðar eru gjaldfærðar í rekstrarreikning þegar og þær falla til.

**(ii) Skammtímaréttindi starfsmanna**

Skammtímaréttindi starfsmanna eru metin á óafvöxtuðum grundvelli og eru gjaldfærð þegar viðkomandi starf er innt af hendi.

Skuldbinding vegna launaauka eða ágóðahluta starfsmanna er færð í ársreikninginn ef félagið hefur lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessa fjárhæð vegna starfs sem áður var innt af hendi og hægt er að áætla skuldbindinguna með áreiðanlegum hætti.

**m. Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt.

Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

**n. Tekjur**

**(i) Seldar vörur og þjónusta**

Tekjur af sölu á vörum eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða innheimtanleg, að frádregnum afsláttum. Tekjur eru færðar þegar meginhluti áhættu og ávinnings flyst til kaupanda, innheimta greiðslu er líkleg, hægt er að meta tengdan kostnað og vöruskil með áreiðanlegum hætti, og engin áframhaldandi afskipti eru af vörunni.

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

### n. Tekjur frh.:

#### (ii) Fjarskipti

Tekjur samanstanda í meginatriðum af seldri símnotkun, áskriftartekjum, upphafsgjöldum, samtengitekjum, tekjum af leigulínum, heildsölutekjum og dreifikerfistekjum, ásamt mánaðargjöldum og umframnotkun af gagnaflutningsáskriftum.

Áskriftargjöld eru tekjufærð á áskriftartímanum en tekjur vegna notkunar eru færðar á því tímabili sem raunveruleg notkun á sér stað. Rekstrartekjur eru tekjufærðar í samræmi við þá áskriftarsamninga sem til staðar eru og afslættir tengdir veltu og/eða notkun færðir til lækkunar á tekjum innan hvers áskriftartímabils.

Tekjur af tengingum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við væntanlegan líftíma þeirra viðskiptasambanda sem þær grundvallast á. Mat á væntanlegum líftíma viðskiptasambanda er byggt á sögulegum gögnum um brottfall viðskiptavina og á væntanlegri þróun út frá nýjustu upplýsingum. Einnig er horft til reynslu félaga innan samstæðunnar og meðal fjarskiptafélaga.

Í þeim tilfellum þar sem um er að ræða afslætti aðra en samningsbundna afslætti (m.a mismunandi afslætti út frá samsetningu fleiri en einnar vöru) eru þeir færðir til lækkunar á þeim tekjum sem um ræðir á sama tímabili og notkun, upphafsgjöld, samtengitekjur og/eða áskriftartekjur eru tekjufærðar.

#### (iii) Umboðslaun

Þegar félagið er umboðsaðili en ekki samningsaðili í viðskiptum eru tekjur færðar sem hrein umboðslaun félagsins.

#### (iv) Leigutekjur

Leigutekjur eru færðar línulega á rekstrarreikning á leigutímanum.

### o. Leigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Mótteknir leiguhvatar eru færðir sem órjúfanlegur hluti heildarleigukostnaðar á gildistíma leigusamnings.

### p. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum, arðstekjum, söluhagnaði, hagnaði á gangvirði fjáreigna þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar á tapi gangvirði fjáreigna, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun hluta fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

### q. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi er frestaður tekjuskattur. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður eftir efnahagsreiknings aðferðinni vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum. Tekjuskattur er ekki reiknaður fyrir viðskiptavild, sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita væntu skatthlutfalli á nýtingatíma inneignarinnar.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi til með að nýtast.

### r. Hagnaður (tap) á hlut

Í ársreikningnum er sýndur hagnaður (tap) á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Hagnaður (tap) á hlut er hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu.

### s. Nýir reikningsskilastaðar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddar

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2009 og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2009, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin að fullu en talið að þau séu óveruleg.

## 4. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum félagsins krefst þess að fjárhæðir séu birtar á gangvirði, bæði hvað varðar fjáreignir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað í mats- eða skýringaskyni samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Nánari upplýsingar um þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis er að finna í skýringum þeirra eigna og skulda sem við á.

### (i) Óefnislegar eignir

Gangvirði óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi tengdu notkun þeirra.

### (ii) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna, er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi.

### (iii) Fjárskuldir sem ekki eru afleiðusamningar

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað með því að núvirða framtíðargreiðslur höfuðstóls og vaxta með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

## 5. Stýring fjárhagslegrar áhættu

### a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- lánsáhætta
- lausafjáráhætta
- markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarin reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

### b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Stjórnendur hafa innleitt stefnu vegna innheimtu og reglulega er fylgst með áhættu vegna innheimtu. Mat á innheimtu er unnið reglulega og nauðsynlegar niðurfærslur gerðar.

Félagið hefur sett útlánareglur þar sem greiðsluhæfi nýrra viðskiptavina er kannað áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Innheimtuferli hefur verið skilgreint fyrir alla flokka viðskiptakrafna, viðskiptakröfur eru yfirfarnar reglulega og kröfur metnar.

Aldursgreining viðskiptakrafna er yfirfarin mánaðarlega og mynduð niðurfærsla vegna áætlaðra virðisrýrnunar viðskiptakrafna. Niðurfærslan er reiknuð hlutfallslega út frá aldri viðskiptakrafna,

### c. Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Sjóðstreymisáætlanir eru gerðar reglulega og spáð fyrir um lausafjárþörf. Bankareikningar félagsins eru nettaðir daglega í sjóðspott móðurfélags og hefur félagið aðgang að innistæðu sinni í sjóðspotti og ádráttarlínu móðurfélags í sjóðspotti. Stýring á sjóðspotti Teymis miðast við að til sé nægt handbært fé til að mæta rekstrarkostnaði fyrir 60 daga tímabil að jafnaði.

Í lánasamningi vegna langtímaláns við NBI hf. er kveðið á um að 50% af handbæru fé samstæðunnar við árslok 2010 - 2014 verði ráðstafað hlutfallslega til niðurgreiðslu á höfuðstól lánsins og inn á höfuðstól láns Teymis við NBI hf., Íslandsbanka hf., Straum-Burðarás Fjárfestingabanka hf. og Kögn ehf.

**5. Stýring fjárhagslegrar áhættu, frh.:**

**d. Markaðsáhætta**

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

**(i) Gjaldmiðlagengisáhætta**

Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur, en hluti tekna félagsins er í EUR eða 8,2% af heildartekjum félagsins. Hluti innkaupa er í öðrum myntum en íslenskri krónu. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, USD, GBP og DKK.

Gjaldmiðlagengisáhætta vegna lántöku samstæðunnar varð hverfandi í kjölfar samþykktar nauðasamninga Teymis hf. þann 4. júní 2009 en langtímalán félagsins eru nú nær eingöngu í ISK .

**(ii) Vaxtaáhætta**

Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum.

## 6. Sala

Sala greinast þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Vörusala | 552 | 611 |
| Seld þjónusta | 12.955 | 12.830 |
| Samtals | 13.507 | 13.441 |

## 7. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu | 6.802 | 6.536 |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu af launum | 561 | 610 |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu af afskrifturm | 1.056 | 917 |
| Samtals | 8.419 | 8.063 |

## 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 1.881 | 1.918 |
| Lífeyrisiðgjöld | 152 | 171 |
| Önnur launatengd gjöld | 307 | 259 |
| Samtals | 2.340 | 2.348 |
| Stöðugildi að meðaltali á árinu | 362 | 376 |

**9.** Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaðarverð seldra þjónustu | 561 | 610 |
| Sölu- og markaðskostnaður | 954 | 1.004 |
| Stjórnunarkostnaður | 825 | 734 |
| Samtals laun og launatengd gjöld | 2.340 | 2.348 |

## 10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af viðskiptakröfum | 90 | 97 |
| Verðbætur | 103 | 529 |
| Aðrar vaxtatekjur | 97 | 241 |
| Fjármunatekjur samtals | 290 | 867 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 1.580) | ( 2.007) |
| Niðurfærsla eignarhluta í félögum | ( 324) | 0 |
| Gengistap | ( 19) | ( 5.566) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 1.923) | ( 7.573) |
| Hrein fjármagnsgjöld samtals | ( 1.633) | ( 6.706) |

## 11. Tekjuskattur

Í desember 2009 samþykkti Alþingi hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 15% í 18% frá og með 1. janúar 2010 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2010. Áhrif þessa hafa verið færð í reikningsskil ársins 2009 og nemur hækkun frestaðrar skatteignar vegna þessa 163 millj. kr.

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Reiknuð skattinneign: | | |
| Breyting tímabundins mismunar | 110 | 756 |
| Varúðarniðurfærsla á skattinneign bakfærð | 450 | 0 |
| Varúðarniðurfærsla á skattinneign | 0 | ( 450) |
| Ófrádráttabær gjöld | ( 48) | 0 |
| Áhrif af hækkun skatthlutfalls úr 15% í 18% | 163 | 8 |
| Tekjuskattur tekjufærður í rekstrarreikning | 675 | 314 |

## 12. Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | | 2009 | | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| Tap fyrir tekjuskatt | | ( 387) | | ( 7.779) |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 15,0% | 58 | 15,0% | 1.167 |
| Varúðarniðurfærsla á skattinneign bakfærð | 116,3% | 450 | 0,0% | 0 |
| Varúðarniðurfærsla á skattinneign | 0,0% | 0 | ( 5,8%) | ( 450) |
| Áhrif af hækkun skatthlutfalls úr 15% í 18% | 42,1% | 163 | 0,1% | 8 |
| Ófrádráttabær gjöld | ( 12,4%) | ( 48) | ( 4,7%) | ( 367) |
| Aðrir liðir | 13,4% | 52 | ( 0,6%) | ( 44) |
| Virkur tekjuskattur | 174,4% | 675 | 4,0% | 314 |

## 13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir | Fjarskipta-búnaður | Áhöld, tæki bifreiðar og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2008 | 39 | 8.192 | 956 | 9.187 |
| Viðbætur á árinu | 11 | 1.960 | 198 | 2.169 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 882 ) | ( 298 ) | ( 1.180 ) |
| Viðbætur vegna samruna og kaupa á dótturfélagi | 0 | 644 | 65 | 709 |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | 111 | 8 | 119 |
| Heildarverð 31.12.2008 | 50 | 10.025 | 929 | 11.004 |
| | | | | |
| Heildarverð 1.1.2009 | 50 | 10.025 | 929 | 11.004 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 689 | 72 | 761 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 258 ) | ( 74 ) | ( 332 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | 378 | 85 | 463 |
| Heildarverð 31.12.2009 | 50 | 10.834 | 1.012 | 11.896 |

## 13. Rekstrarfjármunir, frh.:

| | Fasteignir | Fjarskipta-búnaður | Áhöld, tæki bifreiðar og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | | |
| Afskriftir 1.1.2008 | 4 | 4.388 | 649 | 5.041 |
| Afskrift ársins | 1 | 855 | 143 | 999 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 707 ) | ( 277 ) | ( 984 ) |
| Viðbætur vegna samruna og kaup á dótturfélagi | 0 | 332 | 34 | 366 |
| Afskrifað alls 31.12.2008 | 5 | 4.868 | 549 | 5.422 |
| | | | | |
| Afskriftir 1.1.2009 | 5 | 4.868 | 549 | 5.422 |
| Afskrift ársins | 2 | 972 | 163 | 1.137 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 256 ) | ( 71 ) | ( 327 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | 380 | 46 | 426 |
| Afskrifað alls 31.12.2009 | 7 | 5.964 | 687 | 6.658 |
| | | | | |
| **Bókfært verð** | | | | |
| 1.1.2008 | 35 | 3.804 | 307 | 4.146 |
| 31.12.2008 | 45 | 5.157 | 380 | 5.582 |
| | | | | |
| 1.1.2009 | 45 | 5.157 | 380 | 5.582 |
| 31.12.2009 | 43 | 4.870 | 325 | 5.238 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 3% | 5-33% | 15-67% | |

Nýtingartími, hluta af fjarskiptabúnaði, var endurmetinn á árinu og afskriftatími lengdur. Vegna þessa eru gjaldfærðar afskriftir 136 millj. kr. lægri en verið hefði miðað við óbreyttan nýtingartíma.

**14.** Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum, sbr. skýring 13 | 1.137 | 999 |
| Afskriftir af óefnislegum eignum, sbr. skýring nr. 18 | 315 | 419 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir | 1.452 | 1.418 |

**15.** Afskriftir skiptast þannig á rekstrarliði:

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | 1.056 | 917 |
| Stjórnunarkostnaður | 396 | 501 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir | 1.452 | 1.418 |

## 16. Fasteignamat og vátryggingaverð

Bókfært verð fasteigna félagsins nam 43 millj. kr. í árslok 2009 en á sama tíma nam fasteignamat þeirra 47 millj. kr. og brunabótamat 97 millj. kr. Vátryggingaverðmæti annarra eigna nam 4.893 millj. kr. í árslok.

## 17. Veðskuldir eigna

Á eignum félagsins hvílir tryggingabréf að fjárhæð 58.3m USD til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Og fjarskipta ehf. við NBI í árslok 2009. Veðið nær til fasteigna og lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

## 18. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Viðskiptavild | Aðrar óefnislegar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Heildarverð 1.1.2008 | 8.551 | 1.481 | 10.032 |
| Viðbætur á árinu | 481 | 658 | 1.139 |
| Viðbætur vegna samruna og kaup á dótturfélagi | 38 | 347 | 385 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 354 ) | ( 354 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 26 | 232 | 258 |
| Heildarverð 31.12.2008 | 9.096 | 2.364 | 11.460 |
| Heildarverð 1.1.2009 | 9.096 | 2.364 | 11.460 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 244 | 244 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 287 ) | ( 287 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 60 | 47 | 107 |
| Heildarverð 31.12.2009 | 9.156 | 2.368 | 11.524 |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | |
| Afskriftir 1.1.2008 | 871 | 875 | 1.746 |
| Virðisrýrnun óefnislegra eigna | 2.450 | 0 | 2.450 |
| Afskrift ársins | 0 | 419 | 419 |
| Viðbætur vegna samruna og kaup á dótturfélagi | 0 | 214 | 214 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 361 ) | ( 361 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | 189 | 189 |
| Afskrifað alls 31.12.2008 | 3.321 | 1.336 | 4.657 |
| Afskriftir 1.1.2009 | 3.321 | 1.336 | 4.657 |
| Afskrift ársins | 0 | 315 | 315 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 283 ) | ( 283 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 19 | 29 | 48 |
| Afskrifað alls 31.12.2009 | 3.340 | 1.397 | 4.737 |
| **Bókfært verð** | | | |
| 1.1.2008 | 7.680 | 606 | 8.286 |
| 31.12.2008 | 5.775 | 1.028 | 6.803 |
| 1.1.2009 | 5.775 | 1.028 | 6.803 |
| 31.12.2009 | 5.816 | 971 | 6.787 |

**Virðisrýrnunarpróf vegna sjóðsskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild**

Í lok reikningsársins var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins. Samkvæmt niðurstöðu prófsins í árslok 2009 hefur viðskiptavildin ekki orðið fyrir virðsrýrnun.

## 18. Óefnislegar eignir, frh.:

Endurheimtanleg fjárhæð hverrar sjóðskapandi einingar var metin út frá notkunarvirði og ákvörðuð af óháðum matsaðilum. Notkunarvirði var ákvarðað á þann hátt að núvirða framtíðarfjárstreymi út frá áframhaldandi nýtingu einingarinnar og var byggt á eftirtöldum forsendum:

Fjárstreymi var áætlað í samræmi við rauntölur rekstrar og rekstraráætlun næstu 5 ára. Fjárstreymi til framtíðar var áætlað miðað við stöðugt vaxtarhlutfall. Áætlaður raunvöxtur yfir áætlunartímabilið 2010 til 2014 er á bilinu -5% til 5%.

Framtíðarvöxtur var áætlaður 3%-4% sem jafngildir 1% - 1,5% raunvexti á ári miðað við 2% - 2,5% áætlaða verðbólgu. Matið var byggt á tölfræðilegri greiningu á langtíma verðþróun á markaði, leiðrétt í ljósi reynslu.

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) sem notað var til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð eininganna nam 12,8% - 16,7%.

Framangreindar áætlanir eru viðkvæmar fyrir eftirfarandi breytingum miðað við forsendur óháðs matsaðila:

Lækkun á framtíðarvexti um 1 prósentustig hefði leitt til virðisrýrnunar að fjárhæð 284 millj. kr. hjá Og fjarskiptum ehf.

Ef hlutfall EBITDA (hagnaður fyrir vexti, tekjuskatt og afskriftir) af tekjum lækkar um 1% hefði það leitt til virðisrýrnunar að fjárhæð 579 millj. kr. hjá Og fjarskiptum ehf.

Lækkun vegins meðalkostnaðar fjármagns um 1% hefði leitt til umframvirðis að fjárhæð 1.200 millj. kr. hjá Og fjarskiptum ehf.

## 19. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Hið íslenska númeraflutningsfélag ehf ........ | 25,00% | 4 |
| Farice hf ........ | 0,03% | 1 |
| Eignarhaldsfélag Farice ehf ........ | 0,00% | 324 |
| | | 329 |
| Niðurfærsla eignarhluta í félögum ........ | | ( 324) |
| Eignarhlutur í félögum samtals ........ | | 5 |

## 20. Skattinneign

Tekjuskattsinneign samstæðunnar nam 1.015 millj. kr. í árslok 2009 samkvæmt efnahagsreikningi. Breytingin á árinu greinist þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Tekjuskattsinneign í ársbyrjun ........ | ( 487) | 50 |
| Hækkun skatthlutfalls úr 15% í 18% ........ | ( 163) | ( 2) |
| Tekjuskattur færður á móðurfélag ........ | 150 | ( 139) |
| Yfirtekinn tekjuskattur vegna samruna ........ | 0 | ( 36) |
| Tekjuskattur af dótturfélagi ........ | ( 6) | ( 29) |
| Tekjuskattur af reglulegri starfsemi ........ | ( 7) | ( 781) |
| Leiðrétting frá fyrra ári ........ | ( 52) | 0 |
| Bakfærð (niðurfærsla) á skattinneign ........ | ( 450) | 450 |
| Tekjuskattsinneign í árslok ........ | ( 1.015) | ( 487) |

**20. Skattinneign, frh.**

Tekjuskattsinneign samstæðunnar skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 226 | 171 |
| Óefnislegar eignir | 13 | 0 |
| Frestaður gengismunur | ( 2) | 0 |
| Viðskiptakröfur | ( 42) | ( 33) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | ( 1.210) | ( 625) |
| Tekjuskattsinneign í árslok | ( 1.015) | ( 487) |

**21. Birgðir**

Birgðir í árslok samanstanda af fjarskiptabúnaði til sölu.

Birgðir að fjárhæð 155 millj. kr eru veðsettar til tryggingar á lánum til félagsins.

**22. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur sundurliðast þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 2.411 | 2.676 |
| Óreikningsfærð þjónusta | 444 | 513 |
| Aðrar skammtímakröfur | 145 | 239 |
| Niðurfærslureikningur krafna | ( 258) | ( 268) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 2.742 | 3.160 |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Það er álit stjórnenda félagsins að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Viðskiptakröfur að fjárhæð 2.224 millj. kr eru veðsettar tili tryggingar á lánum til félagsins.

**23. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur á tengda aðila**

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur á tengda aðila sundurliðast þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 16 | 53 |
| Inneign sjóðspotti Teymis | 697 | 0 |
| Skammtímakrafa vegna samsköttunar með Teymi | 105 | 0 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 818 | 53 |

**24. Handbært fé**

Handbært fé greinist þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður | 107 | 86 |
| Markaðsverðbréf | 1 | 1 |
| Handbært fé samkvæmt yfirlit um sjóðstreymi | 108 | 87 |

**25. Eigið fé**

**Hlutafé**

Hlutafé Og fjarskipta ehf. samkvæmt samþykktum nemur 2.550 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

**Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár**

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

**25. Eigið fé, frh.:**

**Þýðingarmunur**

Þýðingarmunur sem verður til við umreikning reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður beint á sérstakan lið meðal eigin fjár. Ef erlend starfsemi er lögð niður, að hluta eða öllu leyti, er eiginfjárliðurinn leystur upp yfir rekstur.

**26. Hagnaður á hlut**

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hlutahafa í félaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem engin áhrif eru vegna útgefinna kauprétta til starfsmanna og félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

| **Grunnhagnaður (-tap) á hlut:** | **2009** | **2008** |
|---|---|---|
| Hagnaður (tap) til hlutahafa í félaginu | 288 | ( 7.465) |
| Útgefnir hlutir í ársbyrjun | 2.502 | 2.502 |
| Áhrif nýrra hluta | 17 | 0 |
| Vegið meðaltal útistandandi hluta | 2.519 | 2.502 |
| Hagnaður (tap) á útistandandi hlut | 0,11 | ( 2,98) |

**27. Vaxtaberandi skuldir**

| Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig: | **2009** | **2008** |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 10.316 | 12.050 |
| Önnur lán | 112 | 194 |
| Skuldir við tengda aðila | 0 | 4.693 |
| Næsta árs afborganir | ( 200) | ( 8.290) |
| Samtals | 10.228 | 8.647 |

**28.** Vaxtaberandi skuldir meðal skammtímaskulda greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir langtímalána | 200 | 8.290 |
| Skuld við sjóðspott Teymis | 0 | 889 |
| Skammtímaskuldir við lánastofnanir | 0 | 202 |
| Samtals | 200 | 9.381 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | 10.428 | 18.028 |

**29.** Vaxtaberandi langtímaskuldir í lok ársins greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | 2009 | | 2008 | |
|---|---|---|---|---|
| | **Meðalvextir** | **Eftirstöðvar** | **Meðalvextir** | **Eftirstöðvar** |
| Skuldir í CAD | 0,00% | | 7,36% | 307 |
| Skuldir í CHF | 0,00% | | 6,63% | 2.184 |
| Skuldir í DKK | 7,85% | 499 | 7,84% | 574 |
| Skuldir í EUR | 0,00% | | 8,92% | 2.002 |
| Skuldir í JPY | 0,00% | | 4,73% | 1.779 |
| Skuldir í USD | 0,00% | | 6,81% | 1.117 |
| Skuldir í ÍSK | 10,85% | 9.929 | 18,06% | 8.974 |
| | | 10.428 | | 16.937 |
| Næsta árs afborganir | | ( 200 ) | | ( 8.290 ) |
| Vaxtaberandi skuldir samkv. efnahagsreikningi | | 10.228 | | 8.647 |

**30.** Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Afborganir 2009 | | 8.290 |
| Afborganir 2010 | 200 | 5.860 |
| Afborganir 2011 | 777 | 1.103 |
| Afborganir 2012 | 750 | 1.076 |
| Afborganir 2013 | 745 | 498 |
| Afborganir 2014 | 7.941 | 86 |
| Afborganir síðar | 15 | 24 |
| Samtals | 10.428 | 16.937 |

## 31. Fyrirframinnheimtar tekjur

Meðal fyrirframinnheimtra tekna eru færðar tekjur vegna samnings við Fjarskiptasjóð um endurgreiðslu kostnaðar við uppbyggingu GSM farsímaþjónustu á Íslandi. Samningstíminn er til byrjunar árs 2014 og hefur tekjum vegna þessa verkefnis verið dreift yfir samningstímann. Aðrar fyrirfram innheimtar tekjur eru vegna fyrirframgreiddra símgjalda og annarra fyrirframgreiðslna.

## 32. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 1.417 | 1.677 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 556 | 1.236 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 1.973 | 2.913 |

## 33. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir við tengda aðila

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir við tengda aðila | 48 | 69 |
| Aðrar skammtímaskuldir við tengda aðila | 29 | 308 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 77 | 377 |

## 34. Fjármálagerningar

### Lánsáhætta

### Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

| | | Bókfært verð | |
|---|---|---|---|
| | Skýring | 2009 | 2008 |
| Fjárfestingaeignir til sölu | 19 | 5 | 325 |
| Lán og kröfur | 22 | 2.742 | 3.160 |
| Handbært fé | 24 | 108 | 87 |
| | | 2.855 | 3.572 |

### Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

| | Nafnverð kröfu | | Niðurfærsla | |
|---|---|---|---|---|
| | 2009 | 2008 | 2009 | 2008 |
| Ógjaldfallið | 2.184 | 2.320 | ( 87) | ( 92) |
| Gjaldfallið innan 60 daga | 286 | 309 | ( 51) | ( 80) |
| Gjaldfallið fyrir 61 - 90 dögum | 86 | 176 | ( 13) | ( 29) |
| Gjaldfallið fyrir 91 - 180 dögum | 252 | 218 | ( 89) | ( 21) |
| Gjaldfallið fyrir 181 - 360 dögum | 9 | 117 | ( 9) | ( 27) |
| Eldra en eitt ár | 38 | 49 | ( 9) | ( 19) |
| | 2.855 | 3.189 | ( 258) | ( 268) |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna á árinu greinast þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | ( 268) | ( 171) |
| Yfirtekið við kaup á dótturfélagi | 0 | ( 25) |
| Tekjufært (gjaldfært) á árinu | 10 | ( 72) |
| Staða 31.12. | ( 258) | ( 268) |

### Lausafjáráhætta

Fjárskuldir samstæðunnar voru að mestu leyti gerðar upp á árinu 2009 í samræmi við nauðasamninga Teymis hf. þann 4. júní 2009. (sjá skýringu 38)

**31. desember 2009**

Samningsbundnar geiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir vextir, greinast þannig:

| | Bókfært verð | Umsamið sjóðstreymi | Innan 1 árs | 1 - 2 ár | 2 - 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:** | | | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 10.316 | 14.434 | 1.093 | 1.716 | 11.625 |
| Önnur langtímalán | 112 | 112 | 112 | 0 | 0 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.050 | 2.050 | 2.050 | 0 | 0 |
| | 12.478 | 16.596 | 3.255 | 1.716 | 11.625 |

### Gjaldmiðlagengisáhætta

Gjaldmiðlagengisáhætta samstæðunnar er hverfandi í kjölfar samþykktar nauðasamninga Teymis hf. þann 4. júní 2009. (sjá skýringu 38)

## 34. Fjármálagerningar, frh.:

### Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Fjárskuldir með fasta vexti | 0 | 4.693 |
| Fjárskuldir með breytilega vexti | 10.428 | 16.937 |

### Gangvirði

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegt.

## 35. Sjóðstreymisyfirlit

| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt samkvæmt sjóðstreymisyfirliti | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | 288 | ( 7.465) |
| Leiðrétt fyrir: | | |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 1.137 | 999 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 315 | 419 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 1.310 | 6.706 |
| Virðisrýrnun | 0 | 2.450 |
| Niðurfærsla eignarhluta í félögum | 323 | 0 |
| Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna | ( 9) | ( 75) |
| Skatteign, breyting | ( 675) | ( 314) |
| Birgðir, (hækkun) | ( 53) | ( 41) |
| Skammtímakröfur, hækkun (lækkun) | 81 | ( 470) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | ( 657) | 2 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur, hækkun | 7 | 17 |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt | 2.067 | 2.228 |

## 36. Rekstrarleiga

### Leiga sem leigutaki

Rekstrarleigugreiðslur greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Minna en eitt ár | 176 |
| Eftir 1-5 ár | 596 |
| Eftir 5 ár | 1.880 |
| | 2.652 |

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga um ýmsar eignir til allt að nítján ára. Á árinu 2009 voru 167 millj. kr. gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna rekstrarleigusamninga.

## 37. Tengdir aðilar

Móðurfélag, dótturfélag, systurfélög, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar.

### Viðskipti við tengd félög

*Kröfur og skuldir við tengd félög greinast þannig í árslok:*

| | |
|---|---|
| Kröfur við félög innan samstæðu Teymis | 818 |
| Skuldir við félög innan samstæðu Teymis | 77 |

*Viðskipti við tengd félög á árinu greinast þannig:*

| | |
|---|---|
| Seld þjónusta til félaga innan samstæðu Teymis | 99 |
| Keypt þjónusta frá félögum innan samstæðu Teymis | 122 |

## 38. Önnur mál

*Fjárhagsleg endurskipulagning.*

Og fjarskipti ehf. er dótturfélag Teymis hf. Þann 21. apríl 2009 veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Teymi hf. heimild til þess að leita nauðasamninga við kröfuhafa sína. Kröfuhafar samþykktu fyrirliggjandi frumvarp til nauðasamninga 4. júní 2009. Í nauðasamningnum fólst að hluti vaxtaberandi skulda við lánastofnanir var færður yfir til Teymis hf. og vaxtaberandi skuldum að frádregnum kröfum á hendur Teymi hf. var umbreytt í hlutafé í Og fjarskiptum ehf. Sá hluti vaxtaberandi skulda sem ekki fluttist til Teymis var endurfjármagnaður. Nauðasamningar móðurfélagsins voru staðfestir af Hérðasdómi Reykjavíkur þann 23. júní 2009.

## 39. Veðsetningar

Á eignum félagsins hvílir tryggingabréf að fjárhæð 58.3m USD til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Og fjarskipta ehf. við NBI í árslok 2009. Veðið nær til fasteigna og lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

Handveð er í öllum hlutabréfum P/F Kall, dótturfélagi Og fjarskipta ehf., en hlutabréfin standa til tryggingar öllum skuldum Og fjarskipta ehf. við NBI hf.

# Og fjarskipti ehf.

## Ársreikningur samstæðunnar

## 2010

Og fjarskipti ehf.
Skútuvogi 2
104 Reykjavík
Kt. 470905-1740

# Efnisyfirlit


Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðenda ........ 4

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2010 ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Eiginfjáryfirlit ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Og fjarskipta ehf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum.

Teymi hf. sem var móðurfélag Og fjarskipta ehf., var skipt í árslok 2010. Við skiptinguna færðust eignarhlutir Teymis hf. í Og fjarskiptum ehf. yfir í nýtt félag, Eignarhaldsfélag Fjarskipta ehf. Vestia ehf. er stærsti hluthafi Eignarhaldsfélags Fjarskipta hf. og átti 61% í félaginu í árslok 2010.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á árinu 355 millj. kr., en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends dótturfélags er hagnaður samstæðunnar á árinu 274 millj.kr. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu námu 12.637 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunna 16.216 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar 31. desember 2010 nam 3.727 millj. kr. Hlutafé félagsins nemur 2.550 millj kr. og er það allt í eigu Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta ehf.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2011 vegna rekstrarársins 2010. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Og fjarskipta ehf. staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2011.

Í stjórn:

Forstjóri:

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Og fjarskipta ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðureikning Og fjarskipti ehf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**
Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 28. febrúar 2011.

***KPMG ehf.***

Margret G. Flóvenz
Guðný Þ. Guðmundsd.

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| Sala | 6 | 12.637 | 13.507 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | 7 | ( 7.595 ) | ( 8.419 ) |
| **Framlegð** | | 5.042 | 5.088 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 4 | 8 |
| Sölu- og markaðskostnaður | | ( 1.483 ) | ( 1.451 ) |
| Stjórnunarkostnaður | | ( 2.377 ) | ( 2.399 ) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.186 | 1.246 |
| Fjármunatekjur | | 152 | 290 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 1.019 ) | ( 1.923 ) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | 11 | ( 867 ) | ( 1.633 ) |
| **Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt** | | 319 | ( 387 ) |
| Tekjuskattur | 12,13 | 36 | 675 |
| **Hagnaður ársins** | | 355 | 288 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé** | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | | ( 81 ) | 75 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals** | | ( 81 ) | 75 |
| **Heildarhagnaður ársins** | | 274 | 363 |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 27 | 0,14 | 0,11 |

Skýringar á bls. 9 - 25 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 14-18 | 4.802 | 5.238 |
| Óefnislegar eignir | 19 | 6.843 | 6.787 |
| Eignarhlutir í félögum | 20 | 3 | 5 |
| Skattinneign | 21 | 1.029 | 1.015 |
| Fastafjármunir | | 12.677 | 13.045 |
| Birgðir | 22 | 126 | 196 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 23 | 2.757 | 2.742 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur á tengda aðila | 24,37 | 0 | 818 |
| Handbært fé | 25 | 656 | 108 |
| Veltufjármunir | | 3.539 | 3.864 |
| **Eignir samtals** | | 16.216 | 16.909 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 2.550 | 2.550 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 597 | 597 |
| Annað bundið eigið fé | | 225 | 308 |
| Óráðstafað eigið fé | | 355 | 528 |
| Eigið fé | 26 | 3.727 | 3.981 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 28-30 | 9.416 | 10.228 |
| Langtímaskuldir | | 9.416 | 10.228 |
| Vaxtaberandi skuldir | 30 | 758 | 200 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 31 | 1.778 | 2.192 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir við tengda aðila | 32,37 | 324 | 77 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 33 | 213 | 231 |
| Skammtímaskuldir | | 3.073 | 2.700 |
| Skuldir samtals | | 12.489 | 12.928 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 16.216 | 16.909 |

Skýringar á bls. 9 - 25 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Eiginfjáryfirlit ársins 2010

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Þýðingar-munur | Óráðstafað (ójafnað) eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Árið 2009** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2009 | 2.502 | 0 | 231 | ( 3.943 ) | ( 1.210 ) |
| Heildarafkoma ársins | | | 75 | 288 | 363 |
| Hagnaður færður á eigið fé | | | 75 | 288 | 363 |
| Nýtt hlutafé | 48 | 4.780 | | | 4.828 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | | 24 | | ( 24 ) | 0 |
| Yfirverðsreikningur færður á móti tapi | | ( 4.207 ) | | 4.207 | 0 |
| | 2.550 | 597 | 306 | 528 | 3.981 |
| **Árið 2010** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2010 | 2.550 | 597 | 306 | 528 | 3.981 |
| Arður til hluthafa | | | | ( 528 ) | ( 528 ) |
| Heildarafkoma ársins | | | ( 81 ) | 355 | 274 |
| Hagnaður færður á eigið fé | | | ( 81 ) | 355 | 274 |
| Eigið fé 31.12.2010 | 2.550 | 597 | 225 | 355 | 3.727 |

Skýringar á bls. 9 - 25 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts | 35 | 2.320 | 2.067 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 116 | 115 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 1.014 ) | ( 127 ) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.422 | 2.055 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 4 | 13 |
| Seldar óefnislegar eignir | | 0 | 4 |
| Seldur eignarhlutum í félögum | | 3 | 2 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 14 | ( 812 ) | ( 729 ) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 19 | ( 366 ) | ( 244 ) |
| Krafa á tengd félög, breyting | | 697 | ( 697 ) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 474 ) | 1.651 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Arður til hluthafa | | ( 528 ) | 0 |
| Afborganir langtímalána | | ( 173 ) | ( 86 ) |
| Skammtímalán, breyting | | ( 13 ) | ( 145 ) |
| Skuld við tengd félög, breyting | | 324 | ( 180 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 390 ) | ( 411 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 558 | ( 7 ) |
| **Gengismunur á handbæru fé erlends dótturfélags** | | ( 10 ) | 28 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 108 | 87 |
| **Handbært fé í árslok** | 25 | 656 | 108 |
| **Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | | ( 32 ) |
| Langtímakröfur á tengd félög | | | 4.084 |
| Vaxtaberandi skuldir | | | ( 3.261 ) |
| Vaxtaberandi skuldir við tengda aðila | | | ( 5.631 ) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | | ( 20 ) |
| Hlutafjáraukning | | | 4.828 |

Skýringar á bls. 9 - 25 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

Og fjarskipti ehf. ("Félagið") er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru í Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagins er á sviði fjarskipta. Félagið er dótturfélag Eignarhaldsfélag Fjarskipta ehf. og eru upplýsingar um fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2010 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess P/F Kall sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjólegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 28. febrúar 2011

### b. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að fjármálagerningar eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

### d. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat á einstökum liðum og þeim forsendum sem það byggir á er endurskoðað reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð þegar hún á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum ef matsbreytingin hefur einnig áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningum er að finna í skýringu 19 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll þau tímabil sem koma fram í ársreikningi félagsins.

### a. Grundvöllur samstæðu

#### (i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til nýtanlegs atkvæðisréttar. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

#### (ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**b. Erlendir gjaldmiðlar**

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir sem eru tilgreindar í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi í lok ársins. Aðrar eignir og skuldir sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend starfsemi

Eignir og skuldir erlendrar starfsemi, að meðtalinni viðskiptavild, eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

**c. Fjármálagerningar**

(i) Fjármálagerningar aðrar en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður ásamt markaðsverðbréfum sem skipta má í handbært fé með litlum fyrirvara og breytast að líkindum lítið að verðgildi.

Í skýringu 3.p. er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

*Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrareikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

(ii) Hlutafé

*Almennir hlutir*

Almenn hlutabréf eru hluti eigin fjár. Beinn kostnaður vegna útgáfu almennra hlutabréfa og valrétta vegna hlutabréfa er færður til lækkunar á hlutafé.

*Kaup á eigin hlutum*

Þegar félagið kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði vegna þeirra, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir eða endurútgefnir er eigið fé hækkað og hagnaður eða tap af viðskiptunum fært á yfirverðsreikning og/eða óráðstafað eigið fé.

**d. Rekstrarfjármunir**

(i) Eignir í eigu félagsins

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna felur í sér beinan kostnað við öflun viðkomandi eigna. Þegar keyptur hugbúnaður er mikilvægur hluti tækjabúnaðar er hann eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**d. Rekstrarfjármunir, frh.:**

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstarfjármuna er færður til eigna ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á leigutíma eða nýtingartíma ef hann er skemmri en leigutími.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 33 ár |
| Fjarskiptabúnaður | 3-20 ár |
| Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar | 1-7 ár |

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

**e. Óefnislegar eignir**

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild verður til við kaup á dótturfélögum.

Viðskiptavild er mismunurinn á kostnað við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð strax í rekstrarreikningi.

(ii) Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

(iii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir sem félagið hefur keypt og hafa takmarkaðan nýtingartíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem felst í hinni tilteknu eign sem kostnaðurinn varðar. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja, sem myndast hefur innan félagsins er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Aðrar óefnislegar eignir | 3-10 ár |

**f. Leigðar eignir**

Allir leigusamningar eru rekstrarleigusamningar og eru ekki færðir í efnahagsreikning samstæðunnar.

**g. Eignarhlutur í öðrum félögum**

Eignarhlutir í félögum, sem ekki eru skráðir á hlutabréfamarkaði, eru færðir á kaupverði.

**h. Birgðir**

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Kostnaðarverð birgða er byggt á "fyrst inn - fyrst út" reglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ástand.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**i. Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

**j. Virðisrýrnun**

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna, sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, er reiknuð sem mismunur bókfærðs verðs og núvirðis áætlaðs framtíðarfjárflæðis, afvaxtað miðað við upphaflega virka vexti. Virðisrýrnun fjáreigna sem ætlaðar eru til sölu er reiknuð á grundvelli núverandi gangvirðis eignarinnar. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir eiginleikum þeirra og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning. Ef um er að ræða virðisrýrnun af fjáreignum til sölu er uppsafnað tap, sem áður hefur verið fært beint á eigið fé, fært í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð. Slík bakfærsla er færð í rekstrarreikning ef um er að ræða annað hvort fjáreignir sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eða skuldabréf sem flokkuð eru sem fjáreignir til sölu. Bakfærsla virðisrýrnunar hlutabréfa, sem flokkuð eru sem sem fjáreignir til sölu, er færð beint á eigið fé.

(ii) Aðrar eignir en fjáreignir

Á hverjum reikningsskiladegi er lagt mat á hvort eignir félagsins sem ekki teljast til fjáreigna, kunni að hafa orðið fyrir virðisrýrnun. Ef vísbendingar eru til staðar um að virðisrýrnun hafi átt sér stað, er lagt mat á endurheimtanlega fjárhæð viðkomandi eigna. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða fjárskapandi einingar er nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er fundið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi. Við útreikninginn er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Á hverjum reikningsskiladegi er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um að virðisrýrnun, sem færð hefur verið vegna annarra eigna en viðskiptavildar, eigi ekki lengur við. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem lá til grundvallar við ákvörðun endurheimtanlegrar fjárhæðar. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki að bókfært verð eignar verði ekki hærra en það hefði verið á þeim degi sem bakfærsla er gerð ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað.

**k. Vaxtaberandi lántökur**

Vaxtaberandi lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum beinum viðskiptakostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunurinn á kostnaðarverði og endurheimtanlegu virði er færður í rekstrarreikning á lánstímanum miðað við virka vexti.

**l. Hlunnindi starfsmanna**

(i) Iðgjaldatengdur lífeyrissparnaður

Skuldbindingar til greiðslu iðgjaldatengds lífeyrissparnaðar eru gjaldfærðar í rekstrarreikning þegar og þær falla til.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**l. Hlunnindi starfsmanna, frh.:**

(ii) Skammtímaréttindi starfsmanna

Skammtímaréttindi starfsmanna eru metin á óafvöxtuðum grundvelli og eru gjaldfærð þegar viðkomandi starf er innt af hendi.

Skuldbinding vegna launaauka eða ágóðahluta starfsmanna er færð í ársreikninginn ef félagið hefur lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessa fjárhæð vegna starfs sem áður var innt af hendi og hægt er að áætla skuldbindinguna með áreiðanlegum hætti.

**m. Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt.

Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

**n. Tekjur**

(i) Seldar vörur og þjónusta

Tekjur af sölu á vörum eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða innheimtanleg, að frádregnum afsláttum. Tekjur eru færðar þegar meginhluti áhættu og ávinnings flyst til kaupanda, innheimta greiðslu er líkleg, hægt er að meta tengdan kostnað og vöruskil með áreiðanlegum hætti, og engin áframhaldandi afskipti eru af vörunni.

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er.

(ii) Fjarskipti

Tekjur samanstanda í meginatriðum af seldri símnotkun, áskriftartekjum, upphafsgjöldum, samtengitekjum, reikitekjum, tekjum af vörusölu og leigulínum, heildsölutekjum og sjónvarpstekjum, ásamt mánaðargjöldum og umframnotkun af gagnaflutningsáskriftum.

Áskriftargjöld eru tekjufærð á áskriftartímanum en tekjur vegna notkunar eru færðar á því tímabili sem raunveruleg notkun á sér stað. Rekstrartekjur eru tekjufærðar í samræmi við þá áskriftarsamninga sem til staðar eru og afslættir tengdir veltu og/eða notkun færðir til lækkunar á tekjum innan hvers áskriftartímabils.

Tekjur af tengingum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við væntanlegan líftíma þeirra viðskiptasambanda sem þær grundvallast á. Mat á væntanlegum líftíma viðskiptasambanda er byggt á sögulegum gögnum um brottfall viðskiptavina og á væntanlegri þróun út frá nýjustu upplýsingum. Einnig er horft til reynslu félaga innan samstæðunnar og meðal fjarskiptafélaga.

Í þeim tilfellum þar sem um er að ræða afslætti aðra en samningsbundna afslætti (m.a mismunandi afslætti út frá samsetningu fleiri en einnar vöru) eru þeir færðir til lækkunar á þeim tekjum sem um ræðir á sama tímabili og notkun, upphafsgjöld, samtengitekjur og/eða áskriftartekjur eru tekjufærðar.

(iii) Umboðslaun

Þegar félagið er umboðsaðili en ekki samningsaðili í viðskiptum eru tekjur færðar sem hrein umboðslaun

(iv) Leigutekjur

Leigutekjur eru færðar línulega á rekstrarreikning á leigutímanum.

**o. Leigugreiðslur**

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Mótteknir leiguhvatar eru færðir sem órjúfanlegur hluti heildarleigukostnaðar á gildistíma leigusamnings.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**p. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum, arðstekjum, söluhagnaði, hagnaði á gangvirði fjáreigna þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar á tapi gangvirði fjáreigna, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun hluta fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

**q. Tekjuskattur**

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi er frestaður tekjuskattur. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður eftir efnahagsreiknings aðferðinni vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum. Tekjuskattur er ekki reiknaður fyrir viðskiptavild, sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita væntu skatthlutfalli á nýtingatíma inneignarinnar.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi til með að nýtast.

**r. Hagnaður (tap) á hlut**

Í ársreikningnum er sýndur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Hagnaður á hlut er hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu.

**s. Nýir reikningsskilastaðar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddar**

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2010 og eiga við um starfsemi þess. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2010, en heimilt er að taka upp fyrr nema breytingar á IAS 24. Áhrif þess á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin að fullu.

**4. Ákvörðun gangvirðis**

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum félagsins krefst þess að fjárhæðir séu birtar á gangvirði, bæði hvað varðar fjáreignir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað í mats- eða skýringaskyni samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Nánari upplýsingar um þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis er að finna í skýringum þeirra eigna og skulda sem við á.

(i) Óefnislegar eignir

Gangvirði óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi tengdu notkun þeirra.

(ii) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna, er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi.

(iii) Fjárskuldir sem ekki eru afleiðusamningar

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað með því að núvirða framtíðargreiðslur höfuðstóls og vaxta með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

5. **Stýring fjárhagslegrar áhættu**

a. **Yfirlit**

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- lánsáhætta
- lausafjáráhætta
- markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarin reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

b. **Lánsáhætta**

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Stjórnendur hafa innleitt stefnu vegna innheimtu og reglulega er fylgst með áhættu vegna innheimtu. Mat á innheimtu er unnið reglulega og nauðsynlegar niðurfærslur gerðar.

Samstæðan hefur sett útlánareglur þar sem greiðsluhæfi nýrra viðskiptavina er kannað áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Innheimtuferli hefur verið skilgreint fyrir alla flokka viðskiptakrafna, viðskiptakröfur eru yfirfarnar reglulega og kröfur metnar.

Aldursgreining viðskiptakrafna er yfirfarin mánaðarlega og mynduð niðurfærsla vegna áætlaðra virðisrýrnunar viðskiptakrafna. Niðurfærslan er reiknuð hlutfallslega út frá aldri viðskiptakrafna,

c. **Lausafjáráhætta**

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Sjóðstreymisáætlanir eru gerðar mánaðarlega og spáð fyrir um lausafjárþörf. Félagið hefur aðgengi að skammtíma lánalínu hjá NBI hf. ef á þarf að halda.

Í lánasamningi vegna langtímaláns við NBI hf. er kveðið á um að 50% af handbæru fé samstæðunnar við árslok 2011 - 2014 verði ráðstafað til niðurgreiðslu á höfuðstól lánsins.

d. **Markaðsáhætta**

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

(i) Gjaldmiðlagengisáhætta

Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur, en hluti tekna og innkaupa félagsins er í öðrum gjaldmiðlum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evrur (EUR) og danskar krónur (DKK).

(ii) Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum.

**6. Sala**

Sala greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Vörusala | 614 | 552 |
| Seld þjónusta | 12.023 | 12.955 |
| Samtals | 12.637 | 13.507 |

**7. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu**

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu | 5.995 | 6.802 |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu af launum | 545 | 561 |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu af afskriftum | 1.055 | 1.056 |
| Samtals | 7.595 | 8.419 |

**8. Laun og launatengd gjöld**

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 1.990 | 1.881 |
| Lífeyrisiðgjöld | 162 | 152 |
| Önnur launatengd gjöld | 330 | 307 |
| Samtals | 2.482 | 2.340 |
| Stöðugildi að meðaltali á árinu | 380 | 362 |

9. Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaðarverð seldra þjónustu | 545 | 561 |
| Sölu- og markaðskostnaður | 1.033 | 954 |
| Stjórnunarkostnaður | 904 | 825 |
| Samtals laun og launatengd gjöld | 2.482 | 2.340 |

10. Stjórnarlaun

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 44,8 millj. kr. á árinu 2010.

**11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af viðskiptakröfum | 78 | 90 |
| Verðbætur | 0 | 103 |
| Aðrar vaxtatekjur | 74 | 97 |
| Fjármunatekjur samtals | 152 | 290 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 1.018) | ( 1.580) |
| Niðurfærsla eignarhluta í félögum | 0 | ( 324) |
| Gengistap | ( 1) | ( 19) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 1.019) | ( 1.923) |
| Hrein fjármagnsgjöld samtals | ( 867) | ( 1.633) |

**12. Tekjuskattur**

Í desember 2010 samþykkti Alþingi hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 20% frá og með 1. janúar 2011 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2011. Áhrif þessa hafa verið færð í reikningsskil ársins 2010 og nemur hækkun frestaðrar skatteignar vegna þessa 101 millj. kr.

13. Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | | 2010 | | 2009 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt | | 319 | | (387) |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 18,0% | (57) | 15,0% | 58 |
| Varúðarniðurfærsla á skattinneign bakfærð | 0,0% | 0 | 116,3% | 450 |
| Áhrif hækkun skatthl. úr 18% í 20%/15% í 18% | (31,7%) | 101 | 42,1% | 163 |
| Ófrádráttabær gjöld | 0,0% | 0 | (12,4%) | (48) |
| Aðrir liðir | 2,5% | (8) | 13,4% | 52 |
| Virkur tekjuskattur | (11,2%) | 36 | 174,4% | 675 |

**14. Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir | Fjarskipta-búnaður | Áhöld, tæki bifreiðar og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2009 | 50 | 10.025 | 929 | 11.004 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 689 | 72 | 761 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 258 ) | ( 74 ) | ( 332 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | 378 | 85 | 463 |
| Heildarverð 31.12.2009 | 50 | 10.834 | 1.012 | 11.896 |
| Heildarverð 1.1.2010 | 50 | 10.834 | 1.012 | 11.896 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 719 | 93 | 812 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | ( 6 ) | ( 6 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | ( 251 ) | ( 28 ) | ( 279 ) |
| Heildarverð 31.12.2010 | 50 | 11.302 | 1.071 | 12.423 |

| | Fasteignir | Fjarskipta-búnaður | Áhöld, tæki bifreiðar og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | | |
| Afskriftir 1.1.2009 | 5 | 4.868 | 549 | 5.422 |
| Afskrift ársins | 2 | 972 | 163 | 1.137 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 256 ) | ( 71 ) | ( 327 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | 380 | 46 | 426 |
| Afskrifað alls 31.12.2009 | 7 | 5.964 | 687 | 6.658 |
| Afskriftir 1.1.2010 | 7 | 5.964 | 687 | 6.658 |
| Afskrift ársins | 2 | 1.008 | 137 | 1.147 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | ( 5 ) | ( 5 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | ( 158 ) | ( 21 ) | ( 179 ) |
| Afskrifað alls 31.12.2010 | 9 | 6.814 | 798 | 7.621 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| 1.1.2009 | 45 | 5.157 | 380 | 5.582 |
| 31.12.2009 | 43 | 4.870 | 325 | 5.238 |
| 1.1.2010 | 43 | 4.870 | 325 | 5.238 |
| 31.12.2010 | 42 | 4.488 | 273 | 4.802 |
| Afskriftarhlutföll | 3% | 5-33% | 15-67% | |

**15.** Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum, sbr. skýring 14 | 1.147 | 1.137 |
| Afskriftir af óefnislegum eignum, sbr. skýring nr. 19 | 266 | 315 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir | 1.413 | 1.452 |

**16.** Afskriftir skiptast þannig á rekstrarliði:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | 1.053 | 1.056 |
| Stjórnunarkostnaður | 360 | 396 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir | 1.413 | 1.452 |

**17. Fasteignamat og vátryggingaverð**

Bókfært verð fasteigna félagsins nam 42 millj. kr. í árslok 2010 en á sama tíma nam fasteignamat þeirra 53 millj. kr. og brunabótamat 85 millj. kr. Vátryggingaverðmæti annarra eigna nam 4.677 millj. kr. í árslok.

**18. Veðskuldir eigna**

Á eignum félagsins hvílir tryggingabréf að fjárhæð 58.3m USD til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Og fjarskipta ehf. við NBI í árslok 2010. Veðið nær til fasteigna og lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

**19. Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Viðskiptavild | Aðrar óefnislegar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Heildarverð 1.1.2009 | 9.096 | 2.364 | 11.460 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 244 | 244 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 287 ) | ( 287 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 60 | 47 | 107 |
| Heildarverð 31.12.2009 | 9.156 | 2.368 | 11.524 |
| Heildarverð 1.1.2010 | 9.156 | 2.368 | 11.524 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 366 | 366 |
| Áhrif gengisbreytinga | ( 19 ) | ( 119 ) | ( 138 ) |
| Heildarverð 31.12.2010 | 9.137 | 2.615 | 11.752 |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | |
| Afskriftir 1.1.2009 | 3.321 | 1.336 | 4.657 |
| Afskrift ársins | 0 | 315 | 315 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 283 ) | ( 283 ) |
| Áhrif gengisbreytinga | 19 | 29 | 48 |
| Afskrifað alls 31.12.2009 | 3.340 | 1.397 | 4.737 |
| Afskriftir 1.1.2010 | 3.340 | 1.397 | 4.737 |
| Afskrift ársins | 0 | 266 | 266 |
| Áhrif gengisbreytinga | ( 4 ) | ( 90 ) | ( 94 ) |
| Afskrifað alls 31.12.2010 | 3.336 | 1.573 | 4.909 |
| **Bókfært verð** | | | |
| 1.1.2009 | 5.775 | 1.028 | 6.803 |
| 31.12.2009 | 5.816 | 971 | 6.787 |
| 1.1.2010 | 5.816 | 971 | 6.787 |
| 31.12.2010 | 5.801 | 1.042 | 6.843 |

**19. Óefnislegar eignir, frh.:**

**Virðisrýrnunarpróf vegna sjóðsskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild**

Í lok reikningsársins var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins. Samkvæmt niðurstöðu prófsins í árslok 2010 hefur viðskiptavildin ekki orðið fyrir virðisrýrnun.

Endurheimtanleg fjárhæð hverrar sjóðskapandi einingar var metin út frá notkunarvirði og ákvörðuð af óháðum matsaðilum. Notkunarvirði var ákvarðað á þann hátt að núvirða framtíðarfjárstreymi út frá áframhaldandi nýtingu einingarinnar og var byggt á eftirtöldum forsendum:

Fjárstreymi var byggt á rekstraráætlun næstu 5 ára. Fjárstreymi til framtíðar var áætlað miðað við stöðugt vaxtarhlutfall. Áætlaður raunvöxtur yfir áætlunartímabilið 2011 til 2015 er á bilinu 0,6% til 3,0%.

Framtíðarvöxtur var áætlaður 3% - 3,5% sem jafngildir 1% raunvexti á ári miðað við 2% til 2,5% áætlaða verðbólgu. Matið var byggt á tölfræðilegri greiningu á langtíma verðþróun á markaði, leiðrétt í ljósi reynslu.

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) sem notað var til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð einingarinnar nam 10,4% - 13,2%.

Framangreindar áætlanir eru viðkvæmar fyrir eftirfarandi breytingum miðað við forsendur óháðs matsaðila:

Lækkun á framtíðarvexti um 2,5 prósentustig hefði leitt til virðisrýrnunar að fjárhæð 182 milljónir kr. hjá Og fjarskiptum ehf.

Ef EBITDA (hagnaður fyrir vexti, tekjuskatt og afskriftir) lækkar um 10% ár hvert hefði það leitt til virðisrýrnunar að fjárhæð 499 milljónir kr. hjá Og fjarskiptum ehf.

Ef raun framtíðarvöxtur er 0%, þ.e. tekjur vaxa eingöngu með verðbólguvæntingum og hækkun vegins meðalkostnaðar fjármagns um 1% hefði leitt til virðisrýrnunar að fjárhæð 151 milljónir kr. hjá Og fjarskiptum ehf.

**20. Eignarhlutir í félögum**

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Hið íslenska númeraflutningsfélag ehf | 14,29% | 2 |
| Aðrir eignarhlutir í félögum | | 1 |
| Eignarhlutur í félögum samtals | | 3 |

**21. Skattinneign**

Tekjuskattsinneign samstæðunnar nam 1.029 millj. kr. í árslok 2010 samkvæmt efnahagsreikningi. Breytingin á árinu greinist þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Tekjuskattsinneign í ársbyrjun | ( 1.015) | ( 487) |
| Áhrif samsköttunar | 20 | 150 |
| Tekjuskattur færður á rekstur | ( 36) | ( 675) |
| Áhrif gengisbreytinga | 2 | ( 3) |
| Tekjuskattsinneign í árslok | ( 1.029) | ( 1.015) |

**21. Skattinneign, frh.**

Tekjuskattsinneign samstæðunnar skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 252 | 226 |
| Óefnislegar eignir | 13 | 13 |
| Frestaður gengismunur | 3 | ( 2) |
| Viðskiptakröfur | ( 40) | ( 42) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | ( 1.257) | ( 1.210) |
| Tekjuskattsinneign í árslok | ( 1.029) | ( 1.015) |

**22. Birgðir**

Birgðir í árslok samanstanda af fjarskiptabúnaði til sölu.

Birgðir að fjárhæð 108 millj. kr (2009: 155 millj. kr. ) eru veðsettar til tryggingar á lánum til félagsins.

**23. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur sundurliðast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 2.775 | 2.855 |
| Aðrar skammtímakröfur | 181 | 145 |
| Niðurfærslureikningur krafna | ( 199) | ( 258) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 2.757 | 2.742 |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Það er álit stjórnenda félagsins að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Viðskiptakröfur að fjárhæð 2.286 millj. kr (2009: 2.224 millj. kr. ) eru veðsettar til tryggingar á lánum til félagsins.

**24. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur á tengda aðila**

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur á tengda aðila sundurliðast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 0 | 16 |
| Inneign sjóðspotti Teymis | 0 | 697 |
| Skammtímakrafa vegna samsköttunar Teymi | 0 | 105 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 0 | 818 |

**25. Handbært fé**

Handbært fé greinist þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður | 379 | 107 |
| Veðsettar innstæður | 276 | 0 |
| Markaðsverðbréf | 1 | 1 |
| Handbært fé samkvæmt yfirlit um sjóðstreymi | 656 | 108 |

**26. Eigið fé**

**Hlutafé**

Hlutafé Og fjarskipta ehf. samkvæmt samþykktum nemur 2.550 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

**26. Eigið fé, frh.:**

**Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár**

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

**Þýðingarmunur**

Þýðingarmunur sem verður til við umreikning reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður beint á sérstakan lið meðal eigin fjár. Ef erlend starfsemi er lögð niður, að hluta eða öllu leyti, er eiginfjárliðurinn leystur upp yfir rekstur.

**27. Hagnaður á hlut**

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hlutahafa í félaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem engin áhrif eru vegna útgefinna kauprétta til starfsmanna og félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

| **Grunnhagnaður á hlut:** | **2010** | **2009** |
|---|---|---|
| Hagnaður til hlutahafa í félaginu | 355 | 288 |
| Hlutafé í ársbyrjun | 2.550 | 2.502 |
| Áhrif nýrra hluta | 0 | 17 |
| Vegið meðaltal útistandandi hluta | 2.550 | 2.519 |
| Hagnaður á útistandandi hluti | 0,14 | 0,11 |

**28. Vaxtaberandi skuldir**

| Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig: | **2010** | **2009** |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 10.147 | 10.316 |
| Önnur lán | 27 | 112 |
| Næsta árs afborganir | ( 758) | ( 200) |
| Samtals | 9.416 | 10.228 |

**29.** Vaxtaberandi langtímaskuldir í lok ársins greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | **2010** | | **2009** | |
|---|---|---|---|---|
| | **Meðalvextir** | **Eftirstöðvar** | **Meðalvextir** | **Eftirstöðvar** |
| Skuldir í DKK | 7,85% | 333 | 7,85% | 499 |
| Skuldir í ÍSK, óverðtryggt | 6,65% | 9.841 | 10,85% | 9.929 |
| | | 10.174 | | 10.428 |
| Næsta árs afborganir | | ( 758 ) | | ( 200 ) |
| Vaxtaberandi skuldir samkv. efnahagsreikningi | | 9.416 | | 10.228 |

**30.** Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Afborganir 2010 | | 200 |
| Afborganir 2011 | 758 | 777 |
| Afborganir 2012 | 740 | 750 |
| Afborganir 2013 | 732 | 745 |
| Afborganir 2014 | 7.907 | 7.941 |
| Afborganir 2015 | 25 | 15 |
| Afborganir síðar | 12 | 0 |
| Samtals | 10.174 | 10.428 |

**31. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 1.255 | 1.636 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 523 | 556 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 1.778 | 2.192 |

**32. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir við tengda aðila**

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir við tengda aðila | 0 | 48 |
| Aðrar skammtímaskuldir við tengda aðila | 324 | 29 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 324 | 77 |

**33. Fyrirframinnheimtar tekjur**

Meðal fyrirframinnheimtra tekna eru færðar tekjur vegna samnings við Fjarskiptasjóð um endurgreiðslu kostnaðar við uppbyggingu GSM farsímaþjónustu á Íslandi. Samningstíminn er til byrjunar árs 2014 og hefur tekjum vegna þessa verkefnis verið dreift yfir samningstímann. Aðrar fyrirfram innheimtar tekjur eru vegna fyrirframgreiddra símgjalda og annarra fyrirframgreiðslna.

**34. Fjármálagerningar**

**Lánsáhætta**

**Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu**

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

| | | Bókfært verð | |
|---|---|---|---|
| | Skýring | 2010 | 2009 |
| Eignarhlutir í félögum | 20 | 3 | 5 |
| Viðskiptkröfur og aðrar kröfur | 23 | 2.757 | 2.742 |
| Handbært fé | 25 | 656 | 108 |
| | | 3.416 | 2.855 |

**34. Fjármálagerningar, frh.:**

**Virðisrýrnun viðskiptakrafna**

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

| | Nafnverð kröfu 2010 | Nafnverð kröfu 2009 | Niðurfærsla 2010 | Niðurfærsla 2009 |
|---|---|---|---|---|
| Ógjaldfallið | 1.895 | 2.184 | ( 59) | ( 87) |
| Gjaldfallið innan 60 daga | 353 | 286 | ( 12) | ( 51) |
| Gjaldfallið fyrir 61 - 90 dögum | 90 | 86 | ( 6) | ( 13) |
| Gjaldfallið fyrir 91 - 180 dögum | 139 | 252 | ( 54) | ( 89) |
| Gjaldfallið fyrir 181 - 360 dögum | 101 | 9 | ( 21) | ( 9) |
| Eldra en eitt ár | 197 | 38 | ( 48) | ( 9) |
| | 2.775 | 2.855 | ( 199) | ( 258) |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna á árinu greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | ( 258) | ( 268) |
| Tekjufært á árinu | 59 | 10 |
| Staða 31.12. | ( 199) | ( 258) |

**Lausafjáráhætta**

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

| 31.des.10 | Bókfært verð | Umsamið sjóðstreymi | Innan 1 árs | 1 - 2 ár | 2 - 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:** | | | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 10.147 | 12.236 | 1.397 | 1.340 | 9.499 |
| Önnur langtímalán | 27 | 27 | 19 | 8 | 0 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.102 | 2.102 | 2.102 | 0 | 0 |
| | 12.276 | 14.365 | 3.518 | 1.348 | 9.499 |

Stærsti hluti langtímalána félagsins kemur til greiðslu á árinu 2014 og gerir stjórn félgsins ráð fyrir að samið verði að nýju um nýja greiðsluskilmála fyrir þann tíma.

| 31.des.09 | Bókfært verð | Umsamið sjóðstreymi | Innan 1 árs | 1 - 2 ár | 2 - 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:** | | | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 10.316 | 14.434 | 1.093 | 1.716 | 11.625 |
| Önnur langtímalán | 112 | 112 | 112 | 0 | 0 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.050 | 2.050 | 2.050 | 0 | 0 |
| | 12.478 | 16.596 | 3.255 | 1.716 | 11.625 |

**Gjaldmiðlagengisáhætta**

Áhætta samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í nafnverðfjárhæðum:

| 31.des.10 | EUR | DKK | USD | SEK | SDR |
|---|---|---|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 39 | 345 | 15 | 0 | 3 |
| Vaxtaberandi skuldir | 0 | ( 333) | 0 | 0 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | ( 224) | ( 211) | ( 13) | ( 7) | 0 |
| Áhætta í efnahagsreikningi | ( 185) | ( 199) | 2 | ( 7) | 3 |

**34. Fjármálagerningar, frh.:**

**Gjaldmiðlagengisáhætta, frh.:**

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu var sem hér segir:

| | Meðalgengi 2010 | Árslokagengi 2010 |
|---|---|---|
| EUR | 162 | 154 |
| DKK | 22 | 21 |
| USD | 122 | 115 |
| SEK | 17 | 17 |
| SDR | 186 | 178 |

*Næmnigreining*

10% styrking íslenskrar krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum 31. desember mundi hafa hækkað eigið fé og afkomu samstæðunnar um 40 millj. kr. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar.

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar breytur hefðu haldist óbreyttar.

**Vaxtaáhætta**

Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Fjárskuldir með breytilega vexti | 10.174 | 10.428 |

Breyting á vöxtum á uppgjörsdegi um 100 punkta hefði breytt afkomu um 102 millj. kr. (2009: 104 millj. kr.) fyrir tekjuskatt. Samstæðan er hvorki með fjáreignir né fjárskuldir á föstum vöxtum.

**Gangvirði**

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegt.

**35. Sjóðstreymisyfirlit**

Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt samkvæmt sjóðstreymisyfirliti greinist þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Hagnaður ársins | 355 | 288 |
| Leiðrétt fyrir: | | |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 1.147 | 1.137 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 266 | 315 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 869 | 1.310 |
| Niðurfærsla eignarhluta í félögum | 0 | 323 |
| Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna | ( 3) | ( 9) |
| Hagnaður að sölu eignarhluta | ( 1) | 0 |
| Skatteign, breyting | ( 36) | ( 675) |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | 64 | ( 53) |
| Skammtímakröfur, (lækkun) hækkun | 58 | 81 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | ( 381) | ( 657) |
| Fyrirfram innheimtar tekjur, hækkun | ( 18) | 7 |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt | 2.320 | 2.067 |

**36. Rekstrarleiga**

**Leiga sem leigutaki**

| Rekstrarleigugreiðslur greinast þannig: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Innan árs | 197 | 176 |
| Eftir 1-5 ár | 715 | 596 |
| Eftir 5 ár | 1.803 | 1.880 |
| Samtals | 2.715 | 2.652 |

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga um fasteignir og áhöld og tæki til allt að nítján ára. Á árinu 2010 voru 178 millj. kr.(2009: 167 millj. kr.) gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna rekstrarleigusamninga.

**37. Tengdir aðilar**

**Skilgreining tengdra aðila**

Hluthafar sem stjórna eða hafa veruleg áhrif á félagið, dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins. Félagið er að öllu leyti í eigu Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta ehf. sem aftur er í eigu NBI í gegnum eignarhald bankans að Vestia ehf., móðurfélagi Eignarhaldsfélags fjarskipta ehf. NBI er í eigu ríkissjóðs Íslands.

**Viðskipti við tengda aðila**

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við samstæðuna. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík. Skuld félagsins við NBI nam um 9,8 milljörðum króna í árslok 2010. Vaxtagreiðslur til bankans námu 962 millj. kr. á árinu. Skuld við móðurfélagið, Eignarhaldsfélagið Fjarskipti ehf. nam 324 millj. kr. í árslok 2010.

**38. Veðsetningar**

Á eignum félagsins hvílir tryggingabréf að fjárhæð 58.3m USD til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Og fjarskipta ehf. við NBI í árslok 2010. Veðið nær til fasteigna og lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

Handveð er í öllum hlutabréfum P/F Kall, dótturfélagi Og fjarskipta ehf., en hlutabréfin standa til tryggingar öllum skuldum Og fjarskipta ehf. við NBI hf.

# Fjarskipti ehf.

## Ársreikningur samstæðunnar

## 2011

Fjarskipti ehf.
Skútuvogi 2
104 Reykjavík
Kt. 470905-1740

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðenda ........ 4

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Eiginfjáryfirlit ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Fjarskipta ehf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum. Fjarskipti ehf. er fjarskiptafélag sem býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskiptaþjónustu undir vörumerkinu Vodafone.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á árinu 227 millj. kr., en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends dótturfélags er hagnaður samstæðunnar á árinu 248 millj.kr. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu námu 12.722 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunna 15.764 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar 31. desember 2011 nam 3.975 millj. kr. Hlutafé félagsins nemur 2.550 millj kr. og er það allt í eigu Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta ehf.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2012 vegna rekstrarársins 2011. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta ehf. staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. febrúar 2012.

Í stjórn:

Forstjóri:

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Fjarskipta ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Fjarskipta ehf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2011, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 29. febrúar 2012.

***KPMG ehf.***

Margret G. Flóvenz

Guðný S. Guðmundsd.

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| Sala | 5 | 12.722 | 12.637 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | 6 | ( 7.678 ) | ( 7.595 ) |
| **Framlegð** | | 5.044 | 5.042 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 5 | 4 |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 4.102 ) | ( 3.860 ) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 947 | 1.186 |
| Fjármunatekjur | | 63 | 152 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 741 ) | ( 1.019 ) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | 10 | ( 678 ) | ( 867 ) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 269 | 319 |
| Tekjuskattur | 11 | ( 42 ) | 36 |
| **Hagnaður ársins** | | 227 | 355 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé** | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | | 21 | ( 81 ) |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals** | | 21 | ( 81 ) |
| **Heildarhagnaður ársins** | | 248 | 274 |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 24 | 0,09 | 0,14 |

Skýringar á bls. 9 - 26 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 12-16 | 4.534 | 4.802 |
| Óefnislegar eignir | 17 | 7.057 | 6.843 |
| Eignarhlutir í félögum | 18 | 2 | 3 |
| Skattinneign | 19 | 987 | 1.029 |
| Fastafjármunir | | 12.580 | 12.677 |
| Birgðir | 20 | 111 | 126 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 21 | 2.798 | 2.757 |
| Handbært fé | 22 | 275 | 656 |
| Veltufjármunir | | 3.184 | 3.539 |
| **Eignir samtals** | | 15.764 | 16.216 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 2.550 | 2.550 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 623 | 597 |
| Þýðingarmunur | | 246 | 225 |
| Óráðstafað eigið fé | | 556 | 355 |
| Eigið fé | 23 | 3.975 | 3.727 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 25-27 | 8.721 | 9.416 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 30 | 70 | 109 |
| Langtímaskuldir | | 8.791 | 9.525 |
| Vaxtaberandi skuldir | 28 | 714 | 758 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 29 | 1.864 | 1.778 |
| Skuldir við tengda aðila | 35 | 324 | 324 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 30 | 96 | 104 |
| Skammtímaskuldir | | 2.998 | 2.964 |
| Skuldir samtals | | 11.789 | 12.489 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 15.764 | 16.216 |

Skýringar á bls. 9 - 26 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Eiginfjáryfirlit ársins 2011

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Árið 2010** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2010 | 2.550 | 597 | 306 | 528 | 3.981 |
| Heildarafkoma ársins | | | ( 81 ) | 355 | 274 |
| Arður til hluthafa | | | | ( 528 ) | ( 528 ) |
| Eigið fé 31.12.2010 | 2.550 | 597 | 225 | 355 | 3.727 |
| **Árið 2011** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2011 | 2.550 | 597 | 225 | 355 | 3.727 |
| Heildarafkoma ársins | | | 21 | 227 | 248 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | | 26 | | ( 26 ) | 0 |
| Eigið fé 31.12.2011 | 2.550 | 623 | 246 | 556 | 3.975 |

Skýringar á bls. 9 - 26 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts | 33 | 2.353 | 2.320 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 62 | 116 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 699 ) | ( 1.014 ) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.716 | 1.422 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 10 | 4 |
| Seldur eignarhlutum í félögum | | 2 | 3 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 12 | ( 922 ) | ( 812 ) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 17 | ( 462 ) | ( 366 ) |
| Krafa á tengd félög, breyting | | 0 | 697 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 1.372 ) | ( 474 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Arður til hluthafa | | 0 | ( 528 ) |
| Afborganir langtímalána | | ( 754 ) | ( 173 ) |
| Skammtímalán, breyting | | 12 | ( 13 ) |
| Skuld við tengd félög, breyting | | 0 | 324 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 742 ) | ( 390 ) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 398 ) | 558 |
| **Gengismunur á handbæru fé** | | 17 | ( 10 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 656 | 108 |
| **Handbært fé í árslok** | 22 | 275 | 656 |

Skýringar á bls. 9 - 26 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Skýringar

**1. Félagið**

Fjarskipti ehf. ("Félagið") er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru í Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagins er á sviði fjarskipta. Félagið er dótturfélag Eignarhaldsfélag Fjarskipta ehf. og eru upplýsingar um fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2011 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess P/F Kall sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

**a. Yfirlýsing um að alþjólegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 29. febrúar 2012.

**b. Grundvöllur matsaðferða**

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.

**c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill**

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

**d. Mat og ákvarðanir**

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat á einstökum liðum og þeim forsendum sem það byggir á er endurskoðað reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð þegar hún á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum ef matsbreytingin hefur einnig áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 17 - Óefnislegar eignir
- Skýring 19 - Skattinneign

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll þau tímabil sem koma fram í ársreikningi félagsins.

**a. Grundvöllur samstæðu**

**(i) Dótturfélög**

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til nýtanlegs atkvæðisréttar. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

**(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings**

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**b. Erlendir gjaldmiðlar**

**(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir sem eru tilgreindar í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi í lok ársins. Aðrar eignir og skuldir sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

**(ii) Erlend starfsemi**

Eignir og skuldir erlendrar starfsemi, að meðtalinni viðskiptavild, eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

**c. Fjármálagerningar**

**(i) Fjáreignir aðrar en afleiður**

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald.

Í skýringu 3.m. er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

*Lán og kröfur*

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum og sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.

*Handbært fé*

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður ásamt markaðsverðbréfum sem skipta má í handbært fé með litlum fyrirvara og breytast að líkindum lítið að verðgildi.

**(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar**

Skuldabréf og víkjandi skuldir eru færðar til bókar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir, þ.m.t. skuldir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er annaðhvort að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Félagið flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldur eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda félagsins annarra en afleiðusamninga teljast: lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

### (iii) Hlutafé

*Almennir hlutir*

Almenn hlutabréf eru hluti eigin fjár. Beinn kostnaður vegna útgáfu almennra hlutabréfa og valrétta vegna hlutabréfa er færður til lækkunar á hlutafé.

*Kaup á eigin hlutum*

Þegar félagið kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði vegna þeirra, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir eða endurútgefnir er eigið fé hækkað og hagnaður eða tap af viðskiptunum fært á yfirverðsreikning og/eða óráðstafað eigið fé.

## d. Rekstrarfjármunir

### (i) Eignir í eigu félagsins

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi búnað eru færður til eignar sem hluti af kostnaði búnaðar.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

### (ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstarfjármuna er færður til eigna ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

### (iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 33 ár |
| Fjarskiptabúnaður | 3-20 ár |
| Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar | 1-7 ár |

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

## e. Óefnislegar eignir

### (i) Viðskiptavild

Viðskiptavild verður til við kaup á dótturfélögum.

Viðskiptavild er mismunurinn á kostnað við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð strax í rekstrarreikningi.

### (ii) Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**e. Óefnislegar eignir, frh.:**

(iii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir sem félagið hefur keypt og hafa takmarkaðan nýtingartíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem felst í hinni tilteknu eign sem kostnaðurinn varðar. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja, sem myndast hefur innan félagsins er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Aðrar óefnislegar eignir | 3-10 ár |

**f. Leigðar eignir**

Allir leigusamningar eru rekstrarleigusamningar og eru ekki færðir í efnahagsreikning samstæðunnar.

**g. Birgðir**

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Kostnaðarverð birgða er byggt á "fyrst inn - fyrst út" reglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ástand.

**h. Virðisrýrnun**

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, bendi til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna, sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, er reiknuð sem mismunur bókfærðs verðs og núvirðis áætlaðs framtíðarfjárflæðis, afvaxtað miðað við upphaflega virka vexti. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir eiginleikum þeirra og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð. Slík bakfærsla er færð í rekstrarreikning ef um er að ræða annað hvort fjáreignir sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eða skuldabréf sem flokkuð eru sem fjáreignir til sölu. Bakfærsla virðisrýrnunar hlutabréfa, sem flokkuð eru sem fjáreignir til sölu, er færð beint á eigið fé.

(ii) Aðrar eignir en fjáreignir

Á hverjum reikningsskiladegi er lagt mat á hvort eignir félagsins sem ekki teljast til fjáreigna, kunni að hafa orðið fyrir virðisrýrnun. Ef vísbendingar eru til staðar um að virðisrýrnun hafi átt sér stað, er lagt mat á endurheimtanlega fjárhæð viðkomandi eigna. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða fjárskapandi einingar er nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er fundið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi. Við útreikninginn er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**h. Virðisrýrnun, frh.:**

**(ii) Aðrar eignir en fjáreignir, frh.:**

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Á hverjum reikningsskiladegi er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um að virðisrýrnun, sem færð hefur verið vegna annarra eigna en viðskiptavildar, eigi ekki lengur við. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem lá til grundvallar við ákvörðun endurheimtanlegrar fjárhæðar. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki að bókfært verð eignar verði ekki hærra en það hefði verið á þeim degi sem bakfærsla er gerð ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað.

**i. Hlunnindi starfsmanna**

**(i) Iðgjaldatengdur lífeyrissparnaður**

Skuldbindingar til greiðslu iðgjaldatengds lífeyrissparnaðar eru gjaldfærðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

**(ii) Skammtímaréttindi starfsmanna**

Skammtímaréttindi starfsmanna eru metin á óafvöxtuðum grundvelli og eru gjaldfærð þegar viðkomandi starf er innt af hendi.

Skuldbinding vegna launaauka eða ágóðahluta starfsmanna er færð í ársreikninginn ef félagið hefur lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessa fjárhæð vegna starfs sem áður var innt af hendi og hægt er að áætla skuldbindinguna með áreiðanlegum hætti.

**j. Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt.

Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

**k. Tekjur**

**(i) Seldar vörur og þjónusta**

Tekjur af sölu á vörum eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða innheimtanleg, að frádregnum afsláttum. Tekjur eru færðar þegar meginhluti áhættu og ávinnings flyst til kaupanda, innheimta greiðslu er líkleg, hægt er að meta tengdan kostnað og vöruskil með áreiðanlegum hætti, og engin áframhaldandi afskipti eru af vörunni.

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er.

**(ii) Fjarskipti**

Tekjur samanstanda í meginatriðum af seldri símnotkun, áskriftartekjum, upphafsgjöldum, samtengitekjum, reikitekjum, tekjum af vörusölu og leigulínum, heildsölutekjum og sjónvarpstekjum, ásamt mánaðargjöldum og umframnotkun af gagnaflutningsáskriftum.

Áskriftargjöld eru tekjufærð á áskriftartímanum en tekjur vegna notkunar eru færðar á því tímabili sem raunveruleg notkun á sér stað. Rekstrartekjur eru tekjufærðar í samræmi við þá áskriftarsamninga sem til staðar eru og afslættir tengdir veitu og/eða notkun færðir til lækkunar á tekjum innan hvers áskriftartímabils.

Tekjur af tengingum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við væntanlegan líftíma þeirra viðskiptasambanda sem þær grundvallast á. Mat á væntanlegum líftíma viðskiptasambanda er byggt á sögulegum gögnum um brottfall viðskiptavina og á væntanlegri þróun út frá nýjustu upplýsingum. Einnig er horft til reynslu félaga innan samstæðunnar og meðal fjarskiptafélaga.

Í þeim tilfellum þar sem um er að ræða afslætti aðra en samningsbundna afslætti eru þeir færðir til lækkunar á þeim tekjum sem um ræðir á sama tímabili og notkun, upphafsgjöld, samtengitekjur og/eða áskriftartekjur eru tekjufærðar.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**k. Tekjur, frh.:**

**(iii) Umboðslaun**

Þegar félagið er umboðsaðili en ekki samningsaðili í viðskiptum eru tekjur færðar sem hrein umboðslaun félagsins.

**(iv) Leigutekjur**

Leigutekjur eru færðar línulega á rekstrarreikning á leigutímanum.

**l. Leigugreiðslur**

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Mótteknir leiguhvatar eru færðir sem órjúfanlegur hluti heildarleigukostnaðar á gildistíma leigusamnings.

**m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum, arðstekjum, söluhagnaði, hagnaði á gangvirði fjáreigna þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar á tapi gangvirði fjáreigna, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun hluta fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

**n. Tekjuskattur**

Tekjuskattur á afkomu ársins er frestaður tekjuskattur. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða liðum í heildarkomu sem færðir eru á eigið fé.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum. Frestaður tekjuskattur er ekki reiknaður fyrir viðskiptavild, sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum.

Reiknuð skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Reiknuð skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Hlutfall tekjuskatts félagsins er 20%.

**o. Hagnaður á hlut**

Í ársreikningnum er sýndur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Hagnaður á hlut er hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu.

**p. Nýir reikningsskilastaðar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddar**

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2011 og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2011, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin að fullu en talið að þau séu óveruleg.

## 4. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum félagsins krefst þess að fjárhæðir séu birtar á gangvirði, bæði hvað varðar fjáreignir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað í mats- eða skýringaskyni samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Nánari upplýsingar um þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis er að finna í skýringum þeirra eigna og skulda sem við á.

### (i) Óefnislegar eignir

Gangvirði óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi tengdu notkun þeirra.

### (ii) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna, er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi.

### (iii) Fjárskuldir sem ekki eru afleiðusamningar

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað með því að núvirða framtíðargreiðslur höfuðstóls og vaxta með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

**5. Sala**

Sala greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Vörusala | 714 | 614 |
| Seld þjónusta | 12.008 | 12.023 |
| Samtals | 12.722 | 12.637 |

**6. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu**

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu | 6.014 | 5.995 |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu af launum | 546 | 545 |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu af afskriftum | 1.118 | 1.055 |
| Samtals | 7.678 | 7.595 |

**7. Laun og launatengd gjöld**

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 2.209 | 1.990 |
| Lífeyrisiðgjöld | 180 | 162 |
| Önnur launatengd gjöld | 231 | 330 |
| Samtals | 2.620 | 2.482 |
| | | |
| Stöðugildi að meðaltali á árinu | 377 | 360 |

8. Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaðarverð seldra þjónustu | 546 | 545 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.074 | 1.937 |
| Samtals laun og launatengd gjöld | 2.620 | 2.482 |

9. Þóknanir til stjórnenda og stjórnar

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 41,5 millj. kr. á árinu 2011.

**10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af lánum og kröfum | 45 | 78 |
| Aðrar vaxtatekjur | 18 | 40 |
| Gengishagnaður | 0 | 33 |
| Fjármunatekjur samtals | 63 | 151 |
| | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 706) | ( 1.018) |
| Gengistap | ( 35) | 0 |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 741) | ( 1.018) |
| | | |
| Hrein fjármagnsgjöld samtals | ( 678) | ( 867) |

## 11. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | | 2011 | | 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 270 | | 319 |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 20,0% | 54 | 18,0% | (57) |
| Áhrif hækkun skatthl. úr 18% í 20% | 0,0% | 0 | (31,7%) | 101 |
| Aðrir liðir | (4,4%) | (12) | 2,5% | (8) |
| Virkur tekjuskattur | 15,6% | 42 | (11,2%) | 36 |

## 12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir | Fjarskiptabúnaður | Áhöld, tæki bifreiðar og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2010 | 50 | 10.834 | 1.012 | 11.896 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 719 | 93 | 812 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | (6) | (6) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | (251) | (28) | (279) |
| Heildarverð 31.12.2010 | 50 | 11.302 | 1.071 | 12.423 |
| Heildarverð 1.1.2011 | 50 | 11.302 | 1.071 | 12.423 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 744 | 178 | 922 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | (13) | (13) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | 47 | 5 | 52 |
| Heildarverð 31.12.2011 | 50 | 12.093 | 1.241 | 13.384 |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | | |
| Afskriftir 1.1.2010 | 7 | 5.964 | 687 | 6.658 |
| Afskrift ársins | 2 | 1.008 | 137 | 1.147 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | (5) | (5) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | (158) | (21) | (179) |
| Afskrifað alls 31.12.2010 | 9 | 6.814 | 798 | 7.621 |
| Afskriftir 1.1.2011 | 9 | 6.814 | 798 | 7.621 |
| Afskrift ársins | 2 | 1.068 | 135 | 1.205 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | (10) | (10) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | 30 | 4 | 34 |
| Afskrifað alls 31.12.2011 | 11 | 7.912 | 927 | 8.850 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| 1.1.2010 | 43 | 4.870 | 325 | 5.238 |
| 31.12.2010 | 41 | 4.488 | 273 | 4.802 |
| 31.12.2011 | 39 | 4.181 | 314 | 4.534 |
| Afskriftarhlutföll | 3% | 5-33% | 15-67% | |

**13.** Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum, sbr. skýring 12 | 1.205 | 1.147 |
| Afskriftir af óefnislegum eignum, sbr. skýring nr. 17 | 264 | 266 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir | 1.469 | 1.413 |

**14.** Afskriftir skiptast þannig á rekstrarliði:

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | 1.119 | 1.053 |
| Annar rekstrarkostnaður | 350 | 360 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir | 1.469 | 1.413 |

**15. Fasteignamat og vátryggingaverð**

Bókfært verð fasteigna félagsins nam 39 millj. kr. í árslok 2011 en á sama tíma nam fasteignamat þeirra 67,1 millj. kr. og brunabótamat 115,3 millj. kr. Vátryggingaverðmæti annarra eigna nam 4.944 millj. kr. í árslok.

**16. Veðskuldir eigna**

Á eignum félagsins hvílir tryggingabréf að fjárhæð 58,3m USD til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Fjarskipta ehf. við Landsbanka Íslands í árslok 2011. Veðið nær til fasteigna og lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

**17. Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Viðskiptavild | Aðrar óefnislegar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Heildarverð 1.1.2010 | 9.156 | 2.368 | 11.524 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 366 | 366 |
| Áhrif gengisbreytinga | ( 19 ) | ( 119 ) | ( 138 ) |
| Heildarverð 31.12.2010 | 9.137 | 2.615 | 11.752 |
| Heildarverð 1.1.2011 | 9.137 | 2.615 | 11.752 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 462 | 462 |
| Áhrif gengisbreytinga | 4 | 30 | 34 |
| Heildarverð 31.12.2011 | 9.141 | 3.107 | 12.248 |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | |
| Afskriftir 1.1.2010 | 3.340 | 1.397 | 4.737 |
| Afskrift ársins | 0 | 266 | 266 |
| Áhrif gengisbreytinga | ( 4 ) | ( 90 ) | ( 94 ) |
| Afskrifað alls 31.12.2010 | 3.336 | 1.573 | 4.909 |
| Afskriftir 1.1.2011 | 3.336 | 1.573 | 4.909 |
| Afskrift ársins | 0 | 264 | 264 |
| Áhrif gengisbreytinga | 1 | 17 | 18 |
| Afskrifað alls 31.12.2011 | 3.337 | 1.854 | 5.191 |
| **Bókfært verð** | | | |
| 1.1.2010 | 5.816 | 971 | 6.787 |
| 31.12.2010 | 5.801 | 1.042 | 6.843 |
| 31.12.2011 | 5.804 | 1.253 | 7.057 |

**17. Óefnislegar eignir, frh.:**

**Virðisrýrnunarpróf vegna sjóðsskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild**

Í lok reikningsársins var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins. Samkvæmt niðurstöðu prófsins í árslok 2011 hefur viðskiptavildin ekki orðið fyrir virðsrýrnun.

Endurheimtanleg fjárhæð hverrar sjóðskapandi einingar var metin út frá notkunarvirði og reiknuð af óháðum matsaðilum. Notkunarvirði var ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi út frá áframhaldandi nýtingu einingarinnar og var byggt á eftirtöldum forsendum:

Fjárstreymi var byggt á rekstraráætlun næstu 5 ára. Fjárstreymi til framtíðar var áætlað miðað við stöðugt vaxtarhlutfall. Áætlaður raunvöxtur yfir áætlunartímabilið 2012 til 2016 er á bilinu 0% til 0,5%.

Framtíðarvöxtur var áætlaður 3% - 3,5% sem jafngildir 0,5% raunvexti á ári miðað við 2,5% áætlaða verðbólgu. Matið var byggt á tölfræðilegri greiningu á langtíma verðþróun á markaði, leiðrétt í ljósi reynslu.

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) sem notað var til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð eininganna nam 9,5% - 11,8%.

**18. Eignarhlutir í félögum**

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Hið íslenska númeraflutningsfélag ehf | 14,29% | 2 |
| Eignarhlutur í félögum samtals | | 2 |

**19. Tekjuskattseign**

Tekjuskattseign samstæðunnar nam 987 millj. kr. í árslok 2011 samkvæmt efnahagsreikningi. Breytingin á árinu greinist þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Tekjuskattseign í ársbyrjun | ( 1.029) | ( 1.015) |
| Áhrif samsköttunar | 0 | 20 |
| Tekjuskattur færður á rekstur | 42 | ( 36) |
| Áhrif gengisbreytinga | 0 | 2 |
| Tekjuskattseign í árslok | ( 987) | ( 1.029) |

Tekjuskattseign samstæðunnar skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 245 | 252 |
| Óefnislegar eignir | 18 | 13 |
| Frestaður gengismunur | ( 3) | 3 |
| Viðskiptakröfur | ( 32) | ( 40) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | ( 1.215) | ( 1.257) |
| Tekjuskattsinneign í árslok | ( 987) | ( 1.029) |

Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins nemur 6.077 millj. króna. Tapið er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því það fellur til. Það er mat stjórnenda að rekstur félagsins á næstu árum muni skapa skattskyldar tekjur og áunnið yfirfæranlegt skattaleg tap muni nýtast að fullu.

**20. Birgðir**

Birgðir í árslok samanstanda af fjarskiptabúnaði til sölu.

Birgðir að fjárhæð 111 millj. kr. (2010: 108 millj. kr.) eru veðsettar til tryggingar á lánum til félagsins.

## 21. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur sundurliðast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 2.748 | 2.775 |
| Aðrar skammtímakröfur | 211 | 181 |
| Niðurfærslureikningur krafna | ( 161) | ( 199) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 2.798 | 2.757 |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Það er álit stjórnenda félagsins að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Viðskiptakröfur að fjárhæð 2.336 millj. kr. (2010: 2.286 millj. kr.) eru veðsettar til tryggingar á lánum til félagsins.

## 22. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður | 275 | 379 |
| Veðsettar innstæður | 0 | 276 |
| Markaðsverðbréf | 0 | 1 |
| Handbært fé samkvæmt yfirlit um sjóðstreymi | 275 | 656 |

## 23. Eigið fé

### Hlutafé

Hlutafé Fjarskipta ehf. samkvæmt samþykktum nemur 2.550 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

### Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um einkahlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Félagið skal árlega leggja minnst 10% í lögbundinn varasjóð uns hann nemur 10% hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst 5% þar til sjóðurinn nemur 25% af nafnverði hlutafjárins.

### Þýðingarmunur

Þýðingarmunur sem verður til við umreikning reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður beint á sérstakan lið meðal eigin fjár. Ef erlend starfsemi er lögð niður, að hluta eða öllu leyti, er eiginfjárliðurinn leystur upp yfir rekstur.

## 24. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hlutahafa í félaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem engin áhrif eru vegna útgefinna kauprétta til starfsmanna og félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

### Grunnhagnaður á hlut:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Hagnaður til hlutahafa í félaginu | 227 | 355 |
| Hlutafé í ársbyrjun og árslok | 2.550 | 2.550 |
| Hagnaður á útistandandi hluti | 0,09 | 0,14 |

**25. Vaxtaberandi skuldir**

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 9.422 | 10.147 |
| Önnur lán | 1 | 27 |
| Næsta árs afborganir | ( 702) | ( 758) |
| Samtals | 8.721 | 9.416 |

**26.** Vaxtaberandi langtímaskuldir í lok ársins greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | 2011 | | 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | Meðalvextir | Eftirstöðvar | Meðalvextir | Eftirstöðvar |
| Skuldir í DKK | 7,00% | 262 | 7,85% | 333 |
| Skuldir í ÍSK, óverðtryggt | 6,69% | 9.161 | 6,65% | 9.841 |
| | | 9.423 | | 10.174 |
| Næsta árs afborganir | | ( 702 ) | | ( 758 ) |
| Vaxtaberandi skuldir samkv. efnahagsreikningi | | 8.721 | | 9.416 |

**27.** Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Afborganir 2011 | - | 758 |
| Afborganir 2012 | 702 | 740 |
| Afborganir 2013 | 702 | 732 |
| Afborganir 2014 | 7.984 | 7.907 |
| Afborganir 2015 | 26 | 25 |
| Afborganir síðar | 11 | 12 |
| Samtals | 9.423 | 10.174 |

**28.** Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 702 | 758 |
| Skammtímaskuld við banka | 12 | 0 |
| | 714 | 758 |

**29. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 1.103 | 1.255 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 761 | 523 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 1.864 | 1.778 |

**30. Fyrirframinnheimtar tekjur**

Meðal fyrirframinnheimtra tekna eru færðar tekjur vegna samnings við Fjarskiptasjóð um endurgreiðslu kostnaðar við uppbyggingu GSM farsímaþjónustu á Íslandi. Samningstíminn er til byrjunar árs 2014 og hefur tekjum vegna þessa verkefnis verið dreift yfir samningstímann. Aðrar fyrirfram innheimtar tekjur eru vegna fyrirframgreiddrar símanotkunar og annarra fyrirframgreiðslna.

**31. Fjármálagerningar**

**a. Yfirlit**

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum samstæðunnar:

- lánsáhætta
- lausafjáráhætta
- markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættu, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarin reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

**Lánsáhætta**

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Stjórnendur hafa innleitt stefnu vegna innheimtu og reglulega er fylgst með áhættu vegna innheimtu. Mat á innheimtu er unnið reglulega og nauðsynlegar niðurfærslur gerðar.

Samstæðan hefur sett reglur þar sem greiðsluhæfi nýrra viðskiptavina er kannað áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Innheimtuferli hefur verið skilgreint fyrir alla flokka viðskiptakrafna, viðskiptakröfur eru yfirfarnar reglulega og kröfur metnar.

Aldursgreining viðskiptakrafna er yfirfarin mánaðarlega og mynduð niðurfærsla vegna áætlaðra virðisrýrnunar viðskiptakrafna. Niðurfærslan er reiknuð hlutfallslega út frá aldri viðskiptakrafna. Lagt er mat á áhættukröfur og ef ástæða þykir til, er færð sérstök niðurfærsla.

**Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu**

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

| | | Bókfært verð | |
|---|---|---|---|
| | **Skýring** | **2011** | **2010** |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 22 | 2.798 | 2.757 |
| Handbært fé | 23 | 275 | 656 |
| | | 3.073 | 3.413 |

## 31. Fjármálagerningar, frh.:

### Virðisrýrnun viðskiptakrafna

| Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok: | Nafnverð kröfu 2011 | 2010 | Niðurfærsla 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Ógjaldfallið | 1.877 | 1.895 | ( 52) | ( 59) |
| Gjaldfallið innan 60 daga | 355 | 353 | ( 13) | ( 12) |
| Gjaldfallið fyrir 61 - 90 dögum | 76 | 90 | ( 5) | ( 6) |
| Gjaldfallið fyrir 91 - 180 dögum | 196 | 139 | ( 29) | ( 54) |
| Gjaldfallið fyrir 181 - 360 dögum | 136 | 101 | ( 35) | ( 21) |
| Eldra en eitt ár | 108 | 197 | ( 27) | ( 48) |
| | 2.748 | 2.775 | ( 161) | ( 199) |

| Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna á árinu greinast þannig: | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | ( 199) | ( 278) |
| Tekjufært á árinu | 38 | 79 |
| Staða 31.12. | ( 161) | ( 199) |

### Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Sjóðstreymisáætlanir eru gerðar mánaðarlega og spáð fyrir um lausafjárþörf. Félagið hefur aðgengi að skammtíma lánalínu hjá Landsbankanum hf. ef á þarf að halda.

Í lánasamningi vegna langtímaláns við Landsbankann hf. er kveðið á um að 50% af handbæru fé samstæðunnar við árslok 2011 - 2014 verði ráðstafað til niðurgreiðslu á höfuðstól lánsins.

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

| 31.des.11 | Bókfært verð | Umsamið sjóðstreymi | Innan 1 árs | 1 - 2 ár | 2 - 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:** | | | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 9.422 | 10.999 | 1.372 | 1.314 | 8.314 |
| Önnur langtímalán | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.188 | 2.188 | 2.188 | 0 | 0 |
| | 11.611 | 13.188 | 3.561 | 1.314 | 8.314 |

Stærsti hluti langtímalána félagsins kemur til greiðslu á árinu 2014 og gerir stjórn félgsins ráð fyrir að samið verði um nýja greiðsluskilmála fyrir þann tíma.

| 31.des.10 | Bókfært verð | Umsamið sjóðstreymi | Innan 1 árs | 1 - 2 ár | 2 - 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:** | | | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 10.147 | 12.236 | 1.397 | 1.340 | 9.499 |
| Önnur langtímalán | 27 | 27 | 19 | 8 | 0 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.102 | 2.102 | 2.102 | 0 | 0 |
| | 12.276 | 14.365 | 3.518 | 1.348 | 9.499 |

## 31. Fjármálagerningar, frh.:

### Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

### Gjaldmiðlagengisáhætta

Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur, en hluti tekna og innkaupa félagsins er í öðrum gjaldmiðlum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evrur (EUR) og danskar krónur (DKK).

Áhætta samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í nafnverðsfjárhæðum:

| 31.des.11 | EUR | DKK | USD | SEK | GBP |
|---|---|---|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 19 | 360 | 8 | 0 | 0 |
| Vaxtaberandi skuldir | 0 | (274) | 0 | 0 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | (138) | (357) | 49 | (1) | (1) |
| Áhætta í efnahagsreikningi | (119) | (271) | 57 | (1) | (1) |

| 31.des.10 | EUR | DKK | USD | SEK | SDR |
|---|---|---|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 39 | 345 | 15 | 0 | 0 |
| Vaxtaberandi skuldir | 0 | (333) | 0 | 0 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | (224) | (211) | (13) | (7) | (1) |
| Áhætta í efnahagsreikningi | (185) | (199) | 2 | (7) | (1) |

| Gengi helstu gjaldmiðla á árinu var sem hér segir: | Meðalgengi | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | 2010 | 2011 | 2010 |
| EUR | 161,42 | 161,89 | 156,84 | 153,80 |
| DKK | 21,67 | 21,74 | 21,37 | 20,64 |
| USD | 116,07 | 122,04 | 122,71 | 115,05 |
| SEK | 17,88 | 16,96 | 17,79 | 17,16 |
| GBP | 186,00 | 188,55 | 189,43 | 178,47 |
| SDR | 183,18 | 186,16 | 188,39 | 177,91 |

Næmnigreining

10% styrking íslenskrar krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum 31. desember mundi hafa hækkað eigið fé og afkomu samstæðunnar um 22 millj. kr. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar.

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar breytur hefðu haldist óbreyttar.

**31. Fjármálagerningar, frh.:**

**Vaxtaáhætta**

Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum. Samstæðan ver sig ekki sérstaklega fyrir breytingum á vöxtum.

| Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins: | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Fjárskuldir með breytilega vexti | 9.423 | 10.174 |

Breyting á vöxtum um 100 punkta hefði breytt afkomu um 94 millj. kr. fyrir tekjuskatt. Samstæðan er hvorki með fjáreignir né fjárskuldir á föstum vöxtum.

**Gangvirði**

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegt.

**32. Eigin fjár stýring**

Það er markmið félagsins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Til lengri tíma er markmið um að minnsta kosti 25% eiginfjárhlutfall.

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárstöðu.

**33. Sjóðstreymisyfirlit**

Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt samkvæmt sjóðstreymisyfirliti greinist þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Hagnaður ársins | 227 | 355 |
| Leiðrétt fyrir: | | |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 1.205 | 1.147 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 264 | 266 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 673 | 867 |
| Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna | ( 5) | ( 3) |
| Hagnaður að sölu eignarhluta | 0 | ( 1) |
| Skatteign, breyting | 42 | ( 36) |
| Birgðir, lækkun | 15 | 64 |
| Skammtímakröfur, (lækkun) hækkun | ( 53) | 58 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | 32 | ( 379) |
| Fyrirfram innheimtar tekjur, hækkun | ( 47) | ( 18) |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt | 2.353 | 2.320 |

**34. Rekstrarleiga**

**Leiga sem leigutaki**

| Rekstrarleigugreiðslur greinast þannig: | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Innan árs | 206 | 197 |
| Eftir 1-5 ár | 753 | 715 |
| Eftir 5 ár | 1.676 | 1.803 |
| Samtals | 2.635 | 2.715 |

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga um fasteignir og áhöld og tæki til allt að nítján ára. Á árinu 2011 voru 173 millj. kr. (2010: 178 millj. kr.) gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna rekstrarleigusamninga.

**35. Tengdir aðilar**

**Skilgreining tengdra aðila**

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif. Móðurfélag og félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð eða hefur veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Félagið er að öllu leyti í eigu Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta ehf. sem aftur er í 79,5% eigu Framtakssjóðsins meðal annars í gegnum Vestia ehf.

**Viðskipti við tengda aðila**

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við samstæðuna. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

Upplýsingar um laun stjórnar og forstjóra koma fram í skýringu nr. 9. Sala á vöru og þjónustu til lykilstjórnenda og aðila tengdra þeim voru óveruleg.

Sala á vörum og þjónustu til móðurfélags og félaga tengdra því nam 262 millj. kr. á árinu 2011 en kaup á vörum og þjónustu námu 443 millj. kr. á sama tímabili. Skuld við móðurfélagið, Eignarhaldsfélagið Fjarskipti ehf. nam 324 millj. kr. í árslok 2011.

**36. Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar**

Á eignum félagsins hvílir tryggingabréf að fjárhæð 58,3m USD til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Fjarskipta ehf. við Landsbankann í árslok 2011. Veðið nær til fasteigna og lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

Handveð er í öllum hlutabréfum P/F Kall, dótturfélagi Fjarskipta ehf., en hlutabréfin standa til tryggingar öllum skuldum Fjarskipta ehf. Við Landsbankann hf.

Félagið er með í gildi ábyrgð að fjárhæð 400 millj. króna hjá Landsbanka Íslands til tryggingar efndum á samningi við Fjarskiptasjóð Íslands vegna GSM II útboðs.

# Fjarskipti hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

## 1. janúar - 30. september 2012

Fjarskipti hf.
Skútuvogi 2
104 Reykjavík
Kt. 470905-1740

# Efnisyfirlit


| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra | 3 |
| Áritun óháðra endurskoðenda | 4 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum.

Fjarskipti hf. er fjarskiptafélag sem býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskiptaþjónustu undir vörumerkinu Vodafone.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 348 millj. kr., en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends dótturfélags er heildarhagnaður samstæðunnar á tímabilinu 352 millj. kr. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu námu 9.840 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 16.052 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar þann 30. september 2012 nam 6.693 millj. kr.

Hlutafé félagsins nemur 3.356 millj. kr., en á tímabilinu var það hækkað um 806 millj. kr. með útgáfu nýrra hlutabréfa.

Þann 26. júní 2012 samþykkti stjórn Fjarskipta ehf. og móðurfélags þess, Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta hf., samruna félaganna. Samruninn var samþykktur á hluthafafundi 29. ágúst 2012. Félögin voru sameinuð undir nafni Fjarskipta hf. Reikningshaldslegur samrunadagur er 1. janúar 2012. Jafnframt var félaginu breytt úr einkahlutafélagi (ehf.) í hlutafélag (hf.). Frekari upplýsingar um samrunann eru í skýringu 7.

Lokið hefur verið við endurfjármögnun lána félagsins með viðskiptabanka þess. Frekari upplýsingar um endurfjármögnunina eru í skýringu 9.

Hluthafar í lok tímabilsins voru 53 talsins. Hluthafar félagins eru fyrrum hlutahafar Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta hf. sem eignuðust við samruna félaganna allt hlutafé í Fjarskiptum hf. Hluthöfum fjölgaði um sjö á tímabilinu. Í lok tímabilsins átti einn hluthafi yfir 10% eignarhlut í félaginu, en það var Framtakssjóður Íslands slhf. með 79,7% eignarhlut.

Stefnt er að skráningu félagsins í NASDAQ OMX Iceland fyrir árslok 2012. Þegar hafa verið gjaldfærðar 72 millj. kr. vegna undirbúnings skráningar.

**Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjórnar**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag rætt samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2012 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. október 2012.

Í stjórn:

HELGA VIÐARSDÓTTIR

Erna Eiríksdóttir

Forstjóri:

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Fjarskipta hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samstæðuárshlutareikning Fjarskipta hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2012, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. september 2012 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 30. október 2012.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. september 2012

| | Skýr. | 2012 1.1. - 30.9. | 2011 1.1. - 30.9. * |
|---|---|---|---|
| Sala | | 9.840 | 9.511 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | | ( 5.501 ) | ( 5.673 ) |
| **Framlegð** | | 4.339 | 3.838 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 6 | 3 |
| Rekstrarkostnaður | | ( 3.304 ) | ( 3.122 ) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.041 | 719 |
| Fjármunatekjur | | 43 | 45 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 566 ) | ( 543 ) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | 5 | ( 523 ) | ( 498 ) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 518 | 221 |
| Tekjuskattur | 6 | ( 170 ) | ( 38 ) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 348 | 183 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé** | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | | 4 | 23 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals** | | 4 | 23 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 352 | 206 |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | | 0,14 | 0,07 |

* Ókannaðar fjárhæðir

# Efnahagsreikningur 30. september 2012

| | Skýr. | 30.9.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 4.087 | 4.534 |
| Óefnislegar eignir | | 7.028 | 7.057 |
| Eignarhlutir í félögum | | 2 | 2 |
| Skatteign | | 885 | 987 |
| Fastafjármunir | | 12.002 | 12.580 |
| Birgðir | | 147 | 111 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 2.811 | 2.798 |
| Handbært fé | | 1.092 | 275 |
| Veltufjármunir | | 4.050 | 3.184 |
| **Eignir samtals** | | 16.052 | 15.764 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 8 | 3.356 | 2.550 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 2.734 | 623 |
| Þýðingarmunur | | 255 | 246 |
| Óráðstafað eigið fé | | 348 | 556 |
| Eigið fé | | 6.693 | 3.975 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 6.778 | 8.677 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 51 | 70 |
| Langtímaskuldir | | 6.829 | 8.747 |
| Vaxtaberandi skuldir | 10 | 439 | 758 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 2.013 | 1.864 |
| Skuldir við tengda aðila | | 0 | 324 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 78 | 96 |
| Skammtímaskuldir | | 2.530 | 3.042 |
| Skuldir samtals | | 9.359 | 11.789 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 16.052 | 15.764 |

# Eiginfjáryfirlit 30. september 2012

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tímabilið 1. janúar til 30. september 2011*** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2011 | 2.550 | 597 | 225 | 355 | 3.727 |
| Heildarafkoma tímabilsins | | | 23 | 183 | 206 |
| Eigið fé 30.9.2011 | 2.550 | 597 | 248 | 538 | 3.933 |
| **Tímabilið 1. janúar til 30. september 2012** | | | | | |
| Eigið fé 31.12.2011 | 2.550 | 623 | 246 | 556 | 3.975 |
| Áhrif samruna | | 1.000 | 5 | ( 612 ) | 393 |
| Eigið fé 1.1.2012, eftir samruna | 2.550 | 1.623 | 251 | ( 56 ) | 4.368 |
| Yfirverðsreikningur færður á móti tapi | | ( 56 ) | | 56 | 0 |
| Heildarafkoma tímabilsins | | | 4 | 348 | 352 |
| Selt nýtt hlutafé | 806 | 1.167 | | | 1.973 |
| Eigið fé 30.9.2012 | 3.356 | 2.734 | 255 | 348 | 6.693 |

* Ókannaðar fjárhæðir

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. janúar til 30. september 2012

| | Skýr. | 2012<br>1.1. - 30.9 | 2011<br>1.1. - 30.9. * |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt | 11 | 2.173 | 1.846 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 37 | 45 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 498 ) | ( 508 ) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.712 | 1.383 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 8 | 8 |
| Seldur eignarhlutur í félögum | | 0 | 2 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 458 ) | ( 690 ) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 192 ) | ( 314 ) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 642 ) | ( 994 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Innborgað hlutafé að frádregnum kostnaði | 8 | 1.973 | 0 |
| Tekin langtímalán | 9 | 9.200 | 0 |
| Afborganir langtímalána | 9 | ( 11.421 ) | ( 563 ) |
| Skammtímalán, breyting | | ( 9 ) | 17 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 257 ) | ( 546 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 813 | ( 157 ) |
| **Gengismunur á handbæru fé** | | 3 | ( 7 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 275 | 656 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 1.092 | 492 |

* Ókannaðar fjárhæðir

# Skýringar

## 1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru í Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2012 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum árshlutareikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2011.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 30. október 2012.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2011. Hægt er að nálgast ársreikning Fjarskipta hf. á heimasíðu félagsins: www.vodafone.is.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti af eignum félagsins er færður á gangvirði sem núvirði af væntu framtíðarsjóðstreymi tengt notkun þeirra og eða væntu sjóðstreymi miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat á einstökum liðum og þeim forsendum sem það byggir á er endurskoðað reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð þegar hún á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum ef matsbreytingin hefur einnig áhrif á þau.

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| | 1.1. - 30.9. | 1.1. - 30.9. * |
| Vaxtatekjur | 43 | 45 |
| Fjármunatekjur samtals | 43 | 45 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 552) | ( 512) |
| Gengistap | ( 14) | ( 31) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 566) | ( 543) |
| Hrein fjármagnsgjöld samtals | ( 523) | ( 498) |

* Ókannaðar fjárhæðir

## 6. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | | 30.9.2012 | | 30.9.2011* |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 518 | | 221 |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 20,0% | 104 | 20,0% | 44 |
| Áhrif samruna | 13,1% | 68 | 0,0% | 0 |
| Aðrir liðir | ( 0,4%) | ( 2) | ( 2,7%) | ( 6) |
| Virkur tekjuskattur | 32,7% | 170 | 17,3% | 38 |

## 7. Samruni

Þann 26. júní 2012 samþykkti stjórn Fjarskipta ehf. og móðurfélags þess, Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta hf., samruna félaganna. Samruninn var samþykktur á hluthafafundi 29. ágúst 2012. Félögin voru sameinuð undir nafni og kennitölu Fjarskipta hf. Reikningshaldslegur samrunadagur er 1. janúar 2012. Eignarhaldsfélaginu Fjarskiptum hf. hefur verið slitið, en við sameininguna fengu hluthafar Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta hf. alla hluti í Fjarskiptum ehf. að nafnverði 2.550 millj. kr. í skiptum fyrir eignarhluti sína að nafnverði 4.173 millj. kr. Skattalegt tap móðurfélagsins, Eignarhaldsfélagsins Fjarskipta hf., féll niður við samrunann og hefur því verið færð niðurfærsla á skatteign að fjárhæð 68 millj. kr.

## 8. Eigið fé

Hlutafé félagsins nam 2.550 millj. kr. í ársbyrjun. Á árinu var hlutafé félagsins aukið með útgáfu nýrra hlutabréfa að nafnvirði 806 millj. kr. Mismunur á nafnverði og söluverði, að frádegnum kostnaði við söluna, var færður á yfirverðsreikning hlutafjár meðal eigin fjár.

## 9. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:

| | 30.9.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 7.217 | 9.422 |
| Önnur lán | 0 | 1 |
| Næsta árs afborganir | ( 439) | ( 746) |
| Samtals | 6.778 | 8.677 |

Vaxtaberandi langtímaskuldir í lok tímabilsins greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | 30.9.2012 | | 31.12.2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | Vextir | Eftirstöðvar | Vextir | Eftirstöðvar |
| Skuldir í DKK | 7,00% | 213 | 7,00% | 262 |
| Skuldir í ÍSK, óverðtryggt | 7,30% | 7.004 | 7,10% | 9.161 |
| | | 7.217 | | 9.423 |
| Næsta árs afborganir | | ( 439 ) | | ( 746 ) |
| Vaxtaberandi skuldir samkvæmt efnahagsreikningi | | 6.778 | | 8.677 |

Þann 21. ágúst 2012 skrifuðu Fjarskipti hf. undir nýja lánasamninga við viðskiptabanka þess um endurfjármögnun veðskulda félagsins. Voru lánasamningarnir tveir, annars vegar var um að ræða óverðtryggt jafngreiðslulán til fimmtán ára að fjárhæð 7,0 ma. kr. og hins vegar eingreiðslulán til níu mánaða að fjárhæð 2,2 ma. kr. með framlengingarheimild til þriggja ára. Við endurfjármögnunina lækkuðu vaxtakjör félagsins nokkuð frá því sem áður var. Lán að fjárhæð 2,2 ma. kr. var greitt upp í september með hlutafjáraukningu.

* Ókannaðar fjárhæðir

**9. Vaxtaberandi skuldir, frh.:**

Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:

| | 30.9.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Afborganir 2012 (3 mánuðir) (2011: 12 mánuðir) | 38 | 746 |
| Afborganir 2013 | 550 | 746 |
| Afborganir 2014 | 524 | 7.894 |
| Afborganir 2015 | 492 | 26 |
| Afborganir 2016 | 479 | 11 |
| Afborganir síðar | 5.134 | 0 |
| Samtals | 7.217 | 9.423 |

**10.** Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 439 | 746 |
| Skammtímaskuld við banka | 0 | 12 |
| | 439 | 758 |

**11. Sjóðstreymisyfirlit**

Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt samkvæmt sjóðstreymisyfirliti greinist þannig:

| | 2012<br>1.1. - 30.9. | 2011<br>1.1. - 30.9. * |
|---|---|---|
| Hagnaður tímabilsins | 348 | 183 |
| Leiðrétt fyrir: | | |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 904 | 904 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 221 | 190 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 523 | 461 |
| Söluhagnaður eigna | ( 6) | ( 2) |
| Skatteign, breyting | 170 | 38 |
| Birgðir, hækkun | ( 36) | ( 110) |
| Skammtímakröfur, (lækkun) hækkun | ( 75) | 14 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | 160 | 211 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur, hækkun | ( 36) | ( 43) |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt | 2.173 | 1.846 |

**12. Ábyrgðarskuldbindingar**

Félagið er með í gildi ábyrgð að fjárhæð 43 millj. króna hjá Landsbanka Íslands til tryggingar efndum á samningi við Fjarskiptasjóð Íslands vegna GSM II útboðs.

* Ókannaðar fjárhæðir

# 10. Skilgreiningar og skammstafanir

## Skilgreiningar

| | |
|---|---|
| Advania | vísar til Advania hf. (áður Teymi hf.), kt. 590269-7199, Sætúni 10, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Aðalmarkaður | vísar til Aðalmarkaðar NASDAQ OMX Iceland hf., sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga nr. 108/2007, nema annað megi skilja af samhenginu eða tekið sé fram í textanum. |
| Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar | vísar til International Financial Reporting Standards (IFRS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002. |
| Auður Capital | vísar til Auðar Capital hf., kt. 640507-0390, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Deloitte | vísar til Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, Íslandi. |
| EBITDA hlutfall | vísar til hlutfalls rekstrarhagnaðar félagsins (EBITDA) af veltu þess. |
| Endursala | vísar til þess fyrirkomulags þegar fjarskiptafyrirtæki selur endanotanda (einstaklingi eða fyrirtæki) aðgang að fjarskiptakerfi annars fjarskiptafyrirtækis en sínu eigin og fær þóknun fyrir. |
| Farice | vísar til Farice ehf., kt. 511203-2950, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, Íslandi. |
| Farsímaþjónusta | vísar til símtala, SMS og gagnaflutnings í og úr farsímum og öðrum tækjum sem geta tengst farsímakerfum. |
| Fastanet | vísar til lína og lagna, ýmist kopars eða ljósleiðara, sem lagðar eru í jörð og notaðar til að veita talsíma- og gagnaflutningsþjónustu. Á Íslandi er fastanet í eigu og rekstri Mílu ehf. auk þess sem Gagnaveita Reykjavíkur hefur byggt upp og rekur ljósleiðarakerfi. |

| | |
|---|---|
| Fjarskiptafyrirtæki | vísar til einstaklings eða lögaðila sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða -nets, sbr. 3.gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. |
| Fjarskiptalög | vísar til laga nr. 81/2003 um fjarskipti. |
| Framtakssjóður Íslands | vísar til FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf., kt. 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík, Íslandi. |
| Gagnaflutningsþjónusta | vísar til þjónustu sem veitir einstaklingum og fyrirtækjum aðgang að gagnaflutningsnetum sem geta veitt internetþjónustu til fyrirtækja og stofnana, eða þjónustu við önnur gagnaflutningsnet. |
| Internet | vísar til veraldarvefsins sem og gagnaflutninga vegna tölvupóstsamskipta, fjarvinnslu og talsímaþjónustu (VoIP). |
| Internetþjónusta | vísar til tengingar við heimili, fyrirtæki og stofnanir sem miðlar samskiptum um veraldarvefinn. |
| Íslandsbanki | vísar til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, Íslandi. |
| Kauphöllin | vísar til NASDAQ OMX Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| KPMG | vísar til KPMG ehf., kt., 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Kreditkort | vísar til Kreditkorta sérhæfðrar kortaþjónustu Íslandsbanka, kt. 520307-0360, Ármúla 28, 108 Reykjavík, Íslandi. |
| Landsbankinn | vísar til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 101 Reykjavík, Íslandi. |
| Landslög | vísar til Landslaga slf., kt. 450710-0830, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Lúkningargjöld | vísar til gjalda sem innheimt eru af öðrum fjarskiptafyrirtækjum fyrir símtöl sem send eru inn í fjarskiptakerfi útgefanda. |
| Lýsingin | vísar til útgefandalýsingar þessarar, verðbréfalýsingar dagsettrar 19. nóvember 2012 og samantektar dagsettrar 19. nóvember 2012. |

| | |
|---|---|
| MetroNet | vísar til gagnaflutningsnets fyrir fyrirtæki. |
| Míla | vísar til Mílu ehf., kt. 460207-1690, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, Íslandi. |
| Nettengill | vísar til GSM/3G tengibúnaðar sem tengir fartölvur við farsímakerfi í gegnum USB tengi. |
| Póst- og fjarskiptastofnun | vísar til Póst- og fjarskiptastofnunar, kt. 570397-2499, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, Íslandi. |
| PwC | vísar til PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Reibor vextir | vísar til þeirra vaxta sem Seðlabanki Íslands skráir í samræmi við Reglur um viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum. |
| Reiki | vísar til þess þegar viðskiptavinur eins farsímafyrirtækis tengist tímabundið farsímakerfi annars farsímakerfis. |
| Samningskrafa | vísar til þeirrar merkingar sem fram kemur í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. |
| Samkeppniseftirlitið | vísar til Samkeppniseftirlitsins, kt. 410705-0600, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Samkeppnislög | vísar til Samkeppnislaga nr. 44/2005. |
| Símaský | vísar til sýndarsímstöðvarþjónustu fyrir fyrirtæki. |
| Síminn | vísar til Símans hf., kt. 500269-6779, Ármúla 25, 108 Reykjavík, Íslandi. |
| Skiptingarfélögin | vísar til útgefanda og Advania hf. (áður Teymi hf.), kt. 590269-7199, Sætúni 10, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Stjórn | vísar til stjórnar Fjarskipta hf. |
| Stjórnendur | vísar til forstjóra og framkvæmdastjórnar Fjarskipta hf. |
| Stoðir | vísar til Stoða hf., kt. 601273-0129, Hátúni 2b, 105 Reykjavík, Íslandi. |

| | |
|---|---|
| Sýndarnetsaðgangur | vísar til þess þegar fjarskiptafyrirtæki hafa ekki yfir að ráða eigin dreifikerfi heldur kaupa aðgang að kerfum annarra fjarskiptafyrirtækja fyrir viðskiptavini sína. |
| Talsímaþjónusta á fastaneti | vísar til hefðbundinna símtala í og úr símtækjum sem tengjast fastaneti svo sem borðsímum heimila og fyrirtækja. |
| Teymi | vísar til Teymis hf. (nú Advania hf.), kt. 590269-7199, Sætúni 10, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Umsjónaraðilinn | vísar til Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, Íslandi. |
| Uppitími | vísar til þess tíma sem tiltekið fjarskiptakerfi er í lagi og með fulla virkni. |
| Útboðið | vísar til almenns útboðs á hlutum í Fjarskiptum hf. dagana 3. til og með 6. desember 2012. |
| Útgefandalýsing | vísar til útgefandalýsingar þessarar, 19. nóvember 2012. |
| Vestia | vísar til Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf., kt. 670509-1330, Lágmúla 9, 108 Reykjavík, Íslandi. |
| Vistfang | vísar til tölu sem gefin er hverri nettengdri tölvu þannig að rekja megi samskipti hennar við aðrar nettengdar tölvur, í daglegu tali oft nefnt IP tala. |
| Verðbréfaskráning Íslands hf. | vísar til Verðbréfaskráningar Íslands hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi. |
| Vodafone, útgefandi, Og fjarskipti, Fjarskipti og félagið | vísar til Fjarskipta hf., kt. 470905-1740, Skútuvogi 2, 104 Reykjavík, Íslandi. |

nema annað sé af samhengi augljóst. Þegar vísað er til laga og reglugerða í lýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða með áorðnum breytingum.

## Skammstafanir

| | |
|---|---|
| 3G | 3rd Generation of mobile telecomunnications technology |
| 4G | 4th Generation of mobile telecommunications technology |
| ADSL | Asynchronus Digital Subscriber Line |
| DKK | Dönsk króna, lögeyrir Danmerkur |
| EBITDA | Earnings before interest, taxes, depreciation and amortization |
| EFTA | European Free Trade Alliance |
| Ehf. | Einkahlutafélag |
| ESB | Evrópusambandið |
| EUR | Evra, lögeyrir EMU landanna |
| FM | Frequency Modulation |
| GPRS | General Packet Radio Service |
| GSM | Global System for Mobile Communication |
| Hf. | Hlutafélag |
| IP | Internet Protocol |
| ISK og kr. | Íslensk króna, lögeyrir á Íslandi |
| KPMG | Klynveld Peat Marwick Goerdeler |
| m.kr. | Milljónir íslenskra króna |
| NATO | North Atlantic Treaty Organisation |
| Plc. | Public limited company |
| PSTN | Public switched telephone network |
| PwC | PricewaterhouseCoopers |
| Slhf. | Samlagshlutafélag |
| SMS | Short Message Service |
| USB | Universal Serial Bus |
| USD | Bandaríkjadalur, lögeyrir Bandaríkjanna |
| VoD | Video on demand |
| VoIP | Voice over IP |
| vvl. | Verðbréfaviðskiptalög, þ.e. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti |
| Wi-Fi | Wireless Fidelity |
| xDSL | Digital Subscriber Line x-ið gefur til kynna mismunandi gagnaflutningstækni |